

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Nefndasviði Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 9. febrúar 2021

Efni: Umsögn Aðalbjargar Egilsdóttur um frumvarp til laga um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 368. mál.

Það er mikið fagnaðarefni að fram sé komið það frumvarp sem hér verður fjallað um. Mikilvægt er að auka vernd villtra fugla og spendýra á og við Ísland og er margt í frumvarpinu til mikilla framfara. Samt sem áður eru atriði sem undirrituð telur nauðsyn að breyta til að styðja sem best við stofna villtra dýra hér á landi.

2. gr. Gildissvið.

Fyrst og fremst mótmæli ég því að lögin skulu ekki ná til sjávarspendýra við Ísland, þ.e. sela og hvala. Bæði land- og útselur hefur verið á undanhaldi síðustu áratugi og nú er mál að linni. Tækifæri eru til að auka vernd þeirra selategunda sem hafast að hér við land og hvet ég til að þau verði gripin. Sömuleiðis er mikilvægt að efla vernd hvala við Ísland. Hvalir gegna gríðarlega mikilvægu hlutverki í vistkerfum sjávar, og þá sér í lagi þegar kemur að færslu næringarefna frá efsta lagi sjávar og niður á botn.

3. gr. Orðskýringar.

Nauðsyn er að skerpt verði á skilgreiningu um ágengar tegundir og sá munur á framandi og upprunalegri tegund sé m.a. að upprunaleg tegund geti aldrei verið ágeng. Ég legg til að skilgreiningu um upprunalega (innlenda) tegund verði bætt við, og skilgreining á ágengri tegund bætt. Þær skilgreiningar sem lagðar voru til í skýrslunni „*Vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra. Lagaleg og stjórnsýsluleg staða og tillögur um úrbætur*“ (villidýraskýrslan) tel ég að myndu bæta úr þessu. Því legg ég til eftirfarandi viðbót og breytingu:

Upprunaleg (innlend, náttúruleg) lifvera/[tegund]: Tegund, undirtegund eða lægri flokkunareining (svo sem afbrigði, kyn eða stofn) innan náttúrulegs útbreiðslusvæðis, þ.e. sem hefur þróast þar eða komist þangað eftir náttúrulegum leiðum.


Ágeng tegund: Framandi lifvera sem a) sýnir mikla eða hraða útbreiðsluaukningu af eigin rammleik eða b) veldur eða er líkleg til að valda rýrnun líffræðilegrar fjölbreytni, efnahagslegu eða umhverfislegu tjóni eða er skaðleg heilsufari manna.

Að auki er víða í skýrslunni vísað til upprunalegra tegunda sem ágengra og legg ég til að bætt verði úr því. Hægt væri að bæta við skilgreiningu um ágreiningstegund, sem næði yfir upprunalegar tegundir sem taldar eru valda tjóni, svo sem fjárhagslegu eða heilsufarslegu. Hér mæli ég sömuleiðis með skilgreiningu úr villidýraskýrslunni.

Ágreiningstegund: Upprunaleg tegund sem valdið getur fjárhagslegu eða heilsufarslegu tjóni við tilteknar aðstæður á afmörkuðum svæðum.

Tel ég að þessar breytingar myndu bæta stöðu villtra fugla og spendýra á og við Ísland töluvert.

Virðingarfyllst,



Aðalbjörg Egilsdóttir,

líffræðingur og meistaranemi í umhverfis- og auðlindafræði,

ungmennafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum á sviði loftslagsmála

Hér koma athugasemdir við eftirfarandi greinum.

[15.gr](#)

Leggst alfarið gegn því að válistar verði beintengdir við lagasetningu veiðilöggjafar þar sem varað er við því frá sérfræðingum og áhugamönnum um allan heim þar sem margar ástæður geta verið fyrir svona listum og að IUCN varar sérstaklega við því. En þessir listar geta verið nothæfir fyrir t.d Náttúrustofnun og ættu því að heita athugunarlisti þar sem ástæður fyrir að lenda á svona lista getur verið mismunandi: offjölgun, fæðubrests/fæðuframboði, tilfærslu af talningasvæðum, Veðurfarslegt og lengi mætti telja.

[17.gr](#)

Fagna því að verið sé að breyta orðalagi og það geti opnað á að aðrar tegundir/stofna fugla/dýra geti verið veiðanlegir útfrá sjálfbærni stofns. En passa þarf uppá hvað er sjálfbærni og innan hvernig ramma/jafnvægi það rýmist, þyrfti að skoðast með hliðsjón af [29.gr](#) frumvarpsins.

[22.gr](#)

Hér væri gaman að vita hvernig sjálfbærar veiðar sem annars eru almennt leyfðar geti ógnað friðlýsingum á búsvæðum dýra, jarðmyndunum, víðernum eða þjóðgörðum sem hafa sjálfbærni að leiðarljósi. Það hefur verið lenska að banna veiðar sjálfkrafa þegar svæði eru friðlýst án nokkurs rökstuðnings m.t.t. til tilgangs friðlýsingar. Rökin hafa oft litast af fáfræði og fordómum í garð skotveiðimanna. Mál er að linni.

Sjálfbærni veiða er skilgreint í verndaráætlunum með virkri veiðistjórnun (Adaptive Harvest Management) þar sem háþörk og lágmörk eru skilgreind í vissum tímaramma sem tekur mið af stofnsveiflu tegundarinnar til lengri tíma.

Geru athugasemdir yfir því afhverju bogveiði er ekki inni sem leyfileg veiðiaðferð þar sem þessi veiðiaðferð er í mestum vexti í Evrópu og farin að verða eftirsótt sem veiðistjórnunaraðferð og sér í lagi í þéttbýli þar sem notkun skotvopna þykir ekki ásættanleg. Og er ekki síðri veiðiaðferð en skotveiðar

Hvet til að nefndin endurskoði það og komið bogveiði inn gagnvart eftirfarandi greinum og þeim sem það gæti fallið undir.

[24.gr](#)

Veiðiaðferðir bætt verði við að leyfilegt að veiði með boga og ör og að nefndi leitist eftir að vopnalög verði breytt í samræmi við frumvarpið en ljóst er að nokkur atriði stangast á við vopnalög/reglugerðir. Og að lágmarks aldur til bogveiða samræmist við þau lönd sem við berum okkur saman við. [26.gr-27.gr-38.gr-39.gr-40.gr](#) taka allar á hæfniskröfum og því tengdu gagnvart veiði og leiðsögumönnum, styð við að farið verði eftir tillögum Bogveiðifélags Íslands að þeirra tillögur verði grunnur að hæfniskröfum bogveiðifólks enda sé þekkingin þar.

Að öðrum greinum frumvarpsins þá trúir ég að Skotveiðifélag Íslands standi vörð um okkar hagsmuni og styð ég því þeirra umsögn.

Bestu kveðjur.

Ásbjörn Guðlaugsson

Flatasíða 6

603 Akureyri

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum
368. mál, lagafrumvarp

151. löggjafarþing 2020–202 Dags 08.02.2020

Hér koma athugasemdir við eftirfarandi greinum.

15.gr

Leggst alfarið gegn því að válistar verði beintengdir við lagasetningu veiðilöggjafar þar sem varað er við því frá sérfræðingum og áhugamönnum um allan heim þar sem margar ástæður geta verið fyrir svona listum og að IUCN varar sérstaklega við því. En þessir listar geta verið nothæfir fyrir t.d Náttúrustofnun og ættu því að heita athugunarlisti þar sem ástæður fyrir að lenda á svona lista getur verið mismunandi: offjölgun, fæðubrests/fæðuframboði, tilfærslu af talningasvæðum, Veðurfarslegt og lengi mætti telja.

17.gr

Fagna því að verið sé að breyta orðalagi og það geti opnað á að aðrar tegundir/stofna fugla/dýra geti verið veiðanlegir útfrá sjálfbærni stofns. En passa þarf uppá hvað er sjálfbærni og innan hvernig ramma/jafnvægi það rýmist, Þyrfti að skoðast með hliðsjón af 29.gr frumvarpsins.

22.gr

Hér væri gaman að vita hvernig sjálfbærar veiðar sem annars eru almennt leyfðar geti ógnað friðlýsingum á búsvæðum dýra, jarðmyndunum, víðernum eða þjóðgörðum sem hafa sjálfbærni að leiðarljósi. Það hefur verið lenska að banna veiðar sjálfkrafa þegar svæði eru friðlýst án nokkurs rökstuðnings m.t.t. til tilgangs friðlýsingar. Rökin hafa oft litast af fáfræði og fordómum í garð skotveiðimanna. Mál er að linni.

Sjálfbærni veiða er skilgreint í verndaráætlunum með virkri veiðistjórnun (Adaptive Harvest Management) þar sem háþörk og lágþörk eru skilgreind í vissum tímaramma sem tekur mið af stofnsveiflu tegundarinnar til lengri tíma.

Geri athugasemdir yfir því afhverju bogveiði er ekki inni sem leyfileg veiðiaðferð þar sem þessi veiðiaðferð er í mestum vexti í Evrópu og farin að verða eftirsótt sem veiðistjórnunaraðferð og sér í lagi í þéttbýli þar sem notkun skotvopna þykir ekki ásættanleg. Og er ekki síðri veiðiaðferð en skotveiðar

Hvet til að nefndin endurskoði það og komið bogveiði inn gagnvart eftirfarandi greinum og þeim sem það gæti fallið undir.

24.gr

Veiðiaðferðir bætt verði við að leyfilegt að veiði með boga og ör og að nefndi leitist eftir að vopnalög verði breytt í samræmi við frumvarpið en ljóst er að nokkur atriði stangast á við vopnalög/reglugerðir. Og að lágmarks aldur til bogveiða samræmist við þau lönd sem við berum okkur saman við. 26.gr-27.gr- 38.gr-39.gr-40.gr taka allar á hæfniskröfum og því tengdu gagnvart veiði og leiðsögumönnum, styð við að farið verði eftir tillögum Bogveiðifélagi Íslands að þeirra tillögur verði grunnur að hæfniskröfum bogveiðifólks enda sé þekkingin þar.

Að öðrum greinum frumvarpsins þá trúi ég að Skotveiðifélag Íslands standi vörð um okkar hagsmuni og styð ég því þeirra umsögn.

Bestu kveðjur.

Ásgeir Heiðar

Hveralind 9

201 Kópavogur

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum
368. mál, lagafrumvarp

151. löggjafarþing 2020–202 Dags 08.02.2020

Hér koma athugasemdir við eftirfarandi greinum.

15.gr

Leggst alfarið gegn því að válistar verði beintengdir við lagasetningu veiðilöggjafar þar sem varað er við því frá sérfræðingum og áhugamönnum um allan heim þar sem margar ástæður geta verið fyrir svona listum og að IUCN varar sérstaklega við því. En þessir listar geta verið nothæfir fyrir t.d Náttúrustofnun og ættu því að heita athugunarlisti þar sem ástæður fyrir að lenda á svona lista getur verið mismunandi: offjölgun, fæðubrests/fæðuframboði, tilfærslu af talningasvæðum, Veðurfarslegt og lengi mætti telja.

17.gr

Fagna því að verið sé að breyta orðalagi og það geti opnað á að aðrar tegundir/stofna fugla/dýra geti verið veiðanlegir útfrá sjálfbærni stofns. En passa þarf uppá hvað er sjálfbærni og innan hvernig ramma/jafnvægi það rýmist, Þyrfti að skoðast með hliðsjón af 29.gr frumvarpsins.

22.gr

Hér væri gaman að vita hvernig sjálfbærar veiðar sem annars eru almennt leyfðar geti ógnað friðlýsingum á búsvæðum dýra, jarðmyndunum, víðernum eða þjóðgördum sem hafa sjálfbærni að leiðarljósi. Það hefur verið lenska að banna veiðar sjálfkrafa þegar svæði eru friðlýst án nokkurs rökstuðnings m.t.t. til tilgangs friðlýsingar. Rökin hafa oft litast af fáfræði og fordómum í garð skotveiðimanna. Mál er að linni.

Sjálfbærni veiða er skilgreint í verndaráætlunum með virkri veiðistjórnun (Adaptive Harvest Management) þar sem hámrök og lágmrök eru skilgreind í vissum tímaramma sem tekur mið af stofnsveiflu tegundarinnar til lengri tíma.

Geri athugasemdir yfir því afhverju bogveiði er ekki inni sem leyfileg veiðiaðferð þar sem þessi veiðiaðferð er í mestum vexti í Evrópu og farin að verða eftirsótt sem veiðistjórnunaraðferð og sér í lagi í þéttbýli þar sem notkun skotvopna þykir ekki ásættanleg. Og er ekki síðri veiðiaðferð en skotveiðar

Hvet til að nefndin endurskoði það og komið bogveiði inn gagnvart eftirfarandi greinum og þeim sem það gæti fallið undir.

24.gr

Veiðiaðferðir bætt verði við að leyfilegt að veiði með boga og ör og að nefndi leitist eftir að vopnalög verði breytt í samræmi við frumvarpið en ljóst er að nokkur atriði stangast á við vopnalög/reglugerðir. Og að lágmarks aldur til bogveiða samræmist við þau lönd sem við berum okkur saman við. 26.gr-27.gr- 38.gr-39.gr-40.gr taka allar á hæfniskröfum og því tengdu gagnvart veiði og leiðsögumönnum, styð við að farið verði eftir tillögum Bogveiðifélags Íslands að þeirra tillögur verði grunnur að hæfniskröfum bogveiðifólks enda sé þekkingin þar.

Að öðrum greinum frumvarpsins þá trúi ég að Skotveiðifélag Íslands standi vörð um okkar hagsmuni og styð ég því þeirra umsögn.

Bestu kveðjur.

Bjarki Þór Magnússon

220, Hafnarfjörður



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Sent með tölvupósti.
Reykjavík, 9. febrúar 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 368. mál.

Tilv. 202102-0002

Vísað er til umsagnarbeiðni frá nefndasviði Alþingis 26. janúar sl. til Bændasamtaka Íslands um ofangreint mál. Bændasamtökin sendu umsögn í samráðsgátt 24. ágúst 2020 en þar voru m.a. gerðar athugasemdir við að samráðshópur sem skipaður var 11. mars 2019 hafi aðeins fundað tvisvar sinnum áður en frumvarpið var birt í samráðsgátt og fyrst verið kallaður saman níu mánuðum eftir skipan hans. Því hafi ekki gefist tími til að yfirfara athugasemdir einstakra aðila í hópnum og starfsmenn ráðuneytisins ekki brugðist við athugasemdum fulltrúa BÍ. Þar var tekið fram að gert væri ráð fyrir að frekari vinna myndi eiga sér stað í áðurnefndum samráðshópi í samræmi við 4. mgr. 3. gr. núgildandi laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, enda hefði ekki farið fram fullnægjandi umræða um efni frumvarpsins. Í almennum athugasemdum um samráð í 5. kafla greinargerðar með frumvarpinu segir að á samráðstímanum hafi þeim sem í hópnum sátu verið gefið ítrekað færi á að koma að athugasemdum og viðbrögðum ásamt sjónarmiðum sínum til málefnisins á fundum hópsins, auk þess sem öllum var boðið að hitta fulltrúa ráðuneytisins sérstaklega til að fara yfir málið. Bændasamtökin geta ekki fallist á það sem þar segir, sbr. ofangreint og umfjöllun neðar um 43. gr. og gera enn athugasemdir við skort á samráði við gerð frumvarpsins.

Að því sögðu gera Bændasamtökin eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar og ákvæði frumvarpsins eins og það liggur fyrir.

I. Um einstakar greinar frumvarpsins

5. gr.

Þar segir Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands skuli vera ráðherra til ráðgjafar um framkvæmd laganna. Æskilegt væri skoða nánar hvort ekki sé eðlilegt og skynsamlegt að sveitarfélög verði ráðherra einnig til ráðgjafar um framkvæmd laganna.

10. gr.

Óljóst er við hvað er átt með hugtakið „landnotkun“ í ákvæðinu.

18. gr.

Í 18. gr. er fjallað um afléttingu friðunar, sé talið í stjórnunar- og verndaráætlun að hætta sé á að tegundin geti valdið raunverulegu eða skilgreindu tjóni [...], umtalsverðu fjárhagslegu tjóni einstaklinga eða lögaðila [...]. Ekki er tekið fram hvaða tegundir tjóns getur verið um að ræða.



2. mgr. 21. gr.

Lagt er til að lögfest verði heimild Umhverfisstofnunar til að grípa til mjög umfangsmikilla takmarkana á veiðum án aðkomu ráðherra, en í samráði við fagstofnanir eða hagsmunaaðila. Tillagan er umhugsunarverð og krefst nánari skoðunar.

33. tl. 3. gr.

Þar er að finna skilgreiningu á tjóni af völdum villtra dýra. Óhjákvæmilegt er að fjallað verði ítarlega um viðbrögð og aðgerðir sem grípa má til þegar svo stendur á. Í athugasemdum um ákvæðið í greinargerð segir að ljóst sé að það muni taka nokkurn tíma og það þarfnist samhæfingar og samvinnu hlutaðeigandi stofnana að gera stjórnunar- og verndaráætlanir. Bændasamtökin leggja áherslu á að fjallað verði frekar um viðbrögð og aðgerðir sem heimilt er að grípa til.

43. gr.

Í 1. mgr. er lögð til heimild fyrir Umhverfisstofnun til að veita tímabundna og skilyrta undanþágu frá friðunarákvæðum. Sýna þarf fram á raunverulega og skilgreinda hættu á tjóni af völdum villtra fugla eða villtra spendýra. Um er að ræða tilteknar heimildir stofnunarinnar til að veita takmarkaðar undanþágur frá friðunarákvæðum jafnvel þó ráðherra hafi ekki aflétt almennri friðun tiltekinna tegunda, vegna tiltekinna atvika sem geta komið upp. Þá er í athugasemdum við ákvæðið í greinargerð með frumvarpinu nefnt í dæmaskyni óvenju mikill ágangur gæsa eða álfta.

Það blasir við að tjón af völdum ágangs álfta og gæsa er umtalsvert og nauðsynlegt að bregðast við því með því að taka til nánari skoðunar þau ákvæði sem snúa að tímabundinni afléttingu friðunar álfta og gæsa. Tjón af þeirra völdum er mest á tünnum og liggur fjárhagstjónið þar, annars vegar vegna beitar og hins vegar átroðnings.¹ Um þetta vísast einnig til skýrslu sem unnin var af Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins um tjón af völdum álfta og gæsa árin 2014 og 2015. Þar segir m.a. að á þeim tíma hafi bændur tilkynnt tjón rafrænt og að í flestum tilvikum hafi verið um að ræða fleiri en eina fuglategund sem olli tjóni á tilteknu ræktarlandi. Meðaluppskera korns sé um 3,5 tonn/ha og hálmuppskera um 1,8 tonn/ha. Af 85 hekturum megi áætla að um 294 tonn af korni og 147 tonn af hálm hafi tapast. Markaðsvirði byggs sé um 47 kr/kg og hálmverð um 20 kr/kg þurrefnis. Heildartap var því áætlað um 16,8 mkr. Ef gert væri ráð fyrir að sama vægi tjóns gildi fyrir allar fuglategundir þar sem hefðu ollið tjóni skv. skráningu megi gera ráð fyrir að álftin ein og sér hafi valdið kornrækt uppskerutjóni að verðmæti 6,4 mkr, ef tekið sé mið af meðaltali áranna 2014 og 2015 og tilkynningum bænda þar um.

Svipaðar varnir hafa verið notaðar hérlendis árum saman en fuglarnir aðlagast þeim jafnóðum og þær hafa því ekki tilætluð áhrif. Undanþága skv. 1. mgr. 43. gr. er skilyrt við *óvenju mikinn* ágang. Óljóst er hvað felst í því en það þarf að tryggja að viðeigandi aðgerðir séu heimilar bændum hverju sinni til að verjast ágangi, mikið tjón getur orðið án þess að um óvenju mikinn

¹ Í þessu samhengi er vakin athygli á tillögu til þingsályktunar um leyfi til veiða á álft, grágæs og helsingja utan hefðbundins veiðitíma (þskj. 312 - 279. mál, 151. lögþ.)



ágang sé að ræða. Bændasamtökin telja eðlilegt og sanngjarnt að bændum verði veitt skýr heimild til að verjast ágangi ásamt því að gerð stjórnar- og verndaráætlunar sem því tengist verði sett í forgang.

Þá er nauðsynlegt að gera ráð fyrir því með hvaða hætti þessi málsmeðferð fer fram. Það kemur ekki skýrt fram að landeigandi geti óskað eftir þessari tímabundnu undanþágu en væntanlega er það í kjölfar slíkrar beiðni undanþágan yrði veitt. Kveða þarf á um tímafrest sem Umhverfisstofnun er veittur til að svara slíkri beiðni. Yfirleitt er vandinn þess eðlis að bregðast þarf við með stuttum fyrirvara svo varna megi tjóni. Í öllu falli virðist málsmeðferð við veitingu undanþágu þung í vöfum og ekki til þess fallin til að leysa vandann sem snýr að því að fyrirbyggja tjón, til viðbótar við þau úrræði sem nú eru til staðar. Að lokum er bent á að ekki gafst tækifæri til að ræða þetta málefni í samráðshópnum, sbr. fyrri umfjöllun.

II. Niðurlag

Bændasamtökin hafa síðustu ár talað fyrir því að huga þurfi að því að taka til skoðunar fleiri þætti er varða nýtingu jarða og hlunninda. Ekki nægir að einstakir þættir í starfsumhverfi bænda séu sífellt endurskoðaðir með einangruðum hætti og breytt tilviljanakennt. Huga þarf að lagaumgjörð um nýtingu jarða í heild sinni.

Í mörgum aðskildum lagabálkum er fjallað um málefni jarða og nýtingu lands, s.s. aðgengi að beitarlendi, ræktarlendi, nýtingu þess og vernd, veiði, beitarmál, girðingar og lausagöngu, viðhald framræsluskurða, hagsmuni skógræktar, nýtingu auðlinda og hlunninda, vatnsréttindi, almannarétt o.s.frv. Það er brýnt að farið verði í þá vinnu að ramma inn réttindi og skyldur landeigenda með markvissum hætti.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands



Guðrún Vaka Steingrimsdóttir



Drangeyjarfélagið

Stofnað árið 2001

Drangeyjarfélagið

Sauðárkróki 11. feb 2021

Málefni: umsögn um mál nr.301/2019- Áform um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spenndýrum.

Drangeyjarfélagið, er félagsskapur sem hefur það að markmiði að halda við gömlum veiðiaðferðum og þeirri aldagömlu hefð að síga eftir eggjum og veiða fugl, kemur hér með á framfæri eftirfarandi sjónarmiðum.

Í Drangey hefur eggjataka og fuglaveiði verið stunduð frá því að land byggðist, þó að sóknin hafi breyst í tímans rás og er nú mjög lítil miðað við það sem áður var.

Þar er nú sigið eftir svartfuglseggjum auk þess sem þar er stunduð lundaveiði í háf.

Félagsmenn hafa frá því að Náttúrustofa Suðurlands hóf vöktun á lundastofninum í Drangey fylgst vel með niðurstöðu stofnunarinnar hvað Drangey varðar sem og annars staðar. Allt frá upphafi rannsókna

stofnunarinnar hefur ábúð og uppkoma unga verið með miklum ágætum í Drangey og raunar fyrir Norðurlandi öllu. Þetta má sjá í nýlegri skýrslu Náttúrustofu suðurlands. Virðist stofnunin eingöngu byggja tillögu sína um veiðibann á því að lunda hafi farið fækkandi á Íslandi. Ekki drögum við það í efa að varp lundans hefur misfarist undanfarin ár í Vestmannaeyjum. Hins vegar er það skoðun okkar að það eitt og sér eigi ekki að leiða til þess að veiðibann verði sett á um land allt og alls ekki þar sem stofninn er í vexti. Þeir fáu sem enn stunda einhverja lundaveiði í Drangey eru sammála um að lundabyggð er nú á stöðum þar sem hún var ekki áður. Það er samdóma álit veiðimanna og þeirra sem til eyjarinnar þekkja að þar hafi lunda fjölgað mikið og fjölgað hafi stöðugt í stofninum svo lengi sem elstu veiðimenn muna. Finnst okkur sem veiðibann á landsvísu megi líkja við að banna silungsveiði á öllu landinu með þeim rökum að veiðivötn á Suðurlandi hafi ekki verið gjöful í einhver ár.

Hér er og rétt að benda á að í Málmei á Skagafirði hefur lundastofninn vaxið með undraverðum hraða undanfarin 30 ár eða svo. Fullvíst má telja að þar sé að finna tugþúsundir lunda en þeirra er í engu getið í skýrslu nefndrar stofnunar.

Nú er svo komið að lundinn er kominn á válista og metinn í “bráðri hættu”. Virðist þessi niðurstaða fengin með því að vísa til rannsókna Náttúrustofu suðurlands.

Lundastofninn er stærsti fuglastofn landsins og reynslan sýnir að hann þolir ágætlega veiði á Skagafirði og að öllum líkindum fyrir norðurlandi öllu, eins og þær eru nú stundaðar. Vel kann hins vegar að vera að eðlilegt sé að friða lundann á einstaka svæðum líkt og gert hefur verið í Vestmannaeyjum. Þar hafa veiðimenn brugðist við á ábyrgan hátt.

Ef jafn yfirgripslitlar rannsóknir eins og N.s. stundar(Sjá heimasíðu Náttúrustofu suðurlands), eiga að vera grundvöllur fyrir veiðistjórnun á Íslandi ,er illa komið. Ekki verður annað séð en að í lokaskýrslu um stofnvöktun lunda 2017-2019 sé lítið gert úr góðri niðurstöðu fyrir norðurlandi en mikið úr slæmri stöðu þar sem það á við. Við teljum okkur, að fenginni reynslu og þekkingu á

eyjum hér í firði, geta fullyrt að lundastofninn hefur stækkað gríðarlega undanfarin 25 ár eða svo.

Undanfarin ár hefur verið rekinn áróður á opinberum vetvangi um að friða beri lundann og allan svartfugl fyrir veiðum, þar fer félagið Fuglavernd fremst í flokki með mishaldlitlum rökum.

Drangeyjarfélögum þykir skjóta skökku við að sá sem stýrir lundarannsóknum fyrir N.s. og á skv. lagafrumvarpi þessu að veita veiðiráðgjöf, sé einnig sitjandi í stjórn Fuglaverndar, það getur seint talist faglegt.

Drangeyjarfélagið mótmælir því að rannsóknir Náttúrustofu suðurlands verði notaðar við veiðistjórnun og telur að þar ráði önnur sjónarmið en vísindaleg rök. Horfa verður til þess að ráðleggingar stofnunarinnar miða allar við að meta lundastofninn á landsvísu en ekkert tillit er tekið til viðkomu stofnsins á einstaka svæðum.

Drangeyjarfélagið hvetur þá sem um frumvarp þetta eiga að fjalla að kynna sér fyrirnefndar rannsóknir á hlutlausann og gagnrýninn hátt.

Við teljum að sjónarmið veiðimanna eigi ekki síður við en sjónarmið fuglaverndar.

Það hlítur að vera öllum til góðs að ræða þessi mál á opinskáan hátt án allra öfuga en ekki sé eingöngu tekið tillit til friðunaráform Fuglaverndar.

Drangeyjarfélagið telur að landsmenn eigi að lifa á Íslandi í sátt við náttúruna og nýta hana á skynsaman hátt.

Fyrir hönd Drangeyjarfélagsins

Viggó Jónsson

Stjórnarformaður

S:8999073

Bréf til Umhverfis- og samgöngunefndar

Starfshópur sem Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra skipaði í september síðastliðinn um verndun og endurreisn svartfuglastofna hefur nú skilað af sér og leggur til „að fimm tegundir sjófugla af svartfuglaætt verði friðaðar fyrir öllum veiðum og nýtingu næstu fimm árin. Þetta kemur fram í skýrslu sem hópurinn hefur skilað af sér“ og umhverfisráðherra kynnti í ríkisstjórn 3. janúar 2012. Þar sem mér er málið nokkuð skylt kynnti ég mér skýrslu starfshópsins og varð satt að segja ákaflega undrandi eftir þann lestur og ekki síður á þeirri tillögu sem hópurinn skilaði síðan á grundvelli skýrslunnar.

Fyrst vil ég víkja að samsetningu hópsins. Hann er skipaður fulltrúum (sex aðila): umhverfisráðuneytisins, Náttúrufræðistofnunar, Umhverfisstofnunar, Bændasamtaka Íslands, Skotveiðifélags Íslands og Fuglaverndar. Auk þess var í hópnum formaður nefndar um endurskoðun laga nr. 64/1994.

Það sem vekur fyrst undrun við þessa nefndarskipan er að bjargveiðimenn, sigmenn og lundaveiðimenn, skuli ekki eiga fulltrúa í nefndinni en þeir búa yfir hvað mestri þekkingu á viðgangi fuglastofnanna í hverju veiðiplássi. Þá þykir mér fuglafræðingarnir í þessu máli skauta nokkuð léttilega fram hjá gömlum heimildum um bjargfuglaveiðar í árunna og aldanna rás en sögu bjargnytja má þó rekja eftir margs konar heimildum svo öldum skiptir. Samvinna vísindamanna á þessu sviði sem öðrum er bráðnauðsynleg. Og með vísindamönnum á þessu sviði á ég vitaskuld ekki einungis við þá sem hafa lært sín fræði í skólum heldur einnig þá sem hafa árum saman athugað hegðun bjargfugla og viðgang stofnanna, hvort heldur það eru veiðimenn eða aðrir. Veiðimenn vita til dæmis manna best hversu mikilli veiði má búast við á hverjum stað við hagstæðar aðstæður og hvað hafa má af eggjum í hverju sigi. Þeir halda gjarnan veiðibækur þar sem þeir skrá eggjafjölda í hverri niðurferð og hvað hefst af fugli á hverjum degi og tíunda veðurfar, vindátt og vindstyrk sem er mikilvægt, ekki síst yfir lundavertíðina.

Ekki er mér kunnugt um að nokkurt samband hafi verið haft við veiðimenn fyrir Norðurlandi um þessi mál, að minnsta kosti hvorki í Drangey né Grímsey.

Eins og fram kemur í skýrslunni er það nú augljóst að fæðuskortur er farinn að ganga nærri

stofnum svartfugla, einkum þó lunda á Suðurlandi, og þessi niðursveifla færast smám saman norður. Lunda hefur hins vegar stöðugt fjölgað á Norðurlandi á undanförunum árum og við Drangey hefur hann verið að færa sig upp á skaftið síðustu 40 árin og hef ég reyndar aldrei séð meira af honum en í sumar, og í Málmei hefur lundi numið land mjög hratt á allra seinustu árum.

Bjargnytjar (fuglveiðar og eggjatekja) við Drangey og reyndar öll fuglabjörg (nema eggjatekja á Langanesi) hefur stöðugt dregist saman á undanförunum áratugum, ekki vegna þess að fugli hafi fækkað (nema á Suðurlandi allra síðustu árin) heldur vegna þess að þær eru ekki sami bjargræðisvegurinn og fyrr.

Við Drangey er nú eggjataka um fjórðungur eða þriðjungur af því sem hún var fyrir um það bil tuttugu árum, nú aðeins tekin þar tvö til þrjú þúsund egg á vori og þar af sjaldnast meira en eitt til tvö þúsund í bjargsigi enda aðeins skroppið um helgi, og þau sig tekin sem þægilegust eru, en ekki legið við í viku tíma eins og áður. Flekaveiðar á sjó voru bannaðar árið 1966 og misstu þá Skagfirðingar og Grímseyingar þær fuglveiðar sem arðbærastar höfðu verið um aldir. Lundaveiðar í háf hafa verið stundaðar nokkuð við Drangey frá 1980 þótt ekki hafi menn haldið þar út heilar vertíðir nema nokkur þessara ára (þ.e. fjórir menn í 4–5 vikur samfleitt á sumri). Mesta veiði höfðu menn þar á einni vertíð um 14.000 fugla sumarið 1984 enda þá veiðin stunduð einna kappsamlegast en að jafnaði hefur veiði þar verið á bilinu sex til átta þúsund fuglar. Það er álíka margir fuglar og einn bátur hefur fengið í net á einni vertíð eins og fram kemur í skýrslunni. Í Grímsey mun eggjatekja hafa numið á milli fimm og tíu þúsund eggjum undanfarin ár og lundatekja hafa verið svipuð. Það er reyndar með miklum ólíkindum að skýrsluhöfundar virðast ekki hafa rætt við gamla sigmenn sem þekkja björgin og eggjatekjuna í þeim manna best.

Vissulega voru til þær veiðar sem ógnuðu viðgangi fuglsins á sumum stöðum. Þar má helst nefna netaveiðarnar í Vestmannaeyjum sem voru stundaðar frá 1850 til 1869 að þær voru bannaðar enda farnar að ógna lundastofninum þar. Þá kom háfurinn til sögunnar og hefur hann síðan verið aðalveiðitól Vestmannaeyinga. Það sögðu mér Eyjamenn að þær veiðar hefðu aldrei gengið nærri stofni nema endrum og eins í einstaka þröngum plássum. Eggjataka hygg ég að hvergi hafi ógnað varpi en það gerði hins vegar snöruveiði í björgum á stöku stað á nokkrum stöðum á landinu fyrir margt löngu þar sem egglægjan var veidd í snörur á syllum. Það var hins vega mjög staðbundið enda sú veiðiaðferð einungis stunduð í litlum hluta bjarganna.

Þar sem ég hef komið að fuglabjörgum hef ég hvergi getað merkt að veiðar hafi ógnað viðkomu eða haft áhrif á varpstaði í bjargi eða á lundabyggðir. Fyrir nokkrum árum gekk ég hins vegar um brúnir Hælavíkurbjargs og Hornbjargs þar sem refir og minnar ganga frjálst um

í lundabyggðum og komast reyndar í byggðir fleiri fugla, svo sem fýls og álku og sums staðar jafnvel langvíu. Þar sjást tæpast lundaholur sem orpið er í á brúnum og refur og minnur fer vitaskuld eins langt niður í bjargið og hann kemst og lifir þar í vellystingum praktuglega. Hann hirðir náttúrulega einkum holulundann og tekur einnig egg. Sýnist mér að refur og minnur á Hornströndum valdi einna mestum skaða í lunda- og álkubyggðum hérlendis fyrir utan ætisskort af völdum hlýnunar.

Í skýrslunni segir: „Takmarkaðar upplýsingar eru til um áhrif mismunandi nýtingaraðferða [svo] og fiskveiða á stofna þessara fimm tegunda.“ (bls. 22) og síðan vísað í töflur um svartfuglaveiðar frá 1995 til 2010. Þessi setning er eins misvísandi og verið getur. Til eru veiðitölur áratugi aftur í tímann, til dæmis við Drangey, þar sem veiði var margfalt meiri en nú, og sýnist ekki hafa haft nokkur áhrif á stofnana. Þar setti hafís og óhagstætt árferði hins vegar oft strik í reikninginn og árið 1929 virðist hafa komið upp pest í svartfuglunum en þar segir í frásögn um vertíðina við eyna: „Aðeins 1100 fuglar veiddust við Drangey. Svartfugl hrundi niður unnvörpum, lá í hrúgum víða í bjargfjörum eða á fjörðum inni. Þegar leið „fram að eggjatíma sást varla fugl í björgunum.“ Gætti þess víðar norðanlands og vestan.“ (Sjá Kristmundur Bjarnason: Skagfirzkur annáll. Seinna bindi, bls. 448). Á næstu árum var fuglveiði sáralítill við Drangey en um 1950 virtist stofninn hafa náð sér að fullu og síðan hefur ekkert baksalg komið þar.

Og er þá komið að kjarna þessa máls, hlýnunar sjávar á norðurslóðum sem meðal annars veldur fæðuskorti hjá svartfugli og margs konar öðrum breytingum í umhverfi okkar.

Talið er víst að orsakir þessarar hlýnunar séu að minnsta kosti að nokkru leyti af mannavöldum og hafa því þeir sem láta sig lífríkið nokkru varða lagt áherslu á að reyna að tempra útblástur efna sem ýta undir hlýnunina og sömuleiðis draga úr notkun eiturefna ýmissa sem menga sjóinn og spilla með því lífríki hans. Þarna ættu Íslendingar að vera í fararbroddi með notkun vistvænnar orku á sem flestum sviðum og í þeirri baráttu hefði alþingismenn leggja hönd á plóg í stað þess að reyna að slá sig til riddara í augum þeirra sem lítið til þekkja með því að friða svartfugl alls staðar á og í kringum landið vegna þess að honum hefur fækkað á landinu sunnanverðu.

Fyrir Norðurlandi hefur lunda fjölgað á síðustu áratugum og samkvæmt eggjatölum úr einstökum sigum við Drangey sýnist varp svartfugla í björgum vera svipað og venjulega. Vilji menn halda áfram að rannsaka viðkomu tegundanna er engin aðferð betri en stunda áfram þær litlu bjargnytjar sem verið hafa þar síðustu árin (og eru ekki nema brot af því sem áður var) og sama er að segja um Grímsey og reyndar önnur fuglabjörg fyrir Norðurlandi. Þannig fengju bæði fuglarnir og veiðarnar að njóta þess fræga vafa sem er þó tæpast fyrir hendi á þessu

landshorni. Aftur á móti færi vel á því að reyna að halda ref og mink í skefjum í friðlandinu á Hornströndum og einnig að herða reglur um netaveiðar nálægt fuglabjörgum.

En umfram allt vildi ég þó biðja þá sem fjalla eiga um tillögur starfshópsins að kynna sér lítillaga sögu bjargnytja við Ísland og hafa tal af þeim mönnum sem veiðarnar hafa stundað svo áratugum skiptir og ekki gefa sér það að þeir hafi engan áhuga á viðgangi stofnanna. Slíkt er einfaldlega dónaskapur bæði gagnvart þeim og fólkinu í þeim byggðum sem löngum hefur sótt hluta af björg sinni í björgin.

Með bjargnytjakveðju,

Kristján Eiríksson

rannsóknarlektor við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Es.

Ég, undirritaður, hef lagt mig nokkuð eftir þróun bjargnytja og fylgst með viðgangi svartfuglastofna við Ísland og verið við bjargsig og fuglveiðar í fimm áratugi óslitið, ekki einungis við Drangey, þar sem ég þekki best til, heldur einnig á Langanesi, Krísuvíkurbjargi og Papey. Lengi hef ég í stopulum stundum unnið að ritun Drangeyjar sögu og auk þess ýmislegt skrifað eftir mönnum um bjargnytjar við flest fuglabjörg á landinu, þótt fæst af því hafi komið á prent eða verið flutt í heyrenda hljóði enn sem komið er. Þó má nefna eftirfarandi:

„Heimildir um veiðar við Drangey fyrr á öldum.“ *Fólk og fróðleikur. Kveðja til Kristmundar Bjarnasonar á Sjávarborg á sextugsafmæli 10. janúar 1979.*

Bjargnytjar í Vestmannaeyjum. Eyjaskinna. Fylgirit II. Vestmannaeyjum 1990.

„Drangeyjarvist Grettis“. *Varði reistur Guðvarði Má Gunnlaugssyni fimmtugum 16. september 2006.* Reykjavík 2006: 74–77.

Kristján Eiríksson: „Hugleiðingar um örnefni við Drangey“. *Fjöruskeljar.* Afmælisrit til heiðurs Jónínu Hafsteinsdóttur sjötugri 29. mars 2011.

Þá fjallaði BA-ritgerð mín í sagnfræði um *Bjargnytjar við Ísland.*

Ég hef einnig skráð örnefni bæði í Málmei og Skrá og kynnt mér nokkuð bjargnytjar í Færeyjum.

Erindi um Drangey. – Drangeyjar kvöld á sæluviku Skagfirðinga á Kaffi Krók á Sauðárkróki 29. apríl 2004.

Umsögn um frumvarp til laga

Sem sett var fram á 151. löggjafarþingi 2020–2021. Þingskjal 460

— 368. mál. Og er stjórnarfrumvarp.

Ég Eiður Ævarsson kt. 050371-5659 set hér með umsögn mína inn um þetta frumvarp. Ég hef stundað veiðar í 30 ár og tel mig hafa nokkuð víðtæka þekkingu á því sviði. Ég hef verið í veiðifélagi mest allan þann tíma og verið þar við æfingar.

Þetta frumvarp er að mörgu leyti ágætt en þarna eru kaflar sem ég tel að eru vanhugsaðir, og aðrir kaflar sem eru beinlínis beint upp úr fráfarandi lögum og mættu alveg breytast til þess að minka flækjustig.

Ég mun draga það út sem ég vil fjalla um og tel að betur mætti fara í þessu frumvarpi hér á eftir. Ég óska hér með eftir því að fylgja eftir breytingartillögum mínum á fundi nefndarinnar.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið og orðskýringar.

29. *Sjálfbærar veiðar*: Veiðar teljast sjálfbærar ef nýliðun tegunda eða stofns stendur undir veiðum, náttúrulegum afföllum og náttúrulegum reglubundnum sveiflum, þannig að stofn nær yfir tiltekinn tíma að endurnýja sig og viðhalda þeirri stofnstærð og útbreiðslu sem náttúruleg takmörk setja.

Skilgreina þarf mun betur hvað átt er við um sjálfbærar veiðar, það er grunnurinn að veiðistjórnun og margar skilgreiningar í gangi. Í raun og veru ætti að vera sérstakur kafli í lögnum um hvað teljast vera sjálfbærar veiðar, hvaða tímaramma er miðað við og viðgangi stofns í sögulegu tilliti.

II. KAFLI

Stjórnsýsla.

7. gr.

Hlutverk Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun hefur umsjón og eftirlit með framkvæmd laga þessara. Stofnunin stjórnar aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á vernd tegunda, stofnstærð og útbreiðslu villtra fugla og villtra spendýra og aðgerðum til að koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum.

Umhverfisstofnun fer með veiðistjórnun, hefur umsjón með veiðum á villtum spendýrum og villtum fuglum, sér um framkvæmd námskeiða og hæfnisprófa til undirbúnings veiðum á villtum fuglum og villtum spendýrum, veitir fræðslu og leiðbeiningar vegna veiða og aðgerða til varnar tjóni, veitir fræðslu og leiðbeiningar um vernd og verndaraðgerðir, sér um útgáfu veiðikorta og veiðileyfa og veitir tímabundnar undanþágur til veiða meðal annars í því skyni að varna tjóni.

Umhverfisstofnun hefur með höndum eftirlit með veiðum, sér um að taka saman veiðitölur, ásamt annarri söfnun upplýsinga um veiðar samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim.

Umhverfisstofnun vinnur að þeim þáttum stjórnunar- og verndaráætlunar einstakra tegunda eða stofna, sbr. 16. gr., sem heyra undir verksvið hennar og hefur jafnframt umsjón með gerð og vinnslu áætlunarinnar í heild.

Umhverfisstofnun er heimilt að vinna að verkefnum í samstarfi eða í samráði við stofnanir, rannsóknaraðila eða hagsmunasamtök á hlutaðeigandi sviðum eftir því sem tilefni er til.

Viðbót við 7. málsgrein verður eftirfarandi

Umhverfisstofnun skal halda námskeið ef fleirri en 10 manns biðja um það, námskeið geta verið haldin í fjarkennslu og einnig geta skrifleg prof farið fram í gegn um fjarbúnað. Þannig geta allir, sama hvar á landinu þeir búa sótt námskeiðin.

Verklef kennsla skal eftir fremsta megni vera á vegum lögreglu eða skotveiðifélaga.

III. KAFLI

Vernd og velferð villtra fugla og villtra spendýra.

10. gr.

Önnur vernd villtra fugla og villtra spendýra og búsvæða þeirra.

Við gerð skipulagsáætlana og ákvarðana um landnotkun og ferðir almennings um náttúruna skal eins og kostur er taka tillit til villtra fugla og villtra spendýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.

Forðast skal alla óþarfa truflun á dýralífi og röskun á búsvæðum, lykilbúsvæðum eða lykilstöðum. Eigendum eða ábyrgðaraðilum hunda og katta ber að virða friðhelgi fugla um varptímann og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að forða tjóni og röskun af þeirra völdum.

Oheimilt er að þeyta flautur, fljúga þylum, flygildum eða öðrum loftförum, sigla hávaðamiklum skipum eða bátum eða vera með annan hávaða að óþörfu við selalátur á tímum kæpingar og hárfellis og á varptíma við þau fuglabjörg og fuglabýggðir semráðherra er heimilt að tilgreina í reglugerð skv. 54. gr., innan þeirra fjarlægðarmarka sem þar koma fram. Enn fremur er óheimilt á varptíma að hleypa af skoti á landi nær sömu stöðum en 200 m og á sjó nær en 2 km. Aldrei má skjóta fugl í fuglabjörgum, steypa undan fuglum eða ryðja fuglabjörg.

Oheimilt er að veiða fugla í sárum og ófleyga unga. Lifandi ósærða fugla sem lenda í neti við veiðar skal ávallt greiða úr netinu og sleppa.

Hér er verið að loka á hefðbundnar hlunnindaveiðar, t.d. veiðar á fýlsungum. Slíkar veiðar eru hluti af staðbundinni menningu og hafa ríkt menningarsögulegt gildi. UNESCO hefur bent á að hlunnindaveiðar hafi ríkt menningarsögulegt gildi og t.d. nefnt veiðar með fálkum sem dæmi.

IV. KAFLI

Válistar og stjórnunar- og verndaráætlanir.

15. gr.

Válistar.

Náttúrufræðistofnun Íslands skal taka saman og birta á vef sínum válista um villta fugla og villt spendýr samkvæmt alþjóðlega viðurkenndum stöðlum og leiðbeiningum um gerð slíkra lista. Slíka válista skal endurmeta á fimm ára fresti eða oftár ef þörf er taliná.

Þegar tegund eða stofn er færður af eða á válista eða flokkun tegunda eða stofns breytt á válista skal Náttúrufræðistofnun Íslands birta greinargerð með rökstuðningi, ásamt yfirliti yfir þau gögn sem ákvörðunin er byggð á þegar válisti eruppfærður.

Hér er verið að leggja til beintengingu Válista við lagasetningu. Það er áhugavert þar sem á ráðstefnu um Válista sem haldin var í Reykjavík árið 2018 tók yfirmaður IUCN Red List Unit (Craig Hilton-Taylor) það sérstaklega fram að ALLS EKKI mætti beintengja listana við lagasetningu. Þeir væru byggðir á bestu fánlegri þekkingu, áhugamanna sem og sérfræðinga, og væru alls ekki fullkomnir. Hinsvegar væru þeir nothæfir til að flagga viðvörunarflöggum sem ætti þá að skoða sérstaklega í hverju tilviki. Reyndar er íslenska orðið VÁLISTI sérstaklega sterkt orð og ætti listinn frekar að heita ATHUGUNARLISTI í ljósi orða þeirra sem halda utan um listana erlendis.

16. gr.

Stjórnunar- og verndaráætlanir.

Umhverfisstofnun skal í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands, sbr. 2. mgr., taka saman og leggja fyrir ráðherra til yfirferðar, samþykktar og birtingar stjórnunar- og verndaráætlanir fyrir einstakar tegundir eða stofna villtra fugla og villtra spendýra sem falla undir lögbessi.

Náttúrufræðistofnun Íslands skal í áætluninni gera grein fyrir mati stofnunarinnar á stofnstærð, stofnþróun, útbreiðslu, viðkomu, flokkun á válista, veiðipoli og ákjósanlegri verndarstöðu og verndarþörf hlutadeigandi tegundar eða stofns og breytingar þar á.

Umhverfisstofnun skal í áætluninni meðal annars leggja til nauðsynlegar verndar- og stjórnunaraðgerðir, byggðar á fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum skv. 2. mgr., til að stuðla að ákjósanlegri verndarstöðu, ásamt tillögum um hvernig standa beri að nýtingu eða veiðum ef við á og aðgerðum til þess að bregðast við tjóni.

Við undirbúning og vinnslu áætlana samkvæmt þessari grein skal eftir því sem þörf er á leita samráðs eða samstarfs við aðrar fagstofnanir, rannsókn- eða hagsmunaaðila.

Umhverfisstofnun skal leggja fyrir ráðherra endurskoðaða stjórnunar- og verndaráætlun fyrir einstakar tegundir eða stofna á fimm ára fresti, eða eftir atvikum oftár, með hliðsjón af sérstöðu og eiginleikum einstakra tegunda og stofnþróunar þeirra.

Ráðherra er heimilt í reglugerð, sbr. 54. gr., að mæla fyrir um gerð, birtingu og endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlana.

Þarna veður að koma inn á að við vermdun stofna skal miðast við sögulega stofn stærð og að sett verði viðmið við hvern stofn. Það er að segja hvenar stofn er friðaður (hvað er lágmarks stofnstærð) og hvernar friðun líkur (þegar stofn hefur jafnað sig.)

VI. KAFLI

Veidar.

24. gr.

Veidiáðferðir.

Við veiðar má eingöngu nota skotvopn sem heimil eru samkvæmt vopnalögum með þeim undantekningum sem upp eru taldar í þessari grein. Við fuglaveiðar er óheimilt að nota haglabyssu með hlaupvídd stærri en nr. 12. Við veiðar á hreindýrum er óheimilt að nota kúlur sem eru minni en 6,5 gr og með slagkraft minni en 180 kgm á 200 mfæri.

Við veiðar á fuglum er að mikklu leyti notaðar haglabyssur með hlaupvídd að stærð nr 12 þó að þar séu undantekningar á, en þó má nota hvaða riffil sem er og hafa ber í huga að riffilkúla ferðast mun lengra en haglaskot, þess vegna skýtur skökku við að takmarka notkun á haglabyssum við hlaupvídd nr 12. Ég legg til að síðasta línan í fyrstu málsgrein falli niður enda verði einungis notaðar byssur sem eru á skrá hjá lögreglu og verði þá svona ” Við fuglaveiðar er heimilt að nota allar þær byssur sem eru á skrá hjá lögreglu nema að takmörkun sé á notkunn byssunar.”

Liður 15 í upptalningu

15. Sjálfvirk skotvopn, svo og handhlaðnar fjölskota haglabyssur og hálf sjálfvirk skotvopn, með skothylkjahólfum sem taka fleiri en tvö skothylki.

Allar haglabyssur sem seldar eru á Íslandi og eru hálf sjálfvirkar eru 5 skota það fyrsta sem skotveiðimaður gerir er að fjarlægja pinnann sem takmarkar skotafjöldan. yfirleitt eru bara notuð 2 – 3 skot, en gott getur verið að hafa tvö extra ef fugl særast og þá eru þau skot notuð.

VII. KAFLI

Hæfnispróf veiðimanna og veiðikort.

26. gr.

Hæfnispróf veiðimanna.

Þeir sem stunda veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum skulu hafa staðist próf um villta fugla og villt spendýr og umhverfi þeirra og í hæfni til veiða í samræmi við lög þessi og reglur settar samkvæmt þeim.

Umhverfisstofnun semur námskrá, setur mörk og viðmið um fullnægjandi árangur á prófi og heldur námskeið til undirbúnings hæfnisprófum. Umhverfisstofnun er heimilt að fela aðilum, sem hafa til þess þekkingu og reynslu að mati stofnunarinnar, að halda slík námskeið í sínu umbóði.

Umhverfisstofnun er heimilt að veita þeim sem óskar eftir veiðikorti, sem eingöngu gildir til töku eggja eða til annarra veiða en skotveiða, undanþágu frá hæfnisprófumveiðimanna skv.

1. og 2. mgr.

Einhverstaðar verður að koma inn að einstaklingar yngri en 20 ára geti stundar veiðar í fylgd með fullorðnum einstakling, þaðan kemur reynsla, þekking og þjálfun. Þess vegna legg ég til þennan viðauka

" Til skotveiða er heimilt að gefa út veiðikort við 20 ára aldur. Einstaklingi yngri en 20 er heimilt að stunda veiðar í fylgd með veiðimanni sem haft hefur veiðikort í a.m.k. 4. ár. "

27. gr.

Útgáfa veiðikorta.

Allir sem stunda veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum eða eggjatöku villtra fugla, skulu hafa til þess gilt veiðikort sem Umhverfisstofnun gefur út til eins árs í senn. Umhverfisstofnun er heimilt að ákveða að málsmeðferð vegna veiðikorta og útgáfa veiðikorta samkvæmt þessari grein sé rafræn.

Veiðikorthafar skulu hafa náð þeim aldri sem vopnalög mæla fyrir um til að hljóta almennt skotvopnaleyfi en heimilt er að veita þeim sem orðin eru 16 ára veiðikort sem eingöngu gildir til töku eggja og annarra veiða en skotveiða.

Á veiðikorti skal getið nafns handhafa, gildistímabils og þeirra tegunda sem viðkomandi hefur heimild til að veiða ef við á, rétt til nýtingar ákveðinna hlunninda eða eggjatökuheimildar og á hvaða landareign hafi hann rétt til nýtingar hlunninda. Korthafi skal ætíð bera kortið á sér á veiðum, við nýtingu hlunninda eða við eggjatöku og skal framvísa því ef óskað er.

Veiðikort þarf ekki til músaveiða í og við hibi lí né rottuveiða.

Ég get ekki skilið af hverju á að færa eggjatöku inn í veiðikortið

VIII. KAFLI

Fuglaveiðar.

29. gr.

Nytjaveiðar á fuglum.

Ráðherra er heimilt með reglugerð, sbr. 54. gr., að aflétta friðun eftirtalinnna fuglategunda, sbr. 17. gr., innan þeirra tímamarka sem hér segir:

1. frá 1. ágúst til 20 ágúst grágæs, heiðargæs enda verði veiðar eingöngu á túnum

Það er þannig að með battnandi veðurfari eru gæsir fyrr á ferðinni með unga sýna og leggjast á tún hjá bænum mikið fyrr en gerðist til dæmis fyrir tuttugu árum síðan, þær eyðileggja hey og tún fyrir bændum þegar þær koma í túnin svona snemma.

Allar aðrar greinar færist niður.

1. Frá 20. ágúst til 31. mars: grágæs, heiðagæs.
2. Frá 1. september til 31. mars: dilaskarfur, toppskarfur, súla, blesgæs, helsingi, stokkönd, urtönd, rauðhöfðaönd, duggönd, skúfönd, hávella, toppönd, rita.
3. Frá 1. september til 10. maí: álka, langvía, stuttnefja, teista, lundi.
4. Frá 15. október til 22. desember: rjúpa.
5. Frá 1. júlí til 15. ágúst: hlunnindaveiðar lunda í háf skv. 34. gr.

XIV. KAFLI

Eftirlit og framkvæmd eftirlits.

50. gr.

Eftirlit.

Umhverfisstofnun annast og hefur umsjón með eftirliti með framkvæmd laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim.

Umhverfisstofnun getur með samningi falið öðrum stjórnvöldum einstaka þætti eftirlits samkvæmt lögum þessum. Í þeim tilvikum sem Umhverfisstofnun hefur gert samning um framkvæmd eftirlits hefur viðkomandi sömu heimildir til skoðunar og eftirlits og Umhverfisstofnun samkvæmt þessum kafla laganna.

Umhverfisstofnun skal sinna veiðivörslu á landinu öllu á samræmdan hátt. Í veiðivörslu felst almennt eftirlit með veiðum í samræmi við eftirlitsáætlun skv. 51. gr.

Er I alvöru verið að fara að stofna veiðilöggu?

Þessi mál eru í ágætum farvegi hjá lögreglu. Ef menn hafa áhyggur af því að veiðimenn eru að brjóta lög (sem ekki hefur verið reyndin hingað til miðað við þegar lögregla hefur farið til að ath með veiðimenn á veiðislóð.) þá ber að veita meira fjarmagni til lögreglu sem hefur fengið til þess þjálfun, til þess að sjá um og auka eftirlit með veiðimönnum

51. gr.

Eftirlitsáætlun.

Til að tryggja yfirsýn með framkvæmd laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim skal Umhverfisstofnun útbúa eftirlitsáætlun til þriggja ára í senn vegna eftirlits með veiðum og annarri framkvæmd laganna og gæta sérstaklega að skilvirkni og hagkvæmni í eftirliti.

Umhverfisstofnun skal upplýsa og eiga samráð við hlutadeigandi lögregluembætti um fyrirhugað eftirlit innan umdæma þeirra á grundvelli eftirlitsáætlunarinnar og um einstök eftirlitsverkefni stofnunarinnar.

Að öðru leyti skal gæta trúnaðar um eftirlitsáætlunina og taka upplýsingalög ekki til áætlunarinnar fyrr en að loknum gildistíma hennar.

52. gr.

Heimildir Umhverfisstofnunar og upplýsingaskylda.

Sérstaklega auðkenndum starfsmönnum Umhverfisstofnunar er heimilt að hafa afskipti af veiðimönnum á veiðislóð í þeim tilgangi að hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara.

Við skoðun og eftirlit skulu veiðimenn veita allar umbednar upplýsingar sem hafa þýðingu við eftirlitið. Í því felst meðal annars að veiðimenn framvísi veiðikorti, skotvopnaleyfi, leyfi til hreindýraveiða, og eftir atvikum leyfi til að stunda leiðsögn með hreindýraveiðum, sbr.

40. gr. Veiðimenn skulu jafnframt framvísa veiðibráð og veiðibúnaði sé eftir því óskað.

Umhverfisstofnun skal við framkvæmd eftirlits leita aðstodar lögreglu hafi hún rökstuddan grun um að framið hafi verið brot sem rannsaka þurfi frekar eða hún telji það nauðsynlegt til að framfylgja heimildum samkvæmt þessarar grein.

XV. KAFLI

Réttarfar, refsingar og viðurlög.

53. gr.

Um refsingar.

Hver sem brýtur gegn ákvæðum laga þessara skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum ef:

n. hann hafnar að veita sérstaklega auðkenndum starfsmönnum Umhverfisstofnunar þær upplýsingar eða gögn sem mælt er fyrir um í 52. gr. við framkvæmdeftirlits.

Að lokum óska ég aftu eftir því að fylgja eftir brevtingartillögum mínum á fundi nefndarinnar.

Virðingarfyllt

Eiður Evarsson

Hugleiðingar gagnvar nýrri veiðilöggjöf.

Fyrir xx árum var hafist handa við endurskoðun veiðilaggjafar og fékk ég að koma á nokkra fundi þar að lútandi. Niðurstaða þeirra vinnu var pft nefnd hvítbók, plagg á stærð við símaskrá sem var náttborðlestur hjá mér árum saman, en seinn anotið til að hækka upp tölvuskjá. Þó margt hafi verði óþarft í henni til að mynda kafli um hve froskdýrum í evrópu stafaði mikil hætta af köttum, þá var hún á öðrum sviðum vel unnin og jafnvel framsækin og hlutar hafa staðist vel tímanns tönn.

Virk veiðistjórnun.

Það kom margt áhugavert fram í hvítbók. Helst ber að nefna að allir stofnar skildu vera metnir, hvort þeir þyldu veiði Grundvöllur veiðistjórnar væri "Adaptivi harvest management" Sem í seinni tíð hefur verði þýtt sem virk veiðistjórnun. Hver og einn stofn hafi æskilegt hámark og skilgreint lágmark. Efstofn fer út fyrir þann ramma skuli grípa til aðgerða. Að öðrum kosti sé miðað við sjálfbæra nýtingu. Þetta er í raun grunnstefið í hvítbókinni, því er nokkuð sérstak að í þessu plaggi er brugðið frá því þema og bragðlaukarnir látnir ráða. Fuglum og í raun spendýrum skip í flokka eftir því hvernig einhverjum finnst þau á bragðið. Í stað þess að nýta þá stofna sem hér eru á landi rétt eins og þá sem eru við landið. Stefna á eðlilegar veiðar en um leið hámarks afrakstur. Nefni hér dæmi. Minkur, þar viljum við hafa hámarkstærð 0 og ættum því að grípa til aðgerða, hjá ref viljum við hinsvegar bæði hámark, en ekki síður lágmark. Ekki viljum við verða til að fækka honum of mikið, en viljum ekkert allt of mikið heldur. . Heiðargæst hefur farið frá 32 þúsund einstaklingum í umm 500 þúsund einstaklinga. Með mikklu gróðurálagi á heiðu. Þar mætti gjarnan hafa víðan ramma til dæmið 100 þúsund til 700 þúsund. Ef stofnin færi upp fyrir það væri rétt að auka álag, til dæmis með vorveiði. Dæmin frá Svalbarða sýna að það er nauðsynlegt að styra þessum andfuglastofnun, þar sem vegna vetrar korns hafa vetrar afföll orfið. Virk veiðistjórnun, þarf að vera með skýrum hætti í lögnum. Og hætta að flokka veiðar með bragðlaukum matvandra, í flokka nytjaveiðar eða veiðar til varnar tjóni.

Válystar.

Válistar eru áhugaverðir. Þeir heita ýmsum nöfnum, red list, observaying list og svo framvegis. Réttasta þýðingin á íslensku væri athugunarlisti. Vá er hinsvegar töff íslenskt orð en nokkuð gildishlaðið. Vá þýðir nefnilega hætta, og því hættir mönnum til að oftúlka þessa athugunarlista. Það er meira að segja svo að IUCN upphafsmenn listana mælast skirt í umfjöllun sinni um þá að þeir eigi ekki að vera notaðir í lagatæknilegum tilgangi. Eökum 2 dæmi. Heiðargæs fækkar um meira en 5% á ári í nokkur ár. Færi jafnvel niður í 400 hundruð þúsund einstaklinga, þá lendar stofnin sjálfvirkt á válista. Annað dæmi gæti verði að ef tækist nú að fækka mink og hann lendar á válista, á að hætta að veiða hann? Svartfuglastofnar virðast vera að flytja sig norðar, en eru miljóna stofnar, það er ekki ástæða til að hætta veiðum. Þetta er athugunarlisti. Sem slíkur er hann finnr. Hringir bjöllum. En á í raun heima í lögum um NÍ, En ekki veiðistjórnunarlögum.

Stofnanir

Lengi vel var matvælastofnun inni í þessum lögum. Vandséð er hvaða tilgangi það þjónar að hafa þriðju ríkisstofnunina enda er loksins búið að skrifa hana út. Í grunnin hlýtur þetta að eiga vera þannig að

Náttúrufræðistofnun rannsakar og kemur með stofnstærðarmat til Umhverfisstofnunar. Náttúrufræðistofn er enda first og fremst rannsóknarstofnun. Umhverfisstofnunar er hinsvegar eina stofnunin með sérhæfingu í veiðistjórnun, veiðistjórnunarsvið. Þar á einfaldlega öll veiðistjórnun að fara fram. Umhverfisstofnun tali því einni röddu til ráðherra er varðar veiðistjórnun. Það er einfaldlega óhæft að þær stofnanir sem við á geti komið ráðherra í þá aðstöðu að þurfa að velja á milli mismunandi tillagna. Það má bara ekki vera hægt að setja ráðherra í þá stöðu. Hitt er annað mál að ráðherra er auðvitað hvenær sem er heimilt að biðja sýnar undirstofnanir um ráðgjöf. Grunnþemað er einfalt Náttúrufræðistofnun sé um rannsóknir, veiðistjórnunarsvið umm veiðistjórnun (Helst líka í þjóðgörðum, en ekki fjallað um það í þessum lögum) Matvælastofnun komi að málinu þegar bráðin fer að nálgast diskinn, sala og meðhöndlun villibráðar og er ekki fjallað um það í þessum lögum.

Námskeið. Utanummhald.

Annar þáttur í starfsemi Umhverfisstofnunar er allskonar ummsýsla. Það eru umm 25 þúsund virkir veiðimenn á Íslandi. Það fara nokkuð margir á námskeið á hverju ári. Það mætti gjarnan breyta því fyrirkomulagi að fyrirmynd bæði norðurlandanna og einnig bílpróf. Námskeið til veiðikorts svo og til leiðsagnar með hreindýraveiðum, endurmenntun og fleirra hafa verði í hálfgerðu skötulíki að undanfögnu. Raumurinn er að SKOTVÍS sem nú þegar skaffar flesta kennarana taki þessi námskeið yfir og omi þeim sem við á á rafrænt form en öðrum á annð. Ég veit að SKOTVÍ's hefur hug á að gera rafrænan skotveiðiskóla, að norrænni fyrirmynd. Hann yrði þá með sama sniði og ökuskólar, en í stað Umferðarstofu þar þá sæi Umhverfisstofnun um námskrá, aðhald og próf. Þetta myndi gerbreyta fyrirkomulaginu, sérstaklega fyrir einstaklinga úti á landi. Hin dreifðu skotfélög myndu síðan sjá umm verklega kennslu. Einnig væri áhugavert að útvista kennslu leiðsögumanna, og jafnvel veiðikortakerfinu sem slíku. En á nprðurlönf-dunum hefur þetta verði með þeim hæti áratugum saman. Það er að segja félögin sjá umm veiðikortakerfin ímeð samningi við viðeigandi stofnun. Hér á landi yrði það Skotvís og Umhverfisstofnun. Þetta yrði gert ,eð svipuðum hætti og td Grænfánaverkefni Umhverfisstofnunar og Landverndar. Hverjum dagtt líka í huga að hækka veiðikort langtummfram verðlagsþróun, þverrt á samkomulag, og skemma kerfið. Kerfi sem hefur reynst niokkuð vel. Betra væra að kl'æra löggjöf umm úthlutunarreglur, einfalda nefndina í 3 aðila. Ráðuneyti, SKOTVÍ's og Umhverfisstofnun, aðrir meira og minna vanhæfir þar sem þeir sækja árvist í kerfið!

Til einföldunar.

Í texta við lagasetninguna er talað um að lögin eigi að verða til einföldunar, séu unnin upp úr Hvítbók og séu til samræmingar norðurlöndunum. Ég held að ég verði að segja að þó lögin hafi náð nokkrum breytingum frá fyrstu drögum, þá sé nokkuð í land og ekkert af þessum þrem markmiðum hafi náðst! Greinum laganna hefur fjölgað um meira en helming! Og nokkuð mikið flækjustig er á mörgu, annað veiðikort fyrir eggjatöku og menn fá sé veiðikort og skili inn skýrslu ef fugl lendi í neti! Hvorugt men skila neinu fyr veiðistjórnun og er því bara eitt af fjölmörgum dlmum umm óþarfa flækjustig, rétt eins og hit að láta bragðlauka flokka bráð í 2 hóp, þann hóp sem fólki finn almennt gott að borða og svo hinn sem men telja að valdi tjóni. Einfaldara að afa bara sama flokkin, og nota aðferðafræði virkrar veiðistjórnunar (adaptive harvest management) á hvorutveggja. Að gögnin séu unnin upp úr hvítbók er líka verulega vafasamt. Auðvitað stemmir margt við Hvítbókina, enda minnir hún mest á símaskrá. Ef men velja og hafna úr slíku plaggi til að fylgja ákveðinni skoðun, þá er það markslaust að segja plaggið til grundvallar. Þar er til dæmis fjallað markvist um virka veiðistjórnun allra stofna. Að þetta sé til

samræmingar norðurlöndunum er vandséð. Öll Norðurlöndin eru með mun oppnari löggjöf. Eru til að mynda búin að leyfa bogaveiðar, leyfa næstursjónauka til veiða á akveðnum stofnum, (Vilja meina að það minki líkur á að særa refi og villisvín) Þar fara félögin með veiðikortakerfin, enda telja stjórnvöld það kost að hafa öflug félög sem talsmenn og samstarfsaðila.

Samráð.

Þessum pistil verður ekki lokið nema minnst aðeins á samráðið! En það er vægast sagt sérkennilegt. Ákveðið er að stofna samráðshóp sumar 2019. Fyrsti fundur boðaður janúar 2020, með allskonar fulltrúum, td Matvæslastofnun og Landvernd og Bændasamtökum.. en ekki td Bjarmaland félagi atvinnumanna við refa – og minkaveiðar. Allir sammála um að mikið þurfa að gera, mikið vanti upp á löginin en efnileg byrjun! 'ákveðið er að boða næsta fund sienna... Sem síðan var slept og sent beint í samráðsgátt. Þónakkuð að athugasemdum bárust og þegar komið er haust 2020 er það skv Ráðuneytinu eina utanaðkomandi ráðgjöfin. Lögin skrifuð innan ráðuneytissins af fólki sem ekki stundar veiðar, nema þá af verulega takmörkuðu leiti. Slíkt getur alveg gefið góða raun leitist men við að fá ráðgjöf, Hér meðfylgjandi eru 50 athugasemdir við þessar 55 greinar. Sumar smávægilegar og benda frekar til þrúfaarkalestur en aðrar skipta meira máli, ein og um Válista eða stækka skotbann kringum æðarvarp í 2 km, Við sem skjótum ref í varpi, þekkjum að kollan styggist ekki við hvellin, af hverju ekki 500m eins og við arnarvarp!

Einar Kr Haraldson

Veiðimaður,

Frumvarp til laga

um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Frá umhverfis- og auðlindaráðherra.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið og orðskýringar.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara eru að:

1. Villtir fuglar og villt spendýr fái að þróast eftir eigin lögmálum.
2. Tryggja friðun, vernd, viðgang og velferð villtra fugla og villtra spendýra.
3. Ekki sé gengið á líffræðilega fjölbreytni og búsvæði villtra fugla og villtra spendýra í þeim mæli að það ógni viðgangi þeirra.
4. Verndarstöðu villtra fugla og villtra spendýra sé ekki spillt með umsvifum manna eða framandi lífverum sem ógnað gætu viðgangi þeirra.
5. Veiðar og önnur nýting á villtum dýrum sé sjálfbær og byggist á vísindalegum, faglegum og haldbærum upplýsingum um stofnstærð, stofnþróun, náttúruleg afföll, veiðipól og veiði viðkomandi tegundar eða stofns.
6. Treysta eftirlit með veiðum og efla virka stýringu veiða á þeim villtu fuglum og villtu spendýrum sem lög þessi taka til.
7. Uppfylla skuldbindingar alþjóðlegra samninga sem Ísland er aðili að og varða efni laga þessara.

2. gr.

Gildissvið.

Ákvæði laga þessara taka til villtra fugla og villtra spendýra á íslensku yfirráðasvæði, hvort sem er á landi eða sjó, að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands. Lögini taka hvorki til hvala né sela.

3. gr.

Orðskýringar.

Merking hugtaka í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim er sem hér segir:

1. *Afréttur*: Landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé, sbr. lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda þjóðlendna og afrétta.
2. *Almenningur í stöðuvatni*: Sá hluti stöðuvatns sem er fyrir utan 115 m breitt vatnsbelti eignarlands þeirra sem að vatninu liggja.

3. *Ábyrgðartegund*: Tegund sem Íslendingar bera sérstaka ábyrgð á samkvæmt alþjóðlegum samningum vegna þess að um eða yfir fimmtungur stofnsins á Evrópu- eða heimsvísu heldur hér til að staðaldri eða hluta úr ári.
4. *Ágangssvæði*: Nánar skilgreint svæði þar sem ágangur hreindýra er svipaður á öllu svæðinu.
5. *Ágeng framandi tegund*: Framandi lífvera sem veldur eða líklegt er að valdi rýrnum líffræðilegrar fjölbreytni, meðal annars með því að fækka eða útrýma náttúrulegum tegundum með samkeppni, afráni, sýkingum og breytingum á staðbundnum vistkerfum og virkni þeirra.
6. *Búsvæði*: Svæði þar sem tegund eða stofn villtra fugla og villtra spendýra getur þrífist, svo sem varplönd og fæðusvæði eða farleið.
7. *Eggjataka*: Þegar egg eru fjarlægð úr hreiðrum fugla á varptíma.
8. *Eignarland*: Jörð eða annað landsvæði sem er háð beinum eignarrétti einstaklings eða lögaðila, þar með talið sveitarfélag eða ríki, þannig að eigandi landsins fari með öll venjuleg eignarráð innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.
9. *Framandi tegund*: Allar tegundir, undirtegundir eða lægri flokkunareiningar fugla og spendýra, svo sem afbrigði, kyn eða stofn, þ.m.t. kynfrumur og egg, sem menn hafa flutt vísitandi eða óafvitandi út fyrir sitt náttúrulega forma eða núverandi útbreiðslusvæði.
10. *Friðun*: Bann við veiðum og öðrum aðgerðum sem geta aukið vanhöld eða dregið úr viðkomu dýra af tiltekinni tegund eða stofni. Friðun tekur einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar, nema annað sé tekið fram og eftir því sem við á til tilgreindra búsvæða eða lykilsvæða viðkomandi tegundar.
11. *Friðlýst svæði*: Þjóðgarðar, friðlönd, náttúruvé, náttúruvætti, landslagsverndarsvæði, fólkvangar, öbyggð víðerni eða verndarsvæði með sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda á grundvelli náttúruverndarlaga eða önnur svæði sem njóta sambærilegrar verndar eða friðlýsingar á grundvelli sérлага.
12. *Fuglabjarg*: Sjófuglabbyggð í sjávarhömrum, einkum byggðir svartfugla og ritu en einnig varpstöðvar súlu, fýls og máfa.
13. *Fuglabbyggð*: Staður þar sem fugl verpa þétt og oft margir saman.
14. *Fugl í sárum*: Fugl sem fellt hefur fuglfaðrir sínar og er ófleygur meðan nýjar fjadrir vaxa.
15. *Föngun*: Að ná villtu dýri lifandi.
16. *Hefðbundin hlunnindi*: Hlunnindi sem landeigendur eða veiðiréttahafar tiltekinna jarða eða landsvæða hafa haft af veiðum á villtum spendýrum eða villtum fuglum eða nýtingu á dúni þeirra eða eggjum fyrir gildistöku laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, og hafa verið nýtt síðan.
17. *Hlunnindi af villtum dýrum*: Æðardúntekja, eggjatekja og lundaveiðar í háf.
18. *Hreiður*: Staður þar sem fugl verpir eggjum sínum, meðal annars á bera jörð, í skál í hvers kyns undirlag, holur og glufur, þar á meðal í mannvirkjum eða körfu úr ýmsum efnum.
19. *Hreiðurstæði*: Varpstaðir fuglategunda er verpa á hefðbundnum stöðum og geta verið nýttir kynslóð fram af kynslóð.
20. *Hreiðurstæði arna*: Allir þeir staðir sem hafarnir hafa orpið á.
21. *Landeigandi*: Sá sem fer með eignarrétt yfir eignarlandi. Hafi réttur til veiða löglega verið aðskilinn tímabundið frá eignarlandi, sbr. 2. mgr. 23. gr., fer rétthafi með fyrirvar veiðiréttar.

22. *Liffræðileg fjölbreytni*: Breytileiki meðal lifandi vera á öllum stigum lífs, þar á meðal í vistkerfum á landi, í sjó og í ferskvatni. Hugtakið tekur til vistfræðilegra tengsla milli vistkerfa og nær til fjölbreytni innan tegunda og milli tegunda og vistkerfa.
23. *Lykilbúsvæði*: Afmörkuð búsvæði sem geta verið breytileg í tíma og rúmi og eru sérstaklega mikilvæg villtum dýrum. Búsvæði eru lykilbúsvæði ef:
 - a. finna má meiri þéttleika dýra ákveðinnar tegundar eða stofns en gerist að jafnaði á öðrum búsvæðum eða
 - b. líkamsástand, æxlunarangur og/eða lífslíkur dýra af tilteknum stofni tegundar, sem nýtir búsvæðið til varps og/eða viðhalds, er betri en þeirra dýra af sama stofni sem nýta önnur búsvæði að jafnaði.
24. *Lykilstaðir*: Afmörkuð svæði, t.d. tilteknar leirur og votlendi, þar sem reglulega má finna meira en 1% af skilgreindum stofni tegundar eða undirtegundar.
25. *Netlög*: Hafsvæði og sjávarbotn 115 m út frá stórstraumsfjörumáli eignarlands eða 115 m út frá bakka stöðuvatns sem eignarland liggur að. Netlög fylgja einnig eyjum, hólum og skerjum í sjó og stöðuvötnum.
26. *Nytjaveiðar*: Að veiðibráð sé nýtt til neyslu eða afurðir hennar nýttar á annan hátt.
27. *Refagreni*: Hefðbundnir staðir þar sem refir gjóta og ala upp yrðlinga.
28. *Selalátur*: Staðir þar sem selir kæpa, fella hár og halda til með kópa sína.
29. *Sjálfbærar veiðar*: Veiðar teljast sjálfbærar ef nýliðun tegundar eða stofns stendur undir veiðum, náttúrulegum afföllum og náttúrulegum reglubundnum sveiflum, þannig að stofn nær yfir tiltekinn tíma að endurnýja sig og viðhalda þeirri stofnstærð og útbreiðslu sem náttúruleg takmörk setja.
30. *Stjórnunar- og verndaráætlun*: Áætlun sem unnin er fyrir einstakar tegundir villtra fugla og villtra spendýra. Áætlunin felur í sér mat á stofnstærð, stofnþróun, útbreiðslu, viðkomu, flokkun á valista, veiðipóli og ákjósanlegri verndarstöðu hlutadeigandi tegundar eða stofns og breytingar þar á. Í stjórnunarþætti áætlunarinnar skal meðal annars leggja til nauðsynlegar verndar- og stjórnunaraðgerðir byggðar á framangreindu mati til að stuðla að ákjósanlegri verndarstöðu, ásamt tillögum um hvernig standa beri að nýtingu eða veiðum ef það á við og aðgerðum til þess að bregðast við tjóni.
31. *Stofn*: Hópur lífvera sömu tegundar sem finnast á tilteknum stað og tíma og eru líklegri til að æxlast innbyrðis en með dýrum úr öðrum hópum.
32. *Stýring á stofnum villtra dýra*: Aðgerðir af opinberri hálfu sem miða að því að hafa áhrif á útbreiðslu eða stærð tiltekins stofns villtra dýra.
33. *Tjón afvöldum villtra dýra*: Fjárhagslegt tjón sem einstaklingar, lögaðilar eða aðrir verða fyrir, heilsufarslegt tjón fólks eða búfénaðar, ógnun við öryggi t.d. flugs eða tjón á náttúru landsins og líffræðilegri fjölbreytni þess.
34. *Varptími fugla*: Tíminn frá því fuglar búa sig undir varp með því að dvelja við varpstöðvar sínar, hefja tilhugalíf og huga að hreiðurgerð, þar til ungar verða fleygir og að öðru leyti sjálfbjarga.
35. *Valisti*: Sýnir yfir tegundir sem eiga undir högg að sækja eða kunna að vera í hættu í tilteknu ríki eða svæði.
36. *Veiðar*: Að drepa villt dýr eða handsama það til að deyða. Eggja frá villtum fuglum telst til veiða samkvæmt lögum þessum.
37. *Virk veiðistjórnun*: Kerfi sem felur í sér og samþættir:
 - a. opinbera stefnumótun,
 - b. rannsóknir og vöktun á veiðistofnum,
 - c. mat á ástandi, stofnstærð, sveiflum og þróun tegunda og stofna,

- d. mat á veiðipoli,
 - e. veiðiráðgjöf,
 - f. umsjón með og skipulagningu, stjórnun og skráningu á veiðum,
 - g. almenningsfræðslu og
 - h. eftirlit.
38. *Velferð villtra dýra*: Vernd villtra dýra gegn þjáningu eða sársauka af mannavöldum.
39. *Vernd*: Aðgerðir sem stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni tegunda og stofna þannig að þeir viðhaldist á náttúrulegum útbreiðslusvæðum sínum til langs tíma litið. Verndin felur í sér að veiðum eða öðrum aðgerðum, þ.m.t. skerðingu á búsvæðum, lykilsúsvæðum eða lykilstöðum, sem haft geta áhrif á viðkomu eða vanhöld dýra af tiltekinni tegund eða stofni, sé hagað á þann hátt að þeim sé ekki stefnt í hættu.
40. *Villingar*: Allir fuglar og spendýr sem fæðst hafa í haldi eða eru afkomendur slíkra dýra og lifa og æxlast í villtri eða hálfvilltri náttúru með eða án aðkomu mannsins.
41. *Villt dýr*: Allir fuglar og spendýr, önnur en gæludýr og bústofn. Villingar teljast einnig til villtra dýra. Villt dýr, sem er handsamað og haft í haldi telst áfram villt dýr.
42. *Vistgerðir*: Staðir eða svæði með ákveðnum einkennum, t.d. hvað varðar gróður- og dýralíf, jarðveg og loftslag.
43. *Þjóðlenda*: Landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi, sbr. lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda þjóðlendna og afrétta.

II. KAFLI Stjórnsýsla.

4. gr.

Yfirstjórn.

Ráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til, þar á meðal stefnumörkun um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

5. gr.

Stofnanir og hlutverk þeirra.

Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands skulu vera ráðherra til ráðgjafar um framkvæmd laga þessara og gera tillögur til hans varðandi vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum eftir því sem löginn mæltir um eða ráðherra óskar sérstaklega eftir, auk þeirra verkefna sem þeim eru sérstaklega falin samkvæmt lögnum.

6. gr.

Hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Náttúrufræðistofnun Íslands rannsakar villta fugla og villt spendýr auk þess sem hún vaktar ástand þeirra, metur stofnstærð, verndarstöðu og verndarþörf tegunda. Stofnunin setur upp vöktunaráætlanir fyrir villta fugla og villt spendýr í samvinnu við aðra vöktunaraðila, sér til þess að vöktun sé viðhaldið, tekur reglulega saman niðurstöður vöktunar og birtir. Sérstakar vöktunaráætlanir skulu gerðar vegna tegunda sem friðun hefur verið létt af til nytja og veiða.

Náttúrufræðistofnun Íslands vinnur, uppfærir og birtir válista yfir villta fugla og villt spendýr sem heyra undir lög þessi. Stofnunin birtir auk þess lista yfir ábyrgðartegundir villtra fugla og villtra spendýra hér á landi.

Náttúrufræðistofnun Íslands vinnur að þeim þáttum stjórnunar- og verndaráætlunar einstakra tegunda eða stofna, sbr. 16. gr., sem heyra undir verksvið hennar.

Náttúrufræðistofnun Íslands er heimilt að vinna að verkefnum í samstarfi eða í samráði við náttúrustofur, háskóla eða aðra rannsóknaraðila á hlutadeigandi sviðum eftir því sem tilefni er til.

7. gr.

Hlutverk Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun hefur umsjón og eftirlit með framkvæmd laga þessara. Stofnunin stjórnar aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á vernd tegunda, stofnstærð og útbreiðslu villtra fugla og villtra spendýra og aðgerðum til að koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum.

Umhverfisstofnun fer með veiðistjórnun, hefur umsjón með veiðum á villtum spendýrum og villtum fuglum, sér um framkvæmd námskeiða og hæfnisprófa til undirbúnings veiðum á villtum fuglum og villtum spendýrum, veitir fræðslu og leiðbeiningar vegna veiða og aðgerða til varnar tjóni, veitir fræðslu og leiðbeiningar um vernd og verndaraðgerðir, sér um útgáfu veiðikorta og veiðileyfa og veitir tímabundnar undanþágur til veiða meðal annars í því skyni að varna tjóni.

Umhverfisstofnun hefur með höndum eftirlit með veiðum, sér um að taka saman veiðitölur, ásamt annarri söfnun upplýsinga um veiðar samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim.

Umhverfisstofnun vinnur að þeim þáttum stjórnunar- og verndaráætlunar einstakra tegunda eða stofna, sbr. 16. gr., sem heyra undir verksvið hennar og hefur jafnframt umsjón með gerð og vinnslu áætlunarinnar í heild.

Umhverfisstofnun er heimilt að vinna að verkefnum í samstarfi eða í samráði við stofnanir, rannsóknaraðila eða hagsmunasamtök á hlutadeigandi sviðum eftir því sem tilefni er til.

8. gr.

Samráð við hagsmunaaðila.

Um stefnumótandi mál er varða vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum skal eftir því sem við á hafa samráð við Bændasamtök Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, hreindýraráð, áhuga- og hagsmunasamtök um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, svo sem Fuglavernd og Skotveiðifélag Íslands, aðra aðila sem hagsmuni kunna að hafa í málinu.

III. KAFLI

Vernd og velferð villtra fugla og villtra spendýra.

9. gr.

Friðun.

Villtir fuglar og villt spendýr sem heyra undir lög þessi eru friðuð nema friðun hafi verið aflétt á grundvelli laganna eða reglna settra með stöð í þeim. Undir friðunina falla einnig þær tegundir villtra fugla og villtra spendýra sem koma reglulega á svæði sem gildissvið laganna tekur til eða berast þangað af sjálfsdádum, auk eggja villtra fugla og hreiðra þeirra á varptíma.


Ráðherra er heimilt með reglugerð, sbr. 54. gr., að eigin frumkvæði eða að fenginni tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar að kveða á um aukna vernd eða sértæka friðun ákveðinna villtra fugla og villtra spendýra ef ástæða þykir til.

10. gr.

Önnur vernd villtra fugla og villtra spendýra og búsvæða þeirra.

Við gerð skipulagsáætlana og ákvarðana um landnotkun og ferðir almennings um náttúruna skal eins og kostur er taka tillit til villtra fugla og villtra spendýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.

Forðast skal alla óþarfa truflun á dýralífi og röskun á búsvæðum, lykilbúsvæðum eða lykilstöðum. Eigendum eða ábyrgðaraðilum hunda og katta ber að virða friðhelgi fugla um varptímann og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að forða tjóni og röskun af þeirra völdum.

Óheimilt er að þeyta flautur, fljúga þyrlum, flygildum eða öðrum loftförum, sigla hávaðamiklum skipum eða bátum eða vera með annan hávaða að óþörfu við selalátur á tímum kæpingar og hárfellis og á varptíma við þau fuglabjörg og fuglabyggdir sem ráðherra er heimilt að tilgreina í reglugerð skv. 54. gr., innan þeirra fjarlægðarmarka sem þar koma fram. Enn fremur er óheimilt á varptíma að hleypa af skoti á landi nær sömu stöðum en 200 m og á sjó nær en 2 km. Aldrei má skjóta fugl í fuglabjörgum, steypa undan fuglum eða  a fuglabjörg.

Óheimilt er að veiða fugla í sárum og ófleyga unga. Lifandi ósærða fugla sem lenda í neti við veiðar skal ávallt greiða úr netinu og sleppa.

11. gr.

Velferð villtra fugla og villtra spendýra.

Skylt er að sýna villtum fuglum og villtum spendýrum hvar sem er á landinu tillitssemi og forðast óþarfa truflun, röskun eða meðhöndlun

Við alla nauðsynlega meðhöndlun eða afskipti af villtum fuglum og villtum spendýrum skal þess gætt eins og kostur er að meðferð þeirra sé réttlæt看leg og að þau verði ekki fyrir óþarfa þjáningu eða hræðslu.


Veiðar eða aflifun villtra fugla og villtra spendýra skulu vera mannúðlegar og skal ávallt reyna að aflífa dýr á skjótan og sársaukalausan hátt. Óheimilt er að valda villtu dýri óþarfa limlestingum eða kvölum.

Óheimilt er að fanga og halda villta fugla og villt spendýr nema í því skyni að veita þeim tímabundna neyðaraðstoð eða sérstök heimild hafi fengist til þess samkvæmt lögum þessum eða öðrum lögum. Við lögmæta föngun villtra fugla og villtra spendýra er óheimilt að beita aðferðum sem valda limlestingum eða kvölum.

Koma skal sjúku, særðu eða bjargarlausu villtu dýri til bjargar ef þess er nokkur kostur eða tilkynna slík atvik til lögreglu. Heimilt er að aflífa slík dýr á skjótan og sem sársaukaminnstan hátt ef sýnt þykir að ekki sé unnt að veita því viðunandi bjargir.

12. gr.

Sértæk friðun og vernd hreiðurstæða arna.

Óheimilt er frá 15. mars til 15. ágúst að koma nær arnarhreiðrum en 50  frá hreiðurstæð nema brýna nauðsyn beri til, svo sem vegna lögmætra nytja sem ekki er hægt að stunda á öðrum árstíma, enda sýni menn ýtrustu varfærni og forðist alla óþarfa truflun. Þessi takmörkun á umferð gildir bæði þar sem ernir eru að búa sig undir varp og við þau hreiður sem orpið hefur verið í og eru með eggjum eða ungum.

Óheimilt er að hrófla við hreiðrum og hreiðurstæðum arna og svæði sem takmarkast af 100 m fjarlægð frá hreiðurstæð, hvort sem er á varptíma eða utan hans. Einnig er óheimilt að koma fyrir hvers kyns búnaði í þeim tilgangi að fæla fugla frá hreiðurstæðum eða reyna að hindra þá í að verpa þar.

Heimilt er þó að stugga við örnun sem halda til eða sjást í friðlýstum æðarvörpum, svo fremi sem fuglunum sjálfum, hreiðrum þeirra, eggjum og ungum er ekki hætta búin. Þó er óheimilt að stugga við hreiðurörnum innan 2 km frá hreiðurstað.

Ráðherra getur veitt undanþágu frá banni skv. 1. og 2. mgr. í sérstökum tilvikum, svo sem vegna lagningar þjóðvega eða annarrar mannvirkjagerðar í almannabágu, á grundvelli niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Náttúrufræðistofnun Íslands skal halda skrá yfir hreiðurstæði arna. Fara skal með skrána og upplýsingar úr henni sem trúnaðarmál og skulu ákvæði upplýsingalaga ekki taka til hennar. Náttúrufræðistofnun Íslands skal þó veita Umhverfisstofnun nauðsynlegar upplýsingar um arnarhreiður í tengslum við framkvæmd laga þessara, auk þess sem heimilt er að veita landeiganda upplýsingar um hreiður á eignarlandi hans, eða öðrum sem nauðsynlega þurfa á upplýsingum úr skránni að halda, t.d. í tengslum við mannvirkjagerð í almannabágu.

13. gr.

Sértæk friðun og verndun hreiðurstæða og búsvæða annarra villtra fugla.

Ef nauðsyn ber til er ráðherra heimilt í reglugerð, sbr. 54. gr., að eigin frumkvæði eða að fenginni tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar, að veita hreiðurstæðum og búsvæðum tiltekinna annarra sjaldgæfra og viðkvæmra fuglategunda, eins og t.d. fálka, sambærilega eða svipada vernd og mælt er fyrir um í 12. gr.

Ráðherra er heimilt með reglugerð, sbr. 54. gr., að setja sérstakar umgengnisreglur um vistgerðir eða búsvæði annarra villtra fugla, t.d. á varptíma, ef sýnt þykir að ákveðnum stofni eða tegund stafi sérstök ógn af mannaferðum eða umferð eða sé sérstaklega viðkvæm fyrir raski.

14. gr.

Hvítabirnir.

Hvítabirnir eru friðaðir samkvæmt lögum þessum á landi, hafis og á sundi, sbr. þó 2. mgr.

Sjáist hvítabjörn við ströndina eða á landi skal tafarlaust tilkynna það til lögreglu. Þrátt fyrir friðun er lögreglu í hlutadeigandi lögreglumdæmi heimilt að taka ákvörðun um að fella hvítabjörn sem fólki getur stafað hætta af.

Sé það mat lögreglu að ekki þurfi tafarlaust að grípa til úrræða skv. 2. mgr. vegna komu hvítabjarnar er Umhverfisstofnun heimilt að láta fanga björninn og flytja hann á stað þar sem ekki stafar hætta af honum.

Hafi hvítabjörn verið felldur skv. 2. mgr. skal hann afhentur Náttúrufræðistofnun Íslands til athugunar og ráðstöfunar, enda greiði ríkissjóður áfallinn kostnað við að fella björninn.

IV. KAFLI

Válistar og stjórnunar- og verndaráætlanir.

15. gr.

Válistar

Náttúrufræðistofnun Íslands skal taka saman og birta á vef sínum válista um villta fugla og villt spendýr samkvæmt alþjóðlega viðurkenndum stöðlum og leiðbeiningum um gerð slíkra lista. Slíka válista skal endurmeta á fimm ára fresti eða oftár ef þörf er talin á.

Þegar tegund eða stofn er færður af eða á válista eða flokkun tegunda eða stofns breytt á válista skal Náttúrufræðistofnun Íslands birta greinargerð með rökstuðningi, ásamt yfirliti yfir þau gögn sem ákvörðunin er byggð á þegar válisti er uppfærður.

16. gr.

Stjórnunar- og verndaráætlunir.

Umhverfisstofnun skal í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands, sbr. 2. mgr., taka saman og leggja fyrir ráðherra til yfirferðar, samþykktar og birtingar stjórnunar- og verndaráætlunir fyrir einstakar tegundir eða stofna villtra fugla og villtra spendýra sem falla undir lög þessi.

Náttúrufræðistofnun Íslands skal í áætluninni gera grein fyrir mati stofnunarinnar á stofnstærð, stofnþróun, útbreiðslu, viðkomu, flokkun á válista, veiðipóli og ákjósanlegri verndarstöðu og verndarþörf hlutaðeigandi tegundar eða stofns og breytingar þar á.

Umhverfisstofnun skal í áætluninni meðal annars leggja til nauðsynlegar verndar- og stjórnunaraðgerðir, byggðar á fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum skv. 2. mgr., til að stuðla að ákjósanlegri verndarstöðu, ásamt tillögum um hvernig standa beri að nýtingu eða veiðum ef við á og aðgerðum til þess að bregðast við tjóni.

Við undirbúning og vinnslu áætlana samkvæmt þessari grein skal eftir því sem þörf er á leita samráðs eða samstarfs við aðrar fagstofnanir, rannsókn- eða hagsmunaaðila.

Umhverfisstofnun skal leggja fyrir ráðherra endurskoðaða stjórnunar- og verndaráætlun fyrir einstakar tegundir eða stofna á fimm ára fresti, eða eftir atvikum oftar, með hliðsjón af sérstöðu og eiginleikum einstakra tegunda og stofnþróunar þeirra.

Ráðherra er heimilt í reglugerð, sbr. 54. gr., að mæla fyrir um gerð, birtingu og endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlana.

V. KAFLI

Aflétting friðunar villtra fugla og villtra spendýra.

17. gr.

Almenn skilyrði fyrir afléttingu friðunar vegna nytjaveiða og eggjatöku.

Ráðherra er heimilt með reglugerð, sbr. 54. gr., að aflétta friðun villtra fugla og villtra spendýra samkvæmt lögum þessum vegna nytjaveiða og eggjatöku, enda njóti umrædd tegund eða stofn ekki sértækrar friðunar eða aukinnar verndar samkvæmt þeim.

Skilyrði fyrir afléttingu friðunar vegna nytjaveiða og eggjatöku eru eftirfarandi:

1. Fyrir liggja stjórnunar- og verndaráætlun hlutaðeigandi stofns eða tegundar.
2. Ákvörðun byggist á sjálfbærni tegundar eða stofns þannig að viðkoma yfir tiltekinn tíma sé nægileg, samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlun, til þess að vega upp á móti föllum við afléttingu friðunar, nema áætlunin geri ráð fyrir að fækka í stofninum.
3. Ákvörðun um afléttingu friðunar vegna nytjaveiða byggist á að veiðibráð sé þess eðlis að hún sé veidd til neyslu.

18. gr.

Aflétting friðunar vegna tjóns af völdum villtra fugla og villtra spendýra.

Ráðherra er heimilt með reglugerð, sbr. 54. gr., að aflétta friðun villtra fugla og villtra spendýra, sem ekki njóta aukinnar verndar eða sértækrar friðunar, sé talið í stjórnunar- og verndaráætlun að hætta sé á að tegundin geti valdið raunverulegu og skilgreindu tjóni á heilsu fólks eða búfénaðar, ógnað öryggi, valdið umtalsverðu fjárhagslegu tjóni einstaklinga eða lögaðila eða ógnað eða haft veruleg áhrif á náttúru landsins og líffræðilega fjölbreytni þess, sbr. XI kafla.

Í stjórnunar- og verndaráætlunum fyrir einstakar tegundir villtra fugla og villtra spendýra sem talin eru líkleg til að valda tjóni skal lagt almennt mat á tegund tjóns, hversu mikil hætta

sé á tjóni, umfang líklegs tjóns og hvort hægt sé að bregðast við hættu á tjóni með öðrum fyrirbyggjandi aðferðum en veiðum.

Sé í stjórnunar- og verndaráætlun metið að tjón eða hætta á tjóni geti verið þess eðlis að það réttlæti veiðar í ákveðnum tilvikum, svo sem við friðlýst æðarvörp, skal gera grein fyrir í hvaða tilvikum eða við hvaða aðstæður slíkar veiðar komi til greina. Þar skal jafnframt gerð grein fyrir áætluðum áhrifum á sjálfbærni viðkomandi tegundar eða stofns og áætluðu veiði-álagi.

Þótt friðun hafi ekki verið aflétt á einstökum tegundum á grundvelli þessarar greinar er Umhverfisstofnun heimilt að veita tíma- og staðbundnar undanþágur frá friðunarákvæðum skv. 43. gr., enda séu undanþágurnar í samræmi við samþykktu stjórnunar- og verndaráætlun.

19. gr.

Aflétting friðunar eða undanþága frá friðunarákvæðum vegna annarra atvika.

Ráðherra er heimilt með reglugerð, sbr. 54. gr., að aflétta friðun framandi tegunda og ágengra eða mögulega ágengra tegunda villtra fugla og villtra spendýra eða villinga, sem berast til landsins af mannavöldum eða á annan hátt, til að halda slíkum stofnum niðri eða útrýma úr náttúru Íslands, að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar eða á grundvelli stjórnunar- og verndaráætlunar hafi hún verið gerð vegna tegundarinnar.

Umhverfisstofnun getur, að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, veitt tíma-bundna undanþágu frá banni við veiðum á friðlýstum svæðum þar sem friðlýsingarskilmálar eða sérlög mæla fyrir um veiðibann, eða svæðum sem njóta verndar skv. 10. gr., á tegundum sem valda tjóni skv. 18. gr., eða vegna veiða á framandi tegundum, ágengum tegundum og villingum.

Umhverfisstofnun getur að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands veitt undanþágu frá friðunar- og verndarákvæðum tímabundið og í einstökum tilvikum svo sem vegna myndatöku, rannsóknar eða fyrir dýragarða, enda sé sótt um hana fyrir fram. Við föngun og hald villtra fugla og villtra spendýra skal jafnframt leita umsagnar Matvælastofnunar.

Umhverfisstofnun skal við veitingu undanþágu skv. 3. mgr. setja þau skilyrði sem hún metur nauðsynleg til að friðun eða verndun verði ekki raskað meira en þörf er á.

VI. KAFLI

Veiðar.

20. gr.

Sjálfbær nýting.

Allar veiðar og nytjar villtra fugla og villtra spendýra, þ.m.t. hefðbundin nýting hlunninda, skulu vera sjálfbærar, nema ætlunin sé að fækka í stofninum á grundvelli 19. gr. eða 19. mgr.

21. gr.

Veiðistjórnun.

Veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum skulu háðar virkri veiðistjórnun. Veiðistjórnun og ákvarðanir stjórnvalda er varða hana skulu byggjast á bestu vísindalegri þekkingu á hverjum tíma á verndarstöðu, sjálfbærni og stofnstærð tegunda eða stofna, útbreiðslu og verndarstöðu búsvæðis. Sama gildir um áætlanagerð stjórnvalda, sveitarfélaga og aðila á þeirra vegum.

Til að framfylgja stjórnunar- og verndunaráætlun er Umhverfisstofnun heimilt að grípa til aðgerða til veiðistjórnunar eftir atvikum í samráði við fagstofnanir eða hagsmunaaðila. Aðgerðir geta meðal annars falið í sér bann við veiðum á tilteknum tegundum, á tilteknum svæðum eða á tilteknum tímum.

Aðgerðir til veiðistjórnunar geta einnig falið í sér veiðar, þ.m.t. eggjatöku eða útrýmingu ágengra eða mögulega ágengra tegunda og villinga sem valdið geta óæskilegri og verulegri breytingu á náttúru landsins eða taldar eru líklegar til að ógna eða hafa veruleg áhrif á líffræðilega fjölbreytni, sbr. 67. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013.

Ákvarðanir Umhverfisstofnunar um veiðistjórnun á grundvelli þessarar greinar skulu birtar á vef stofnunarinnar og auglýstar eftir því sem við á.

22. gr.

Heimild til veiða.

Íslenskum ríkisborgurum og þeim sem hafa lögheimili hér á landi eru veiðar heimilar samkvæmt lögum þessum í þjóðlendum, í efnahagslögsögunni, í landhelginni og í innviðum, utan netlaga eignarlanda.

Leyfi til hreindýraveiða, sbr. 38. gr., veitir handhafa þess rétt til að stunda slíkar veiðar á veiðisvæðum hreindýra óháð skilyrðum 1. mgr., hvort sem er á þjóðlendum eða eignarlandi hafi landeigandi heimilað hreindýraveiðar innan þess.

Á friðlýstum svæðum eru veiðar heimilar nema sérlög, friðlýsingarskilmálar eða stjórnunar- og verndaráætlanir sem gilda um svæðið mæli fyrir um annað.

Allir sem stunda veiðar skulu hafa til þess gilt veiðikort ásamt veiðileyfi ef það er áskilið til veiðanna samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim.

23. gr.

Réttur til veiða á eignarlandi.

Villtir fuglar og villt spendýr eru hluti af náttúru landsins og ekki háð eignarrétti fyrir en dýr hefur verið veitt með lögmætum hætti. Landeigendur hafa rétt til veiða og ráðstöfunar veiðiréttar á eignarlandi sínu og í netlögum eignarlanda sinna og þar eru allar veiðar háðar leyfi landeiganda nema lög mæli öðruvísi fyrir. Eignarréttur á landi þar sem hreindýr halda sig veitir þó ekki rétt til veiða á hreindýrum.

Ekki má skilja rétt til veiða að nokkru eða öllu leyti frá eignarlandi fyrir fullt og allt. En leyfilegt skal að skilja rétt til veiða frá eignarlandi um tiltekið tímabil sem ekki má vera lengra en 10 ár í senn.

Sé eignarland í sameign skipt eftir merkjum og afnota- eða eignarskiptingu á hver sameigandi rétt til dýraveiða á og fyrir sínum landshluta eða afnotasvæði, nema samkomulag hafi orðið um aðra lögmæta skipan.

Sé eignarland í óskiptri sameign er öllum landeigendum dýraveiðar jafnheimilar á eignarlandinu í réttu hlutfalli við afnotarétt lands nema samkomulag verði um aðra skipan.

Þar sem stöðuvötn, firðir, vogar eða sund, sem ekki ná 230 m á breidd, skipta eignarlandi eiga eigendur veiðarétt út að miðlínu, svo og í ám og lækjum. Í stöðuvötnum, sem eru breiðari en 230 m, er landeigendum, sem land eiga að vatninu, einum heimilar veiðar í almenningi þess og eru þær þeim öllum jafnheimilar, nema lög mæli fyrir um aðra skipan. Sé forn venja til þess að réttur til fuglaveiða í almenningi stöðuvatns fylgi tilteknu eignarlandi eða tilteknum eignarlöndum gildir sú venja áfram.

24. gr.
Veidiadferðir.

Við veiðar má eingöngu nota skotvopn sem heimil eru samkvæmt vopnalögum með þeim undantekningum sem upp eru taldar í þessari grein. Við fuglaveiðar er óheimilt að nota haglabyssu með hlaupvidd stærri en nr. 12. Við veiðar á hreindýrum er óheimilt að nota kúlur sem eru minni en 6,5 gr og með slagkraft minni en 180 kgm á 200 m færi.

Við veiðar er meðal annars óheimilt að nota:

1. Eitur eða svefnlyf, nema útrýmingarefni til músa- og rottuveiða í samræmi við ákvæði efnalaga.
2. Sprengiefni, bensín eða önnur efni til þess að svæla með gasi eða reyk.
3. Steina, barefli, eggvopn, skutla, stunguvopn eða áþekka hluti.
4. Allar gerðir fótþoga.
5. Net, nema háf til hlunnindaveiða á lunda.
6. Öngla eða önnur tól sem komið er fyrir í æti.
7. Snörur og snörufleka.
8. Gildirur, nema til músa-, rottu- og minkaveiða og sem hafa hlotið samþykki Umhverfisstofnunar.
9. Rafbúnað sem getur drepit eða rotað.
10. Upptöku- eða afsnillunartæki og aðra rafknúna hljóðgjafa.
11. Fastan ljósgjafa, nema til refaveiða við æti og minkaveiða.
12. Búnað til að lýsa upp skotmörk, t.d. ljósabúnað festan við byssu eða ökutæki.
13. Spegla eða annan búnað sem blindar.
14. Búnað til þess að miða í myrri með rafeindatækjum er stækka eða breyta ímyndinni. Undanskilinn er þó rafeindapunktur eða upplýstur kross í sjónauka.
15. Sjálfvirk skotvopn, svo og handhlaðnar fjölskota haglabyssur og hálfsvirk skotvopn, með skothylkjahólfum sem taka fleiri en tvö skothylki.
16. Hljóðdeyfa eða hljóðdempara, nema skotvopnið þannig útbúið uppfylli skilyrði vopnalaga.
17. Lifandi dýr sem bandingja eða agn við veiðar eða til þjálfunar veiðihunda, nema bendihunda utan varptíma.
18. Veiðihunda til þess að hlaupa uppi ósærða bráð, nema við minkaveiðar.

Óheimilt er að nota loftför, flygildi eða önnur vélknúin farartæki við veiðar, nema báta á sjó til fuglaveiða enda gangi þeir ekki hraðar en níu sjómílur meðan á veiði stendur. Til að flytja veiðimenn til og frá veiðilendum á landi er einungis heimilt að nota götuskráð vélknúin farartæki og þá eingöngu á vegum eða merktum vegaslóðum. Skotvopn skulu vera óhlaðin meðan á akstri stendur. Þau skulu einnig vera óhlaðin nær vélknúnu farartæki á landi en 250 metra.

Umhverfisstofnun er heimilt að veita þeim sem varan eru bundnir við notkun á hjólastól, sérstaka undanþágu frá ákvæðum 3. mgr. til að skjóta frá kyrrstæðu vélknúnu farartæki á vegum eða merktum vegaslóðum, enda hafi veiðimaður í för með sér aðstoðarmann eða hund til að sækja bráð. Séu skilyrði náttúruverndarlaga um akstur á snævi þakinni og frosinni jörð utan vega uppfyllt er honum heimilt að víkja frá vegum eða merktum vegaslóðum við veiðar enda sé ekki hætt á náttúruspjöllum. Heimild samkvæmt þessari grein skal getið í veiðikorti hlutaðeigandi veiðimanns, sbr. 27. gr.

Umhverfisstofnun er heimilt, að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, að veita tímabundna undanþágu frá veiðiaðferðum og veiðitækjum skv. 1. og 2. mgr. í vísindaskyni

eða ef villtir fuglar eða villt spendýr valda umtalsverðu tjóni og aðrar aðferðir eru ekki taldar henta.

25. gr.

Skyldur veiðimanna.

Við veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum er það frumskylda veiðimanns að valda veiðidýri sem minnstri þjáningu og að aflífa það með skjótum og sem sársaukaminnstum hætti.

Særi veiðimaður dýr ber honum strax að elta það uppi og aflífa ef þess er nokkur kostur. Ákvæði þetta gildir einnig þótt sært dýr fari inn á eignarland sem veiðimaður hefur ekki leyfi til að veiða á og er þá bráð, önnur en hreindýr, eign landeiganda.

Veiðimanni er skylt að hirða bráð sína.

VII. KAFLI

Hæfnispróf veiðimanna og veiðikort.

26. gr.

Hæfnispróf veiðimanna.

Þeir sem stunda veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum skulu hafa staðist próf um villta fugla og villt spendýr og umhverfi þeirra og í hæfni til veiða í samræmi við lög þessi og reglur settar samkvæmt þeim.

Umhverfisstofnun semur námskrá, setur mörk og viðmið um fullnægjandi árangur á prófi og heldur námskeið til undirbúnings hæfnisprófum. Umhverfisstofnun er heimilt að fela aðilum, sem hafa til þess þekkingu og reynslu að mati stofnunarinnar, að halda slík námskeið í sínu umbod.

Umhverfisstofnun er heimilt að veita þeim sem óskar eftir veiðikorti, sem eingöngu gildir til töku egða til annarra veiða en skotveiða, undanþágu frá hæfnisprófum veiðimanna skv. 1. og 2. mgr.

27. gr.

Útgáfa veiðikorta.

Allir sem stunda veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum eða eggjatöku villtra fugla, skulu hafa til þess gilt veiðikort sem Umhverfisstofnun gefur út til eins árs í senn. Umhverfisstofnun er heimilt að ákveða að málsmeðferð vegna veiðikorta og útgáfa veiðikorta samkvæmt þessari grein sé rafræn.

Veiðikorthafar skulu hafa náð þeim aldri sem vopnalög mæla fyrir um til að hljóta almennt skotvopnaleyfi en heimilt er að veita þeim sem orðin eru 16 veiðikort sem eingöngu gildir til töku eggja og annarra veiða en skotveiða.

Á veiðikorti skal getið nafns handhafa, gildistímabils og þeirra tegunda sem viðkomandi hefur heimild til að veiða ef við á, rétt til nýtingar ákveðinna hlunninda eða eggjatökuheimildar og á hvaða landareign hafi hann rétt til nýtingar hlunninda. Korthafi skal ætíð bera kortið á sér á veiðum, við nýtingu hlunninda eða við eggjatöku og skal framvísa því ef óskað er.

Veiðikort þarf ekki til músaveiða í og við híbýli né rottuveiða.

28. gr.

Veiðiskýrslur.

Eigi síðar en 1. apríl ár hvert skal veiðikortshafi skrá og skila til Umhverfisstofnunar þar til gerðri skýrslu um undangengið veiðiár sem telst frá 1. janúar til 31. desember. Veiðiskýrslu skal einnig skila vegna hlunnindaveiða og eggjatöku þar sem fram skal koma fjöldi og tegund

eggja og á hvaða landsvæði eða jörð þau voru tínd. Hafi villtir fuglar drepist við netaveiðar í vötnum eða ám skal skila þar til gerðri skýrslu um fjölda og tegundir þeirra til Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun skal innan árs birta veiðitölur síðasta veiðiárs á vef sínum eða með öðrum opinberum hætti.

Ef veiðiskýrslu frá fyrra veiðitímabili hefur ekki verið skilað er útgáfa nýs veiðikorts óheimil næsta veiðitímabil. Ef veiðiskýrsla berst eftir lögmæltan skiladag hækkar gjald í ríkissjóð fyrir útgáfu nýs veiðikorts um 4 kr.

VIII. KAFLI

Fuglaveiðar.

29. gr.

Nytjavæðing á fuglum.

Ráðherra er heimilt með reglugerð, sbr. 54. gr., að aflétta friðun eftirtalinna fuglategunda, sbr. 17. gr., innan þeirra tímamarka sem hér segir:

1. Frá 20. ágúst til 31. mars: grágæs, heiðagæs.
2. Frá 1. september til 31. mars: dílaskarfur, toppskarfur, súla, blesgæs, helsingi, stökkönd, urtönd, rauðhöfðaönd, duggönd, skúfönd, hávella, toppönd, rita.
3. Frá 1. september til 10. maí: álka, langvía, stuttnefja, teista, lundi.
4. Frá 15. október til 22. desember: rjúpa.
5. Frá 1. júlí til 15. ágúst: hlunnindaveiðar lunda í háf skv. 34. gr.

Heimilt er að takmarka veiðar á tegund við ákveðna daga innan þeirra tímamarka sem fram koma í 1. mgr., ákveðinn tíma dags og við tiltekin landsvæði.

Ráðherra er með reglugerð, sbr. 54. gr., heimilt að aflétta friðun á eggjum fugla sem ekki njóta sértækrar friðunar eða aukinnar verndar, óháð þeim tegundum sem upp eru taldar í 1. mgr., enda þoli stofninn slíka eggjatöku samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlunum.

Nú hefur ráðherra ákveðið að aflétta friðun skv. 1. mgr. og getur hann þá að ósk Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar, sveitarstjórnar eða annarra aðila ákveðið að friðun gildi áfram í tiltekinn tíma á ákveðnum svæðum þar sem veiði er talin óæskileg.

30. gr.

Merking á villtum dýrum.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur ein heimild til að láta merkja villta fugla og villt spendýr á Íslandi og getur veitt öðrum heimild til slíkra merkja samkvæmt reglum sem hún setur.

Hverjum þeim sem finnur eða handsamar merktan fugl eða merkt spendýr ber að senda merkið eða staðsetningartæki, hvort sem það er íslenskt eða erlent, til Náttúrufræðistofnunar Íslands ásamt nánari upplýsingum um fundinn.

IX. KAFLI

Nýting hlunninda.

31. gr.

Almennt um nýtingu hlunninda.

Til hlunninda telst réttur landeiganda samkvæmt lögum þessum til veiða á villtum fuglum, nýtingu á dún þeirra eða eggjum. Nýting hlunninda skal byggjast á því að viðkomandi tegund eða stofn sé sjálfbær og standi undir nýtingu.

Sá sem rétt hefur til nýtingar hlunninda á landi sínu samkvæmt þessum kafla skal hafa til þess gilt veiðikort ætli hann að nýta önnur hlunnindi jarðarinnar en dúntekju. Í veiðikortinu

skal tilgreindur sá réttur sem hann hefur til nýtingar hlunninda og svæðisbundin mörk hans. Réttur til nýtingar hlunninda gildir fyrir handhafa veiðikortsins og þá aðstoðarmenn sem landeigandi telur nauðsynlegt að hafa með í för til nýtingar hlunnindanna.

Sá sem telur sig eiga rétt til nýtingar staðbundinna hlunninda skv. 34. gr. skal afla staðfestingar viðkomandi sveitarstjórnar og sýslumanns á slíkum rétti og skila til Umhverfisstofnunar, enda liggja slík staðfesting ekki þegar fyrir. Sé uppi ágreiningur um rétt þennan sker ráðherra úr ágreiningnum.

32. gr.

Æðarvarp.

Landeigandi eða sá sem lögmætan rétt hefur til æðarvarps er heimilt að fara fram á sérstaka friðlýsingu æðarvarpsins og nánasta umhverfis þess.

Sýslumaður í því umdæmi sem æðarvarpið er í skal annast friðlýsingu þess og skal hún gilda í 10 ár frá birtingu ákvörðunar í Lögbirtingarblaði. Skal í umsókn um friðlýsingu tilgreina staðsetningu og mörk varpsins og sýna svæðið skýrt á viðurkenndu korti eða loftmynd. Umsækjandi ber kostnað vegna friðlýsingarinnar.

Uppfærð skrá um friðlýst æðarvörp í umdæminu skal liggja frammi á skrifstofu sýslumanns og á vef embættisins og skal sýslumaður jafnframt tilkynna allar breytingar á skránni til hlutaðeigandi sveitarstjórnar, Bændasamtaka Íslands og Umhverfisstofnunar sem heldur utan um og birtir yfirlit yfir friðlýst æðarvörp á landsvísu á vef sínum.

Á tímabilinu 15. apríl til 14. júlí eru öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km nema um sé að ræða skot landeiganda eða lögmæts rétthafa æðarvarpsins í því skyni að verja æðarvarpið á grundvelli heimilda samkvæmt lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim. Bannsvæðið skal þó ekki ná lengra en 1 km inn á eignarlönd annarra nema að fengnu samþykki þeirra.

Á tímabilinu 1. apríl til 14. júlí er óheimilt án leyfis landeiganda eða lögmæts rétthafa æðarvarps að leggja net í sjó nær friðlýstu æðarvarpi en 250 m frá stórstraumsfjörumáli. Á sama tímabili er öll óviðkomandi umferð bönnuð um friðlýst æðarvarp nema með heimild landeiganda eða lögmæts rétthafa æðarvarps.

Ráðherra er heimilt í reglugerð á grundvelli 54. gr. að mæla frekar fyrir um friðlýsingu æðarvarpa ásamt heimildum til handa landeiganda eða rétthafa friðlýsts æðarvarps til að verjast tjóni af völdum villtra fugla og villtra spendýra innan marka æðarvarpsins.

33. gr.

Eggjataka.

Almenningi í þjóðlendum og landeigendum á eignarlöndum er heimilt fyrir 15 júní að taka egg silfur máfs, sílamáfs, svartbaks, hvítmáfs og hettumáfs.

Ráðherra er heimilt með reglugerð, sbr. 54. gr., að fjölga þeim tegundum sem falla undir ákvæði þetta, sé talið að tegundirnar þoli eggjatöku með sjálfbærni hætti samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlun.

34. gr.

Staðbundin nýting hefðbundinna hlunninda.

Á takmörkuðum svæðum, þar sem veiði fullvaxinna lunda í háf hefur talist til hefðbundinna hlunninda, skal landeigandi heimil slík veiði samkvæmt hefð sem gilt hefur, enda hafi friðun verið aflétt skv. 29. gr.

Á takmörkuðum svæðum, þar sem eggjataka í varpi kríu, fýls, ritu, álku, langvíu og stuttnefju hefur talist til hefðbundinni hlunninda er landeiganda heimil taka slíkra eggja.

Á takmörkuðum svæðum, þar sem eggjataka í varpi grágæsa og heiðagæsa hefur talist til hefðbundinna hlunninda er eggjataka landeiganda heimil, en þá skulu eigi færri en tvö egg skilin eftir í hreiðri.

Á takmörkuðum svæðum, þar sem hefðbundið andarvarp er mikið, skal landeiganda heimilt að taka egg frá eftirtöldum andartegundum: æðarfugli, stökkönd, rauðhöfðaönd, urtönd, duggönd, skúfönd, hávellu, húsönd og toppönd. Við slíka eggjatöku skulu ávallt skilin eftir minnst fjögur egg í hverju hreiðri.

Halda skal truflun vegna eggjatökunnar í algeru lágmarki. Egg sem tekin eru á grundvelli heimilda þessarar greinar má hvorki bjóða til sölu, selja eða kaupa nema talið sé að hlutaðeigandi stofn eða tegund þoli slík viðskipti með sjálfbærum hætti skv. 48. gr.

Ráðherra er heimilt í reglugerð, sbr. 54. gr., að friða tímabundið einstakar tegundir eða stofna fyrir eggjatöku skv. 33. gr. og 2.–4. mgr. 34. gr., eða setja henni sérstök skilyrði, enda sé talið að eggjatakan hafi neikvæð áhrif á stofnstærð hlutaðeigandi fuglategundar eða stofns samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlun.

X. KAFLI Hreindýraveiðar.

35. gr.

Stjórnun hreindýraveiða.

Umhverfisstofnun gerir tillögu til ráðherra um árlegan veiðikvóta hreindýra og um skiptingu hans milli veiðisvæða og tilhögun veiða að fengnum tillögum Náttúrustofu Austurlands og hreindýraráðs þar að lútandi.

Ráðherra ákveður árlega fjölda þeirra dýra sem fella má, eftir aldri, kyni og veiðisvæðum og tilhögun veiða og birtir með opinberri auglýsingu að jafnaði eigi síðar en 15. janúar á hvert.

Ráðherra er heimilt í reglugerð, sbr. 54. gr., að mæla nánar fyrir um stjórn og skipulag mála við hreindýraveiðar á grundvelli þessa kafla laga þessara.

36. gr.

Hreindýraráð.

Ráðherra skipar fjóra fulltrúa í hreindýraráð. Hlutverk ráðsins er að vera Umhverfisstofnun til ráðgjafar um vernd, veiðar og nýtingu hreindýrastofnsins.

Ráðið skal ár hvert gera tillögu til Umhverfisstofnunar um skilgreiningu ágangssvæða hreindýra og veita stofnuninni umsögn um tillögur Náttúrustofu Austurlands um árlegan veiðikvóta, skiptingu hans milli veiðisvæða og tilhögun veiða.

Formaður ráðsins sem hafa skal þekkingu á málaflokknum er skipaður án tilnefningar, Búnaðarsamband Austurlands og Búnaðarsamband Austur-Skaftafellssýslu tilnefna einn fulltrúa hvort og sveitarfélög á veiðisvæði hreindýra einn fulltrúa. Fulltrúar Náttúrustofu Austurlands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Félag leiðsögumanna með hreindýraveiðum og Skotveiðifélags Íslands er heimilt að sitja fundi hreindýraráðs og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

Verði atkvæði jöfn á fundum ráðsins ræður atkvæði formanns.

37. gr.

Náttúrustofa Austurlands.

Náttúrustofa Austurlands annast vöktun og rannsóknir á hreindýrastofninum og mat á veiðipoli samkvæmt samningi við Náttúrufræðistofnun Íslands og [REDACTED]ir tillögur um árlegan veiðikvóta, skiptingu hans eftir veiðisvæðum og tilhögun veiða.

Náttúrustofa Austurlands gerir hreindýraráði, Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands grein fyrir niðurstöðu sinni.

38. gr.

Heimild til veiða á hreindýrum.

Umhverfisstofnun úthlutar og selur leyfi til hreindýraveiða til veiðimanna sem hafa gilt veiðikort og skotvopnaleyfi með B-réttindum, samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim. Stofnuninni er heimilt að ákveða að málsmeðferð og leyfisveitingar samkvæmt þessari grein fari fram rafrænt.

39. gr.

Verklegt skotpróf.

Áður en veiðimaður fer til hreindýraveiða skal hann á síðustu tólf mánuðum hafa staðist verklegt skotpróf sem Umhverfisstofnun skal halda fyrir hreindýraveiðimenn og leiðsögumenn. Umhverfisstofnun er heimilt að fela öðrum hæfum aðilum framkvæmd verklegra skotprófa svo sem rekstraradilum skotvalla eða skotfélögum.

Staðfesting á að veiðimaður hafi lokið og staðist verklegt skotpróf skal hafa borist Umhverfisstofnun áður en stofnunin gefur út leyfi til hreindýraveiða til hlutaðeigandi veiðimanns.

40. gr.

Leiðsögumenn með hreindýraveiðum.

Allir sem stunda hreindýraveiðar skulu vera í fylgd með leiðsögumanni sem fengið hefur til þess leyfi Umhverfisstofnunar. Leyfi skal veitt til alls að fjögurra ára í senn og miðast við tiltekin veiðisvæði.

Til að geta hlotið leyfi sem leiðsögumaður þarf leiðsögumaður að uppfylla eftirfarandi skilyrði og skila inn viðeigandi gögnum til staðfestingar að hann hafi:

1. Skotvopnaleyfi með B-réttindum og veiðikort.
2. Staðist verklegt skotpróf á síðustu tólf mánuðum.
3. Þekkingu og reynslu af veiðum, fláningu og meðferð afurða hreindýra.
4. Sjálfur veitt a.m.k. tveimur hreindýr.
5. Tvisvar á sama veiðumabili leiðsagt með hreindýraveiðum þar sem dýr er veitt undir handleiðslu reynds og starfandi leiðsögumanns sem valinn er af Umhverfisstofnun.
6. Á síðustu tveimur árum sótt skyndihjálparnámskeið sem viðurkennt er af Umhverfisstofnun.
7. Líkamlega færni til starfans samkvæmt læknisvottorði.
8. Sótt námskeið á vegum Umhverfisstofnunar fyrir leiðsögumenn og lokið prófi í því með fullnægjandi árangri.

Umhverfisstofnun er heimilt að endurnýja leyfi samkvæmt þessari grein enda skili umsækjandi inn staðfestingu á að hann uppfylli skilyrði 1., 2., 6., og 7. tölul. 2. mgr., hann hafi leiðsagt í a.m.k. tíu ferðum yfir gildistíma síðasta leyfis, auk staðfestingar á að hann hafi setið endurmenntunarnámskeið Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun semur námskrá og setur mörk og viðmið um fullnægjandi árangur á prófi fyrir leiðsögumenn í samráði við Félag leiðsögumanna með hreindýraveiðum.

Umhverfisstofnun heldur námskeið til undirbúnings leyfi fyrir verðandi leiðsögumenn í samráði við hreindýraráð á að a.m.k. 4 ára fresti og skal stofnunin tryggja með slíkum námskeiðum að eðlileg nýliðun verði í hópi leiðsögumanna á öllum veiðisvæðum hreindýra.

Umhverfisstofnun er heimilt að fela aðilum, sem hafa til þess þekkingu og reynslu að mati stofnunarinnar, að halda slík námskeið í sínu umboði.

41. gr.

Hlutverk og skyldur leiðsögumanna.

Hlutverk leiðsögumanna með hreindýraveiðum er að fylgja veiðimanni um veiðisvæði, hjálpa honum að þekkja þau dýr sem hann má veiða, sjá til þess að veiðimaður fari rétt að við veiðarnar, skrái þær upplýsingar í veiðiskýrslur sem krafist er og skili inn rétt útfylltum veiðiskýrslum. Leiðsögumanni ber að sjá til þess að veiðar séu í samræmi við lög og reglur.

Særi veiðimaður dýr og ekki eru yfirgnæfandi líkur á því að mati leiðsögumanns að hann nái að fella það svo fljótt sem audið er, skal leiðsögumanni sjálfum skylt að aðstoða veiðimann við að koma skoti á hið særða dýr. Leiðsögumaður skal einnig fella önnur illa særð dýr af völdum veiða sem verða á vegi hans á veiðislóð og eiga sér takmarkaða lífsvon. Tilkynna skal slík tilvik til Umhverfisstofnunar sem fær eignarráð yfir dýrinu og tekur ákvörðun um förgun þess eða aðra ráðstöfun.

Leiðsögumanni með hreindýraveiðum er heimilt að taka ákvörðun um að nota sexhjól til að sækja hreindýr sem fellt hefur verið fjarri vegum eða vegaslóðum, enda sé ekki talin hætt á náttúruspjöllum samkvæmt leiðbeinandi reglum sem Umhverfisstofnun skal gefa út á grundvelli þessa ákvæðis. Heimild til slíks aksturs utan vega og vegaslóða nær hvorki til einstakra veiðimanna né til sjálfrar leiðsagnarinnar. Tilkynna skal Umhverfisstofnun um slíka för áður en bráð er sótt eða við fyrsta tækifæri eftir slíka för, auk þess sem gera skal grein fyrir henni í veiðiskýrslum.

Brjótí leiðsögumaour gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim eða skotvopnalögum, getur Umhverfisstofnun veitt honum áminningu eða svipt hann leyfi til leiðsagnar, enda séu sakir alvarlegar eða ítrekaðar. Hafi leiðsögumaður verið sviptur leyfi til leiðsagnar er honum heimilt að sækja um slíkt leyfi að nýju, enda uppfylli hann skilyrði 2. mgr. 40. gr. og hafi sótt á ný og lokið prófi, skv. 8. tölul. sömu greinar.

XI. KAFLI

Veiðar til varnar tjóni.

42. gr.

Leiðbeiningar til varnar tjóni og tilkynningar um tjón.

Umhverfisstofnun veitir fræðslu og leiðbeiningar um aðgerðir til varnar tjóni af völdum villtra fugla og villtra spendýra.

Umhverfisstofnun skal á vef stofnunarinnar taka á móti og skrá tilkynningar sem stofnuninni berast frá almenningi eða lögaðilum um tjón sem hlutadeigandi telur sig hafa orðið fyrir vegna villtra fugla og villtra dýra. Umhverfisstofnun getur með samningi falið náttúrustofum eða öðrum hæfum aðilum verkefni samkvæmt þessari grein.

43. gr.

Undanþága frá friðunarákvæðum.

Umhverfisstofnun er heimilt að veita tímabundna og skilyrta undanþágu til veiða, þ.m.t. eggjatöku, á tiltekni tegund villtra fugla og villtra spendýra, sem ekki nýtur aukinnar eða sértækrar friðunar, enda sé sýnt fram á raunverulega og skilgreinda hættu á tjóni af völdum tegundarinnar í ákveðnum tilvikum, á tilteknum stöðum eða svæðum, enda sé undanþágan í samræmi við samþykktu stjórnunar- og verndaráætlun um hlutaðeigandi tegund.

Minkar, rottur, svo og mýs í og við híbýli eru undanþegin friðunar- og verndarákvæðum laga þessara, en reynt skal að tryggja skjóta og sársaukalaus aflífun þeirra.

44. gr.

Refir.

Í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir refi skal gerð grein fyrir stofnstærð, stofnþróun, verndarstöðu, útbreiðslu og viðkomu íslenska refastofnsins og stöðu hans í lífríki og líffræðilegri fjölbreytni landsins.

Í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir refi skal gera grein fyrir því tjóni sem refir kunna að valda og hvernig best sé að bregðast við hættu á því. Metið skal hvort aflétta skuli friðun refa á tilteknum svæðum landsins auk þess sem lagt skal til hvernig haga skuli veiðum á ref til að takmarka tjón af hans völdum og um forgangsöröðun svæða landsins á grundvelli þess.

Á þeim svæðum þar sem refaveiðar eru taldar nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir tjón, er sveitarstjórn skylt að ráða skotmenn með kunnáttu til refaveiða.

Umhverfisstofnun hefur yfirumsjón með framkvæmd veiða á grundvelli 2. og 3. mgr. Að fengnum árlegum skýrslum um veiðarnar er stofnuninni heimilt að endurgreiða sveitarfélögum allt að helming kostnaðar við veiðarnar á grundvelli reglugerðar sem ráðherra er heimilt að setja, sbr. 54. gr., og eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum.

45. gr.

Refagreni.

Óheimilt er að eyðileggja refagreni.

Sveitarstjórnir skulu halda skrá yfir öll þekkt greni í sínu umdæmi ásamt lýsingu á þeim og skulu afrit af skránum varðveitt hjá Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands. Ákvæði upplýsingalaga gilda ekki um slíka skráningu.

Þeim sem ráðnir hafa verið til refaveiða skv. 44. gr. og þeim sem fá heimild til refaveiða skv. 43. gr. er óheimilt að skilja eftir æti eða agn á veiðistöðum að veiðum loknum. Ekki má láta hunda hlaupa um á greni á grenjatímanum né hafa þar óþarfa umgang.

XII. KAFLI

Framandi dýrategundir, ágengar framandi dýrategundir og villingar.

46. gr.

Eftirlit og aðgerðir.

Umhverfisstofnun hefur með höndum eftirlit með innflutningsleiðum og útbreiðslu framandi dýrategunda og villinga sem heyra undir lög þessi og leggur til við ráðherra aðgerðir til þess að hefta útbreiðslu þeirra.

Umhverfisstofnun getur að fengnu álit Náttúrufræðistofnunar Íslands lagt til við ráðherra, eða í stjórnunar- og verndaráætlun, að framandi dýrategundum, ágengum framandi dýrategundum og villingum sé útrýmt, annaðhvort á landsvísu eða á tilteknum svæðum.

Umhverfisstofnun skal skipuleggja aðgerðir sem teknar eru á grundvelli 2. mgr. í samvinnu við sveitarfélög.

47. gr.

Minkar.

Í stjórnunaráætlun vegna minka skal lagt mat á þau svæði landsins þar sem lífríki og tegundum dýra stafar mest hættu af tjóni af völdum minka. Í henni skal leggja fram tillögur til ráðherra um hvernig nauðsynlegt er að haga veiðum á mink til að útrýma megi honum úr náttúru landsins eða takmarka eins og unnt er útbreiðslu og tjón af völdum hans og um forgangsroðun svæða landsins á grundvelli tillagnanna.

Á þeim svæðum þar sem minkaveiðar eru taldar nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir tjón, er sveitarstjórn skylt að ráða kunnáttumenn til minkaveiða.

Umhverfisstofnun hefur yfirumsjón með framkvæmd veiða á grundvelli 1. og 2. mgr. Að fengnum árlegum skýrslum um veiðarnar er stofnuninni heimilt að endurgreiða sveitarfélögum allt að helming kostnaðar við veiðarnar á grundvelli reglugerðar sem ráðherra er heimilt að setja, sbr. 54. gr., og eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum.

Minkar njóta ekki friðunar eða verndar samkvæmt lögum þessum en reynt skal að tryggja skjóta og sársaukalaus aflifun. Veiðar á mink eru öllum heimilar sem hafa veiðikort.

XIII. KAFLI

Sala á veiðifangi og eggjum. Starfsemi hamskera.

48. gr.

Sala á veiðibráð eða öðrum afurðum villtra dýra.

Við afléttingu á friðun villtra fugla og villtra spendýra samkvæmt lögum þessu skal ráðherra á grundvelli stjórnunar- og verndaráætlunar taka ákvörðun um það hvort hlutadeigandi stofn eða tegund þoli sölu á veiðibráð eða öðrum afurðum, þ.m.t. eggjum, á sjálfbæran hátt eða hvort slík sala skuli ekki heimiluð.

Telji ráðherra að hlutadeigandi stofn eða tegund þoli ekki slíka sölu er honum heimilt í reglugerð, sbr. 54. gr., að banna öll viðskipti, sbr. 3. mgr., með veiðibráð eða afurðir hennar.

Óheimilt er að flytja út, bjóða til sölu eða selja veiðibráð eða aðrar afurðir villtra dýra, þ.m.t. uppstoppuð dýr og fugla, eða egg fugla sem falla undir lög þessi og sala hefur verið bönnuð á. Með sölu er átt við hvers konar afhendingu gegn endurgjaldi eða vöru- eða þjónustuskipti.

Ekki er heimilt að flytja út, gefa, bjóða til sölu eða selja fugla sem drepast í netum við veiðar óháð því hvort sala hlutadeigandi tegundar sé heimil skv. 2. mgr.

Þó að sala á tilteknu veiðifangi og eggjum sé ekki heimiluð gildir það þó ekki um dún sem aflað er með lögmætum hætti samkvæmt lögum þessum, né um innflutta veiðibráð eða aðrar afurðir villtra fugla og villtra spendýra, þ.m.t. egg þeirra tegunda sem bannið tekur til.

Innflytjanda og seljanda ber að tryggja að bæði innlend og innflutt veiðibráð eða aðrar afurðir villtra fugla og villtra spendýra séu þannig merktar að fram komi í hvaða landi þær eru upprunnar.

49. gr.

Starfsemi hamskera.

Einungis er heimilt að setja upp villta fugla og villt spendýr sem hafa drepist af náttúrulegum orsökum og villta fugla og villt spendýr sem eru löglega veidd samkvæmt lögum þessum.

Þeir aðilar sem stunda hamskurð dýra skulu skrá starfsemi sína hjá Umhverfisstofnun.

Hamskerar skulu skrá alla villta fugla og villt spendýr sem þeir setja upp og geta hvar og hvernig dýrið fannst eða var veitt og afhenda Umhverfisstofnun slíka skrá þegar eftir því er leitað.

Ráðherra er heimilt í reglugerð, sbr. 54. gr., að mæla fyrir um tilkynningu og skil á ákveðnum tegundum friðaðra villtra fugla og villtra spendýra sem finnast dauð eða ósjálfbjarga. Afhenda má finnanda slíkt dýr eftir rannsóknir á því, til uppsetningar og varðveislu, ef í ljós kemur að það hefur ekki verið drepit af mannavöldum eða hið ósjálfbjarga dýr drepst í haldi.

Ráðherra er einnig heimilt í reglugerð, sbr. 54. gr., að mæla fyrir um skyldu til örmerkingar á hömum sjaldgæfra friðaðra tegunda eða tegunda sem metnar eru í hættu á válistum.

XIV. KAFLI

Eftirlit og framkvæmd eftirlits.

50. gr.

Eftirlit.

Umhverfisstofnun annast og hefur umsjón með eftirliti með framkvæmd laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim.

Umhverfisstofnun getur með samningi falið öðrum stjórnvöldum einstaka þætti eftirlits samkvæmt lögum þessum. Í þeim tilvikum sem Umhverfisstofnun hefur gert samning um framkvæmd eftirlits hefur viðkomandi sömu heimildir til skoðunar og eftirlits og Umhverfisstofnun samkvæmt þessum kafla laganna.

Umhverfisstofnun skal sinna veiðivörslu á landi öllu á samræmdan hátt. Í veiðivörslu felst almennt eftirlit með veiðum í samræmi við eftirlitsáætlun skv. 51. gr.

51. gr.

Eftirlitsáætlun.

Til að tryggja yfirsýn með framkvæmd laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim skal Umhverfisstofnun útbúa eftirlitsáætlun til þriggja ára í senn vegna eftirlits með veiðum og annari framkvæmd laganna og gæta sérstaklega að skilvirkni og hagkvæmni í eftirliti.

Umhverfisstofnun skal upplýsa og eiga samráð við hlutadeigandi lögregluembætti um fyrirhugað eftirlit innan umdæma þeirra á grundvelli eftirlitsáætlunarinnar og um einstök eftirlitsverkefni stofnunarinnar.

Að öðru leyti skal gæta trúnaðar um eftirlitsáætlunina og taka upplýsingalög ekki til áætlunarinnar fyrir en að loknum gildistíma hennar.

52. gr.

Heimildir Umhverfisstofnunar og upplýsingaskylda.

Sérstaklega auðkenndum starfsmönnum Umhverfisstofnunar er heimilt að hafa afskipti af veiðimönnum á veiðislóð í þeim tilgangi að hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara.

Við skoðun og eftirlit skulu veiðimenn veita allar umbeðnar upplýsingar sem hafa þýðingu við eftirlitið. Í því felst meðal annars að veiðimenn framvísi veiðikorti, skotvopnaleyfi, leyfi til hreindýraveiða, og eftir atvikum leyfi til að stunda leiðsögn með hreindýraveiðum, sbr. 40. gr. Veiðimenn skulu jafnframt framvísa veiðibráð og veiðibúnaði sé eftir því óskað.

Umhverfisstofnun skal við framkvæmd eftirlits leita aðstoðar lögreglu hafi hún rökstuddan grun um að framið hafi verið brot sem rannsaka þurfi. Þegar eða hún telji það nauðsynlegt til að framfylgja heimildum samkvæmt þessarar grein.

XV. KAFLI
Réttarfar, refsingar og viðurlög.
 53. gr.

Um refsingar.

Hver sem brýtur gegn ákvæðum laga þessara skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum ef:

- a. friðun og vernd arna eða hreiðurstæða þeirra er raskað,
- b. friðun og vernd fuglabjarga, fuglabýggða og selalátra er raskað,
- c. friðun og vernd refagrenja er raskað,
- d. valdið er ólögmætri eða tilefnislausri truflun eða röskun á mikilvægum búsvæðum villtra fugla og villtra spendýra,
- e. veiðdar eru tegundir eða tínd eru egg tegunda sem njóta friðunar samkvæmt lögum þessum,
- f. veiðar eða eggjataka er stunduð utan leyfilegs tíma,
- g. veiðar eru stundaðar á svæðum sem eru friðuð fyrir veiðum samkvæmt lögum þessum,
- h. veiðar eru stundaðar á svæðum sem eru friðlýst vegna dýralífs eða á öðrum friðlýstum svæðum þar sem friðlýsingarskilmálar eða sérlög mæla fyrir um veiðibann,
- i. stundaðar eru veiðar samkvæmt lögum þessum án þess að fyrir hendi sé gilt veiðikort eða veiðileyfi,
- j. notaðar eru veiðiaðferðir sem andstæðar eru 24. gr.,
- k. veiðimaður veldur veiðidýri tilefnislausri, óheimilli og óþarfri þjáníngu eða brýtur með öðrum hætti gegn skyldum sínum sem veiðimanns samkvæmt lögum þessum eða hirðir vísvitandi ekki upp veiðibráð sína,
- l. brotið er gegn ákvæðum laga þessara um útflutning eða sölu á veiðibráð, eggjum eða öðrum dýraafurðum og um starfsemi hamskera,
- m. hann hefur undir höndum ólöglega veidda friðaða fugla eða villt spendýr samkvæmt lögum þessum eða friðaða villta fugla og villt spendýr sem skylt er að tilkynna um skv. 4. mgr. 49. gr. en ekki hefur verið tilkynnt um,
- n. hann hafnar að veita sérstaklega auðkenndum starfsmönnum Umhverfisstofnunar þær upplýsingar eða gögn sem mælt er fyrir um í 52. gr. við framkvæmd eftirlits.

Refsing getur einnig falið í sér sviptingu veiðikorts, skotvopna- og veiðileyfis.

Virða skal það refsingu til þyngingar ef brot er stórfellt eða um ásetningsbrot er að ræða. Sama gildir ef brot beinist gegn sjaldgæfum eða fágætum villtum fugla- eða spendýrategundum, mikilvægum nytjategundum eins og æðarfugli eða svæðum sem njóta sérstakrar verndar eða friðunar samkvæmt lögum þessum eða öðrum lögum.

Gera má lögaðila sekt fyrir brot gegn 48. og 49. gr. Um refsíabyrgðina fer eftir II. kafla A almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Tilraun til brota gegn lögum þessum og reglugerðum sem settar eru á grundvelli þeirra varða refsingu sem fullframið brot, sbr. III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Hið sama gildir um hlutdeild í brotum.

Gera má upptækt til ríkissjóðs: Ólöglegt veiðifang, egg eða eggjaskurn, friðaða villta fugla og villt spendýr og afurðir þeirra sem skylt er að tilkynna um en ekki hefur verið gert, sbr. 4. mgr. 49. gr., skotvopn, veiðitæki og annan ólögmæt看 búnað sem notaður hefur verið við framkvæmd brots, veiðifang sem búið er til sölu eða selt í bága við sölubann 48. gr. svo og hagnað af ólöglegri veiði og sölu framangreindra afurða. Ekki er það upptöku til fyrirstöðu þótt annar sé eigandi veiðitækis eða annars sem upptaka er heimil á en sá sem sekur hefur

reynst um brot á lögum þessum eða reglum settum á grundvelli þeirra. Að öðru leyti skal fara um eignaupptöku samkvæmt ákvæðum 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

XVI. KAFLI

Reglugerðarheimildir, gjaldtökuákvæði, úthlutun arðs af hreindýraveiðum og gildistaka.

54. gr.

Setning reglugerða.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að mæla fyrir um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal um:

- a. sértæka friðun eða aukna vernd ákveðinna villtra fugla og villtra spendýra, vistgerða þeirra og búsvæða skv. 9. og 13. gr.,
- b. tilgreiningu mikilvægra fuglabjarga, fuglabýggða og selalátra sem njóta aukinnar verndar gegn athöfnum sem taldar eru upp í 3. mgr. 10. gr.,
- c. stjórnunar- og verndaráætlanir skv. 16. gr.,
- d. ákvörðun um að aflétta friðun einstakra tegunda villtra fugla vegna nytjaveiða, skv. 17. og 29. gr.,
- e. ákvörðun um að aflétta friðun framandi tegunda og ágengra eða mögulega ágengra tegunda villtra fugla og villtra spendýra eða villinga, skv. 1. mgr. 19. gr.,
- f. eggjatöku frá villtum fuglum skv. 3. mgr. 29. gr., 33. og 34. gr.,
- g. friðlýsingu æðarvarps og heimild landeiganda eða umráðamanns til að verjast tjóni villtra fugla og villtra spendýra innan marka æðarvarpsins skv. 32. gr.,
- h. stjórn og skipulag mála við hreindýraveiðar, skv. X. kafla,
- i. veiðar á ref og greiðslu kostnaðar vegna þess, sbr. 44. gr.,
- j. veiðar á mink og greiðslu kostnaðar vegna þess, sbr. 47. gr.,
- k. bann við sölu á veiðibráð eða öðrum afurðum og eggjum villtra fugla og villtra spendýra, skv. 48. gr.,
- l. tilkynningu og skil á ákveðnum tegundum friðaðra villtra fugla og villtra spendýra sem finnast dauð eða ósjálfbjarga og um örmerkingar, skv. 49. gr.,
- m. gjaldtöku, skv. 55. gr.

55. gr.

Gjaldtaka.

Í reglugerðum skv. 54. gr. laganna má ákveða gjald fyrir eftirfarandi veitta þjónustu eða leyfi:

1. Fyrir útgáfu og endurnýjun veiðikorts. Gjaldið skal nema 6.970 kr. og rennur það í ríkissjóð.
2. Vegna hæfnisprófa veiðimanna og fyrir námskeið til undirbúnings þeirra, sbr. 26. gr.
3. Verklegr skotpróf vegna hreindýraveiða, sbr. 39. gr.
4. Útgáfu eða endurnýjun leyfa fyrir leiðsögumenn með hreindýraveiðum, 40. gr.
5. Undanþágu frá friðunarákvæðum, sbr. 1. mgr. 43. gr.
6. Af útgefnu leyfi til hreindýraveiða, sbr. 38. gr.

Gjöld samkvæmt 2.–5. tölul. skulu renna til Umhverfisstofnunar og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra er heimilt að setja að tillögu stofnunarinnar. Gjöldin skulu ekki nema hærri fjárhæð en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu vegna námskeiða, prófa og leyfa.



Gjald samkvæmt 6. tölul. skal innheimt af Umhverfisstofnun og taka mið af kostnaði við vöktun hreindýrastofnsins, eftirlit og stjórn hreindýraveiða auk arðgreiðslna til landeigenda á hreindýrasvæðum sbr. 56. gr.

Ráðherra ákvarðar fjárveitingar Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands til rannsókna, vöktunar, gerðar stjórnunar- og verndaráætlana fyrir veiðistofna, veiðieftirlits og stýringar á stofnum villtra fugla og villtra spendýra á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar.

Tillögur Umhverfisstofnunar skv. 4. mgr. skulu unnar í samráði við fimm manna ráðgjafanefnd sem ráðherra skipar til tveggja ára í senn samkvæmt verklagsreglum sem hann setur.

56. gr.

Úthlutun arðs af hreindýraveiðum.

Umhverfisstofnun skiptir arði af sölu veiðileyfa milli landeigenda sem heimila hreindýraveiðar á landi sínu að fengnum tillögum hreindýraráðs.

Landeigandi skal fyrir 1. júlí ár hvert tilkynna til Umhverfisstofnunar hvort hann heimili veiðar á landi sínu eða ekki. Landeigandi þarf þó ekki að tilkynna afstöðu sína árlega hafi hann gert það einu sinni og ekki orðið breyting á afstöðu hans. Umhverfisstofnun er heimilt að miða við afstöðu landeiganda frá fyrri veiðitímabilum hafi hann ekki tilkynnt um afstöðu sína fyrir 1. júlí.

Aðeins er heimilt að úthluta arði af hreindýraveiðum til þeirra landeigenda sem heimila hreindýraveiðar á landi sínu allt veiðitímabilið.

57. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2021.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994. Reglugerðir og aðrar stjórnvaldsákvæðanir sem settar voru með stöð í lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, og voru í gildi við setningu laga þessara, halda gildi sínu þar til nýjar reglur hafa verið settar, enda brjóti þær ekki í bága við löginn.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þar til skorið hefur verið endanlega úr mörkum eignarlands og þjóðlenda alls staðar á landinu, skv. lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998, eru þeim sem tilgreindir eru í 1. mgr. 22. mgr. heimilar veiðar í almenningum og á afréttum utan landareigna lögbýla, eins og verið hefur enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra.

II.

Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands skulu innan tveggja ára frá gildistöku laga þessara hafa lokið gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir þær tegundir eða stofna sem hingað til hafa sætt tiltekinni nýtingu eða veiðum eða eru líklegar til að valda tjóni.

III.

Ráðherra er heimilt, þar til stjórnunar- og verndaráætlanir liggja fyrir samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II, að aflétta friðun og heimila nytjaveiðar, eggjatöku og veiðar til varnar tjóni

á tegundum eða stofnum villtra fugla og villtra spendýra og sem mælt er fyrir um í V. kafla að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar. Um slíka afléttingu friðunar vegna hreindýraveiða fer skv. X. kafla.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Í sáttmála ríkisstjórnar Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um ríkisstjórnarsamstarf og eflingu Alþingis frá 30. nóvember 2017 kemur fram „að dýralíf á Íslandi sé hluti af íslenskri náttúru sem beri að vernda. Náttúran er auk þess stærsta aðdráttarafl Íslands fyrir ferðamenn. Endurskoða þurfi löggjöf um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum.“

Ákveðið var í upphafi þeirrar vinnu að endurskoða lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, að reyna eins og unnt væri að horfa til skýrslu nefndar um lagalega og stjórnsýslulega stöðu villtra fugla og spendýra sem skipuð var hinn 9. júlí 2010 af þáverandi umhverfisráðherra. Nefndinni var samkvæmt erindisbréfi ætlað að varpa skýru ljósi á lagalega stöðu villtra fugla og villtra spendýra á Íslandi, meðal annars með tilliti til dýraverndunarsjónarmiða og leggja fram tillögur um úrbætur með það að leiðarljósi að uppfylla markmið gildandi laga og þeirra alþjóðlegu samninga sem Ísland er aðili að og varða verndun villtra fugla og villtra spendýra og veiðar á þeim.

Vinna nefndarinnar átti ekki að einskordast við að rýna framkvæmd villidýralaganna svokölluðu, heldur átti hún einnig að taka til skoðunar vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, þar með talið selum og hvölum, í víðu samhengi. Nefndin átti einnig að skoða önnur lög er tengjast viðfangsefninu eftir því sem ástæða þótti til. Þá átti nefndin að vinna eftir stefnu þáverandi ríkisstjórnar í umhverfismálum með sérstaka áherslu á náttúruvernd. Einnig átti nefndin að taka til sérstakrar skoðunar fugla- og vistgerðartilskipanir Evrópusambandsins.

Í nefndina voru tveir aðilar skipaðir af ráðherra án tilnefningar, annars vegar Páll Hersteinson, líffræðingur og prófessor í spendýrafræði við Háskóla Íslands og hins vegar Menja Von Schmalensee líffræðingur og sviðsstjóri á Náttúrustofu Vesturlands, sem skipuð var formaður nefndarinnar. Auk þeirra sátu í nefndinni fulltrúar tilnefndir af Umhverfisstofnun, Dýralæknafélagi Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Fuglavernd, Skotveiðifélagi Íslands, auk fulltrúa tilnefndum af frjálsum félagasamtökum á sviði náttúruverndar.

Nefndin skilaði umfangsmikilli og vandaðri skýrslu um lagalega og stjórnsýslulega stöðu villtra fugla og villtra spendýra hinn 3. apríl 2013 (hér eftir nefnd villidýraskýrslan) og taldi nefndin að skýrslan gæti verið fyrsti áfangi í því ferli að semja nýtt lagafrumvarp um málefnið. Að mestu eða öllu leyti var samstaða meðal þeirra fjölmörgu aðila sem unnu að skýrslunni um tillögur til breytinga á umgjörð þessara mála og sem gerð er grein fyrir í niðurstöðukafla skýrslunnar.

Í skýrslu starfshópsins var gengið út frá nokkrum meginreglum sem vinna og endanlegar tillögur hópsins byggðu á. Umræddar meginreglur voru eftirfarandi:

1. Stuðla skuli að því að náttúran fái að þróast eftir eigin lögmálum.
2. Tryggja skuli vernd villtra dýrastofna, þ.e. að öll dýr verði í grunninn friðuð og að litið verði á þau sem skyni gæddar verur, sem koma skuli fram við af virðingu og með velferð þeirra að leiðarljósi.
3. Tryggja skuli að ekki verði gengið á búsvæði villtra dýra í þeim mæli að það ógni viðgangi og náttúrulegri fjölbreytni þeirra.

4. Tryggja skuli að villt dýr njóti verndar fyrir hvers kyns umsvifum mannsins eða annarra lífvera á hans vegum, sem ógnað geta viðgangi og náttúrulegri fjölbreytni þeirra.
5. Áhersla skuli lögð á að aflétting fríðunar og leyfi til veiða byggist á haldbærum upplýsingum um stofnstærð og veiðiþol viðkomandi stofns eða um tjón sem hann kann að valda. Skort á upplýsingum ætti að túlka villtum dýrum eða náttúrunni í hag, sbr. varúðarregluna, að veiðiaðferðir taki mið af velferð og líffræði viðkomandi tegundar, með tilliti ótta, sársauka og dauðastríðs, með það fyrir augum að lágmarka þessa þætti eins og kostur er og að velferð og viðhald veiðistofna verði höfð í fyrirrúmi umfram hefðir og sérhagsmuni, enda tryggi það sjálfbæra nýtingu og aðgang komandi kynslóða að þeim.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Þrátt fyrir að lög nr. 64/1994 hafi að mörgu leyti staðist tímans tönn á þeim rúmlega 25 árum sem liðin eru frá því þau voru sett, þá liggur hins vegar fyrir að umhverfi þessara mála hefur breyst talsvert frá gildistöku laganna. Hér má t.d. nefna aukna áherslu á umhverfis- og lofslagsmál, meiri áherslu á velferð dýra og dýravernd, skuldbindingar Íslands á grundvelli alþjóðasamninga, stórauðinn straum ferðamanna sem hingað koma til að skoða náttúru og dýralíf landsins, auk ýmissa sjónarmiða er lúta að virkri stjórnun og stýringu á veiðum á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Jafnframt er talin full þörf á að skýra eða afmarka betur verkaskiptingu og ábyrgð einstakra stofnana ríkisins á tilteknum þáttum við framkvæmd laganna, einfalda núverandi veiðikortakerfi og koma á virkara veiðiefirliti. Þrátt fyrir að gildandi lög um málefnið hafi að einhverju leyti sætt tilteknum breytingum síðan skýrslan kom út hafa löggin hins vegar ekki sætt heildarendurskoðun á grunni þeirra fjölmörgu tillagna sem nefndin lagði til villidýraskýrslunni.

Markmiðið er að endurskoða gildandi lög á þessu sviði með hliðsjón af þeirri þekkingu sem aflað hefur verið frá setningu þeirra, meðal annars á grundvelli framangreindrar skýrslu. Við gerð skýrslunnar og við samningu frumvarps þessa var jafnframt horft til ýmissa skuldbindinga og samningsákvæða sem Ísland hefur gengist undir í ýmsum alþjóðlegum samningum, svo sem í Ramsarsamningnum um verndun votlendis einkum fyrir fugla, Bernarsamningnum um verndun tegunda og búsvæða fugla og plantna í Evrópu, samningnum um líffæðilega fjölbreytni, samkomulagi ríkja um verndun farfugla og farleiðir þeirra í Evrópu, Afríku og austurland nær (AEWA), OSPAR samningsins sem tekur meðal annars til verndunar líffræðilegrar fjölbreytni í Norður Atlantshafinu, CITES samningsins um alþjóðlega verslun með tegundir dýra og plantna í útrýmingarhættu og Árósasamningsins. Umfjöllun um efni marga þessara samninga og tengsl þeirra við endurskoðun þessa er meðal annars að finna í framangreindri skýrslu nefndarinnar.

Einnig hefur verið litið til ýmissa meginreglna í umhverfísrétti og þá helst meginreglna um sjálfbæra þróun, samþættingu, og fyrirbyggjandi aðgerðir, auk varúðarreglunnar. Þess hefur jafnframt verið freistað að auka vægi verndar og velferðar villtra fugla og villtra spendýra í löggjöfinni og að allar aðgerðir sem gripið er til á þessu sviði séu vel studdar faglegri þekkingu og vísindalegum rökum.

3. Meginefni frumvarpsins.

3.1. Yfirlit

Með frumvarpinu eru lagðar til talsverðar breytingar á lagaumgjörð mála er varða vernd, friðun og velferð villtra fugla og villtra spendýra í samanburði við gildandi lög nr. 64/1994. Helstu nýmæli og breytingar eru eftirfarandi:

1. Víðtækari markmiðsákvæði og lagfæringar á gildissviði.
2. Ítarlegri skilgreiningar á hlutverki og verkefnum stofnana ráðuneytisins og annarra aðila sem fjalla um mál þessi.
3. Aukin áhersla á alhliða vernd villtra fugla og villtra spendýra og helstu búsvæða þeirra í ljósi þess að þau eru mikilvægur hluti af náttúru Íslands.
4. Aukin áhersla á dýravernd og velferð villtra fugla og villtra spendýra.
5. Komið til móts við sérstakar þarfir veiðimanna sem varanlega eru bundnir við notkun á hjólastól þannig að þeir hafi eins og kostur er möguleika á að stunda veiðar eins og aðrir.
6. Lagðar til breytingar á þeim veiðitækjum sem óheimilt er að nota.
7. Válistar vegna villtra fugla og villtra spendýra lögfestir.
8. Gerðar verði stjórnunar- og verndaráætlana fyrir allar tegundir eða stofna villtra fugla og villtra spendýra.
9. Ákvarðanir um vernd og veiðar á grundvelli laganna byggja á vísindalegum og faglegum unnum stjórnunar- og verndaráætlunum.
10. Allar nytjaveiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum verði sjálfbærar.
11. Breytingar á veiðikortakerfinu til einföldunar.
12. Tekið verði með markvissari og skipulagðari hætti á tjóni vegna villtra fugla og villtra spendýra.
13. Veiðistjórnun og veiðiestirlit verði lögfest fyrir allar tegundir veiða á villtum fuglum og villtum spendýrum.
14. Sala á veiðifangi villtra fugla og villtra spendýra byggist á því að umræddur veiðistofn þoli slíka sölu með sjálfbærum hætti.

3.2. Markmiðs- og gildissviðsákvæði.

Í 1. gr. er að finna þau sjö markmið sem stefnt er að verði frumvarpið lögfest:

1. Villtir fuglar og villt spendýr fái að þróast eftir eigin lögmálum.
2. Tryggja friðun, vernd, viðgang og velferð villtra dýrastofna.
3. Ekki sé gengið á líffræðilega fjölbreytni og búsvæði villtra dýra í þeim mæli að það ógni viðgangi þeirra.
4. Verndarstöðu villtra fugla og villtra spendýra sé ekki spillt með umsvifum manna eða framandi lífverum sem ógnað gætu viðgangi þeirra.
5. Veiðar og önnur nýting á villtum dýrum byggja á vísindalegum, faglegum og haldbærum upplýsingum um stofnstærð, stofnþróun, náttúruleg afföll, veiðiþol og veiði viðkomandi tegundar eða stofns.
6. Treysta eftirlit með veiðum og efla virka stýringu veiða á þeim villtu fuglum og villtu spendýrum sem lög þessi taka til.
8. Uppfylla skuldbindingar alþjóðlegra samninga sem Ísland er aðili að og varða efni laga þessara.

Gert er ráð fyrir að frumvarpið taki til allra villtra fugla og villtra spendýra á íslensku yfirráðasvæði, hvort sem er á landi eða sjó að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands. Ekki er þó gert ráð fyrir því frekar en í gildandi lögum að lögin gildi um hvali enda gilda um hvali meðal annars lög nr. 26/1949 um hvalveiðar og lög um veiðigjald nr. 145/2018. Að sama skapi

er ekki gert ráð fyrir að selir falli undir gildissvið frumvarpsins verði það að lögum þar sem um seli er fjallað í reglugerð nr. 1100 frá 11. desember 2019, um bann við selveidum, sem sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 11. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006.

3.3. Hlutverk stofnana ráðuneytisins.

Í frumvarpinu er kveðið skýrar á um en áður hefur verið gert um annars vegar stefnumótunarhlutverks umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og hins vegar þau verkefni sem fagstofnanir ráðuneytisins eiga að vinna að og bera ábyrgð á. Hér er sérstaklega átti við verkefni og hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar, en báðar stofnanirnar gegna lykilhlutverki við framkvæmd þessara mála. Einnig er kveðið skýrar á um hlutverk tiltekinna annarra aðila við framkvæmd þessara mála, svo sem hreindýraráðs og Náttúrustofu Austurlands.

Lagt er til að skýrar verði kveðið á um að Náttúrufræðistofnun Íslands gegni að meginstefnu til rannsóknar og vöktunarhlutverki í málaflokknum en að Umhverfisstofnun hafi hins vegar umsjón með framkvæmd mála er varða vernd, friðun og veiðar auk þess sem lagt er til að stofnunin hafi með höndum eftirlit og veiðistjórnun og fari með almenna framkvæmd laganna, verði frumvarpið samþykkt.

Einnig er lagt til að sameiginlega fari Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands með veigamikil hlutverk er lýtur að stjórnunar- og verndaráætlunum fyrir villta fugla og villt spendýr sem verða helsti grundvöllur ráðherra í tengslum við ákvarðanir sem hann þarf að taka.

3.4. Almenn vernd villtra fugla og villtra spendýra og búsvæða þeirra.

Lagt er til að áfram verði byggt á þeirri meginreglu gildandi laga að allir villtir fuglar og villt spendýr sem heyra undir lögina verði í grunninn friðuð en hins vegar er unnt að aflétta friðun á grundvelli tiltekinna ástæðna. Friðunarákvæðin gilda þó ekki um minka, rottur og mýs í eða við híbýli sem er í samræmi við ákvæði nógildandi laga. Gert er ráð fyrir því að lögini taki einnig til villtra dýra sem berast hingað endrum og sinnum auk svokallaðra villinga, þ.e. hálfvilltra dýr sem lifa og æxlast í náttúrunni en eru upprunalega dýr sem fæðst hafa í haldi eða eru afkomendur slíkra dýra.

Gert er ráð fyrir sérstakri heimild fyrir ráðherra til að kveða á um aukna vernd eða sértæka friðun tiltekinna villtra fugla og villtra spendýra ef ástæða er til, auk þess sem honum er heimilt að kveða á um að strangari reglur skuli gilda um búsvæði eða vistgerðir ef tegundir eru í hættu eða þeim stafi sérstök ógn af mannaferðum eða umferð eða séu á annan hátt sérlega viðkvæm fyrir raski.

Lögð er áhersla á að auka nokkuð hina almennu vernd villtra fugla og villtra spendýra. Kveðið er á um að taka skuli tillit til þeirra við skipulag, landnotkun og þegar farið er um náttúruna auk þess sem forðast skuli alla óþarfa truflun á mikilvægustu búsvæðum villtra fugla og villtra spendýra. Sérstök skylda er lögð á eigendur eða ábyrgðaraðila hunda og katta að gæta að friðhelgi fugla á mikilvægustu búsvæðum fugla um varptíma. Jafnframt er lagt til að vernd mikilvægra fuglabjarga og fuglabyggða á varptíma verði aukin frá því sem nú er t.d. gagnvart flugförum þ.m.t. flygildum (drónum), hávaðamiklum skipum og bátum og gagnvart skotum á sjó. Gert er ráð fyrir að þau svæði sem muni falla undir þessa grein verði sérstaklega skilgreind í reglugerð.

Lögð er til sú breyting að alfarið verði óheimilt að veiða fugla í sárum eða ófleyga unga. Þetta er í samræmi við efni villidýraskýrslunnar þar sem ýmis rök voru færð fyrir banni við veiðum á ófleygum ungum. Telja verður að sú hefð að veiða ófleyga unga til matar sé að miklu

leyti hverfandi auk þess sem slíkar veiðar stangast á bæði við Parísar- og Bernarsamninginn. Bæði siðferðisrök og dýravelferðarsjónarmið mæla með banni við slíkum veiðum enda á ófleygurungi sér enga undankomuleið undan veiðimanni ólíkt fullvöxnum fleygum fuglum.

3.5. Aukin áhersla á umfjöllun um velferð villtra fugla og villtra spendýra.

Þrátt fyrir að ákvæði laga um velferð dýra, nr. 55/2013, taki einnig til villtra dýra og villinga var talið rétt að fjalla um velferð villtra fugla og villtra spendýra. Þar er áhersla lögð á þá grundvallarreglu að skylt sé að sýna villtum fuglum og villtum spendýrum í sínu náttúrulega umhverfi tillitssemi og forðast að valda þeim óþarfri truflun, röskun eða þau séu meðhöndluð að óþörfu. Lagt er til að mælt verði fyrir um skyldu til að koma sjúkum, særðum eða bjargarlausum villtum fuglum og villtum spendýrum til bjargar ef þess er nokkur kostur eða tilkynna um slík dýr til lögreglu. Jafnframt er kveðið á um það að veiðar á grundvelli laganna skuli vera mannúðlegar og reynt skuli að aflífa þau á skjótan og sársaukalausan hátt. Veiðimenn skulu hér eftir sem hingað til gera allt sem í þeirra valdi stendur til að finna og aflífa skotsærð dýr ef þess er nokkur kostur. Í þessu sambandi er meðal annars lagt til að leiðsögumanni með hreindýraveiðum verði beinlínis skylt að aðstoða veiðimann sem hann leiðsegir við að koma skoti á sært dýr ef líkur eru á að veiðimaður nái ekki sjálfur að fella það svo fljótt sem auðið er. Að sama skapi er lagt til að ein af skyldum leiðsögunnans með hreindýraveiðum sé að fella önnur illa særð dýr af völdum veiða sem verða á vegi hans á veiðislóð og eru talin eiga sér takmarkaða lífsvon.

3.6. Fötluðum veiðimönnum gefið aukið svigrúm til að stunda frístundaveiðar.

Gert er ráð fyrir að þeim sem varanlega eru bundnir við notkun á hjólastól verði veitt aukið svigrúm til að stunda og njóta frístundaveiða. Almenna reglan við veiðar héraendis er að einungis sé heimilt að nýta vélknúin ökutæki til að flytja veiðimenn til og frá veiðilendum en óheimilt sé að skjóta frá slíkum tækjum. Undanþágan sem kveðið er á um gerir ráð fyrir að heimilt verði að veita þeim sem varanlega eru bundnir við að nota hjólastól leyfi til að skjóta frá kyrrstæðum vélknúnum ökutækjum á vegum eða merktum vegaslóðum eða utan vega ef skilyrði náttúruverndarlaga um akstur á snævi þakinni og frosinni jörð eru uppfyllt.

3.7. Breytingar á aðferðum við veiðar og á óheimilum veiðitækjum.

Lagt er til að í þeirri grein sem fjallar um heimilar veiðiaðferðir verði sérstaklega tekið fram að óheimilt sé að nota flygildi við veiðar. Þar er átt við ómönnuð loftför sem í daglegu tali kallast drónar. Nokkrar aðrar breytingar eru lagðar til frá gildandi lögum. Þannig er er lagt til að notkun barefla við veiðar á fils- súlu- og skarfsungum verði alfarið bönnuð. Er það í samræmi við þá meginreglu sem lögð er til að veiðar á ófleygum ungum verði ekki heimiladar enda stangast þær á við alþjóðlega samninga. Einnig er lagt til að háfaveiðar verði einungis heimilar vegna hefðbundinna lundaveiða en ekki til veiða á álku, langvíu eða stuttnefju. Báðar þessar breytingar eru lagðar til á grundvelli villidýraskýrslunnar. Jafnframt er af dýravelferðarástæðum lagt til að alfarið verði bannað að nota fótþoga við veiðar héraendis.

Í greininni er lagt til að við veiðar verði heimilt að nota hljóðdeyfa eða hljóðdempara á skotvopn enda uppfylli þau skilyrði vopnalaga. Slík breyting er í samræmi við það sem gildir í nágrannalöndum okkar. Hljóðdeyfar sem notaðir eru á skotvopn við þessar aðstæður dempa skothljóðið niður fyrir sársaukamörk en þau eru hins vegar langt frá því að vera alveg hljóðlaus. Hljóðdeyfar hafa verið notaðir um skeið við hreindýraveiðar enda vernda þeir eyru veiðimanna og leiðsögunnans með hreindýraveiðum en eru ekki síður ákjósanlegir til að

valda ekki umfangsmeiri truflun eða röskun á umhverfi og dýralífi en nauðsynlegt er auk þess sem bakslag verður minna og hittni betri.

Þó að áfram sé gert ráð fyrir banni við búnaði til þess að miða í myrkri með rafeindatækjum sem stækka eða breyta ímyndinni er lagt til að í lagatexta verði til skýringar og fyllingar tekið fram að þar sé undanskilinn rafeindapunktur eða upplýstur kross í sjónauka eins og algengt er í nútíma sjónaukum.

Kveðið er á um að óheimilt sé að nota lifandi dýr bæði sem bandingja eða agn við veiðar og til þjálfunar veiðihunda. Með bandingja er átt við þegar önnur dýr, t.d. ungvíði þeirra dýra sem ætlunin er að veiða, eru notuð til að lokka veiðidýrið úr felum til að unnt sé að veiða það. Í gildandi lögum er einungis kveðið á um að óheimilt sé að nota lifandi dýr sem bandingja en talið er rétt að það sé sérstaklega tekið fram að einnig sé óheimilt að nota slík dýr til þjálfunar á veiðihundum. Er þessi breyting í samræmi við niðurstöðu villidýraskýrslunnar. Heimilt verður þó að nota hunda til sækja særða bráð og svokallaða bendihunda til að finna veiðifugla.

Að lokum er kveðið á um að heimilt verði að nota öll götuskráð vélknúin farartæki til að koma veiðimönnum á veiðislóð, en ekki eingöngu tilteknar gerðir farartækja, eins og er í gildandi lögum. Þar er kveðið á um að nota megi önnur vélknúin farartæki en vélsleða, fjórhjól og önnur torfærutæki til að flytja veiðimenn til og frá veiðilendum. Þetta hefur valdið talsverðum vandkvæðum við framkvæmd gildandi laga. Síðan þau voru samþykkt hafa sum af þeim farartækjum sem bönnuð eru samkvæmt gildandi lögum fengið heimild til aksturs á vegum landsins til jafns við önnur götuskráð farartæki. Erfitt er því að banna tilteknar gerðir af götuskráðum vélknúnum farartækjum en ekki aðrar. Áfram er hins vegar lagt til að vélknúin farartæki megi eingöngu nota til að flytja veiðimenn til og frá veiðilendum og þá eingöngu á vegum eða merktum vegaslóðum. Bann við því að hafa undir höndum hlaðin skotvopn nær vélknúnu ökutæki en 250 metra er eftir sem áður til staðar eins og kveðið er á um í gildandi lögum.

3.8. Lögfesting válista.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur á undanförunum árum unnið að gerð válista yfir ýmsa hópa lífvera í hættu hérlendis þrátt fyrir að í íslenskum lögum sé ekki kveðið á um gerð slíkra lista. Slíkir listar eru skrár yfir tegundir sem eiga undir högg að sækja eða eru taldar vera í tiltekinni hættu í tilteknu landi eða svæði. Lagt er til að eitt af verkefnum Náttúrufræðistofnun Íslands skuli vera að taka saman og birta á vef sínum slíka válista um villta fugla og villt spendýr. Gert er ráð fyrir að válistarnir verði unnir samkvæmt alþjóðlega viðurkenndum stöðlum og leiðbeiningum um gerð slíkra lista og að stofnunin skuli endurmeta þá á fimm ára fresti eða oftár ef þörf er talin á.

3.9. Stjórnunar- og verndaráætlanir.

Ein af helstu breytingum sem kveðið er á um miðað við gildandi lög er að mælt er fyrir um gerð svokallaðra stjórnunar- og verndaráætlana fyrir alla tegundir eða stofna villtra fugla og villtra spendýra. Með gerð slíkra áætlana er lagður mikilvægur grunnur að því að ávallt verði byggt á haldbærum, faglegum og vísindalegum upplýsingum við vernd, stýringu og stjórnun á stofnum villtra dýra. Með þessari aðferðarfræði yrði eins og kostur er tryggt að á einum stað verði að finna allar nauðsynlegar upplýsingar sem liggja þurfa fyrir um hlutadeigandi tegund eða stofn áður en stjórnvöld taka mikilvægar ákvarðanir. Slíkar áætlanir yrðu birtar opinberlega þannig að þær yrðu aðgengilegar almenningi.

Þótt gert sé ráð fyrir því að stjórnunar- og verndaráætlunin sé ein heildstæð áætlun þá er áætlunin í raun byggð á tveimur meginþáttum. Kveðið er á um að Náttúrufræðistofnun Íslands, sem samkvæmt lögum um stofnunina stundar grunnrannsóknir í dýrafræði og náttúru Íslands,

sjái um gerð þess hluta áætlunarinnar sem snýr að verksviði hennar. Þar gerir stofnunin grein fyrir mati sínu á stofnstærð, stofnþróun, útbreiðslu, viðkomu, veiðipóli og ákjósanlegri verndarstöðu og verndarþörf hlutadeigandi tegundar eða stofns og breytingar þar á.

Hinn meginþáttur áætlunarinnar er stjórnunarhlutinn. Kveðið er á um að Umhverfisstofnun, sem fer með stjórnsýslu og framkvæmd þessara mála, sjái um gerð þess þáttar áætlunarinnar. Gert er ráð fyrir að stjórnunarþátturinn byggist á verndarhluta hennar og fjalli um leiðir og aðgerðir til að bregðast við breytingum á ástandi og verndarstöðu tegunda, svo sem að endurheimta, viðhalda eða minnka stofnstærð og útbreiðslu tiltekinnar tegundar, ásamt tillögum um hvernig standa beri að nýtingu eða veiðum ef það á við og aðgerðum til að bregðast við tjóni af völdum villtra fugla og villtra spendýra. Auk þess er lagt til að Umhverfisstofnun hafi það verkefni með höndum að hafa umsjón með gerð og skilum á tillögu að heildaráætluninni til ráðherra til yfirferðar, samþykktar og birtingar þannig að það verkefni sé á höndum eins skilgreinds aðila innan stjórnsýslunnar.

Í meginatriðum er í stjórnunar- og verndaráætlun gert ráð fyrir að Náttúrufræðistofnun Íslands leggi fram sjónarmið sín um mat á viðkomandi stofni og verndarþörf hans en Umhverfisstofnun leggi að því búnu fram tillögur á grundvelli þess hvernig rétt sé að vinna úr niðurstöðunum til að ná fram skilgreindu markmiði. Sé gert ráð fyrir því í áætluninni að fyrir hendi sé grundvöllur til að veiða úr stofninum skulu í stjórnunarhluta áætlunarinnar fylgja útfærðar tillögur Umhverfisstofnunar um það hvernig lagt er til að slíkum veiðum skuli háttáð. Í stjórnunar- og verndaráætlunum vegna einstakra stofna eða tegunda verður þannig annars vegar lagt mat á nauðsynlega verndun og friðun og hins vegar edlilega og sjálfbæra nýtingu. Með slíkri heildstæðri áætlun er tryggt að ákvörðun um friðun eða nýtingu einstakra tegunda eða stofna villtra dýra sé byggð á vel undirbyggðum vísindalegum forsendum.

Ljóst er að það mun taka nokkurn tíma og þarfnast talsverðrar samhæfingar og samvinnu hlutadeigandi stofnana að gera stjórnunar- og verndaráætlanir fyrir allar tegundir eða stofna villtra dýra á Íslandi. Því er kveðið á um það að stofnanirnar forgangsraði verkefninu þannig að áhersla verði lögð á að ljúka gerð slíkra áætlana varðandi villta fugla og villt spendýr sem sætt hafa nytjaveiðum hérlendis eða tegundir sem taldar eru valda tjóni við tilteknar aðstæður, eins og t.d. refi og tilteknar tegundir fugla. Sama gildir um minka sem er ágeng framandi tegund sem mikilvægt er að reyna að útrýma með öllu úr náttúru Íslands. Þegar stjórnunar- og verndaráætlanir fjalla um tegundir eða stofna sem kunna að valda tjóni mundu slíkar áætlanir þá leggja almennt eða sérþækt mat á tjónsáhættuna og ef niðurstaðan væri sú að rétt geti verið að varna tjóni með veiðum yrði þá að finna í áætluninni útfærðar tillögur um það hvernig best væri að standa að veiðunum, annaðhvort á landinu öllu eða tilteknum svæðum eða við tilteknar aðstæður, til að takmarka tjón af völdum hlutadeigandi tegundar.

Þegar stjórnunar- og verndaráætlanir liggja fyrir um einstakar tegundir eða stofna munu þær verða veigamikill faglegur grundvöllur fyrir ráðherra áður en hann tekur ákvarðanir t.d. um afléttingu friðunar til nytjaveiða eða til veiða til varnar tjóni og um það hvernig haga beri slíkum veiðum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að samþykktar stjórnunar- og verndaráætlanir hafi einnig mikilvægu hlutverki að gegna við að marka ákveðinn og skýran ramma um heimildir til handa Umhverfisstofnun til veita undanþágur til veiða á tilteknum tegundum villtra fugla og villtra spendýra sem taldar eru valda tjóni á vissum stöðum eða við tilteknar aðstæður jafnvel þótt almennri friðun hafi ekki verið aflétt af hlutadeigandi tegund.

Þar sem ljóst er að nokkurn tíma mun taka að gera stjórnunar- og verndaráætlanir fyrir allar tegundir veiðidýra og þær tegundir sem kunna að valda tjóni þá er gert ráð fyrir því í bráðabirgðaákvæði að ráðherra hafi skýra heimild til að aflétta friðun með sama hætti og verið hefur þrátt fyrir að slíkar áætlanir liggi ekki fyrir á ákveðnu aðlögunartímabili.

3.10. Sjálfbærar veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Gengið er út frá þeirri meginreglu að öll villt dýr séu í grunninn friðuð með tilteknum skilgreindum undantekningum. Jafnframt er byggt á þeirri meginreglu að viðkomandi stofn sé sjálfbær og að veiðar og aðrar nýttjar villtra fugla og villtra spendýra, þar á meðal hlunninda-veiðar, skuli vera sjálfbærar og lúta veiðistjórnun.

Mikilvægt er að ekki sé gengið á stofna villtra fugla og villtra spendýra með ofveiði jafnvel þótt slík veiði eigi sér sögulegar eða menningarlegar hefðir. Því er lagt til að engar veiðar eða nýttjar séu undanskildar þessari mikilvægu reglu nema veiðar séu beinlínis til að minnka stofninn eða jafnvel útrýma honum ef um er að ræða ágengar framandi lífverur.

3.11. Tjón vegna villtra fugla og villtra spendýra.

Gengið er út frá þeirri meginreglu að ávallt fari fram ákveðin greining og mat á því tjóni sem einstakar tegundir villtra fugla og villtra spendýra geta valdið. Í þessu sambandi verður þó að hafa í huga að hluti þeirra dýra- og fuglategunda sem veiddar hafa verið nánast án takmarkana í gegn um tíðina eru órjúfanlegur hluti af náttúru og lífríki landsins. Hér er mikilvægt að litið sé til umfangs tjónsins og hvers eðlis tjónið af völdum villtra fugla og villtra spendýra sé í raun og veru. Þar er t.d. ástæða til að greina hvort tjónið sé aðallega á lífríki annarra villtra fugla og villtra spendýra og að tjónið sé þannig eðlilegur hluti af náttúrulegum ferlum eins og t.d. þegar ránfugl eða refur veldur tjóni í hreiðrum villtra fugla. Jafnvel þótt slíkt tjón teljist vera hluti af náttúrulegum ferlum kann það hins vegar í sumum tilvikum að vera tjón sem er þess eðlis að skýr úrræði þurfa að vera fyrir hendi til að verjast slíku tjóni eins og t.d. í friðlýstum æðarvörpum þar sem umtalsverðum fjárhagslegum hagsmunum æðarvarpseiganda kann að vera raskað. Við mat á tjóni af völdum villtra dýra verður að veita umfang tjóns og hættu á tjóni við þau viðbrögð sem ákveðið er að beita til að varna tjóninu.

Kveðið er á um það að ráðherra geti eins og í gildandi lögum aflétt friðun einstakra tegunda villtra fugla og villtra spendýra, enda sé í stjórnunar- og verndaráætlun talin hætta á að slíkar tegundir geti valdið raunverulegu og skilgreindu tjóni á heilsu fólks eða búfénaðar, ógnun við öryggi, umtalsverðu fjárhagslegu tjóni einstaklinga eða lögaðila eða tjóni á náttúru landsins og líffræðilegri fjölbreytni þess. Ráðherra getur einnig í reglugerð skilgreint að við tiltekna aðstæður, t.d. við friðlýst æðarvörp, sé umráðamönnum æðarvarps veittar heimildir til að verja varpið með veiðum á tilteknum tegundum villtra fugla eða villtra spendýra.

Þótt ráðherra hafi ekki aflétt friðun af tilteknum tegundum villtra fugla og villtra spendýra er kveðið á um að Umhverfisstofnun verði heimilað, á grundvelli þess að stofnunin fari með veiðistjórnun og framkvæmd þessara mála, að veita tiltekna skilgreindar undanþágur til veiða til varnar tjóni þrátt fyrir friðunina, enda séu undanþágurnar í samræmi við það sem fram kemur í stjórnunar- og verndaráætlunum. Slíkar undanþágur geta til að mynda beinst gegn tegundum villtra fugla sem ógna kunna flugöryggi eða tiltekinnar heilsufarslegrar áhættu eins og t.d. vegna sýkingar eða mengunar sem kemur upp á tilteknum stað. Mikilvægt er að Umhverfisstofnun geti brugðist hratt við í slíkum tilvikum og markvisst. Hægt er þá að veita slíkar undanþágur á tilteknum stað eða við tiltekna aðstæður frekar en að friðun slíkra tegunda sé aflétt.

3.12. Breytingar á veiðikortakerfinu.

Kveðið er á um tiltekna aðlaganir eða breytingar á núverandi veiðikortakerfi. Í fyrsta lagi er þar lagt til að veiðikort þurfi til allra annarra veiða en til rottuveiða og veiða á músum í og við híbýli. Því er lögð til sú breyting frá gildandi lögum að til minkaveiða þurfi að hafa veiðikort. Sama gildir um eggjatöku. Hvort tveggja byggist á tillögum í villidýraskýrslunni. Kveðið

er á um það að ekki sé gerður sérstakur greinarmunur á veiðikortum og svokölluðum hlunnindakortum. Þeir aðilar sem rétt hafa til hlunnindaveiða samkvæmt gildandi lögum fengju því hefðbundið veiðikort þar sem réttur til hlunnindaveiðanna eða eftir atvikum til eggjatöku er sérstaklega tilgreindur. Mikilvægt er að veiðiskýrslum sé skilað um allar veiðar, einnig eggjatöku og hlunnindaveiðar, þannig að veiðitölur séu eins fullnægjandi og hægt er. Með því að fella eggjatöku og hlunnindaveiðar undir almennar reglur um veiðikort þá fylgir sú skylda að skila veiðiskýrslu vegna veiðanna. Veiðitölur eru mikilvægur hluti í vísindalegu mati á umræddum veiðistofnum. Ef sótt er um veiðikort eingöngu til eggjatöku eða annarra veiða en skotveiða er hins vegar lagt til að heimilt sé að gefa það út án þess að hlutaðeigandi þurfi að sitja hefðbundið veiðikortanámskeið auk þess sem aldurstakmark til að sækja um slík veiðikort er lægra og miðast ekki við aldurstakmark til að fá skotvopnaleyfi samkvæmt vopnalögum.

3.13. Veiðistjórnun og veiðieftirlit.

Kveðið er á um virka veiðistjórnun og að veiðistjórnun verði aukin umtalsvert frá því sem núgildandi lög gera ráð fyrir. Fram kemur að veiðistjórnun og áætlunargerð opinberra aðila skuli byggjast eins og kostur er á sem bestri vísindalegri þekkingu. Til að framfylgja stjórnunar- og verndunaráætlun er gert ráð fyrir að Umhverfisstofnun verði heimilað að grípa til ýmissa nauðsynlegra aðgerða til að framfylgja veiðistjórnun og aðgerðum henni tengdri. Gert er ráð fyrir að stjórnunar- og verndaráætlanir fyrir einstakar tegundir villtra fugla og villtra spendýra, sem samþykktar hafa verið af ráðherra, marki ákveðinn og skýran ramma um þær heimildir sem stofnunin hefur til aðgerða á þessu sviði.

Jafnframt er lagt til að sérstaklega verði kveðið á um veiðieftirlit Umhverfisstofnunar. Slíkt veiðieftirlit felur til að mynda í sér eftirlit með því að friðaðar eða verndaðar dýrategundir séu ekki veiddar, að ekki sé veitt á landsvæðum þar sem veiðar eru ekki heimilar, að tegundir séu ekki veiddar á þeim tímum sem veiðar eru ekki heimilar, að veiðiaðferðir séu í samræmi við lög og að þeir sem stunda veiðar á tegundum sem heimilaðar eru samkvæmt lögum hafi til þess veiðikort og tilskilin leyfi. Mikilvægt er að Umhverfisstofnun sem sinnir almennri framkvæmd þessara mála hafi veiðivörslu og samræmt skipulag hennar sem eitt af megin verkefnum sínum. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir því að þáttur lögreglu í almennu eftirliti skerðist með einhverjum hætti frá því sem nú er þótt lagt sé til veiðieftirlit verði eitt af verkefnum Umhverfisstofnunar. Lögreglan mun áfram sinna hefðbundnu eftirliti sínu vegna lögbrota á þessu sviði sem og vegna annarra brota gegn lögunum, hvort sem það er með ólögumætum veiðum, eftirlit með framfylgd skotvopnalaga eða öðrum brotum á landslögum sem snúa að þessum málaflokkum. Miklu skiptir að í samfélaginu sé almenn vitneskja um að fyrir hendi sé samræmt og virkt eftirlit með hvers kyns veiðum á villtum fuglum og villtum spendýrum sem nái til landsins alls. Kveðið er á um að Umhverfisstofnun skuli í þessu skyni útbúa sérstaka eftirlitsáætlun til þriggja ára um veiðieftirlit stofnunarinnar og að stofnunin skuli sinna eftirliti sínu á grundvelli hennar. Jafnframt er gert ráð fyrir að við framkvæmd eftirlitsins eigi stofnunin samráð og samstarf við hlutaðeigandi lögregluumdæmi.

3.14. Veiðar verði almennt frístundaveiðar.

Lagt er til í samræmi við villidýraskýrsluna að meginreglan verði sú að nytjaveiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum verði almennt frístundaveiðar einstaklinga en að þær séu ekki stundaðar í atvinnuskyni. Í þessu skyni er lagt til að veiðiafurðir séu almennt ekki seldar nema ljóst sé að hlutaðeigandi veiðistofn þoli veiðar og sölu slíkra afurða á sjálfbæran hátt. Gert er ráð fyrir að í stjórnunar- og verndaráætlunum einstakra stofna verði tekið á þessu

atriði og í áætluninni verði jafnframt lagt mat á hvort umræddur stofn þoli sölu á veiðiafurðum með sjálfbærum hætti.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Ákvæði frumvarpsins ganga ekki gegn ákvæðum stjórnarskrár. Þótt lagt sé til að tiltekna veiðar, eins og veiðar ófleygra unga og ákveðinna tegunda fugla í háf, verði ekki heimilaðar verður ekki talið að slíkt gangi gegn eignarréttarákvæði stjórnarskrár. Telja verður að slíkt bann sé innan þeirra almennu takmarkana sem heimilt er að setja eignarréttindum með almennum lögum á grundvelli veigamikilla náttúruverndar- og velferðarsjónarmiða. Ýmsar breytingar sem lagðar eru til er einnig liður í því að uppfylla tiltekna alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur gengist undir á sviði náttúruverndar og umhverfismála.

5. Samráð.

Við gerð skýrslu nefndar um lagalega og lagalega og stjórnsýslulega stöðu villtra fugla og spendýra sem fjallað er um hér að framan (villidýraskýrslan) og frumvarp þetta byggist í stórum dráttum á voru fulltrúar tilnefndir af Umhverfisstofnun, Dýralæknafélagi Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Fuglavernd, Skotveiðifélagi Íslands, auk fulltrúa tilnefndum af frjálsum félagasamtökum á sviði náttúruverndar. Við gerð og vinnslu tillagna nefndarinnar var jafnframt leitað eftir samráði við mikinn fjölda hagaðila, samtaka og stofnana. Um samráðið og þá aðila sem haft var samráð við er sérstaklega fjallað á bls. 2–4 í 1. viðauka skýrslunnar.

Við gerð lagafrumvarps þessa var einnig óskað eftir samráði við eftirfarandi stofnanir, auk áhuga- og hagsmunasamtaka um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum: Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Matvælastofnun, Bændasamtök Íslands, Landssamband veiðifélaga, Samband íslenskra sveitarfélaga, Skotvís, Samtök náttúrustofa, Fuglavernd, Landvernd, Náttúruverndarsamtök Íslands, Dýraverndarsambands Íslands, Landssamband veiðifélaga, Hreindýraráð, Félags leiðsögumanna með hreindýraveiðum og Félags atvinnuveiðimanna á ref og mink. Allflestir sem boðið var til samráðsins tóku þátt í því á vinnslutíma frumvarpsins. Á samráðstímanum var þeim sem sátu í hópnum gefið ítrekað færi á að koma að athugasemdum sínum og viðbrögðum við drög að lagafrumvarpi þessu og sjónarmiðum sínum til málefnsins á fundum hópsins auk þess sem öllum var boðið að hitta fulltrúa ráðuneytisins sérstaklega til að fara yfir málið.

Áform um lagasetningu ásamt frummati á áhrifum voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is dagana 9. desember 2019–2. janúar 2020 (mál nr. S-301/2020) og drög að frumvarpi voru kynnt í samráðsgátt dagana 8. júlí – 24. ágúst 2020 (mál nr. S-130/2020) og bárust um 90 umsagnir um frumvarpið bæði í samráðsgátt, frá fulltrúum í samráðshópi og beint til ráðuneytisins.

Í ljósi fjölda þeirra umsagna sem bárust er ekki unnt að reifa öll þau sjónarmið og athugasemdir sem fram komu við samráðið. Rétt er þó að reifa nokkur sjónarmið umsagnaraðila og þá sérstaklega þau sem leitt hafa til breytinga á þeim frumvarpsdrögum sem samráð var um og þær greinar sem sættu breytingum í kjölfar samráðsins.

Nokkrir umsagnaraðilar töldu með réttu að það væru ekki einungis framandi ágengar tegundir sem valdið gætu tjóni og að einnig þyrfti að gera ráð fyrir að hægt væri að bregðast við tjóni af völdum annarra ágengra tegunda. Í þessu sambandi var meðal annars nefnt tjón vegna álfta og gæsa í túnnum bænda. Þær breytingar voru því gerðar að gert er ráð fyrir að hægt sé að bregðast við tjóni af völdum tegunda sem teljast ágengar þótt þær séu ekki framandi. Að sama skapi töldu mjög margir umsagnaraðilar ekki rétt að undanskilja þau dýr sem skylt væri

að örmerkja þeim ákvæðum sem giltu um framandi dýr þegar slíkar tegundir eru farnar að lifa villtar eða hálfviltar í náttúrunni. Fallist er á að mikilvægt sé að til staðar séu úrræði til að bregðast við tjóni af völdum slíkra tegund þannig að fallið hefur verið frá því að undanskilja þann flokk gæludýra sem skylt er að lögum að örmerkja frá ákvæðum um viðbrögð við tjóni af völdum framandi tegunda.

Vardandi stjórnslu mála sem snúa að þessum málaflokki komu fram talsvert margar athugasemdir sem lutu að því að skýr skil yrðu að vera á milli verkefna og hlutverks stofnana ríkisins við framkvæmd þessara mála. Þetta væri sérstaklega mikilvægt að mati umsagnaraðila vegna verkefna Náttúrufræðistofnunar Íslands sem einkum lúta að rannsóknum og vöktun á villtum fuglum og villtum dýrum og Umhverfisstofnunar sem fer með stjórnsluhlutverk samkvæmt frumvarpinu. Fallist er á þau rök að verkefni og verkaskipting þessara aðila þurfi að vera skýr og hafa nokkur ákvæði frumvarpsins verið skýrð með tilliti til þess. Þar má t.d. nefna að felld var út tilvísun til laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofu í 1. mgr. 6. gr. og í 2. mgr. 21. gr. auk þess sem sérstaklega er tekið fram í 6. og 7. gr. að báðar þessar stofnanir vinni að þeim þáttum stjórnunar- og verndaráætlana sem heyra undir verksvið þeirra. Til að tryggja enn frekar verkaskiptingu þessara aðila við sameiginlega gerð stjórnunar- og verndaráætlana er gert ráð fyrir reglugerðarheimild í 5. mgr. 16. gr. sem mælir fyrir um að ráðherra sé heimilt að setja nánari reglur um gerð slíkra áætlana þar sem gert er ráð fyrir að hægt sé að skýra eða skerpa á verksviði þessara stofnana við gerð þessara áætlana ef þörf verður á.

Talsverðar athugasemdir voru gerðar við það af hálfu nokkurra umsagnaraðila að lög um velferð dýra giltu um öll dýr, þar á meðal villta fugla og villt spendýr. Í umsögnunum komu meðal annars fram þær skoðanir að um velferð villtra fugla og villtra spendýra ætti frekar að fjalla í löggjöf um villt dýr og veiðar og að stjórnslu þessara mála ætti þá frekar heima hjá Umhverfisstofnun sem færir með málefni vardandi veiðar. Brugðist var að hluta við þessum athugasemdum með breytingum á 5., 8. og 11. gr. frumvarpsins þar sem felldar voru út vísanir til Matvælastofnunar og laga um velferð dýra. Ljóst er hins vegar að gildissviði laga um velferð dýra er ekki breytt þótt frumvarp þetta verði að lögum. Áfram er hins vegar gert ráð fyrir lögbundinni umsögn Matvælastofnunar í 3. mgr. 19. gr. í tengslum við föngun og hald villtra fugla og villtra spendýra.

Í kjölfar athugasemda umsagnaraðila var ákveðið að færa ákvæði um vernd búsvæða úr 9. gr. sem fjallar um friðun í 10. gr. sem fjallar um aðra vernd villtra fugla og villtra spendýra og búsvæða þeirra. Þar sem ákvæðið mælir frekar fyrir um vernd en friðun er talið að ákvæðið eigi frekar heima þar.

Nokkur fjöldi umsagnaraðila lýsti áhyggjum vegna þeirra skilyrða sem sett eru vegna afléttingar á friðun vegna tjóns. Þar komu meðal annars fram sjónarmið um að óljóst væri hvernig umtalsvert fjártjón yrði metið að þessu leyti í 1. mgr. 18. gr. Ákveðið var að breyta ákvæðinu á þá leið að vísa bæði til lögaðila og einstaklinga sem yrðu fyrir slíku tjóni. Með því er reynt að koma til móts við þetta sjónarmið enda ljóst að fjártjón einstaklings samkvæmt greininni þarf ekki að vera hátt til að teljast umtalsvert fjártjón fyrir hann.

Talsverð andstaða kom fram hjá ýmsum samráðsaðilum við 3. mgr. 10. gr. um vernd fuglabjarga og fuglabbyggða þar sem lagt er til að fjarlægð heimilla skota frá sjó verði 2 km í stað 500 metra í gildandi lögum þar sem með slíku ákvæði væri hætta á að heilir firðir gætu lokast fyrir skotveiðum. Tekið hefur verið tillit til þessara athugasemda með því að bæta við orðunum „á varptíma“ við skilyrði greinarinnar. Ljóst er að á þeim tíma eru nytjaveiðar fugla almennt ekki heimilar þannig að áhrif þessarar breyttu fjarlægðar ætti því ekki að vera mikil. Í tilvikum veiða til varnar tjóni eru heimildir í 2. mgr. 19. gr. til að veita undanþágur til slíkra

veiða á svæðum sem falla undir þessa grein. Auk þess má benda á að gert er ráð fyrir að sú vernd sem mælt er fyrir um gildi einvörðungu um þau fuglabjörg og fuglabbyggðir sem sérstaklega verða talin upp í reglugerð en ekki önnur fuglabjörg og fuglabbyggðir.

Margir umsagnaradilar lögðu áherslu á að virk veiðistjórnun (e. adaptive harvest management) yrði lögfest hérlendis eins og gert hefur verið í ýmsum nágranna löndum. Tekið var tillit til þessara athugasemda og er í 21. gr. um veiðistjórnun kveðið skýrlega á um að veiðar skuli háðar virkri veiðistjórnun. Í 3. gr. er virk veiðistjórnun skilgreind með þeim hætti að hún sé kerfi sem felur í sér og samþættir opinbera stefnumótun, rannsóknir tengdar veiðistofnum, mat á ástandi, stofnstærð, sveiflum og þróun tegunda og stofna, mat á veiðiþoli, veiðiráðgjöf, umsjón með og skipulagningu, stjórnun og skráningu á veiðum, almenningsfræðslu og eftirlit. Ljóst er að innleiðing og frekari útfærsla slíkrar veiðistjórnunar er verkefni sem þarfnast mikillar og góðrar samvinnu og samráðs þeirra opinberu aðila sem halda utan um verkefnið við samtök veiðimanna.

Talsvert margir umsagnaradilar gerðu athugasemdir við heimilar veiðiaðferðir í 24. gr. Athugasemdirnar voru mjög fjölbreyttar og lutu t.d. að því að heimila bogveiðar hér á landi, að banna eða leyfa ætti ljósgjafa við veiðar, að heimila ætti allar gerðir hljóðdeyfa eða hljóðdempara við veiðar, að gera yrði ráð fyrir heimild til að nota hunda við tilteknar veiðar og annadhvort að banna eða leyfa fótþoga við tilteknar veiðar, auk þess sem í ákvæðinu þyrfti að koma fram lágmarkskrafa um heimil skot til hreindýraveiða. Í kjölfar umsagna var ákveðið að breyta ákvæðinu nokkuð. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því í 1. mgr. að við veiðar á hreindýrum sé óheimilt að nota kúlur sem eru minni en 6,5 gr og með slagkraft minni en 180 kgm á 200 m færi. Slík krafa er þegar til staðar en gerð er grein fyrir henni í reglugerð með stöð í gildandi lögum. Fallist er á að edlilegra sé að gera grein fyrir slíkri lágmarkskröfu í lögum frekar en reglugerð. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því í 4. tölul. 2. mgr. að allar gerðir fótþoga séu óheimilir. Í 11. tölul. kemur fram að fastur ljósgjafi sé óheimill nema til refaveiða við æti og minkaveiða. Í 12. tölul. hefur ljósi á ökutæki verið bætt við sem óheimilli aðferð við veiðar. Í 15. tölul. er kveðið á um til að taka af vafa að tölulíðurinn eigi við um fjölskota haglabyssur, ekki aðrar fjölskota byssur enda hafa riffilar oft skothylkjahólf eða svokallað magasin sem getur tekið mun fleiri skot. Í 16. tölul. kemur nú fram að hljóðdeyfar eða hljóðdemparar eru ekki heimilir nema skotvopnið þannig útbúið uppfylli skilyrði vopnalaga. Í þessari breytingu felst því að heimilt er að nota hljóðdeyfa til veiða, hvort sem er á haglabyssur eða riffila ef vopnið uppfyllir skilyrði vopnalaga. Í 17. tölul. er kveðið á um að óheimilt sé að nota lifandi dýr sem bandingja eða agn við veiðar eða til þjálfunar veiðihunda nema bendihunda utan varptíma. Talið var rétt að leggja ekki skorður við þjálfun bendihunda nema um varptíma þegar æskilegt er að fuglar njóti verndar. Í 18. tölul. er kveðið á um að það er einskórðað við ósærða bráð. Heimilt er því að nota veiðihunda til að ná í særða bráð og við minkaveiðar hvort sem minkurinn er særður eða ósærður. Í samráðsferlinu var jafnframt bent á að ekki væri gert ráð fyrir að sérstökum undanþáguheimildum frá veiðiaðferðum 24. gr. eins og er í gildandi lögum. Við því hefur verið brugðist í 5. mgr. þar sem gert er ráð fyrir slíkri heimild til handa Umhverfisstofnun. Varðandi veiðar með boga hérlendis þá var talið að ekki væri unnt að heimila slíkar veiðar þar sem vopnalög leggja bann við nauðsynlegum búnaði til að stunda veiðar með boga.

Hluti umsagnaradila benti á að ekki væri þörf á veiðiskýrslum vegna eggjatöku eða vegna villtra fugla sem drepast við netaveiðar. Aðrir umsagnaradilar töldu að allar slíkar upplýsingar kæmu að gagni við rannsóknir og ákvarðanir sem taka þarf í þessum málaflokki. Ljóst væri að í sumum vötnum væri um að ræða mikinn fjölda fugla sem dræpust við netaveiðar. Í umsögnum var einnig bent á að veiðitölur þyrftu að vera aðgengilegar og opinberar. Ákveðið

var í framhaldi af ábendingum að breyta 1. mgr. 28. gr. með þeim hætti að skýrlega kæmi fram að skýrslugjöfin ætti einungis við um villta fugla sem dræpast við netaveiðar í vötnum og ám en ekki á sjó. Þegar er skylda til að skrá niður slíkan meðafla í afladagsbók. Með hliðsjón af eðli máls þá yrði slík skýrsla ekki hluti af skýrsluskilum veiðikortshafa enda óvíst hvort sá sem stundar netaveiðar hafi slíkt kort. Gert er því ráð fyrir að Umhverfisstofnun útbúi þar til gerða skýrslu til að taka við slíkum upplýsingum. Jafnframt er nú mælt fyrir um í 2. mgr., í samræmi við framangreint, að Umhverfisstofnun skuli innan árs birta veiðitölur síðasta veiðiárs.

Nokkrir umsagnaraðilar gerðu athugasemdir við hugtakið sjálfbærar veiðar í frumvarpsdrögum og að hugtakið þyrfti að skýra frekar. Reynt var að ná betur utan um skilgreiningu hugtaksins með þeim hætti að veiðar teljist sjálfbærar ef nýliðun tegundar eða stofns stendur undir veiðum og náttúrulegum afföllum þannig að stofn nái yfir tiltekinn tíma að endurnýja sig og viðhalda þeirri stofnstærð og útbreiðslu sem náttúruleg takmörk setja. Orðalagi 2. tölul. 2. mgr. 17. gr. var breytt til samræmis.

Margar athugasemdir komu frá umsagnaraðilum um 29. gr. laganna varðandi nytjaveiðar á fuglum. Hluti umsagnaraðila taldi að verið væri að fækka stórlega þeim tegundum sem veiði væri heimil á. Aðrar umsagnaraðilar töldu hins vegar að margar af þeim tegundum sem taldar væru upp í greininni væru mjög viðkvæmar fyrir veiðum og ættu því ekki heima á lista um heimilar veiðitegundir. Nokkrir umsagnaraðilar töldu með öllu óþarft að vera með slíkan tegundalista veiðitegunda í lögum og að stjórnunar- og verndaráætlanir ættu að vera ráðandi varðandi það hvort einstakar tegundir yrðu veiddar eða ekki. Ekki er hægt að fallast á þær athugasemdir umsagnaraðila að með greininni sé fækkað verulega þeim tegundum sem heimilt er að veiða. Athugasemdirnar byggjast á því að í 17. gr. gildandi laga er gert ráð fyrir því að ráðherra sé heimilt að aflétta friðun á svartbak, sílamáf, silfurmaf og hrafn allt árið. Ástæða þess að umræddar tegundir eru ekki taldar upp í 29. gr. sem fjallar um nytjaveiðar er sú að í frumvarpinu er gert ráð fyrir mismunandi ástæðum fyrir afléttingu ráðherra á friðun villtra fugla og villtra spendýra. Í 17. gr. er einungis fjallað um afléttingu friðunar vegna nytjaveiða og eggjatöku, 18. gr. fjallar um afléttingu friðunar vegna tjóns af völdum villtra fugla og villtra spendýra og 19. gr. fjallar um afléttingu friðunar vegna annarra atvika. Í 29. gr. er einungis fjallað um afléttingu friðunar vegna nytjaveiða á fuglum en ekki á tegundum sem kunna að valda tjóni. Svartakur, sílamáfur, silfurmafur og hrafn eru hvorki veiddir til nytja né neyslu. Um afléttingu friðunar á svartbak, sílamáf, silfurmaf og hrafn, ásamt öllum öðrum tegundum sem geta valdið tjóni fer samkvæmt 18. gr. Í þeirri grein frumvarpsins eru því í raun að finna víðtækari heimildir til afléttingar friðunar á tegundum sem valdið geta tjóni á grundvelli en er að finna í 17. gr. gildandi laga.

Hluti umsagnaraðila vildi að í lögum yrði gert ráð fyrir því að hægt yrði að fjölga þeim tegundum sem veiddar yrðu hérlendis ef staðreynt væri að slíkar tegundir þoldu slíka veiði. Í þessu sambandi var meðal annars bent á hrossagauk sem dæmi um villtan fugl sem gæti þolað veiði og hann væri veiddur í nágrannalöndum okkar. Ljóst er að ýmsar aðrar tegundir villtra fugla eru veiddar í nágrannalöndum okkar sem eru friðaðar hérlendis. Þar má t.d. nefna skógarpróst, heidlóu, æðarfugl, spóa, jaðrakan, stelk og rauðbrysting. Ljóst er að mjög skiptar skóðanir eru í samfélaginu á því hvort heimila eigi veiðar á slíkum tegundum hérlendis, óháð því hvort hefð sé fyrir veiðum á þeim erlendis, og jafnvel þótt slíkar tegundir kynnu að þola einhverjar veiðar. Eins og fram kemur í skýringum við 29. gr. frumvarpsins varð það niðurstaða við vinnslu frumvarpsins að miða við þær fuglategundir sem hefð væri fyrir veiðum á hérlendis. Það væru þær tegundir sem veiddar hafa verið hérlendis um langt skeið og væru því séríslenskar veiðitegundir. Einnig var talið rétt að í upptalningu greinarinnar væru þær

tegundir sem veiddar hefðu verið hérlendis, þrátt fyrir að hluti þeirra stæði illa um þessar mundir og þyldi ekki veiðar. Í þessu sambandi verður að horfa til þess að greinin, eins og 17. gr. gildandi laga, mælir einungis fyrir um heimild til að aflétta friðun á þessum tegundum en ekki skyldu. Vegna slæmrar stöðu hluta tiltekinnna fuglategunda sem taldar eru upp í greininni hefur friðun ekki verið aflétt af þeim og veiðar því ekki verið heimilar um talsvert skeið. Ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum þar á verði frumvarp þetta að lögum nema ástand slíkra tegunda breytist þannig að hægt verði að heimila að nýju á þeim sjálfbærar veiðar á grundvelli stjórnunar- og verndaráætlana.

Nokkrar athugasemdir frá umsagnaraðilum komu fram um friðlýsingu æðarvarpa. Þar var meðal annars bent á að óeðlilegt væri að annar en landeigandi gæti óskað eftir friðlýsingu æðarvarps. Einnig komu fram athugasemdir um að skýra þyrfti frekar rétt til að verja æðarvarp gegn tjóni. Varðandi hver getur óskað friðlýsingar á æðarvarpi ber að nefna að í gildandi lögum er kveðið á um að friðlýsing æðarvarps fari samkvæmt reglugerð. Um friðlýsingu æðarvarpa o.fl. er fjallað í reglugerð nr. 252/1996. Hafa ber í huga að friðlýsing æðarvarpa er byggð á gömlum grunni og er talsvert annars eðlis en þær almennu friðlýsingar sem t.d. er fjallað um í náttúruverndarlögum. Friðlýsingin snýr aðallega að því að vernda tiltekna fjárhagslega hagsmuni þess sem stendur fyrir æðarvarpinu. Í framangreindri reglugerð er kveðið á um að landeigandi, ábúandi eða umráðamaður æðarvarps geti óskað eftir friðlýsingu. Fallist er á það sjónarmið sem fram kom að það sé almennt landeigandi sem geti farið fram á friðlýsingu. Hins vegar sé varhugavert að útiloka að aðrir en landeigendur geti óskað eftir slíkri friðlýsingu ef ljóst þykir að hlutadeigandi eigi þar lögbundna hagsmuni. Sú breyting var því gerð að sá sem farið geti fram á friðlýsingu æðarvarps sé landeigandi eða sá sem lög-mætan rétt hefur til að nýta æðarvarp. Eðlilegt er að æðarræktandi sem hefur lög-mætan rétt til að nýta æðarvarp, t.d. á grundvelli sannings eða jafnvel hefðarréttar, geti óskað eftir slíkri friðlýsingu varpsins enda er hér einungis um tímabundna friðlýsingu að ræða en ekki varanlega. Varðandi rétt landeigandi eða lög-mæts réttihafa til að verja æðarvarpið er gert ráð fyrir að hann hafi rétt til að skota innan marka friðlýsingarinnar enda séu skotin í því skyni að verja það á grundvelli þeirra heimilda sem hann hefur til þess. Gert er ráð fyrir að nánar verði kveðið á um slíkar heimildir í reglugerð.

Nokkrar athugasemdir voru gerðar um eggjatöku. Annars vegar fjölluðu tilteknar athugasemdir um að rétt væri að banna með öllu töku eggja frá villtum fuglum eða þrengja að minnsta kosti verulega ákvæði um eggjatöku eða takmarka slíka eggjatöku við þær jarðir þar sem slíkt teldist vera hefðbundin hlunnindi. Einnig komu fram athugasemdir um að vikka ætti heimildir til eggjatöku og þær ættu ekki einungis að vera bundnar við eigendur lands heldur ætti almenningur að geta átt þess kost að tína egg. Í 33. gr. er fjallað almennt um eggjatöku en í 34. gr. er fjallað um eggjatöku sem telst vera staðbundin og hefðbundin hlunnindi á tilteknum svæðum. Ákveðið var með hliðsjón af framangreindum athugasemdum að gera ráð fyrir að bæði almenningur og landeigendur á eignarlöndum gætu tínt egg þeirra fugla sem heimilt hefur verið að tína samkvæmt gildandi lögum. Það eru egg silfur máfs, sílamáfs, svartbaks, hvít máfs og hettumáfs, sbr. 33. gr. Einnig er nú gert ráð fyrir að ráðherra geti með reglugerð ákveðið að fjölga þeim tegundum sem falla undir 33. gr. enda verði talið að tegundirnar þoli sjálfbæra eggjatöku. Þar sem veiðiréttur og eggjataka fylgja eignarlandi liggur fyrir að almenningur getur ekki tínt egg á eignarlöndum samkvæmt þessari grein nema með leyfi landeiganda. Eggjatökuheimild almennings á því einvörðungu við um þjóðlendur. Landeigandi hefur sömu heimildir til að tína egg framangreindra fuglategunda á eignarlandi sínu. Einnig getur hann tínt egg þeirra tegunda sem mælt er fyrir um í 34. gr. enda eigi skilyrði greinarinnar við um landeigandann. Sú grein mælir fyrir um þau hefðbundnu og staðbundnu

hlunnindi sem gilda um takmörkuð svæði á landinu þar sem taka eggja þessara tegunda hefur talist til hefðbundinna hlunninda í tíð gildandi laga.

Talsvert margar umsagnir bárust vegna fyrirkomulags hreindýraveiða. Beindust athugasemdir meðal annars að hreindýraráði, að fresti veiðimanna til skila niðurstöðum úr verklegum skotprófum, þeim kröfum sem gerðar væru til að hljóta leyfi til leiðsagnar með hreindýraveiðum, endurnýjun leyfa til leiðsagnar með hreindýraveiðum og heimild til að nota sexhjól til að sækja hreindýr sem fellt hefði verið fjarri veiðislóð. Síðastnefndu athugasemdirnar lutu annars vegar að því að ekki mætti gera of strangar kröfur vegna aksturs sexhjóla til að sækja veiðibrað utan alfaraleiðar og hins vegar að slík hjól geti valdið náttúruspjöllum. Í tilefni framkominna athugasemda hafa verið gerðar nokkrar breytingar á efni kaflans um hreindýraveiðar. Þannig hefur hreindýraráði verið bætt við þá aðila í 2. mgr. 37. gr. sem Náttúrustofa Austurlands gerir grein fyrir niðurstöðum sínum. Áréttað er í 38. gr. að Umhverfisstofnun bæði úthluti og selji veiðileyfi til hreindýraveiða. Í 2. mgr. 39. gr. er mælt fyrir um að staðfesting á verklegu skotprófi skuli hafa borist Umhverfisstofnun áður en stofnunin gefur út leyfi til hreindýraveiða í stað þess að mæla fyrir um að leyfi skuli hafa borist stofnuninni fyrir tiltekið tímamark. Varðandi áskildar kröfur til leiðsögumanna með hreindýraveiðum þá er nú kveðið á um í 4. tölul. 2. mgr. 40. gr. að umsækjandi um slíkt leyfi skuli sjálfur hafa veitt að minnsta kosti tvö hreindýr auk þess sem í 5. tölul. er nú kveðið á um að umsækjandi hafi tvisvar á sama veiðitímabili leiðsagt undir handleiðslu reynds og starfandi leiðsögumanns og í 7. tölul. er nú gert ráð fyrir að hann þurfi að sýna fram á að hann hafi líkamlega færni til starfans samkvæmt læknisvottorði. Í 3. mgr. er að finna sérstaka málsgrein um endurnýjun á leyfi til hreindýraveiða eftir að gildistími fyrra leyfis er liðinn. Þar er gerð sú krafa að hann hafi leiðsagt í að minnsta kosti tíu ferðum á gildistíma síðasta leyfis. Eins og rakið er í skýringum við greinina þykir eðlilegt að áskilja að leiðsögumaður hafi nýtt og viðhaldið þekkingu sinni á gildistíma síðasta leyfis óski hann endurnýjunar leyfisins. Í 4. mgr. er kveðið á um að Umhverfisstofnun semji námskrá og setji mörk og viðmið fyrir fullnægjandi árangur á prófi fyrir leiðsögumenn með hreindýraveiðum í samráði við Félag leiðsögumanna með hreindýraveiðum. Nokkur fjöldi umsagnaraðila taldi að tryggja þyrfti að námskeið vegna réttinda leiðsögumanna með hreindýraveiðum yrði haldið með reglulegu millibili. Til að koma til móts við þá athugasemd er í 5. mgr. nú gert ráð fyrir að slík námskeið verði haldin á að minnsta kosti 4 ára fresti. Varðandi athugasemdir vegna aksturs sexhjóla til að sækja veiðibrað sem felld hefur verið utan alfaraleiðar þá var ákvæðinu breytt nokkuð með því að heimila leiðsögumanni að taka ákvörðun um slíkan akstur í einstökum tilvikum enda væri ekki hættá á náttúruspjöllum. Ljóst er að erfitt getur verið í sumum tilvikum að óska fyrir fram eftir leyfi Umhverfisstofnunar fyrir slíkum akstri, meðal annars vegna takmarkaðs símasambands á hálendinu. Gert er því ráð fyrir að slík tilkynning skuli því eiga sér stað um leið og færi gefst. Einnig er mælt fyrir um að gera skuli grein fyrir slíkri för í veiðiskýrslum. Áréttað er að þessi takmarkaða heimild nái einungis til leiðsögumanna með hreindýraveiðum, ekki til veiðimanna, og að heimildin gildi ekki um leiðsögnina sjálfa. Varðandi 4. mgr. 41. gr. um viðurlög við brot á skyldum leiðsögumanna með hreindýraveiðum þá er nú gert ráð fyrir að sá sem sviptur er slíkum réttindum vegna brota geti á ný sótt um slíkt leyfi enda uppfylli hann skilyrði 2. mgr. 40. gr., auk þess sem hann hafi að nýju lokið prófi skv. 8. tölul. sömu greinar

Varðandi sölu á veiðifangi og eggjum þá komu fram talvert mismunandi sjónarmið meðal umsagnaraðila. Hluti umsagnaraðila var fylgjandi víðtækum heimildum til að takmarka sölu á veiðibrað jafnvel þannig að slík sala væri alfarið bönnuð, en aðrir töldu að slíkar takmarkanir á sölu ætti ekki að lögfesta nema brýna nauðsyn bæri til. Almennt var þó viðurkennt að sölubann gæti verið áhrifarík leið til að minnka veiðiálag á tilteknum stofnum ef þyrfti. Til að

koma til móts við ólík sjónarmið er í 2. mgr. 48. gr. mælt fyrir um að ráðherra sé heimilt að banna sölu veiðifangi eða eggjum ef hlutaðeigandi stofn eða tegund þoli ekki slíka sölu með sjálfbærum hætti, sbr. 1. mgr. sömu greinar. Greinin mælir því fyrir um að þessa þætti þurfi að skoða og meta áður en ráðherra tekur ákvörðun um að takmarka eða banna sölu slíkra afurða.

Tiltekna athugasemdir umsagnaraðila lutu að ákvæðum um eftirlit og framkvæmd eftirlits. Fram komu sjónarmið og efasemdir um að rétt væri að gera ráð fyrir sérstöku eftirliti með veiðum og að slíkt eftirlit væri best komið í höndum lögreglu í hverju umdæmi fyrir sig. Bent var einnig á að sérstakar valdheimildir þyrfti til að framkvæma slíkt eftirlit með árangursríkum hætti. Í kjölfar samráðs voru nokkrar breytingar gerðar á þeim kafla sem snýr að eftirliti og framkvæmd eftirlits. Helstu breytingarnar felast í að 51. gr. gerir nú ráð fyrir samráði Umhverfisstofnunar við lögreglu í hlutaðeigandi umdæmi um framkvæmd eftirlits innan lögregluumdæmanna á grundvelli eftirlitsáætlunar og um einstök eftirlitsverkefni, auk þess sem skýrar er kveðið á um að Umhverfisstofnun skuli við framkvæmd eftirlits leita aðstoðar lögreglu hafi stofnunin rökstuddan grun um að framið hafi verið brot sem rannsaka þurfi frekar.

Athugasemdir komu frá nokkrum samráðsaðilum um að gjaldtaka vegna veiðikorta væri skattur og því óeðlilegt að hún fylgi breytingum á vísitölu. Athugasemdir lutu einnig að því að ekki væri gert ráð fyrir að gjöld vegna veiðikorta rynnu í sérstakan veiðikortasjóð sem gerði tillögur um úthlutun úr sjóðnum. Einnig komu fram ábendingar um að rétt væri að arður vegna veiða á hreindýrum sem innheimtur væri af jörðum í ríkiseigu rynni til Félags leiðsögumanna með hreindýraveiðum. Í framhaldi af samráði hefur 55. gr. verið breytt þannig að ekki er gert ráð fyrir vísitölubindingu gjalds vegna veiðikorta. Jafnframt hefur sú breyting verið gerð á ákvæðinu að gert er ráð fyrir að ráðherra skipi sérstakan samráðshóp hagaðila sem komi að tillögum Umhverfisstofnunar um tillögur að fjárveitingum til tiltekinna verkefna samkvæmt greininni. Ítarlega er farið yfir þessa breytingu í skýringum við greinina.

6. Mat á áhrifum.

Gert er ráð fyrir að lögfesting frumvarpsins leiði til aukins rekstrarkostnaðar hjá Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun.

Hvað Náttúrufræðistofnun Íslands varðar má gera ráð fyrir að fjölga þurfi starfsmönnum um sem svarar einu stöðugildi og að árlegur viðbótarkostnaður sé um 15 millj. kr.

Hjá Umhverfisstofnun má gera ráð fyrir að fjölga þurfi starfsmönnum um sem nemur þremur stöðugildum og að árlegur viðbótarkostnaður geti legið á bilinu 45–50 millj. kr. Gert er ráð fyrir að hluti af kostnaði Umhverfisstofnunar vegna veiðistjórnunar greiðist með fjárveitingum sem tengjast tekjum af veiðikortum sbr. 1. tölul. 55. gr.

Ekki er gert ráð fyrir að lögfesting frumvarpsins leiði til frekari aukinna útgjalda hjá ríkissjóði eða sveitarfélögum og að viðbótarkostnaður hjá Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun rúmist innan fjárheimilda á málefnaviði 17 Umhverfismál.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er að finna helstu markmið sem stefnt er að. Markmiðsákvæðin eru að nokkru leyti samhljóða þeim meginreglum eða megin sjónarmiðum sem nefnd um lagalega og stjórnsýslulega stöðu villtra fugla og villtra spendýra byggði á við tillögugerð sína. Í heild má segja að markmiðsákvæðið byggist á því að hið villta dýralíf landsins skuli hafa sjálfstæðan tilveru- grundvöll og að meginreglan sé að villtir fuglar og villt spendýr og búsvæði þeirra séu friðuð

og njóti verndar. Gert er ráð fyrir að hægt sé að víkja frá þeirri meginreglu á grundvelli sjónarmiða um sjálfbæra nýtingu eins og t.d. nytjaveiðum eða þegar villtir fuglar eða villt spendýr valda tjóni. Í báðum tilvikum er lagt til að haldbær, fagleg og vísindaleg gögn liggi fyrir áður en slíkar ákvarðanir eru teknar.

Um 2. gr.

Í greininni kemur fram að ákvæðið taki til allra villtra fugla og villtra spendýra á íslensku yfirráðasvæði, hvort sem er á landi eða sjó að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands, nema hvala og sela.

Í 3. mgr. 2. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, kemur fram að löggin nái til efnahagslögsögu Íslands. Skv. 3. gr. laga um landhelgi, aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979, er efnahagslögsaga skilgreint svo: „Efnahagslögsaga Íslands er svæði utan landhelgi sem afmarkast af línu sem alls staðar er 200 sjómílur frá grunnlínum landhelginnar (...).“ Í greininni er lögð til breyting á gildissviðinu þannig að löggin, verði þau samþykkt, nái til íslensks yfirráðasvæðis, hvort sem er á landi eða sjó að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands.

Hvalir og selir eru undanskildir gildissviðsákvæði eins og í gildandi lögum.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 4. gr.

Í 4. gr. er lögð áhersla á stefnumótunarhlutverk ráðherra í málaflokknum ásamt því að hann fari með yfirstjórn mála er varða friðun, vernd og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Um 5. gr.

Í greininni er fjallað um hlutverk stofnana og lagt til að Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands skuli vera ráðherra til ráðgjafar um framkvæmd laganna og gera tillögur varðandi friðun, vernd og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum eftir því sem nánar er mælt fyrir um eða ráðherra óskar sérstaklega eftir, auk annarra verkefna sem stofnununum kunna að verða sérstaklega falin. Þessi grein er að mestu í samræmi við sambærilegt ákvæði 2. mgr. 3. gr. gildandi laga.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. kemur fram sú megináhersla að Náttúrufræðistofnun Íslands gegni fyrst og fremst sérstöku vöktunar- og rannsóknarhlutverki vegna villtra fugla og villtra spendýra. Þar hefur stofnunin t.d. veigamiklu hlutverki að gegna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar varðandi þá þætti sem heyra undir verkefni hennar, sbr. 3. mgr. Í 16. gr. er auk þess mælt fyrir um aðra þætti sem snúa að stofnuninni varðandi gerð stjórnunar- og verndaráætlana. Í greininni er meðal annars kveðið á um að Náttúrufræðistofnun Íslands meti stofnstærð, verndarstöðu og verndarþörf tegunda. Kveðið er á um skyldu til að gera vöktunaráætlanir vegna þeirra tegunda sem friðun hefur verið létt af og heimild veitt til veiða eða annarra nytja. Mikilvægt er að slíkar tegundir eða stofnar sæti ákveðinni og skilvirkri vöktun með tilliti til stýringar á nytjaveiðum og veiða til varnar tjóni.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um hlutverk stofnunarinnar við að vinna, uppfæra og birta válista yfir villta fugla og villt spendýr. Henni er jafnframt ætlað það hlutverk að birta lista yfir

ábyrgðartegundir villtra fugla og villtra spendýra sem Íslendingar bera sérstaka ábyrgð á samkvæmt alþjóðlegum samningum.

Í 4. mgr. er kveðið á um tiltölulega opna heimild stofnunarinnar til að vinna að verkefnum sínum í samstarfi eða samráði við náttúrustofur, háskóla eða aðra rannsóknaraðila eftir því sem aðstæður eða verkefni gefa tilefni til. Mikilvægt er að stofnunin hafi heimildir til að vinna að einstökum verkefnum í slíku samstarfi enda hafa slíkir aðilar oft yfir að ráða mikilli þekkingu og sérhæfingu á tilteknum þáttum er snúa að villtum fuglum og villtum spendýrum.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um almennt hlutverk Umhverfisstofnunar. Lagt er til talsvert viðtækara hlutverk stofnunarinnar við framkvæmd laganna en gert er ráð fyrir í gildandi lögum. Í mörgum tilvikum hefur stofnunin hins vegar sinnt hluta af þeim verkefnum sem fjallað er um í greininni og lagt er til að verði lögfest. Í greininni kemur fram að gert sé ráð fyrir að Umhverfisstofnun hafi með höndum umsjón og eftirlit með framkvæmd laganna og stjórn aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á vernd tegunda, stofnstærð og útbreiðslu villtra fugla og villtra spendýra og aðgerðum til að koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum.

Í 2. mgr. er kveðið á um hlutverk Umhverfisstofnunar í tengslum við almenna veiðistjórnun, þ.m.t. umsjón með veiðum og námskeið vegna veiða, útgáfu veiðikorta, við veiðar, fræðslu- og leiðbeiningar vegna veiða og aðgerða til að varna tjóni, auk þess að veita tíma- bundnar undanþágur til veiða meðal annars í því skyni að varna tjóni.

Í 3. mgr. er kveðið á um hlutverk Umhverfisstofnunar við eftirlit með framkvæmd veiða, þ.e. veiðieftirlits og söfnunar upplýsingar.

Í 4. mgr. er kveðið á um hlutverk Umhverfisstofnunar í tengslum við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar. Lagt er til að bæði Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands komi að gerð stjórnunar- og verndaráætlana. Gert er ráð fyrir að Náttúrufræðistofnun Íslands sjái alfarið um þann hluta áætlunarinnar sem byggist á verksviði Náttúrufræðistofnunar Íslands og snýr að rannsóknum og vöktun einstakra tegunda og mati stofnunarinnar á ástandi stofna út frá slíkum gögnum. Stjórnunarþáttur áætlunarinnar er hins vegar á hendi Umhverfisstofnunar og skal byggjast á þeim þætti áætlunarinnar sem Náttúrufræðistofnun Íslands ber ábyrgð á. Kveðið er á um í greininni að Umhverfisstofnun vinni að þeim þáttum áætlunarinnar sem heyra undir verksvið hennar. Þrátt fyrir að stofnanirnar beri ábyrgð á mismunandi þáttum í áætluninni er mikilvægt að skýrt liggi fyrir hver beri ábyrgð á heildaráætluninni sjálfri og gerð hennar. Því er lagt til að Umhverfisstofnun verði sá aðili sem beri ábyrgð á gerð og vinnslu heildaráætlunar einstakra tegunda og sjái um að koma henni til ráðherra til skoðunar og samþykktar.

Í 5. mgr. er að finna heimild fyrir stofnunina að vinna að verkefnum sínum samkvæmt greininni í samstarfi og samráði við stofnanir, rannsóknaraðila eða hagsmunasamtök á hlutaðeigandi sviðum eftir því sem aðstæður eða verkefni gefa tilefni til. Í sumum af þeim verkefnum sem stofnunin hefur með höndum er mikilvægt að hafa skýra heimild til að eiga samráð og samvinnu við þá aðila sem lagt geta þekkingu sína á vogaskálar við stefnumörkun og framkvæmd verkefnanna.

Um 8. gr.

Að mörgu leyti er um að ræða efnislega sambærilega samráðsheimild og er að finna í 4. mgr. 3. gr. gildandi laga. Þó er lagt til að ekki verði um að ræða fortakslausa skyldu til að viðhafa alltaf samráð við alla þá aðila sem taldir eru upp í greininni. Rétt er talið að hægt verði

að einskorða slíkt samráð við þá aðila sem eru líklegustu hagaðilarnir í einstökum tilvikum. Þannig kann í dæmaskyni t.d. að vera ónauðsynlegt að hafa samráð við Fuglavernd um málefni sem snúa eingöngu að hreindýrastofninum. Leiki hins vegar einhver vafi á því hvort hafa skuli samráð við tiltekna hagaðila er eðlilegt að slíkum aðila sé boðið að taka þátt í slíku samráði frekar en ekki.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um þá meginreglu að allir villtir fuglar og villt spendýr, þar með talin þau dýr sem koma reglulega eða kunna að berast til landsins af sjálfsdáðum, séu friðuð nema annað sé tekið fram í lögnum eða að friðun hafi verið aflétt. Þessi friðun nær einnig til eggja villtra fugla og hreidra þeirra á varptíma. Þetta ákvæði er efnislega sambærilegt ákvæði 1. mgr. 6. gr. gildandi laga. Minkar njóti þó ekki friðunar og sama gildir um rottur og mýs í og við híbýli, sbr. 1. mgr. 15. gr. gildandi laga. Er það í samræmi við meginreglu gildandi laga, sbr. 1. mgr. 13. gr. og 1. mgr. 15. gr. Ekki er talin ástæða til sérstakra breytinga þar á.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ráðherra sé heimilt með reglugerð að eigin frumkvæði eða að fenginni tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar að kveða á um aukna vernd eða sértæka friðun ákveðinna tegunda villtra fugla og villtra spendýra ef ástæða er til. Eðlilegt er talið að ráðherra hafi slíka heimild t.d. í þeim tilvikum að nauðsynlegt er talið að bregðast þurfi skjótt við og ekki er talið ráðlegt að bíða endurskoðaðrar stjórnunar- og verndaráætlunar áður en taka þarf ákvörðun um aukna vernd eða sértæka friðun.

Um 10. gr.

Í greininni eru tekin saman í eina grein helstu ákvæði gildandi laga sem snúa að verndun villtra fugla og villta spendýra og búsvæða þeirra auk þess sem lagðar eru til ákveðnar breytingar í átt til aukinnar verndar frá gildandi lögum.

Í 1. mgr. er kveðið á um að við gerð skipulagsáætlana, og ákvarðana um landnotkun og ferðir almennings um náttúruna skuli eins og kostur er taka tillit til villtra fugla og villtra spendýra og búsvæða þeirra. Greinin er sambærileg 2. másl. 2. mgr. 6. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að bætt hefur verið við að við ferðir um náttúruna beri einnig að taka tillit til villtra dýra.

Í 2. mgr. er kveðið á um að forðast skuli alla óþarfa truflun á dýralífi og röskun á búsvæðum, lykilbúsvæðum og lykilstöðum. Ljóst er að ýmsar athafnir manna geta valdið truflun eða röskun á slíkum svæðum, en með ákvæðinu er lögð áhersla á að slíkri truflun eða röskun sé haldið í lágmarki og að hún eigi sér ekki stað að óþörfu. Í greininni er að finna nýmæli á þann veg að eigendum eða ábyrgðaraðilum hunda og katta beri að virða friðhelgi fugla á búsvæðum, lykilbúsvæðum og lykilstöðum um varptímann og gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að forða tjóni og röskun af þeirra völdum. Mikilvægt er að kveðið sé á um aðgæsluskyldu í þessa veru enda geta slík dýr valdið umtalsverðu tjóni sé ekki hugað að ráðstöfunum til að koma í veg fyrir umferð þeirra um slík svæði á varptíma.

Í 3. mgr. er kveðið á um sérstaka vernd fuglabjarga og fuglabýggða á varptíma. Um er að ræða nokkrar efnisbreytingar frá 4. mgr. 17. gr. gildandi lag þar sem er að finna almennt ákvæði um vernd fuglabjarga. Í þessari grein er lagt til að gildandi ákvæði verði víkkað nokkuð þannig að það taki ekki einungis til fuglabjarga heldur einnig mikilvægra fuglabýggða. Mikilvægt er að slík búsvæði njóti sambærilegrar verndar og fuglabjörg. Erfitt er að átta sig á hvaða svæði geti fallið undir greinina enda geta t.d. mjög margir staðir á landinu fallið að einhverju marki undir hugtakið fuglabýggðir svo dæmi sé tekið. Gert er því ráð fyrir að hægt verði að telja upp og tilgreina í reglugerð mikilvægustu fuglabýggðir og fuglabjörg landsins

sem ákvæði þessu yrði ætlað að taka til. Í greininni er kveðið á um að óheimilt sé að þeyta flautur, fljúga þyrlum, flygildum eða öðrum loftförum og sigla hávaðamiklum skipum eða bátum eða vera með annan hávaða að óþörfu á varptíma við þessi mikilvægu búsvæði villtra dýra innan þeirra fjarlægðarmarka sem gert er ráð fyrir að heimilt verði að skilgreina í reglugerð. Flygildi (drónar) höfðu ekki rutt sér til rúms með jafn almennum hætti og nú er þegar gildandi lög voru sett. Einnig hefur á síðari árum borið nokkuð á truflun á slíkum stöðum af völdum hljóðmikilla báta og skipa sem nýtt eru til skoðunarferða. Í greininni er alls ekki lagt til fortakslaust bann við siglingum á slíkum svæðum heldur lagt til að slíkar siglingar valdi ekki meiri truflun á slíkum búsvæðum en nauðsyn ber til og að hægt verði í reglugerð að mæla fyrir um ákveðin viðmið um hávaða frá slíkum farartækjum og fjarlægð frá þessum svæðum. Að lokum er í málsgreininni kveðið á um að ekki sé heimilt á varptíma að hleypa af skoti á sjó nærri fuglabjörgum og mikilvægum fuglabyggðum en 2 km. Í 4. gr. 17. gr. gildandi laga er mælt fyrir um að þessi fjarlægð skuli vera 500 metrar á sjó. Talið er að sú fjarlægð sé í mörgum tilvikum of lítil enda geta skothljóð borist langar leiðir og magnast t.d. í grennd við sjávarhamra. Þessi breyting er í samræmi við þær tillögur sem lagðar voru til í villidýraskýrslunni auk þess sem fjarlægðarmörkin eru í samræmi við fjarlægðarmörk gildandi laga um skot við friðlýst æðarvörp, sbr. 20. gr. gildandi laga. Lagt er hins vegar til að fjarlægð skota á landi verði óbreytt, eða 200 metrar, sbr. 5. mgr. 17. gr. gildandi laga.

Í 4. mgr. er að finna ákvæði sem er í samræmi við 5. mgr. 17. gr. gildandi laga sem leggur bann við veiðum á fuglum í sárum. Í 10. gr. er jafnframt kveðið á um að einnig verði óheimilt að veiða ófleyga unga. Ljóst er að sú hefð að veiða ófleyga unga til matar er að miklu leyti hverfandi. Slíkar veiðar stangast auk þess á við ýmsa alþjóðlega samninga sem Ísland er aðili að. Hér má nefna að slíkar veiðar eru bæði andstæðar Parísarsamningnum og Bernarsamningnum. Telja verður auk þess að bæði siðferðisrök og dýravelferðarsjónarmið mæli með banni við slíkum veiðum enda á ófleygur ungi sér enga undankomuleið frá veiðimanni ólíkt fullvöxnum fleygum fuglum. Þessi breyting er í samræmi við þær tillögur sem lagðar eru til í villidýraskýrslunni.

Um 11. gr.

Kveðið er á um velferð villtra fugla og villtra spendýra í 11. gr. Ljóst er að lög um velferð dýra, nr. 55/2013, gilda um villta fugla og villt spendýra auk villinga. Þrátt fyrir það þykir rétt að einnig sé kveðið á um velferð þeirra í frumvarpi þessu þar sem það fjallar að stórum hluta einnig um veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Í 1. mgr. er kveðið á um að skylt sé að sýna villtum fuglum og villtum spendýrum hvar sem er á landinu nærgætni og tillitssemi og fordast óþarfa truflun, röskun eða meðhöndlun. Greinin mælir þannig ekki fyrir um að öll truflun, röskun eða meðhöndlun sé ávallt óheimil, heldur er áherslan lögð á að óheimilt sé að valda truflun eða röskun á dýralífi ef það er ónauðsynlegt eða óþarft. Þannig er t.d. ljóst að lögmæt inngríp í náttúruna, eins og t.d. dýraveiðar á grundvelli laganna, lögmæt merkingar dýra, eða þegar særðu dýri er veitt neyðarhjálp geta valdið bæði röskun og truflun. Hér verður hins vegar að hafa í huga að slík röskun eða truflun yrði ekki metin óþörf í skilningi þessarar greinar enda hefur hún lögmætan tilgang.

Í 2. mgr. er kveðið á um að við alla nauðsynlega meðhöndlun eða afskipti af villtum fuglum og villtum spendýrum skuli þess gætt eins og kostur er að meðferð þeirra sé réttlætánleg og að þau verði ekki fyrir óþarfa þjáningu eða hræðslu. Í framangreindum málsgreinum felst viðurkenning á því að dýr séu skyni gæddar verur sem hafa sjálfstæðan tilverurétt óháð því hvernig þau nýtast mannum fjárhagslega eða efnahagslega. Þetta sjónarmið liggur einnig til grundvallar lögum um velferð dýra og er jafnframt mikilvægt leiðarljós við túlkun einstakra

ákvæða. Lögð er áhersla á að dýr séu lifandi verur sem geta fundið til sársauka og vanlíðunar og að taka beri tillit til þess við alla nauðsynlega meðhöndlun eða afskipti af þeim. Þegar um slík lögmat inngríp er að ræða þá er í 2. mgr. kveðið á um að þess skuli gætt eins og kostur er að meðferð þeirra sé samt sem áður réttlætunleg og að dýrin verði ekki fyrir óþarfa þjáningu eða hræðslu. Hér er því áhersla lögð á að þegar lögmatar ástæður liggja til grundvallar slíkum inngrípum skuli reynt að valda dýrunum eins litlum þjáningum og unnt er miðað við þau inngríp sem heimil eru.

Í 3. mgr. er í samræmi þau sjónarmið sem reifuð eru varðandi 1. og 2. mgr. áréttuð sú meginskylda veiðimanna við veiðar eða aflifun villtra fugla eða villtra dýra að gera það mannúðlega og að ávallt skuli reyna að aflífa dýr á skjótan og sársaukalausán hátt. Við veiðar er jafnframt óheimilt að valda dýri óþarfa limlestingum eða kvölum. Ljóst er að við veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum er aldrei hægt að tryggja með öruggum eða óyggjandi hætti að dýr verði aflífað á skjótan hátt enda geta skot misheppnast þannig að nauðsynlegt er að gera fleiri tilraunir til að ná veiðidýri eða að veiðidýr komist sært undan veiðunum. Ákvæðið mælir hins vegar fyrir um það að veiðimaður skuli gera allt sem í hans valdi stendur til að reyna að tryggja að dýrið verði aflífað á skjótan og sársaukalausán hátt. Þessi skylda er jafnframt áréttuð í 25. gr. ásamt þeirri skyldu veiðimanns til að elta sært veiðidýr uppi jafnvel þótt hann þurfi að fara inn á eignarland þar sem hann hefur ekki heimild til að veiða til að ná hinu særða veiðidýri.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um að óheimilt sé að fanga eða halda villt dýr nema til að veita þeim tímabundna neyðaraðstoð eða sérstök heimild hafi fengist til þess í lögum. Ljóst er að nauðsynlegt getur verið að fanga villt dýr til að veita því nauðsynlega aðstoð. Í dæmaskyni um lögmeta föngun til að veita dýri tímabundna neyðaraðstoð má t.d. nefna þann síð barna og ungmenna í Vestmannaeyjum að bjarga ósjálfbjarga lundapysjum í ágústmánuði ár hvert og sleppa í sjó. Í öllum tilvikum ætti að freista þess að sá tími sem líður þar til dýr er fangað og þar til því er sleppt að nýju sé eins skammur og unnt er. Villt dýr sem haft er í haldi um langt skeið getur auðveldlega orðið of háð manningum með þeim afleiðingum að það kemst ekki af í náttúrunni á nýjan leik. Jafnframt er mælt fyrir um það að við lögmeta föngun dýra sé óheimilt að beita aðferðum sem valda dýrinu limlestingum eða kvölum.

Í 5. mgr. þykir rétt að áréttuð að koma skal sjúku, særðu eða bjargarlausu villtu dýri til bjargar, jafnvel þótt einnig sé kveðið á um það í 7. gr. laga um velferð dýra. Mikilvægt er að kveðið sé einnig á um þessa hjálparskyldu í löggjöf um veiðar á villtum dýrum.

Um 12. gr.

Ekki var talin þörf á að breyta 19. gr. gildandi laga um erni nema að litlu leyti. Greinin er skýr að flestu leyti og hefur verið talin veita hreiðurstæðum arna fullnægjandi vernd. Í stað þess að nota „100 m hringmál“ eins og er í gildandi lögum er hins vegar lagt til að notað sé „100 m fjarlægð frá hreiðurstæð“. Miklu skiptir að ekki sé vafi eða misskilningur um fjarlægðarmörk þau sem liggja til grundvallar vernd hreiðra og hreiðurstæða arna. Svo virðist sem almennt hafi þetta ákvæði verið skilið þannig að átt sé við 100 m rás en hringmál er einnig hægt að skilja sem ummál hrings. Ljóst er að miðað við þann skilning þá verður að telja það ófullnægjandi vernd slíkra hreiðra. Varðandi undanþágu frá banni við röskun amarrhreiðra, svo sem vegna lagningar þjóðvega eða annarrar mannvirkjagerðar í almannapágu, er lagt til að mat á umhverfisáhrifum ásamt umsögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar liggja fyrir áður en ráðherra tekur ákvörðun í slíku máli. Í gildandi lögum er kveðið á um að Náttúrufræðistofnun Íslands skuli halda skrá yfir hreiðurstæði arna og að fara skuli með allar upplýsingar úr skránni sem trúnaðarmál. Í greininni er auk þess lagt til að ákvæði

upplýsingalaga skuli ekki taka til skrárinnar. Mikilvægt er til að friðun þessara fugla sé ekki raskað með þeim hætti að óviðkomandi aðilar geti á grundvelli ákvæða upplýsingalaga óskað eftir gögnum frá opinberum stofnunum um nákvæma staðsetningu arnarhreiðra.

Um 13. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að ráðherra sé heimilt í reglugerð að veita hreiðurstæðum og búsvæðum annarra sjaldgæfra villtra fuglategunda sambærilega eða svipaða vernd og mælt er fyrir um í 12. gr. varðandi hreiðurstæði arna. Gert er ráð fyrir að Náttúrufræðistofnun Íslands geti gert tillögu til ráðherra um slíka friðun og vernd annarra sjaldgæfra villtra fugla og að leitað sé umsagnar Umhverfisstofnunar um málið. Mikilvægt er að fyrir hendi sé skýr heimild til handa ráðherra til að veita hreiðurstæðum og búsvæðum t.d. fálka, snæglu eða annarra sjaldgæfra og viðkvæmra fugla og fuglum sem metnir eru í mikilli hættu á válistum sambærilega vernd ef nauðsynlegt þykir.

Í 2. mgr. er lagt til að ráðherra geti í reglugerð sett tilteknar umgengnisreglur um búsvæði og vistgerðir annarra villtra fugla ef slíkum stofnum eða tegundum stafi sérstök ógn af mannaferðum eða umferð eða eru sérstaklega viðkvæm fyrir raski. Hér er ekki endilega nauðsynlegt að um sé að ræða sérstaklega sjaldgæfa tegund eins og fjallað er um í 1. mgr. heldur meira horft til þess hvort tegundin eða stofninn sé í eðli sínu viðkvæm fyrir umferð eða raski, t.d. á varptíma. Gert er ráð fyrir að ekki verði um eiginlega friðun að ræða eins og t.d. varðandi hreiðurstæði arna, eða sérstaka varanlega búsvæðafriðun samkvæmt náttúruverndarlögum, heldur er frekar verið að hugsa um tiltölulega einfalt og skilvirkt úrræði þar sem hægt er að setja sérstakar umgengnisreglur um tiltekið búsvæði eða vistgerð og hægt er að grípa til með stuttum fyrirvara ef þörf verður á.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um, eins og í gildandi lögum, að almenna reglan sé sú að hvítabirnir eru friðaðir á landi, hafis og sundi.

Ljóst er hins vegar að hvítabirnir eru óútreiknanlegir og við vissar aðstæður geta þeir verið einstaklega hættulegir. Því er nauðsynlegt að fyrir hendi sé skýrt ferli til að taka á málum þegar fólki stafar hættu af hvítabjörnum eða ljóst er að það stefnir í slíka hættu. Í 2. mgr. er því kveðið á um að skylt sé að tilkynna komu hvítabjarna þegar í stað til lögreglu. Jafnframt er kveðið skýrt á um það að ákvörðunarvaldið til að fella hvítabjörn sem fólki er talin hættu af sé ávallt hjá lögreglu í hlutadeigandi umdæmi. Enginn vafi má leika á því að skýr heimild sé fyrir hendi fyrir lögreglu í hlutadeigandi umdæmi að taka ákvörðun um að fella slíkt dýr, þrátt fyrir friðun þess, meti hún það svo að fólki stafi hættu af hvítabirni. Almenn tekur lögreglustjórinn í hlutadeigandi lögregluumdæmi slíka ákvörðun, en ekki er rétt að útiloka að einstakir lögreglumenn kunni að þurfa að taka ákvörðun um að fella hvítabjörn ef aðstæður eru þannig að enginn tími vinnst til að bregðast við á annan hátt. Ef tækifæri gefst til verður að telja eðlilegt að lögreglan leiti faglegra ráðlegginga eða aðstoðar hjá þeim sem fara með framkvæmd þessara laga, verði frumvarpið óbreytt að lögum.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ef það er mat lögreglu að ekki þurfi tafarlaust að grípa til úrræða skv. 2. mgr. þá sé Umhverfisstofnun heimilt að láta fanga hvítabjörn og flytja á stað þar sem ekki er talin stafa hættu af honum. Til slíkra flutninga getur tæpast komið nema hann sé talinn raunhæfur og að fyrir hendi sé öruggur viðtökustaður fyrir hvítabjörninn. Slíkur viðtökustaður hlýtur eðli máls samkvæmt að vera annars staðar en á Íslandi. Ljóst er að til að unnt sé að virkja þetta ákvæði þarf að vera til viðeigandi búnaður til flutnings á hvítabjörnum. Með ákvæðinu er ekki lögð sérstök skylda á Umhverfisstofnun til að koma sér upp slíkum búnaði

og viðhalda honum vegna þessa ákvæðis enda bæði um að ræða dýran búnað auk deyfilyfja sem hafa takmarkaðan líftíma og endurnýja þarf reglulega. Rétt þykir þó að slík heimild sé áfram til staðar í lögum ef upp kemur sú staða að Umhverfisstofnun eignist slíkan búnað eða ef t.d. alþjóðasamtök sem hafa yfir rétta búnaðinum að ráða auk þekkingar og reynslu til slíkrar föngunar og flutnings, óski eftir aðkomu að slíkum aðgerðum og öruggur viðtökustaður fyrir slík dýr sé fyrir hendi. Eins og fram kemur í skýrslu nefndar um viðbrögð við komu hvítabjarna til landsins, sem skipuð var í júní 2008, virðast þeir hvítabirnir sem hingað koma almennt vera hluti austur-grænlenzka hvítabjarnarstofnsins. Í skýrslunni kemur fram að ekki virðast vera sérstök stofnstærðarrök fyrir björgun hvítabjarna sem villast til Íslands enda sé árlega gefin út veiðikvóti fyrir þennan stofn hvítabjarna á Grænlandi. Í stað þess að fanga slík dýr, væntanlega með miklum tilkostnaði, geti því verið skynsamlegra að fella þau, a.m.k. á meðan stofnstærðarsjónarmið mæla ekki með slíkri björgun. Í skýrslunni er meðal annars vísað til helsta sérfræðings Dana um hvítabirni ásamt Hvítabjarnaráðinu (IUCN) sem telja að litlu skipti fyrir þennan stofn þótt einstaka dýr séu felld á Íslandi.

Í 4. mgr. er kveðið á um það að afhenda skuli Náttúrufræðistofnun Íslands hvítabirni sem felldir hafa verið til athugunar og ráðstöfunar, enda greiði ríkissjóður áfallinn kostnað við að fella björninn. Efnislega sambærilegt ákvæði er að finna 4. mgr. 16. gr. gildandi laga um heimild til handa ráðherra að krefjast þess að felldur hvítabjörn sé afhentur gegn greiðslu á áföllnum kostnaði.

Um 15. gr.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur á undanförmum árum unnið valista yfir tegundir villtra fugla og villtra spendýra í lífríki Íslands sem eiga undir högg að sækja eða eru taldar vera í hættu. Á alþjóðavettvangi ganga slíkir valista einnig undir nafninu „rauðir listar“ (e. Red Lists). Þeir eru mikilvæg forsenda náttúruverndar víða um heim og hafa flestar þjóðir sem Íslendingar bera sig saman við útbúið slíka lista fyrir algengustu hópa lífvera. Við gerð valista hefur stofnunin stuðst við viðmið Alþjóðanáttúruverndarsambandsins, IUCN, en þau viðmið gera kröfur um nokkuð nákvæma vitneskju um útbreiðslu tegunda, fjölda dýra og stofnstærðarbreytingar. Þrátt fyrir að stofnunin hafi unnið að gerð slíkra lista er mikilvægt með hliðsjón af alþjóðlegu mikilvægi þeirra að þeir fái jafnframt ákveðinn sess í íslenskum lögum. Valista geta gefið vísbendingu um að vanda þurfi sérstaklega til ákvarðana sem teknar eru og haft geta áhrif á umrædda tegund með einhverjum tilteknum hætti. Valisti á þannig að geta verið mikilvægt gagn vegna ýmissa ákvarðana sem daglega eru teknar í samfélaginu og snúið geta að lífríkinu. Þannig geta valista væntanlega skipt máli við ákvarðanatöku, t.d. vegna framkvæmda og sem eitt af því sem fjalla þarf um við mat á umhverfisáhrifum vegna þeirra. Þeir geta einnig skipt máli við mat á því hvort heimila eigi veiðar úr einstökum stofnum. Hafa þarf þó í huga að þótt tegund sé á valista er ekki þar með sagt að veiðar á henni séu sjálfkrafa útilokaðar enda getur tegundin verið á valista vegna allt annarrar ástæðu en ofveiði. Skoða þarf hvers vegna tilteknar fugla- og dýrategunda eru á slíkum valistum, í hvaða flokk dýrin eru metin auk fjölda annarra atriða. Þannig kunna tilteknir stofnar eða tegundir að vera metnar í bráðri hættu á alþjóðlegum valistum þótt viðkoma þeirra hérlendis sé í jafnvægi. Þótt valista séu hluti af gögnum sem tekin verða til skoðunar við gerð stjórnunar- og verndaráætlana þá liggur hins vegar fyrir að það er í stjórnunar- og verndaráætlunum sem eiginlegt mat er lagt á að hvaða marki veiðar hafi áhrif á stofnþróun tegundarinnar og hvort hún þoli veiðar. Í 1. mgr. er því lagt til að sérstaklega verði kveðið á um að Náttúrufræðistofnun Íslands skuli taka saman og birta á vef sínum valista um villta fugla og villt spendýr á grundvelli alþjóðlega viðurkenndra staðla og leiðbeininga um gerð slíkra lista. Þar sem mikilvægt er að slíkir listar

séu reglulega uppfærðir miðað við nýjustu og bestu upplýsingar er kveðið á um að stofnunin skuli endurmeta þá á fimm ára fresti eða oftar ef þörf er talin á.

Í 2. mgr. er kveðið á um að þegar tegund eða stofn er færður af eða á válista eða flokkun breytt skuli Náttúrufræðistofnun birta greinargerð með rökstuðningi ásamt yfirliti yfir þau gögn sem ákvörðunin er byggð á við slíka uppfærslu. Telja verður rétt og eðlilegt að rökstuðningur og yfirlit fylgi með slíkum breytingum enda geta upplýsingarnar veitt mikilvægar upplýsingar um þróun hlutaðeigandi tegundar eða stofns.

Um 16. gr.

Til að tryggja að þær ákvarðanir sem teknar eru um nýtingu eða vernd á villtum fuglum eða villtum spendýrum byggji á haldbærum, faglegum og vísindalegum upplýsingum, er lagt til í 1. mgr. að stjórnunar- og verndaráætlanir verði gerðar fyrir allar tegundir eða stofna villta fugla og villtra spendýra. Ákvæði um stjórnunar- og verndaráætlanir er ekki að finna í gildandi lögum. Með gerð slíkra áætlana er reynt að tryggja að allar nauðsynlegar upplýsingar liggi fyrir um einstakar tegundir eða stofna villtra dýra áður en opinberir aðilar taka ákvarðanir. Gerð slíkra áætlana er jafnframt mikilvægur liður í stýringu á nýtingu stofna villtra fugla og villtra spendýra sem hluta af auðlindum landsins. Ljóst er að sambærileg stýring hefur átt sér stað um langt skeið á öðrum stöðum innan stjórnkerfisins, t.d. varðandi auðlindir sjávar þar sem Hafrannsóknarstofnun rannsakar og leggur mat á auðlindirnar og sjálfbæra nýtingu þeirra og veitir ráðherra ráðgjöf þar að lútandi áður en tekin er ákvörðun um kvóta til veiða. Fiskistofa fer síðan með framkvæmd og eftirlit með þeirri nýtingu auðlindarinnar sem stunduð er á grundvelli ákvörðunar ráðherra. Þótt stjórnunar- og verndaráætlunin sé ein heildstæð áætlun þá er hins vegar gert ráð fyrir að hún sé í grunninn byggð á tveimur meginþáttum eins og kemur fram í 2. og 3. mgr. þessarar greinar. Í greininni er lagt til að Umhverfisstofnun skuli hafa umsjón með gerð og skilum á stjórnunar- og verndaráætlun til ráðherra til yfirferðar, samþykktar og birtingar þannig að það verkefni sé á höndum eins skilgreinds aðila innan stjórnsýslunnar. Í greininni felst jafnframt að ráðherra þarf að samþykkja áætlunina áður en hægt er að vinna eftir henni. Gert er því ráð fyrir að í slíku ferli yfirfari ráðherra áætlunina og geti lagt til breytingar, viðbætur eða frekari skoðun á henni. Ráðherra getur einnig lagt til ákveðnar tillögur t.d. varðandi þær heimildir sem Umhverfisstofnun gerir ráð fyrir að stofnunin hafi til afléttingar friðunar. Samþykki ráðherra áætlunina er gert ráð fyrir að slík áætlun verði birt opinberlega þannig að almenningur og hagsmunaaðilar geti kynnt sér þær forsendur sem byggj er á í áætluninni.

Í 2. mgr. er lagt til að Náttúrufræðistofnun Íslands sem samkvæmt lögum um stofnunina stundar grunnrannsóknir í dýrafræði og náttúru Íslands sjái um þann hluta áætlunarinnar sem snýr að mati á stofnstærð, stofnþróun, útbreiðslu, viðkomu, flokkun á válista, veiðipoli og ákjósanlegri verndarstöðu og verndarþörf hlutaðeigandi tegundar eða stofns og breytingar þar á. Hér er um að ræða matskennda þætti sem snúa að þeim grunnrannsóknum sem stofnunin sinnir samkvæmt lögum og verða hin faglega undirstaða þeirra ákvarðana sem teknar er í framhaldinu á grundvelli stjórnunar- og verndaráætlana.

Í 3. mgr. er kveðið á um hlutverk Umhverfisstofnunar við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar. Skal stofnunin leggja til nauðsynlegar verndar- og stjórnunaraðgerðir, byggðar á gögnum skv. 2. mgr. til að stuðla að ákjósanlegri verndarstöðu, ásamt tillögu um hvernig standa beri að nýtingu eða veiðum ef við á og aðgerðum til að bregðast við tjóni. Í meginatriðum er gert ráð fyrir að Umhverfisstofnun fari með stjórnsýslu þessa málaflokks. Því er gert ráð fyrir að við gerð stjórnunar- og verndaráætlana byggji Umhverfisstofnun á mati Náttúrufræðistofnunar Íslands, sbr. 2. mgr., sem stofnunin leggur fram á grundvelli rannsókna

og vöktunar hennar. Með mikilli einföldun má því segja að í meginatriðum sé gert ráð fyrir að Náttúrufræðistofnun Íslands leggi fram sjónarmið sín um mat á viðkomandi stofni og verndarþörf hans en Umhverfisstofnun leggi að því búnu fram tillögur á grundvelli þess hvernig rétt sé að vinna úr niðurstöðunum til að ná fram slíkum markmiðum. Sé fyrir hendi grundvöllur til að veiða úr stofninum miðað við tillögur Náttúrufræðistofnunar er gert ráð fyrir að í stjórnunarhluta áætlunarinnar fylgi útfærðar tillögum Umhverfisstofnunar um það hvernig lagt er til að slíkum veiðum skuli háttáð. Í stjórnunar- og verndaráætlunum vegna einstakra tegunda verður þannig reynt að leggja mat annars vegar á nauðsynlega vernd og friðun og hins vegar edlilega og sjálfbæra nýtingu dýrastofna. Með slíkri heildstæðri áætlun er tryggt að ákvörðun um friðun eða nýtingu einstakra tegunda eða stofna villtra dýra sé tekin á vel undirbyggðum og vísindalegum forsendum.

Í 4. mgr. er kveðið á um samráð eða samstarfs þessara stofnana við aðrar fagstofnanir, rannsókn- eða hagsmunaaðila. Eins og áður hefur komið fram er mikilvægt að við þessa vinnu sé reynt að draga saman sem mest af þeirri þekkingu sem til staðar er við gerð áætlanna og fá fram mismunandi sjónarmið og skoðanir.

Í 5. mgr. er kveðið á um að Umhverfisstofnun skuli leggja fyrir ráðherra endurskoðaða stjórnunar- og verndaráætlun einstakra tegunda eða stofna á fimm ára fresti, eða oftar eftir því sem þurfa þykir, með hliðsjón af sérstöðu og eiginleikum einstakra tegunda og stofnþróunar þeirra. Mikilvægt er að stjórnunar- og verndaráætlanir verði eins lifandi gagn og unnt er þannig að þær úreldist ekki með tímanum. Áætlanirnar eiga því að endurspeglar eins og unnt er verndarstöðu einstakra stofna eða tegunda eins og staðan er þegar nauðsynlegt er að taka ákvarðanir á grundvelli þeirra. Til að allar ákvarðanir er lúta að vernd, friðun og veiðum hafi eins trausta og faglega undirstöðu og kostur er því lagt til að stofnanirnar sem sjái um gerð áætlana skuli endurskoða þær eins oft og talið er þurfa til að endurspeglar raunverulega stöðu eins og hún er á hverjum tíma.

Í 6. mgr. er að finna heimild fyrir ráðherra til að útfæra frekar í reglugerð fyrirmæli um gerð, birtingu og endurskoðun þessara áætlana ef þörf krefur.

Um 17. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að ráðherra sé heimilt með reglugerð að aflétta friðun villtra fugla og villtra spendýra vegna nytjaveiða enda njóti umræddur stofn eða tegund ekki sértækrar friðunar eða aukinnar verndar samkvæmt þeim. Þessi grein fjallar því einungis um nytjaveiðar á fuglum en ekki veiðar á tegundum sem veiddar eru vegna annarra ástæðna, eins og t.d. vegna hættu á tjóni eða veiðar á framandi tegundum. Um slíkar veiðar er fjallað í 18. og 19. gr.

Í 2. mgr. er kveðið á um skilyrði sem þurfa að vera til staðar til þess að ráðherra geti aflétt friðun vegna nytjaveiða og eggjatöku.

Í 1. tölul. er mælt fyrir um að stjórnunar- og verndaráætlun hlutadeigandi stofns eða tegundar liggi fyrir. Stjórnunar- og verndaráætlanir eru mikilvægasta undirstaða fyrir mati og ákvörðun ráðherra um afléttingu friðunar einstakra tegunda villtra dýra til veiða. Í áætluninni eiga að liggja fyrir allar helstu upplýsingar um tegundina og viðkomu hennar byggðar á vísindalegu og faglegu mati, ásamt tillögum um hvernig standa beri að nýtingu eða veiðum ef lagt er til að veiða úr stofninum.

Í 2. tölul. er áréttáður sá skilningur að ákvörðun ráðherra sé byggð á sjálfbærni þannig að viðkoman yfir tiltekinn tíma verði nægileg til þess að vega upp á móti afföllum ákveði hann að aflétta friðun og heimila veiðar. Þessar upplýsingar eiga eins og unnt er að koma fram í áætluninni sjálfri en geta hins vegar verið þess edlis að þær þarfnist ákveðins mats áður en endanleg ákvörðun er tekin. Þannig má t.d. hugsa sér að stofn eða tegund þoli veiðar upp að

tilteknu marki áður en veiðar verða ósjálfbærar. Eðlilegt er því að ráðherra leggi sjálfstætt mat á þennan þátt með tilliti til þess hvernig hann hefur í hyggju að haga eða skipuleggja veiðarnar eða veiðitímabil þannig að slíku takmarki verði náð.

Í 3. tölul. er kveðið á um að eitt að skilyrðum afléttingar friðunar á tiltekinni tegund veiðidýrs sé að hún sé veidd til neyslu. Þetta er í samræmi við þá meginreglu sem byggd er á og sem segja má að hafi í raun almennt gilt um veiðar hérlendis, að fristundaveiðar skulu eingöngu stundaðar á villtum dýrum með ábyrgum hætti og til matar en ekki til eingöngu til hreinnar skemmtunar eða til æfinga í skotfimi. Sé það skilyrði uppfyllt er hins vegar ekkert sem kemur í veg fyrir að aðrar afurðir dýrsins séu einnig nýttar með öðrum hætti, svo sem skinn eða hamur. Meginreglan um að veiðibráð sé veidd til neyslu á þó augljóslega ekki við ef um er að ræða veiðar sem nauðsynlegar eru taldar til að varna tjóni, sbr. 18. og 19. gr.

Eins og fram hefur komið liggur fyrir að nokkurn tíma mun taka að vinna stjórnunar- og verndaráætlanir fyrir allar tegundir villtra fugla og villtra spendýra. Á meðan slíkar áætlanir liggja ekki fyrir er lagt til í ákvæði til bráðabirgða að ráðherra geti aflétt friðun með þeim hætti sem verið hefur í tíð gildandi laga.

Um 18. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um heimild ráðherra með reglugerð til að aflétta friðun villtra fugla og villtra spendýra sem ekki njóta sértækrar friðunar eða aukinnar verndar sé talið í stjórnunar- og verndaráætlun að hætta geti verið á því að tegundin geti valdið raunverulegu og skilgreindu tjóni á heilsu fólks eða búfénadar eða hún geti ógnað öryggi, valdið umtalsverðu fjárhagslegu tjóni einstaklinga eða lögaðila eða ógnað eða haft veruleg áhrif á náttúru landsins og líffræðilega fjölbreytni þess. Ákvæðið mælir fyrir um svigrúm fyrir ráðherra til að aflétta friðun einstakra tegunda sem falla undir greinina með almennum hætti, t.d. með því að affrída tilteknar fuglategundir allt árið verði það talið nauðsynlegt. Í þessu sambandi má nefna að aflétting friðunar á svartbak, sílamáf, silfurmaf og hrafn sem taldir eru upp í 17. gr. gildandi laga um tegundir sem heimilt er að aflétta friðun á allt árið myndu heyrir undir þessa grein ekki 17. gr. og 29. gr. sem fjalla einungis um þær fuglategundir sem heimilt er að aflétta friðun á vegna nytjaveiða. Í þessari grein frumvarpsins er því að finna víðtækari heimildir til afléttingar friðunar á tegundum sem valdið geta tjóni en er að finna í 17. gr. gildandi laga enda geta allar tegundir sem valda tjóni komið til greina að þessu leyti og á hvaða tíma ársins sem er, nema þær njóti sértækrar friðunar eða aukinnar verndar samkvæmt lögnum. Ráðherra getur einnig aflétt friðun tiltekinn tíma ársins eða á tilteknum stöðum eða við tilteknar aðstæður. Kveðið er á um að slík ákvörðun þurfi þó að byggjast á því að í stjórnunar- og verndaráætlun einstakra tegunda komi fram mat á að umrædd tegund geti valdið raunverulegu og skilgreindu tjóni. Í ákvæðinu eru talin upp þau tilvik sem talist geta verið tjón af völdum villtra dýra. Í fyrsta lagi er getið um tjón á heilsu fólks eða búfénadar. Hér geta ýmis tilvik komið til greina eins og t.d. sýkingarhætta af tilteknum tegundum villtum fuglum sem halda sig við vatnsból. Villtir fuglar geta einnig valdið hættu á tjóni t.d. við flugvelli þar sem hópar fugla geta á vissum tíma ársins valdið hættu fyrir flugvélar í flugtaki eða landingu. Vera kann í vissum tilvikum að villtir fuglar og villt spendýr geti valdið hættu á umtalsverðu fjárhagslegu tjóni, t.d. á fjárhagslegum hagsmunum einstaklinga sem stunda tiltekinn landbúnað eða sinna æðarækt. Ákvæðinu er einnig heimilt að beita ef hætta er á að tilteknir stofnar eða tegundir villtra dýra ógni eða geti hafi veruleg áhrif á náttúru landsins og líffræðilega fjölbreytni þess.

Í 2. mgr. er kveðið á um að í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir þær tegundir villtra dýra sem taldar eru líklegar til að valda tjóni skuli lagt almennt mat á tegund tjóns, hversu mikil

hætta sé á tjóni, umfang líklegs tjóns og hvort hægt sé að bregðast við hættu á tjóni með fyrirbyggjandi aðferðum frekar en veiðum. Eðlilegt er að fram fari mat á því hvort tjónið sé þess eðlis að það réttlæti veiðar. Slíkt mat myndi þá byggjast á hagsmunamati þar sem tjónsáhættan og umfang tjóns af völdum tiltekinna tegunda yrði metið með tilliti til eðlilegra viðbragða við tjóninu. Mikilvægt er að ávallt sé skoðað hvort hægt sé að bregðast við tjóni með einhverjum tilteknum úrræðum áður en ákvörðun er tekin um veiðar á grundvelli þessarar greinar. Í einhverjum tilvikum er hægt að takmarka tjón öðruvísi en með veiðum en í sumum tilvikum má gera ráð fyrir að einu raunhæfu úrræðin séu veiðar.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að ef veiðar eru taldar réttmætar í tilteknum tilvikum skuli í stjórnunar- og verndaráætluninni gerð grein fyrir því í hvaða tilvikum eða við hvaða aðstæður veiðar komi til greina. Í ákvæðinu eru friðlýst æðarvörp nefnd í dæmaskyni. Þar getur t.d. verið lagt til í stjórnunar- og verndaráætlun að innan friðlýstra æðarvarpa á varptíma séu veiðar á tiltekinni tegund ávallt réttlætanager. Í stjórnunar- og verndaráætlun skal gera grein fyrir áætludum áhrifum veiða á sjálfbærni viðkomandi tegundar eða stofns og áætludu veiðiálagi.

Í 4. mgr. er að lokum kveðið á um að þótt ráðherra hafi ekki aflétt friðun einstakra tegunda villtra dýra sem kunna að valda tjóni þá hafi Umhverfisstofnun samt sem áður heimild til að veita tímabundnar undanþágu frá friðunarákvæðum laganna með vísan til 43. gr. Með þessu er stofnuninni gert kleift að heimila veiðar á tilteknum stöðum eða svæðum, eða í ákveðnum tilvikum, enda hafi í samþykktri stjórnunar- og verndaráætlun verið sýnt fram á hættu af tjóni vegna tegundarinnar í slíkum tilvikum. Með slíkri heimild til handa Umhverfisstofnun má gera ráð fyrir hægt verði að stýra þeim veiðum sem taldar eru nauðsynlegar svo veiðarnar verði markvissari, skilvirkari og þjóni betur þeim tilgangi að koma í veg fyrir tjón í tilteknum tilvikum.

Um 19. gr.

Í 19. gr. eru lagðar til heimildir til að aflétta eða veita undanþágu frá friðunarákvæðum vegna annarra atvika en vegna nytjaveiða skv. 17. gr. eða afléttingu friðunar vegna tjóns af völdum villtra dýra skv. 18. gr.

Í 1. mgr. er að finna almenna heimild ráðherra til að aflétta með reglugerð friðun framandi tegunda og ágengra eða mögulega ágengra tegunda villtra fugla og villtra spendýra eða villinga sem borist hafa til Íslands af mannavöldum eða hafa komið sjálf til landsins, til að halda slíkum stofnum niðri eða útrýma úr náttúrunni. Áður en ráðherra tekur ákvörðun um afléttingu friðunar á grundvelli þessarar málsgreinar er mælt fyrir um að hann skuli hafa fengið umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar ef ekki liggur fyrir stjórnunar- og verndaráætlun sem leggur slíkt til. Mikilvægt er að til staðar sé heimild í lögum til að halda niðri eða útrýma framandi lífverum og ágengum framandi lífverum sem lifað getað af í náttúru landsins annaðhvort á eigin forsendum eða með einhverri utanaðkomandi hjálp eins og t.d. útburði á mat. Slíkir dýrastofnar geta valdið miklum skaða á öðru lífríki og náttúru landsins. Einnig er nauðsynlegt að slíkar heimildir séu til staðar vegna tegunda sem eru ágengar jafnvel þótt þær teljist ekki framandi tegund í náttúrunni eða hafa komið til landsins án hjálpar mannsins.

Í 2. mgr. er kveðið á um að Umhverfisstofnun geti veitt tímabundna undanþágu frá banni við veiðum á tilteknum svæðum þar sem almennar veiðar eru ekki heimilar í því skyni að varna tjóni eða vegna veiða á framandi tegundum, ágengum tegundum og villingum. Þar er helst um að ræða svæði þar sem veiðar eru ekki heimilar samkvæmt friðlýsingarskilmálum eða sérlögum ef um er að ræða friðlýst svæði, eða þau búsvæði sem njóta tiltekinna verndar á grundvelli 10. gr.

Í 3. mgr. er að finna sambærilegt ákvæði og nú er að finna í 7. mgr. 7. gr. gildandi laga. Í greininni er kveðið á um að Umhverfisstofnun geti veitt undanþágu frá friðunar- og verndarákvæðum tímabundið og í einstökum tilvikum vegna tiltekinna tilvika. Í greininni er í dæmaskyni nefnd myndataka, rannsóknir eða að heimild sé veitt fyrir því að dýr séu veidd í þágu dýragarða. Hér fellur einnig undir heimild til að fanga villt dýr vegna húsdýragarða. Í 4. mgr. 11. gr. er mælt fyrir um að óheimilt sé að fanga og halda villt dýr nema í því skyni að veita því tímabundna neyðaraðstoð eða sérstök heimild hafi fengist til þess samkvæmt lögum. Mælt er fyrir um að Umhverfisstofnun geti á grundvelli þessa ákvæðis heimilað undanþágu frá friðunar- og verndunarákvæðum t.d. vegna myndatöku, vegna rannsókna eða vegna dýragarða. Undir dýragarða í skilningi greinarinnar myndu t.d. falla húsdýragarðar hérlendis sem þurfa leyfi fyrir því bæði að fanga og halda villt dýr. Ákvæðið mælir fyrir um að áður en heimild er veitt til föngunar og halds villtra fugla og villtra dýra skuli jafnframt leita umsagnar Matvælastofnunar, sbr. einnig 1. mgr. 26. gr. laga um velferð dýra, nr. 55/2013. Í 7. mgr. 7. gr. gildandi laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum er aftur á móti kveðið á um að slík heimild sé hjá ráðherra. Þarna er því um að ræða misræmi milli gildandi laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og laga um velferð dýra. Talið er rétt að gera ráð fyrir að slík heimild verði hjá Umhverfisstofnun og að slík ákvörðun sé þá frekar kæránleg til ráðherra. Jafnframt er lagt til að ekki verði lengur að finna heimild fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands sem er í 6. mgr. 7. gr. fyrir stofnunina til að stunda veiðar á öllum tegundum villtra fugla heldur þurfi stofnunin að sækja undanþágu frá friðunarákvæðum með sama hætti og aðrir.

Í 4. mgr. er kveðið á um að Umhverfisstofnun skuli, við veitingu undanþágu skv. 3. mgr., setja þau skilyrði sem hún metur nauðsynleg til að friðun og verndun verði ekki raskað meira en þörf er á. Erfitt er að skilgreina nákvæmlega í laga eða reglugerðartexta hvaða skilyrði getur verið nauðsynlegt að setja. Ætla verður Umhverfisstofnun rúma heimild til að setja slík skilyrði enda séu þau málefnaleg og eðlileg miðað við þá undanþágu sem verið er að veita. Gera má ráð fyrir að slík skilyrði myndu í mörgum tilvikum einnig byggjast á þeim athugasemdum og umsögnum sem stofnunin fær frá bæði Náttúrufræðistofnun Íslands og Matvælastofnun.

Um 20. gr.

Í greininni er mælt fyrir um þá meginbreytingu að allar veiðar og nytjar á villtum fuglum og villtum spendýrum, þ.m.t. hefðbundin nýting hlunninda, skuli vera sjálfbærar nema um sé að ræða veiðar sem sérstaklega eru stundaðar til að varna tjóni eða ef um er að ræða veiðar með það að markmiði að minnka tiltekna stofna eða jafnvel útrýma stofnum ágengra framandi tegunda og villinga. Mikilvægt er að allar veiðar sem stundaðar eru á villtum dýrastofnum með þeim undantekningum sem nefndar voru hafi sjálfbærni að leiðarljósi. Ósjálfbærar veiðar geta leitt til hruns á stofnum eða tegundum villtra dýra sem bæði getur leitt getur til tjóns á náttúrunni sjálfri auk tjóns hjá þeim sem nýta hana á sjálfbæran hátt.

Um 21. gr.

Fjallað er um veiðistjórnun í 21. gr. Í 1. mgr. er kveðið á um að allar veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum skuli háðar virkri veiðistjórnun sem byggist á bestu vísindalegri þekkingu á hverjum tíma á verndarstöðu, sjálfbærni og stofnstærð tegunda, útbreiðslu og verndarstöðu búsvæðis. Mælt er fyrir um að öll áætlunargerð sem fram fari á vegum opinberra aðila taki einnig mið af framangreindu. Sambærilegt ákvæði er ekki í gildandi lögum. Mikilvægt er

að skilgreint sé í lögum að allar veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum skuli lúta veiðistjórnun sem byggist á faglegum og vísindalegum grunni.

Í 2. mgr. er kveðið á um að Umhverfisstofnun sem fer með veiðistjórnun séu veittar heimildir til að grípa til ýmissa nauðsynlegra aðgerða til að framfylgja veiðistjórnuninni eftir atvikum í samráði við fagstofnanir eða hagsmunaaðila. Er með ákvæðinu opnað á það með formlegum hætti að Umhverfisstofnun geti leitað til hag- og fagaðila vegna mála sem tengjast efni þess. Ljóst er margir aðilar geta komið til greina að þessu leyti, svo sem Náttúrustofur, Náttúrufræðistofnun Íslands, háskólasamfélagið, sveitarfélög auk aðila eins og t.d. Fugla-verndar eða Skotveiðifélags Íslands svo einhverjir séu nefndir. Þær veiðistjórnunaraðgerðir sem stofnunin getur beitt samkvæmt greininni geta meðal annars falið í sér bann við veiðum á tilteknum tegundum, á tilteknum svæðum eða á tilteknum tímum. Mikilvægt er að slíkt svigrúm sé til staðar þannig að veiðistjórnun verði eins virk og mögulegt er innan ramma laganna.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að veiðistjórnun Umhverfisstofnunar geti falist í aðgerðum eins og t.d. veiðum eða eggjatöku, sem nauðsynlegar kunna að þykja til að fækka eða útrýma ágengum eða mögulega ágengum tegundum úr náttúru Íslands. Í þessari málsgrein er jafnframt tilvísun til 67. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, en þar mælt frekar fyrir um málsmeðferð Umhverfisstofnunar þegar framandi lífverur ógna líffræðilegri fjölbreytni og hafa veruleg áhrif á lífríkið, meðal annars skyldu til að leita umsögn sérfræðinganefnar um innflutning og ræktun framandi tegunda og dreifingu lifandi lífvera skv. 4. mgr. 63. gr. laganna.

Til að tryggja gegnsæi og upplýsingaflæði um veiðistjórnun sem almenningur þarf að hafa vitneskju um, er í 4. mgr. kveðið á um að ákvarðanir sem Umhverfisstofnun tekur um veiðistjórnun á grundvelli þessarar greinar skuli birtar á vef hennar. Mikilvægt er að þessar ákvarðanir séu birtar þannig að almenningur geti fundið þær fljótt og vel og að þær séu í það minnsta ávallt birtar á vefs stofnunarinnar þótt stofnunin geti auðvitað tekið þá ákvörðun að birta þær einnig annars staðar, eins og t.d. í dagblöðum ef stofnunin telur ástæðu til.

Um 22. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um hvaða aðilar hafa heimild til veiða hérlandis. Í 1. mgr. 8. gr. gildandi laga er kveðið á um að íslenskir ríkisborgar og þeir sem hér hafa lögheimili hafi heimild til veiða í almenningum, á afréttum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra og í efnahagslögsögunni og í landhelginni utan netlaga eignarlanda. Á grundvelli laga nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, er unnið að því að skera endanlega úr mörkum eignarlands og þjóðlenda á landinu öllu. Þau landssvæði sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 8. gr. gildandi laga munu þegar þessari vinnu er lokið annað hvort teljast þjóðlendur eða eignarlönd. Í greininni er lagt til að sambærilegar reglur gildi um þjóðlendur samkvæmt greininni og gildir nú um þau svæði sem enginn getur sannað eignarrétt sinn til. Um er að ræða sameiginlegar auðlindir landsins sem þeim sem hér búa er veittur réttur til að nýta án þess að greitt sé meira fyrir slík réttindi en hluta af þeim kostnaði sem hið opinbera hefur af því að viðhalda þeirri stjórnsýslu sem tengist veiðum og nýtingu. Með hliðsjón af því þykir rétt að einskorda heimildir til veiða á slíkum svæðum áfram við íslenska ríkisborgara eins og gert er í 1. mgr. 8. gr. gildandi laga og þá sem dveljast og eiga hér lögheimili.

Í 2. mgr. er þó að finna sérákvæði vegna hreindýraveiða eins og er í 3. mgr. 14. gr. gildandi laga. Þeir sem hafa veiðikort og eru handhafar veiðileyfis til hreindýraveiða hafa heimild til að stunda slíkar veiðar hvort sem er á þjóðlendu eða eignarlandi hafi landeigandi heimilað hreindýraveiðar innan lands síns. Sérstakar reglur gilda því um þá sem hafa leyfi til

hreindýraveiða í samanburði við þá sem stunda aðrar veiðar hér á landi. Ástæða þess liggur meðal annars í því að um er að ræða stofnstærðarstjórnun hreindýra auk þess sem þeir aðilar sem leyfi hafa til hreindýraveiða hafa greitt fyrir það veiðidýr sem þeir fella. Slíkar veiðar eru því heimilrar öllum sem hafa veiðileyfið óháð ríkisborgararétti eða búsetu.

Í 3. mgr. er kveðið á um að veiðar séu heimilrar á friðlýstum svæðum nema friðlýsingarskilmálar svæðisins, sérlög eða stjórnunar- og verndaráætlanir sem gilda um svæðið mæli fyrir um annað. Mjög er mismunandi hvernig friðlýsingarskilmálar og stjórnunar- og verndaráætlanir einstakra svæða taka á veiðum innan svæðanna þar sem slíkt mat fer fram við gerð friðlýsingarskilmálanna. Þannig eru veiðar t.d. oft heimilrar samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlunum innan þjóðgarða. Lögð er til sú almenna regla að veiðar séu heimilrar á slíkum svæðum nema skilmálar friðlýsingarinnar kveði á um takmarkanir við veiðum. Því eru ekki settar tilteknar skorður við veiðum á slíkum svæðum umfram það sem gert er í slíkum skilmálum. Séu veiðar hins vegar bannaðar samkvæmt friðlýsingarskilmálum, sérlögum eða stjórnunar- og verndaráætlunum einstakra svæða er hægt að beita tilteknum úrræðum við veiðum sem eru óheimilrar samkvæmt þeim.

Í 4. mgr. er áréttað að allir þeir sem stunda veiðar á grundvelli greinarinnar skuli hafa til þess gilt veiðikort og veiðileyfi ef það er áskilið til veiðanna.

Um 23. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að villtir fuglar og villt spendýr séu hluti af náttúru landsins og því ekki háð eignarrétti fyrr en dýr hefur verið veitt með lögmætum hætti. Mikilvægt er að það sé áréttað í lögum að villt dýr sem halda til á eignarlandi eru ekki háð eignarrétti þess sem á landið eða fer með veiðiréttindi þess. Villt dýr eru hluti af náttúrunni og gæðum landsins í heild. Gera verður hins vegar greinarmun á eignarrétti vegna villtra dýra sem eru frjáls og lifandi og rétti til veiða. Rétturinn til veiða fylgir eignarlandi nema lög kveði á um annað. Um leið og villt dýr hefur verið löglega veitt verður það eign þess sem veiðir enda sé það landeigandi sem veiðir, hann veiði með heimild landeiganda eða leiði rétt sinn með öðrum hætti frá landeiganda. Á öðrum svæðum landsins en þeim svæðum sem mælt er fyrir um í 22. gr. er það ávallt eigandi lands eða veiðiréttihafi sem tekur ákvörðun um það hver fær heimild til að veiða innan marka eignarlands enda hafi tilvonandi veiðimaður aflað sér tilskilinna leyfa og veiðikorts til veiðanna. Áréttað er því í greininni að allar veiðar á eignarlandi séu háðar leyfi landeiganda. Í greininni er þó að finna undanþágu frá þessari meginreglu sem kveður á um að eignarréttur á landi veiti ekki rétt til veiða á hreindýrum. Kveðið er á um að sú sérregla verði óbreytt frá 2. mgr. 14. gr. gildandi laga nr. 64/1994.

Í 3–5. mgr. er að finna ákvæði sem eru óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast þau ekki skýringar.

Um 24. gr.

Í 24. gr. er fjallað um veiðiaðferðir. Uppsetning greinarinnar er svipuð og 9. gr. gildandi laga nr. 64/1994. Nokkuð var skoðað hvort hægt væri að einfalda greinina þannig að einungis yrði um að ræða upptalningu á þeim aðferðum sem heimilt væri að nota við veiðar. Ákveðið var í samræmi við tillögur villidýranefndarinnar að leggja til að áfram yrði í lögum upptalning á óheimilum aðferðum við veiðar í samræmi við slíkar upptalningar á óheimilum veiðiaðferðum bæði í Bernarsamningnum og Parísarsamningnum.

Í 1. mgr. er kveðið á um að einungis megi nota skotvopn sem heimil eru samkvæmt vopnalögum með þeim undantekningum sem taldar eru upp í 24. gr. Í gildandi lögum eru leyfilegar gerðir vopna haglabysa af stærð nr. 12 eða minni (einskota, tvíhleypa og

pumpa/hálfsjálfvirk sem taka þrjú skot að hámarki) og rifflar með hlaupvídd að 8 mm (cal. 32). Í greininni er kveðið á um að við veiðar á hreindýrum sé óheimilt að nota kúlur sem eru minni en 6,5 gr og með slagkraft minni en 180 kgm á 200 m færi. Þetta er óbreytt frá núverandi framkvæmd en þessi takmörkun hefur hins vegar verið í reglugerð hingað til. Rétt þykir að kveðið sé á um þetta með skýrum hætti í lögum.

Nokkrar breytingar eru lagðar til á upptalningu á óheimilum veiðiaðferðum í 2. mgr. frá þeim veiðiaðferðum sem taldar eru upp í 1. mgr. 9. gr. gildandi laga.

Í 1. tölul. er lagt til að hnykkt verði á því að undanþágufni til músa- og rottuveiða skuli vera í samræmi við ákvæði efnalaga.

Í 3. tölul. er lagt til að ekki sé lengur heimilt að nota barefli við hefðbundnar veiðar. Þetta bann gildir því um t.d. veiðar á fýls-, súlu- og skarfsungum í ljósi þess að gert er ráð fyrir banni við veiðum á ófleygum ungum.

Í 4. tölul. er lagt til að allar gerðir fótþoga verði bannaðir.

Í 5. tölul. er lagt til að óheimilt verði að nota net við veiðar á villtum dýrum nema háf til hlunnindaveiða á lunda. Í samræmi við tillögur í villidýraskýrslunni er lagt til að ekki verði lengur heimilt að nota háfa til veiða á álku, langvíu og stuttnefju.

Í 11. tölul. er lagt til að í stað orðsins „ljósgjafa“ sem notað er í 10. tölul. 1. mgr. 9. nógildandi laga komi „fastur ljósgjafi“. Með föstum ljósgjafa er átt við ljóskastara eða annan búnað sem komið er fyrir á veiðisvæði þar sem von getur verið á veiðibráð. Kveðið er á um undanþága til notkunar slíks ljósgjafa vegna refaveiða við æti og minkaveiða.

Í 14. tölul. er lagt til ekki sé heimilt að nota búnað til að miða í myrkri með rafeindatækjum sem stækka eða breyta ímyndinni eins og kveðið er á um í 13. tölul. 1. mgr. 9. gr. gildandi laga. Hins vegar er lögð til sú breyting að undanskilinn sé þó rafeindapunktur eða upplýstur kross í sjónauka. Hér er um skýringarákvæði að ræða enda er slíkur rafeindabúnaður orðinn alvanalegur í sjónaukum og gegnir þar sama hlutverki og hefðbundinn kross í sjónauka.

Í 15. tölul. er fjallað um þau skotvopn sem óheimilt er að nota við veiðar. Þar segir að óheimilt sé að nota sjálfvirk skotvopn, svo og handhlaðnar fjölskota haglabyssur og hálfsjálfvirk skotvopn, með skothylkjahólfum sem taka fleiri en tvö skothylki. Skoðað var hvort ástæða væri til að nota annað og þekktara hugtak yfir handhlaðnar fjölskota haglabyssur sem almennt ganga undir heitinu pumpur. Fallið var hins vegar frá því enda eru hugtökin í samræmi við hugtakanotkun í gildandi vopnalögum og því mikilvægt að samræmi sé á milli þessara tveggja lagabálka.

Í 16. tölul. er kveðið á um að óheimilt sé að nota hljóðdeyfa eða hljóðdempara nema skotvopnið þannig útbúið uppfylli skilyrði vopnalaga. Þessi breyting er meðal annars lögð til í samræmi við tillögur í villidýraskýrslunni. Hljóðdeyfar eru leyfðir í flestum nágrannalanda okkar og hafa verið leyfðir hér til notkunar á tilteknum skotvopnum að fenginni sérstakri heimild á grundvelli vopnalaga. Helstu kostirnir við notkun hljóðdeyfa við veiðar er að vernda heyrn veiðimanna auk þess sem bakslag verður minna. Slíkt getur skilað sér í betri hittni veiðimannsins og minni líkum á því að særa bráð. Minna hljóð dregur einnig úr neikvæðum áhrifum veiða á önnur villt dýr eða búfé.

Í 17. tölul. er kveðið á um það að óheimilt sé að nota lifandi dýr sem bandingja eins og mælt er fyrir um í 15. tölul. 1. mgr. 9. gr. gildandi laga. Einnig er lagt til að auk þess verði kveðið á um að óheimilt sé að nota lifandi dýr til þjálfunar veiðihunda nema um sé að ræða svokallaða bendihunda utan varptíma. Slíkir hundar eru þjálfaðir til að finna veiðibráð án þess að nálgast hana um of eða fæla.

Í 18. tölul. er kveðið á um að óheimilt sé að nota veiðihunda til að hlaupa uppi ósærða bráð nema til minkaveiða.

3. mgr. er efnislega sambærileg við 9. gr. gildandi laga að því er varðar vélknúin farartæki til veiða en þó með nokkrum breytingum. Þannig er lagt til að sérstaklega verði kveðið á um það að óheimilt sé að nota loftför eða flygildi við veiðar. Auk þess er lagt til að ekki verði sérstakt bann lagt við því að nota vélsleða, fjórhjól og önnur torfærutæki til að flytja veiðimenn til og frá veiðisvæðum eins og er í gildandi ákvæði. Síðan lögin voru sett hafa verið gerðar breytingar á skráningu slíkra ökutækja þannig að sum þeirra geta nú verið með venjulega götuskráningu eins og hefðbundin ökutæki. Í greininni er því lagt til orðalag með hliðsjón af því þannig að einungis verði heimilt að nota götuskráð vélknúin farartæki til að flytja veiðimenn til og frá veiðilendum og þá einungis á vegum eða merktum vegaslóðum. Alfarið er óheimilt að skjóta frá slíku ökutæki og er kveðið á um að skotvopn skulu vera óhlaðin nær vélknúnu ökutæki á landi en 250 metrum.

Í 4. mgr. er kveðið á um að Umhverfisstofnun sé heimilt að veita veiðimönnum sem varanlega eru bundnir við notkun á hjólastól sérstaka undanþágu frá banni við að skjóta frá vélknúnu ökutæki. Með ákvæðinu er reynt að stuðla að því að slíkir aðilar fái aukið svigrúm að lögum til að stunda og njóta frístundaveiða. Almenna reglan við veiðar héraendis er að einungis sé heimilt að nýta vélknúin ökutæki til að flytja veiðimenn til og frá veiðilendum en óheimilt sé að skjóta frá slíkum tækjum. Undanþágan sem hér er kveðið á um gerir ráð fyrir að heimila þeim sem uppfylla skilyrði greinarinnar leyfi til að skjóta frá kyrrstæðum vélknúnum ökutækjum á vegum eða merktum vegaslóðum eða utan vega ef skilyrði náttúruverndarlaga um akstur á snævi þakinni og frosinni jörð eru uppfyllt. Þar sem veiðimaður sem er varanlega bundinn við notkun á hjólastól þarf að hafa tök á því að nálgast þá bráð sem hann fellir er gert ráð fyrir að hann hafi í för með sér aðstoðarmann eða hund til að sækja bráð.

Í 5. mgr. er að finna heimild til handa Umhverfisstofnun til að veita tímabundnar undanþágur frá veiðiaðferðum og veiðitækjum samkvæmt greininni í vísindaskyni eða ef villtir fuglar eða villt spendýr valda umtalsverðu tjóni og aðrar aðferðir eru ekki taldar henta. Um er að ræða svipaða heimild og er í 9. gr. gildandi laga.

Um 25. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um þá frumskyldu veiðimanns að valda veiðidýri sem minnstri þjáningu og reyna að aflífa það á sem skjótastan og sársaukaminnstan hátt.

Í 2. mgr. er fjallað um þá skyldu veiðimanns að elta uppi sært veiðidýr og aflífa eins skjótt og kostur er jafnvel þótt hann þurfi að fara inn á eignarland sem veiðimaður hefur ekki leyfi til að veiða á. Í slíkum tilvikum er talið mikilvægara en umrædd eignarmörk að ná hinu særða dýri sem fyrst og aflífa það. Mælt er fyrir um að í slíkum tilvikum sé bráðin hins vegar eign landeiganda, nema um sé að ræða hreindýr. Ákvæðið er í samræmi við þá meginreglu að veiðirétturinn fylgir eignarlandi þar sem bráð er felld. Þetta ákvæði er í samræmi við 2. mgr. 10. gr. gildandi laga nema að sú undantekning sem lögð er til að þessi skylda eigi ekki við um hreindýr. Ástæða þess er sú að um hreindýr gilda um margt frábrugðnar reglur frá öðrum dýraveiðum, meðal annars sú meginregla að eignarréttur á landi þar sem hreindýr halda sig veitir landeiganda ekki rétt til veiða á hreindýrum, sbr. 23. gr. Í ákvæðinu er einnig kveðið á um það eins og í gildandi lögum að það sé ein af skyldum veiðimanna að hirða bráð sína að loknum veiðum.

Um 26. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um skyldu þeirra sem hyggjast stunda veiðar að hafa staðist próf um villta fugla og villt spendýr og umhverfi þeirra og í hæfni til veiða.

Í 2. mgr. er kveðið á um að Umhverfisstofnun semji námskrá vegna slíkra námskeiða, setji mörk og viðmið um fullnægjandi árangur í prófi og haldi námskeið til undirbúnings prófum. Eðlilegt er að Umhverfisstofnun sem fer með framkvæmd þessara mála, sjái alfarið um þessi mál og beri á þeim ábyrgð. Lagt er hins vegar til að stofnuninni verði veitt svigrúm til að fela öðrum aðilum sem hafa þekkingu eða reynslu að mati hennar að halda slík námskeið í sínu umboði. Í slíkum tilvikum myndi stofnunin þó eftir sem áður bera ábyrgð á námskránni og þeim kröfum sem stofnunin telur eðlilegt að gera til prófa þó að námskeiðshaldið sjálft, kennslan og prófin yrði í höndum annarra aðila.

Í 3. mgr. er lögð til undanþága frá námskeiði samkvæmt þessari grein til þeirra sem einungis hafa í hyggju að sækja um veiðikort vegna eggjatöku eða til annarra veiða en skotveiða. Skotveiðar og skotpróf eru það stór hluti af hefðbundnu námskeiði vegna veiðikorta að eðlilegt má telja að hægt sé að fá undanþágu frá slíkum námskeiðum. Í slíkum tilvikum gæti hins vegar verið rétt að Umhverfisstofnun afhenti þeim sem óska eftir slíkum veiðikortum sérstakar upplýsingar eða námsefni sem einungis lýtur að eggjatöku og öðrum veiðum en skotveiðum.

Um 27. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að allir sem stunda veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum eða eggjatöku villtra fugla skuli hafa til þess gilt veiðikort sem gefið er út af Umhverfisstofnun til eins árs í senn. Í greininni felst því að til þess að stunda veiðar á mink og til eggjatöku frá villtum fuglum þurfi veiðikort. Mælt er fyrir um að veiðikortið sé gefið út til eins árs í senn. Ekki er að finna frekari fyrirmæli um hvort slíkt tímabilið miðist við almanaksárið eða aðrar tímasetningar og er gert ráð fyrir að Umhverfisstofnun verði heimilt að kveða nánar á um gildistíma veiðikorta innan þessa ramma. Í málsgreininni er einnig kveðið á um að stofnuninni sé heimilt að ákveða að málsmeðferð vegna veiðikorta og útgáfa þeirra fari fram rafrænt í samræmi við þá þróun sem orðið hefur.

Í 2. mgr. er kveðið á um aldurstakmark til að geta fengið útgefið veiðikort. Í gildandi lögum er ekki kveðið á um aldurstakmark til að hljóta veiðikort. Lagt er til að það komi fram í greininni að umsækjandi um veiðikort hafi náð því aldurstakmarki sem mælt er fyrir um í vopnalögum til að hljóta almennt skotvopnaleyfi. Það aldurstakmark er núna 20 ár sbr. a-lið 1. mgr. 13. gr. vopnalaga, nr. 16/1998. Talið er rétt að aldurstakmark til að hljóta veiðikort fylgi vopnalögum um lágmarksaldur. Verði aldursmörkum breytt í vopnalögum munu aldursmörk til að öðlast veiðikort þá breytast til samræmis. Í greininni er hins vegar kveðið á um það að til að hljóta veiðikort til annarra veiða en skotveiða sé aldurstakmarkið 16 ár. Þar er þá um að ræða t.d. háfaveiðar eða töku eggja.

Í 3. mgr. er kveðið á um þær upplýsingar sem skuli vera til staðar á veiðikorti auk þess sem mælt er fyrir um skyldu til að bera kortið á sér við veiðar.

Í 4. mgr. er kveðið á um að veiðikort þurfi hvorki til músaveiða í og við híbýli né til rottuveiða. Er það í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Um 28. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um skyldu til skila á veiðiskýrslu fyrir hvert veiðiár eins og mælt er fyrir um í gildandi lögum. Jafnframt er kveðið á um að einnig skuli skila veiðiskýrslu vegna hlunnindaveiða og eggjatöku sem er nýmæli. Mikilvægt er talið að fyrir liggi upplýsingar um hlunnindaveiðar að þessu leyti auk fjölda og tegund eggja sem tínd eru og á hvaða landsvæðum eða jörðum þau voru tínd. Einnig er mælt fyrir um að skila skuli inn þar til gerðri skýrslu um fjölda og tegundir villta fugla sem drepast við netaveiðar í vötnum og ám. Sérstök skylda er þegar fyrir hendi til þess að skila inn slíkum upplýsingum vegna villtra fugla sem drepast við

netaveiðar á sjó í tengslum við afladagbækur, sbr. reglugerð nr. 298/2020, um skráningu og rafræn skil aflaupplýsinga.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að Umhverfisstofnun skuli innan árs birta veiðitölur síðasta veiði-árs á vef sínum eða með öðrum opinberum hætti.

Í 3. mgr. er, eins og í gildandi lögum, kveðið á um áhrif þess að veiðiskýrslu sé ekki skilað með réttum hætti. Í stað þess að gert sé ráð fyrir að gjald fyrir útgáfu nýs veiðikorts hækki um tiltekna prósentutölu er kveðið á um að gjald vegna nýs veiðikorts hækki um 40% hafi veiðiskýrsla borist eftir lögumáttan skiladag.

Um 29. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um nytjaveiðar á fuglum og mælt fyrir um að ráðherra sé heimilt með reglugerð að aflétta friðun þeirra fuglategunda sem þar eru taldir upp innan þeirra tímamarka sem greinin mælir fyrir um. Þær tegundir sem taldar eru upp í greininni og þau tímamörk sem þar koma fram eru í samræmi við gildandi lög nema að því er varðar þær tegundir sem einungis eru veiddar til varnar tjóni, en um þær er fjallað í 18. gr. Í þessari grein er einungis fjallað um þær tegundir sem veiddar eru til nytja. Tekið var til skodunar hvort rétt væri að fella út bæði tímamörk og tegundir fugla sem fjallað er um í greininni. Ástæðan var það nýmæli að mælt verði fyrir bæði um verndarstöðu og veiðipól einstakra stofna eða tegunda fugla í stjórnunar- og verndaráætlunum auk þess sem lagðar verða línur um veiðitíma þeirra með hliðsjón af stöðu stofnsins eða tegundarinnar. Ákveðið var að leggja til að áfram yrði miðað við þær tegundir sem löng hefð hefur skapast um að séu nýttar til nytjaveiða hérlendis og taldar eru upp í gildandi lögum. Ljóst er hins vegar að staða þessara tegunda er mjög misjöfn og er ástand sumra þeirra slæmt um þessar mundir. Talið er rétt að miðað verði við hinar hefðbundnu veiðitegundir óháð núverandi stöðu þeirra enda ljóst að ástand einstakra tegunda getur skánað til framtíðar og ástand annarra tegunda versnað. Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að hér er einungis um að ræða heimild fyrir ráðherra til að aflétta friðun þeirra tegunda sem taldar eru upp í greininni innan þeirra tímamarka sem þar eru talin upp en ekki skylda til afléttingar friðunar. Ákvörðun um það hvort ráðherra afléttir friðun einstakra tegunda mun fyrst og fremst byggjast á stjórnunar- og verndaráætlun einstakra tegunda. Sömu sjónarmið eiga við um það tímabil ársins sem friðun er aflétt til nytjaveiða, hugsanlegt veiðitímabil mun byggjast á tillögum stjórnunar- og verndaráætlunar og ákvæðum um veiðistjórnun og getur því með hliðsjón af stöðu einstakra tegunda verið mun styttra en það svigrúm sem ráðherra hefur til afléttingar friðunar.

Í 2. mgr. er kveðið á um að heimilt sé að takmarka veiðar á tegund við ákveðna daga innan þeirra tímamarka sem fram koma í 1. mgr., ákveðinn tíma dags og tiltekin landsvæði. Mikilvægt er að veiðistjórnun sé öflug og virk og að hægt sé að stýra veiðum á sveigjanlegan hátt með tilliti til aðstæðna. Um er að ræða sambærilega heimild og er í 2. mgr. 17. gr. gildandi laga. Ástand einstakra stofna getur þannig verið mjög misjafnt á einstökum stöðum eða svæðum á landinu. Ástæða getur verið til að heimila ekki veiðar á tilteknu stöðum eða svæðum landsins þótt veiðar séu áfram heimiladar á öðrum stöðum eða svæðum þar sem ástand einstakra stofna er betra.

Í 3. mgr. er heimild fyrir ráðherra að aflétta friðun á eggjum fugla sem ekki njóta sértækrar friðunar eða verndar enda þoli stofninn slíka eggjatöku samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlun. Egg fugla falla undir friðunar- og verndarákvæði og eggjataka telst til veiða. Egg eru tínd á varptíma fugla þegar flestar tegundir þeirra njóta friðunar, nema e.t.v. þær tegundir sem taldar eru valda tjóni. Heimild þarf því að vera í lögum til að aflétta friðun á töku

eggja á þessum tíma ef stofninn þolir eggjatöku samkvæmt greininni. Ekki er nauðsynlegt samkvæmt greininni að það séu egg tegunda sem falla undir 1. mgr. greinarinnar.

Í 4. mgr. er að finna heimild fyrir ráðherra að ákveða að friðun gildi áfram í tiltekinn tíma á einstökum svæðum landsins að beiðni þeirra sem þar eru taldir upp. Ákvæðið mælir þannig fyrir um að slík friðun verði áfram gildandi á tilteknum svæðum óháð ástandi einstakra tegunda samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlun. Hér er fyrst og fremst verið að skapa svigrúm til að heimila ekki veiðar á tilteknum stöðum eða svæðum þar sem veiði er almennt talin óæskileg. Hér má í dæmaskyni t.d. nefna tiltekin vinsæla staði eða svæði sem nýtt eru til útivistar eða frístanda og ekki þykir æskilegt að séu samhliða nýtt til skotveiða.

Um 30. gr.

1. mgr. er að nokkru leyti samhljóða 2. mgr. 4. gr. gildandi laga þar sem mælt er fyrir um að Náttúrufræðistofnun Íslands hafi ein heimild til að merkja villta fugla hérlendis en geti heimilað öðrum slíkar merkingar samkvæmt sérstökum reglum. Lagt er til að heimildin nái einnig til merkinga á öðrum villtum dýrum. Hér er t.d. átt við merkingar á hreindýrum, refum eða öðrum villtum spendýrum sem þörf er talin á að merkja til að öðlast tilteknar vísindalegar upplýsingar. Í greininni er bæði átt við hefðbundnar fugla- eða dýramerkingar og rafrænar merkingar. Merkingar með rafrænum GPS-sendum eru orðnar algengar mundir og gefa þær ítarlegar upplýsingar um ferðir villtra dýra í rauntíma.

2. mgr. er sambærileg 3. mgr. 4. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að gildissvið hefur verið víkkað þannig að það nái einnig til spendýra í samræmi við 1. mgr.

Um 31. gr.

Hlunnindi geta verið nokkuð mismunandi. Þau geta verið allt frá því að vera tiltekinn almennur réttur landeiganda eða veiðiréttihafa eins og t.d. réttur til að nýta hlunnindi æðarfugla með því að nytja dún þessara fugla í æðarvörpum eða réttur landeiganda til eggjatöku á landinu. Hlunnindi geta einnig verið hefðbundin og staðbundin. Þar má t.d. nefna réttindi til að veiða lunda í háf á varptíma sem tíðkast hefur um aldir á tilteknum stöðum landsins eins og í Vestmannaeyjum eða taka andareggja á tilteknum stöðum þar sem hefðbundið andarvarp er mikið. Þessi hlunnindi eru ekki almenn hjá öllum landeigendum heldur eiga þau eingöngu við á vissum stöðum landsins og í vissum tilvikum.

Í 1. mgr. er að finna skilgreiningu á hlunnindum. Þar er kveðið á um að til hlunninda teljist réttur landeiganda til tiltekinnar veiða á villtum fuglum, nýtingu á dún þeirra eða eggjum. Í greininni kemur jafnframt fram það grundvallaratriði að nýting hlutadeigandi tegundar eða stofns sé sjálfbær og standi undir nýtingunni. Er með öðrum orðum kveðið á um að þótt tiltekin nýting hafi verið talin til hlunninda einstakra jarða eða svæða, jafnvel um mjög langt skeið, þá hafi nýting ekki forgang ef ljóst er að ástand stofnsins eða tegundarinnar sé þannig að stofn eða tegund þoli ekki slíka nýtingu og ljóst sé að nýtingin verði þar með ósjálfbær.

Í 2. mgr. er kveðið á um að sá sem rétt hefur til nýtingar hlunninda á landi sínu skuli hafa til þess veiðikort til nýtingar hlunninda samkvæmt þessum kafla annarrar en dúnstekju. Í slíku veiðikorti skal tilgreindur réttur til nýtingar hlunninda og svæðisbundin mörk hans. Réttur til nýtingar hlunnindanna gildir um handhafa veiðikortsins og þá aðstoðarmenn sem landeiganda er nauðsynlegt að hafa með sér í för við nýtingu hlunnindanna.

Í 3. mgr. er kveðið á um, það eins og í gildandi lögum, að sá sem telur sig eiga rétt til staðbundinna hlunninda skv. 34. gr. skuli afla staðfestingar viðkomandi sveitarstjórnar og sýslumanns á slíkum rétti enda liggi slík staðfesting ekki fyrir og skila til Umhverfisstofnunar. Í grunninn er hér um að ræða efnislega sambærilegt ákvæði og nú er að finna í 7. mgr. 20. gr.

gildandi laga. Ljóst er hins vegar að allar líkur eru á því að þeir sem nýtt hafa slík staðbundin hlunnindi frá í gildistíð gildandi laga hafi þegar aflað sér þessarar staðfestingar. Ekki er því þörf á því að þessir aðilar afli sér slíkrar staðfestingar á nýjan leik liggi hún fyrir.

Um 32. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um friðlýsingu æðarvarpa. Þar kemur fram að landeigandi eða sá sem lögmætan rétt hefur til æðarvarps sé heimilt að fara fram á sérstaka friðlýsingu þeirra og nánasta umhverfis þeirra. Réttthafi æðarvarps getur því verið annar aðili en landeigandi. Þannig kann tiltekinn aðili að eiga rétt til æðarvarpsins á grundvelli sammings eða heimildar landeiganda eða hann hafi tiltekinn annan rétt að lögum. Þannig er t.d. ljóst að slík réttindi geta byggst á hefðarrétti tiltekins aðila eða tiltekinna jarðar til æðarvarps á ákveðnum stað, jafnvel þótt umráðamaður varpsins eigi ekki landið þar sem varpið er staðsett. Mikilvægt er að æðarvörp njóti formlegrar friðlýsingar ef ætlunin er að nýta úrræði til verndar þeim, t.d. bann við skotum nærri slíkum vörpum, bann við umferð eða bann við netlögnum í sjó í grennd við slík vörp.

Í 2. mgr. er kveðið á um að sýslumaður í því umdæmi sem varpið er í skuli annast friðlýsingu þess og að hún gildi í 10 ár frá birtingu slíkrar ákvörðunar. Gert er ráð fyrir að umsækjandi skuli merkja varpið skilmerkilega inn á kort eða loftmynd þannig að þau mörk sem friðlýsingin byggist á liggi skýrt fyrir.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að uppfærð skrá um friðlýst æðarvörp skuli liggja frammi á skrifstofu sýslumanns og á vef embættisins. Mikilvægt er að slíkar upplýsingar séu ávallt aðgengilegar almenningi til þess að öllum sé ljóst hvaða svæði innan umdæmisins njóti slíkrar friðlýsingar og verndar. Jafnframt er í ákvæðinu mælt fyrir um að sýslumaður skuli tilkynna allar breytingar á skránni til hlutadeigandi sveitarstjórnar, Umhverfisstofnunar og Bændasamtaka Íslands. Gert er ráð fyrir að Umhverfisstofnun haldi utan um slíka skrá á landsvísu.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um að frá 15. apríl til 14. júlí ár hvert skuli öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km nema um sé að ræða skot landeiganda eða lögmæts réttthafa æðarvarpsins í því skyni að verja æðarvarpið á grundvelli þeirra heimilda sem lögin veita honum til slíkra varna. Þetta er í samræmi við 1. mgr. 20. gr. gildandi laga. Í greininni kemur hins vegar fram að bannsvæðið skuli þó ekki ná lengra en 1 km inn á eignarlönd annarra nema að fengnu samþykki þeirra. Hér er um að ræða nýmæli sem byggist á tillögum sem fram komi í villidýraskýrslunni. Með breytingunni er lagt til að samþykki landeiganda annarrar jarðar eða lands þurfi til að banna skot lengra en 1 km inn á land annars aðila enda er um að ræða tiltekna skerðingu á nýtingarmöguleikum og eignarrétti þess aðila að þurfa að sæta slíku banni 2 km inn á land sitt eins og er í gildandi lögum. Í skýrslunni var því lag til að stytta þessa vegalengd en byggja frekar á samþykki hins landeigandans ef bannsvæðið ætti að ná lengra inn á lönd annarra.

Í 5. mgr. er kveðið á um að frá 1. apríl til 14. júlí ár hvert sé óheimilt án leyfis landeiganda eða lögmæts réttthafa æðarvarps að leggja net í sjó nær friðlýstu æðarvarpi en 250 m frá stórstraumsfjörumáli. Á sama tímabili er öll óviðkomandi umferð um friðlýst æðarvarp jafnframt bönnuð um varpið nema með heimild landeiganda eða réttthafa þess. Um er að ræða sambærilegt bann varðandi netlagnir og nú er að finna í 1. mgr. 20. gr. gildandi laga. Í síðari málsl. 5. gr. er lagt til að óviðkomandi umferð um friðlýst æðarvarp verði óheimil nema með leyfi landeiganda eða réttthafa æðarvarps. Ljóst er að við sum friðlýst æðarvörp hefur ágangur fólks verið það mikill að tjón hefur orðið á varpinu vegna þess. Því er lagt til að á varptíma verði umgangur um varpið óheimill nema með leyfi landeiganda.

Í 6. mgr. er mælt fyrir um það að ráðherra skuli í reglugerð heimilt að mæla frekar fyrir um friðlýsingu æðarvarpa ásamt heimildum til handa landeigandi eða réttshafi til að verjast tjóni af völdum villtra fugla og villtra spendýra innan marka friðlýsts æðarvarps.

Um 33. gr.

Í 1. mgr. 33. gr. er mælt fyrir um heimildir almennings í þjóðlendum og landeiganda á eignarlöndum til eggjatöku. Hér er um að ræða heimildir til eggjatöku sem eru almennar og byggjast ekki á hefðbundnum hlunnindum einstakra svæða sem fjallað er um í 2.–4. mgr. 34. gr. þar sem fjallað er um réttindi sem eigendur jarða á takmörkuðum svæðum landsins hafa haft til langs tíma til eggjatöku frá tilteknum tegundum fugla á grundvelli hefðbundinna og staðbundinna hlunnindaréttinda. Í 1. mgr. 33. gr. er mælt fyrir um að heimilt sé að taka egg silfur máfs, sílamáfs, svartbaks, hvítmáfs og hettumáfs bæði í þjóðlendum og eignarlöndum. Varla þarf að taka fram að heimild almennings gildir hins vegar einungis um þjóðlendur en ekki eignarlönd enda er það ávallt landeigandi eða veiðiréttshafi sem hefur rétt til veiða á eignarlandi. Í gildandi lögum hefur verið til staðar almenn heimild til töku eggja silfur máfs, hvítmáfs og hettumáfs auk þess sem heimild hefur verið til veiða á svartbak, sílamáf og silfur máf allt árið. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að aðrar tegundir gætu komið til greina ef fyrir liggur að þær þoli eggjatöku. Því er gert ráð fyrir að hægt sé að auka fjölda þeirra tegunda sem ákvæðið tekur til með reglugerð.

Um 34. gr.

Í greininni er að finna sérákvæði er mælir fyrir um staðbundna nýtingu hefðbundinna hlunninda. Með staðbundnum hlunnindum er átt við tiltekin hlunnindi af villtum dýrum og sem nýtt hafa verið héraendis og söguleg hefð nytja er fyrir hendi á tilteknum stöðum á landinu. Hlunnindi teljast því einungis hefðbundin hlunnindi tiltekinna jarðar eða svæðis ef landeigendur eða veiðiréttshafar tiltekinna jarða eða landsvæða hafa haft slík hlunnindi af veiðum eða eggjatöku fyrir gildistöku laga nr. 64/1994 og þessi hlunnindi hafa verið nýtt síðan. Lundaveiðar í háf á tilteknu svæði sem á sér enga fyrri sögu um slíka nýtingu í tíð gildandi laga teldust því ekki hefðbundnar hlunnindaveiðar. Sama gildir einnig um eggjatöku skv. 2.–4. mgr. þessarar greinar sem heimila landeiganda eggjatöku tiltekinna tegunda sem þar eru taldar upp á takmörkuðum svæðum. Ef slík hlunnindi hafa ekki verið nýtt áður eða slík hlunnindi hafa ekki verið nýtt um margra ára eða áratuga skeið, eða ekki hefur verið hirt um að skrá þau í tíð gildandi laga, teljast þau ekki hefðbundin hlunnindi samkvæmt þessari grein. Ákvæði gildandi laga um nýtingu tiltekinna hlunninda byggðust á því sjónarmiði að þeir sem nýtt hefðu hefðbundin hlunnindi jarða sinna ættu að hafa tiltekna heimild til að nýta slík hlunnindi áfram óháð ákvæðum laganna. Er í meginatriðum fallist á þau sjónarmið. Þó er byggt á því að hlunnindanýting verði að vera sjálfbær og að hún verði ekki undanskilin friðunar- og verndarákvæðum ef ástand stofna eða tegunda gefur tilefni til.

Í 1 mgr. er kveðið á um að á takmörkuðum svæðum, þar sem veiði fullvaxinna lunda í háf hefur talist til hefðbundinna hlunninda, skuli landeiganda heimil slík veiði samkvæmt þeim venjum sem gilt hafa, enda hafi friðun verið aflétt skv. 29. gr. Ekki er um að ræða neina meginbreytingu á þessu ákvæði gildandi laga að öðru leyti en því að lundaveiði í háf er ekki, frekar en aðrar veiðar villtra fugla og villtra spendýra, undanskilin friðunarákvæðum frumvarpsins. Hins vegar viðurkennt að þar sem þessi nýting á sér hefðbundnar og sögulegar rætur sé heimilt að nýta slík hlunnindi áfram enda sé það gert á sjálfbærann hátt og að stofninn þoli slíka nýtingu.

Í 2. mgr. er kveðið á um að á takmörkuðum svæðum, þar sem eggjataka í varpi, kríu, fýls, ritu, álku, langvíu og stuttnefju hefur talist til hefðbundinni hlunninda er landeiganda heimil taka slíkra eggja.

Í 3. mgr. er kveðið á um að á takmörkuðum svæðum, þar sem eggjataka í varpi grágæsa og heiðagæsa hefur talist til hefðbundinna hlunninda er eggjataka landeiganda heimil, en þá skulu eigi færri en tvö egg skilin eftir í hreiðri.

Í 4. mgr. er kveðið á um að á takmörkuðum svæðum, þar sem hefðbundið andarvarp er mikið, skal landeiganda heimilt að taka egg frá tilteknum andartegundum sem þar eru taldar upp. Mælt er fyrir um skyldu til að skilja eftir ákveðinn fjölda eggja í hverju hreiðri við eggjatöku þessara tegunda.

Í 5. mgr. er kveðið á um að truflun vegna eggjatöku skuli haldið í algeru lágmarki. Auk þess er kveðið á um það að viðskipti með egg sem tínd eru á grundvelli þessarar greinar megi hvorki bjóða til sölu, selja eða kaupa nema talið sé að hlutaðeigandi stofn eða tegund sé talin þola slík viðskipti skv. 48. gr. Í 20. gr. gildandi laga er kveðið á um að óheimilt sé með öllu að eiga viðskipti með egg hluta þeirra tegunda sem þar eru taldar upp. Hins vegar er lagt til að ákvörðun um heimild til sölu slíkra eggja fari eftir 48. gr. þar sem metið er hvort umræddur stofn eða tegund þoli slíka sölu með sjálfbærum hætti.

Í 6. mgr. er mælt fyrir um að ráðherra sé heimilt í reglugerð að friða tímabundið einstakar tegundir eða stofna fyrir eggjatöku skv. 33. gr. og 2.–4. mgr. 34. gr., eða setja henni sérstök skilyrði, enda sé talið að eggjatakan hafi neikvæð áhrif á stofnstærð hlutaðeigandi fuglategundar eða stofns samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlun. Hlunnindanýting samkvæmt þessum greinum er því að öllu jöfnu heimil þeim landeigendum sem greinarnar eiga við um, en sá varnagli er þó sleginn að heimilt sé að takmarka eggjatöku þeirra tegunda sem þar eru taldar upp séu skilyrði greinarinnar uppfyllt.

Um 35. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að Umhverfisstofnun geri tillögur til ráðherra um árlegan veiðikvóta hreindýra og um skiptingu hans milli veiðisvæða og tilhögun veiða að fengnum tillögum Náttúrustofu Austurlands. Hreindýr eins og önnur villt dýr og villtir fuglar eru friðuð nema ákveðið hafi verið að aflétta slíkri friðun. Mikilvægt er hins vegar að hafa í huga að hreindýr voru upphaflega flutt hingað til lands fyrir tilstuðlan mannsins og eru því framandi tegund hér á landi þótt þau séu að margra mati orðin rótgróinn hluti af íslenski náttúru. Veiðar á hreindýrum þjóna því mikilvægu hlutverki við stofnstærðarstjórn þessara dýra í íslenski náttúru. Því er mikilvægt varðandi hreindýrastofninn að í stjórnunar- og verndaráætlunum verði hægt að mæla fyrir um ákveðnar stærðarviðmiðanir varðandi hann. Ákvæði greinarinnar er að mestu efnislega sambærilegt 5. mgr. 14. gr. og í fullu samræmi við þá framkvæmd sem viðhöfð hefur verið að þessu leyti um langt skeið.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ráðherra ákveði árlegan fjölda þeirra hreindýra sem fella má, eftir aldri, kyni og veiðisvæðum og tilhögun veiða og birtir með opinberri auglýsingu. Ákvæðið er að mestu í samræmi við framkvæmd gildandi laga en í greininni er hins vegar kveðið á um að ráðherra skuli birta ákvörðun sína með auglýsingu að jafnadi eigi síðar en 15. janúar ár hvert. Í gildandi lögum er ekki að finna tiltekna tímasetningu um hvenær ákvörðun ráðherra að þessu leyti skuli liggja fyrir. Mikilvægt er til þess að skapa fyrirsjáanleika vegna þessara veiða að ákvörðunin liggja fyrir sem fyrst eftir áramót vegna veiða þess árs.

Í 3. mgr. er kveðið á um heimild ráðherra til að mæla nánar fyrir um stjórn og skipulag mála við hreindýraveiðar á grundvelli þessa kafla.

Um 36. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að ráðherra skipi fjóra fulltrúa í hreindýraráð. Hlutverk þess er að vera Umhverfisstofnun til ráðgjafar um vernd, veiðar og nýtingu hreindýrastofnsins og er skilgreint hlutverk ráðsins að mestu óbreytt frá 5. mgr. 14. gr. gildandi laga.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að hreindýraráð skuli veita Umhverfisstofnun umsögn um tillögur Náttúrustofu Austurlands um árlegan veiðikvóta, skiptingu hans milli veiðisvæða og tilhögun veiða. Hér er lagt til að núverandi framkvæmd verði lögfest en Náttúrustofa Austurlands hefur til þessa lagt fram slíkar tillögur á grundvelli vöktunar hreindýrastofnsins og hreindýraráð veitt umsögn um þær. Mikilvægt er að ákvæði laga endurspegli þá framkvæmd sem unnið hefur verið eftir.

Í 3. mgr. er kveðið á um hvernig hreindýraráð skuli skipað. Áfram er gert ráð fyrir því að þeir sem taldir eru upp í 5. mgr. 14. gr. gildandi laga eigi aðild að ráðinu. Sama gildir um fulltrúa frá Náttúrustofu Austurlands og Náttúrufræðistofnunar Íslands sem heimilt er að sitja fundi ráðsins og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Auk þeirra tveggja síðarnefndu er gert ráð fyrir því að fulltrúar Félags leiðsögumanna með hreindýraveiðum og Skotveiðifélags Íslands (Skotvís) hafi heimild til að sitja fundi og hafi þar sömu réttindi og fulltrúar Náttúrustofu Austurlands og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Telja verður að reynsla og þekking beggja þessara aðila á hreindýraveiðum og veiðisvæðum hreindýra geti verið upplýsandi og jákvæð á fundum ráðsins.

Um 37. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að Náttúrustofa Austurlands annist vöktun og rannsóknir á hreindýrastofninum og mat á veiðipoli samkvæmt samningi við Náttúrufræðistofnun Íslands. Ákvæðið er efnislega í samræmi við 8. mgr. 14. gr. gildandi laga fyrir utan að bætt hefur verið við að Náttúrustofan meti einnig veiðipól hreindýrastofnsins. Hér er lögð til breyting á ákvæði gildandi laga þannig að ákvæðið endurspegli þá framkvæmd sem Náttúrustofan hefur viðhaft samkvæmt gildandi lögum og samningi við Náttúrufræðistofnun Íslands.

Um 38. gr.

Í greininni er kveðið á um heimildir til veiða á hreindýrum. Þar kemur fram Umhverfisstofnun úthluti og selji slík leyfi til veiðimanna sem hafa gilt veiðikort og skotvopnaleyfi með B-réttindum. Ákvæðið er að þessu leyti efnislega samhljóða 14. gr. gildandi laga. Í samræmi við nútímakröfur er mælt fyrir um að Umhverfisstofnun sé heimilt að ákveða að málsmeðferð og leyfisveitingar samkvæmt greininni fari fram með rafrænum hætti.

Um 39. gr.

Í greininni er fjallað um verklegt skotpróf vegna hreindýraveiða. Hreindýraveiðar eru þess eðlis að gerðar eru mun strangari kröfur um hæfni og hittni veiðimanna en almennt gildir um aðrar skotveiðar. Miklu skiptir að þessari kunnáttu sé haldið við og mikilvægt þykir að bæði veiðimenn og leiðsögumenn með hreindýraveiðum sýni fram á það með reglulegu millibili að þeir búi yfir þeirri kunnáttu að geta fellt hreindýr á viðunandi hátt. Þær kröfur sem gerðar eru að þessu leyti eru þær sömu og gerðar eru samkvæmt gildandi lögum. Í greininni er lögð til sú breyting frá gildandi lögum að fram komi að Umhverfisstofnun skuli halda verkleg skotpróf, en stofnuninni sé hins vegar heimilt að fela öðrum hæfum aðilum, eins og rekstraradilum skotvalla eða skotfélögum framkvæmd slíkra prófa. Eðlilegt er að stofnunin hafi svigrúm til að

semja um framkvæmd skotprófa við aðila sem hafa hæfni og þekkingu til að standa fyrir slíkum prófum enda sé það gert á grundvelli þeirra viðmiða sem stofnunin setur til slíkra prófa og um fullnægjandi árangur í þeim.

Í 2. mgr. er kveðið á um að veiðimaður skuli skila staðfestingu á að hann hafi lokið og staðist verklegt skotpróf áður en Umhverfisstofnun gefur út leyfi til hreindýraveiða til hlutaðeigandi veiðimanns. Í 8. mgr. 14. gr. gildandi laga er hins vegar mælt fyrir um að veiðimaður skuli skila slíkri staðfestingu fyrir 1. júlí ár hvert. Í gildandi lögum er að finna ákvæði um að Umhverfisstofnun sé heimilt sé að veita einstökum veiðimönnum frest til að skila slíkri staðfestingu. Telja verður að það sé til einföldunar að gera frekar þá kröfu í lögum að veiðimaður skili staðfestingunni áður en heimilt er að gefa út leyfi til hans.

Um 40. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um það að allir þeir sem stundi hreindýraveiðar skuli vera í fylgd með leiðsögumanni sem fengið hefur leyfi Umhverfisstofnunar til að leiðsega með slíkum veiðum. Slíkt leyfi er veitt til fjögurra ára í senn og miðast leyfið við tiltekin veiðisvæði. Ákvæðið er í samræmi við 10. mgr. 14. gr. gildandi laga.

Í 2. mgr. er kveðið á um skilyrði þess að hljóta leyfi til leiðsagnar með hreindýraveiðum og þau gögn sem skila þarf inn þar að lútandi. Ákvæðið er að miklu leyti samhljóða 10. mgr. 14. gr. gildandi laga. Ekki þykir hins vegar ástæða til að telja upp þær námsgreinar sem standast þarf í námskeiði Umhverfisstofnunar. Eðlilegra er talið að Umhverfisstofnun hafi svigrúm til að breyta og aðlaga slík námskeið eftir því sem þörf krefur og þekking breytist. Einnig er lagt til að í 4. tölul. greinarinnar verði kveðið á um að veiðimaður hafi sjálfur veitt a.m.k. tvö hreindýr áður en hann geti hlotið slíkt leyfi. Telja verður mikilvægt að leiðsögumaður hafi sjálfur reynslu af hreindýraveiðum ef hann ætlar að stunda leiðsögn með slíkum veiðum. Í því sambandi má meðal annars nefna að lagt er til að honum beri við tiltekin skilyrði skylda til að aðstoða veiðimann við að koma skoti á sært veiðidýr, sbr. 41. gr., og heimild til að fella önnur illa særð hreindýr af völdum veiða. Einnig er í 7. tölul. lagt til að tilvonandi leiðsögumaður þurfi að sýna fram á að hann hafi líkamlega færi til starfans samkvæmt læknisvottorði, sem telja verður eðlilega kröfu til að geta sinnt þessu hlutverki.

Í 3. mgr. er kveðið á um skilyrði til hljóta endurnýjun leyfis til hreindýraveiða að loknum fjögurra ára gildistíma fyrra leyfis. Þar er gerð krafa um að umsækjandi skili inn staðfestingu á að hann uppfylli skilyrði 1., 2., 6., og 7. tölul. 2. mgr. þessarar greinar auk þess sem hann hafi leiðsagt í a.m.k. tíu ferðum yfir gildistíma síðasta leyfis auk staðfestingar á að hann hafi setið endurmenntunarnámskeið Umhverfisstofnunar. Talið er mikilvægt að þeir sem óska eftir endurnýjun á leyfi til leiðsagnar hafi nýtt fyrra leyfið að einhverju ráði enda mikilvægt að leiðsögumaður viðhaldi reynslu sinni og þekkingu enda geta aðstæður breyst á veiðislóð.

Í 4. mgr. er í samræmi við það sem segir hér að framan um 2. mgr., kveðið á um að Umhverfisstofnun semji námskrá og setji mörk og viðmið um fullnægjandi árangur á prófi fyrir leiðsögumenn með hreindýraveiðum í samráði við Félag leiðsögumanna með hreindýraveiðum. Eðlilegt er að Umhverfisstofnun semji og setji slík mörk í samráði við þá aðila sem mesta reynslu hafa við slíka leiðsögn.

Í 5. mgr. er kveðið á um að Umhverfisstofnun haldi námskeið til undirbúnings leyfi fyrir verðandi leiðsögumenn í samráði við hreindýrarád sem er í samræmi við 11. mgr. 14. gr. gildandi laga. Kveðið er á um að stofnunin skuli tryggja með námskeiðunum að eðlileg nýliðun verði í hópi leiðsögumanna eins og kveðið er á um í gildandi lögum. Sú breyting er hins vegar lögð til í lok greinarinnar að slík eðlileg nýliðun skuli ná til leiðsögumanna á öllum veiðisvæðum hreindýra. Þar sem leyfi til leiðsagnar gildir um tiltekin veiðisvæði þykir rétt að

árétta að horfa þarf til ástands hvers og eins veiðisvæðis að því er varðar nýliðun leiðsögumanna. Einnig er lagt til að slík námskeið verði haldin á a.m.k. 4 ára fresti en slíkt tímamark er ekki að finna í gildandi lögum. Mikilvægt er að tryggð verði að slík námskeið verði haldin með reglulegu millibili.

Í 6. mgr. er lögð til sú breyting frá gildandi lögum að Umhverfisstofnun hafi heimild til að fela aðilum sem til þess hafa þekkingu og reynslu að mati stofnunarinnar til að halda námskeið til undirbúnings leyfi til leiðsagnar með hreindýraveiðum í sínu umboði. Þótt stofnunin nýti heimildina og feli öðrum að sjá um framkvæmdina er það hins vegar ávallt stofnunin sem ber ábyrgð á heildarframkvæmd þessara mála hjá þeim sem hún felur að sjá um framkvæmdina.

Um 41. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um hlutverk leiðsögumanna með hreindýraveiðum og er hlutverk þeirra skilgreint eins og í 14. mgr. 14. gr. gildandi laga.

Í 2. mgr. er að finna nýmæli þar sem kveðið er á um að leiðsögumanni sé skylt að aðstoða við að fella sært veiðidýr sem skotið hefur verið af veiðimanni í fylgd hans, þegar ekki eru yfirgnæfandi líkur á því að umræddur veiðimaður nái að fella dýrið svo fljótt sem audið er. Hér er ekki einungis um heimild að ræða heldur er lagt til að þetta verði hluti af starfsskyldu leiðsögumannsins þegar svo stendur á sem mælt er fyrir um í ákvæðinu. Þótt veiðimenn þurfi að gangast undir skotpróf til að fá leyfi til veiðanna getur hæfni og reynsla einstakra veiðimanna verið misjöfn. Mikilvægt er í þágu dýravelferðar að leiðsögumanni sé skylt að grípa inn í veiðarnar og felli illa sært dýr þegar hann metur það svo að veiðimaður nái af einhverjum ástæðum ekki að fella dýrið. Í ákvæðinu er einnig kveðið á um að leiðsögumaður skuli fella önnur illa særð dýr af völdum veiða sem verða á vegi hans á veiðislóð og eiga sér takmarkaða lífsvon. Sömu sjónarmið um dýravelferð búa að baki þessari heimild leiðsögumanns með hreindýraveiðum. Rétt er talið að leiðsögumönnum með hreindýraveiðum beri að fella önnur illa særð dýr frekar en einstökum veiðimönnum enda bera leiðsögumenn tiltekna opinbera skyldur á grundvelli 41. gr., þeir hafa almennt viðtæka reynslu og þekkingu á hreindýrastofninum, auk þess sem leiðsögumenn eiga ávallt að vera í för með veiðimönnum. Mælt er fyrir um að þegar leiðsögumaður aflifar illa sært dýr á veiðislóð beri honum að tilkynna slík atvik til Umhverfisstofnunar sem fær eignarráð yfir dýrinu og tekur ákvörðun um förgun þess eða aðra ráðstöfun. Mikilvægt er að heimild til að fella særð hreindýr skapi ekki eignarhald yfir dýrinu án þess að veiðileyfi sé til staðar enda kann það að skapa hættu á misnotkun.

Í 3. mgr. er að finna heimild sem ekki er til staðar í gildandi lögum. Ljóst er að hreindýr eru stundum felld fjarri vegum og vegaslóðum. Kallað hefur verið eftir því að í lögum sé fyrir hendi þröng heimild til að sækja felld hreindýr á vélknúnu farartæki þegar svo háttar til enda geta fullvaxnir tarfar, svo dæmi sé tekið, verið gríðarlega þungir. Í ákvæðinu er kveðið á um að leiðsögumanni með hreindýrum sé heimilt að ákveða að nota sexhjól til að sækja hreindýr sem fellt hefur verið fjarri vegum og vegaslóðum, enda sé ekki talin hættu á náttúruspjöllum samkvæmt leiðbeinandi reglum sem Umhverfisstofnun skal gefa út á grundvelli ákvæðisins. Mælt er fyrir um í ákvæðinu að heimild til slíks aksturs nái hvorki til einstakra veiðimanna né til sjálfrar leiðsagnarinnar. Kveðið er á um að leiðsögumaður með hreindýraveiðum skuli tilkynna Umhverfisstofnun um slíka för áður en bráðin er sótt eða við fyrsta tækifæri eftir slíka för, auk þess sem gerð skal grein fyrir henni í veiðiskýrslum. Að frátaltri þessari undantekningarheimild hefur leiðsögumaður almennar heimildir til notkunar á sexhjólinu á vegum eða vegaslóðum þar sem almenn notkun slíkra vélknúinna tækja er heimil. Hann getur því tekið ákvörðun um að ferja aðra veiðimenn eða búnað á hjólinu á vegum eða vegaslóðum ef hann

kýs það í samræmi við almennar reglur um notkun slíkra tækja en honum er það hins vegar ekki heimilt utan vega eða vegaslóða.

Í 4. mgr. er kveðið á um að brot leiðsögumanna með hreindýraveiðum á lögum um vernd, veiðar og velferð villtra fugla og villtra spendýra eða reglum settum samkvæmt þeim, skotvopnalögum eða lögum um velferð dýra geti Umhverfisstofnun veitt leiðsögumanni áminningu eða svipt hann leyfi til leiðsagnar ef sakir eru miklar eða ítrekaðar. Kveðið er jafnframt á um að hafi leiðsögumaður verið sviptur leyfi til leiðsagnar er honum heimilt að sækja um slíkt leyfi að nýju enda uppfylli hann skilyrði 2. mgr. 40. gr., þar á meðal að hann hafi sótt á ný og lokið prófi fyrir leiðsögumenn á vegum Umhverfisstofnunar skv. 8. tölul. 2. mgr.

Um 42. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um skyldu Umhverfisstofnunar til að veita fræðslu og leiðbeiningar varðandi aðgerðir til varnar tjóni af völdum villtra fugla og villtra spendýra. Ekki er kveðið á um slíka skyldu í gildandi lögum þótt stofnunin hafi sinnt þessu hlutverki að einhverju leyti. Eðlilegt er að Umhverfisstofnun sé sá ríkisaðili sem sinni slíkri leiðbeininga- og fræðsluskyldu enda gert ráð fyrir að hún hafi með höndum framkvæmd þessara mála. Mikilvægt er að hafa í huga að aðgerðir til varnar tjóni af völdum villtra dýra geta verið með ýmsum öðrum hætti en veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Slíkar aðgerðir geta t.d. falist í notkun ýmis búnaðar sem fæla burtu fugla eins og t.d. hljóðbyssur við flugvelli sem gefa frá sér hvel og hávært hljóð til fælingar. Mikilvægt er að slík úrræði séu nýtt eins og kostur er áður en gripið er til veiða, a.m.k. á þeim tegundum sem ekki er beinlínis ætlunin að fækka eða útrýma.

Í 2. mgr. er að finna ákvæði sem ekki er í gildandi lögum sem kveður á um það að Umhverfisstofnun skuli á vef stofnunarinnar taka á móti og skrá tilkynningar sem stofnunni berast frá almenningi eða lögadilum um tjón sem hlutadeigandi telur sig hafa orðið fyrir vegna villtra fugla og villtra spendýra. Ástæða þessa ákvæðis er að gert er ráð fyrir því að veiðar til varnar tjóni byggist á því að tjón eða hættu á tjóni vegna einstakra tegunda liggi fyrir eins og kostur er áður en gripið er til þess úrræðis að heimila veiðar. Í mörgum tilvikum hefur tjón eða tjónsáhætta vegna einstakra tegunda villtra fugla og villtra spendýra verið óljós og skráningu slíks tjóns verið ábótavant. Mikilvægar upplýsingar og greiningar hefur því tilfinnanlega vantað um tjón af völdum einstakra tegunda og afleiðinga þeirra. Ljóst er að um áratugaskeið hafa tiltekna fuglategundir verið taldir „vargfuglar“ vegna tjóns sem þessir fuglar hafa verið taldir valda. Nokkuð er hins vegar á reiki í sumum tilvikum hvort tjón af þeirra völdum sé í grunninn fjárhagstjón einstaklinga eða lögadila, hugsanlegt heilsufarslegt tjón eða hvort um sé að ræða „tjón“ sem þessar tegundir kunna að valda vegna náttúrulegra ferla og þá á hreiðrum eða ungum annarra villtra fugla. Miklu skiptir því að fyrir hendi sé vettvangur fyrir þá sem verða fyrir tjóni að tilkynna og gera grein fyrir tjóni sem þeir verða fyrir vegna villtra fugla og villtra spendýra. Hér er þó lögð áhersla á að ekki er um skyldu að ræða til að tilkynna slíkt tjón heldur einungis heimild og vettvangur fyrir slíkar tilkynningar. Með þeim hætti er von til þess að betur liggi fyrir um raunverulegt tjón vegna einstakra tegunda. Í greininni er mælt fyrir um að Umhverfisstofnun sé heimilt með samningi að fela náttúrustofum eða öðrum hæfum aðilum verkefni sem fjallað er um í þessari grein.

Um 43. gr.

Í 1. mgr. er lögð til skýr heimild fyrir Umhverfisstofnun til að veita tímabundna og skilyrta undanþágu frá friðunarákvæðum og heimila veiðar á tiltekinni tegund villtra fugla og villtra spendýra, eða eggjatöku villtra fugla, sem ekki njóta aukinnar eða sértækrar friðunar, enda sé sýnt fram á raunverulega og skilgreinda hættu á tjóni af þeirra völdum í ákveðnum tilvikum,

á ákveðnum stöðum eða svæðum, enda sé undanþágan í samræmi við samþykktu stjórnunar- og verndaráætlun um hlutadeigandi tegund. Ákvæðið mælir því fyrir um tiltekna heimildir til handa Umhverfisstofnun til að veita takmarkaðar undanþágur frá friðunarákvæðum jafnvel þó ráðherra hafi ekki aflétt almennri friðun þessara tegunda. Slíkar undanþágur eiga að vera tímabundnar og skilyrtar vegna tiltekinna atvika sem upp geta komið. Hér má t.d. hugsa sér tiltekna staðbundna salmonellusýkingu við vatnsból sem rakin er til villtra fugla, tímabundna hættu sem getur skapast við tiltekna flugvelli vegna villtra fugla og aðrar aðgerðir eru ekki taldar duga til eða fyrirsjáanlegt tjón á tünnum bænda á tilteknu svæði vegna óvenju mikils ágangs gæsa eða álfta. Gert er ráð fyrir að í samþykktu stjórnunar- og verndaráætlun einstakra tegunda sé reynt að sjá fyrir þau tilvik þar sem helst getur reynt á slíkar undanþágur og hvenær tilefni kann að vera til að beita þeim.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að rottur, svo og mýs í og við híbýli séu undanþegin friðunar- og verndarákvæðum. Ákvæðið er í samræmi við meginreglur gildandi laga að öðru leyti en því að mælt er fyrir um að reynt skuli að aflífa þessi dýr á skjótan og sársaukalausan hátt. Heimilt er að veiða og aflífa rottur hvar sem til þeirra næst enda er þar um að ræða dýrategund sem er framandi lífvera hér á landi auk þess sem þær þykja ekki sérstakir auðsugestir í samþýli við menn. Mýs njóta hins vegar friðunar í náttúrunni nema slíkri friðun hafi verið aflétt. Inni í híbýlum manna eða við híbýli, t.d. í húsagörðum eða undir húsum, njóta mýs hins vegar ekki friðunar eða verndar. Rétt er að líta svo á að þetta gildi einnig um aðra dvalarstaði manna sem jafna má til húsa eða híbýla, svo sem kofa, hjólhýsi, bíla, báta eða loftför.

Um 44. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir refi skuli lagt mat á stofnstærð, stofnþróun, verndarstöðu, útbreiðslu og viðkomu íslenska refastofnsins og stöðu hans í lífríki og líffræðilegri fjölbreytni landsins. Í ákvæðinu er því lagt til að unnin verði nokkuð ítarleg greining á íslenska refastofninum í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir hann. Íslenski refurinn er hluti af náttúru Íslands og hefur verið það um árþúsundir. Refurinn hefur hins vegar um langt skeið verið nánast réttdræpur hvar sem er á landinu nema á takmörkuðum svæðum, svo sem á Hornströndum þar sem hann hefur notið friðunar. Ljóst er að það er ekki opinbert markmið að útrýma ref úr náttúru Íslands eins og gildir t.d. með ágenga framandi lífveru eins og minkinn. Að því sögðu er ekki gert lítið úr tjóni sem refir kunna að valda á hagsmunum sem markmið er að vernda, eins og t.d. friðlýstum æðarvörpum. Mikilvægt er að veiðar á ref til að takmarka tjón af hans völdum byggist á bestu fyrirbyggjandi upplýsingum um refastofninn og því tjóni sem hann kann að valda á eins og mælt er fyrir um í ákvæðinu.

Í 2. mgr. er kveðið á um að sé talið að refir valdi raunverulegu og skilgreindu tjóni á ákveðnum stöðum eða svæðum geti Umhverfisstofnun lagt til í stjórnunar- og verndaráætlun til ráðherra að friðun refa verði aflétt. Tillögur Umhverfisstofnunar um afléttingu friðunar geta náð yfir tiltekin svæði landsins, auk þess sem Umhverfisstofnun ber í tillögum sínum að leggja til við ráðherra hvernig stofnunin telji best að haga veiðum á ref til að takmarka tjón af hans völdum og um forgangsröðun svæða landsins út frá eðli og umfangi tjóns eða verndun líffræðilegrar fjölbreytni á grundvelli tillagnanna. Ljóst er að umfang tjóns vegna refa getur verið mjög mismunandi eftir svæðum. Þannig kunna tiltekin svæði landsins þar sem mikið er t.d. um æðarvarp eða búskap að vera mun viðkvæmari fyrir slíku tjóni en svæði þar sem slíkt er ekki fyrir hendi. Einnig kann viðkoma refa að vera mjög mismunandi eftir landsvæðum. Miklu skiptir að lögð sé til ákveðin forgangsröðun svæða landsins með tilliti til þessa þannig að þeir fjármunir sem hið opinbera veitir í málaflokkinn nýtist markvisst og sem best til að varna tjóni og verja þá hagsmuni sem mikilvægast er að verja

Í 3. mgr. er kveðið á um að á þeim svæðum landsins þar sem refaveiðar eru taldar nauðsynlegar til að koma í veg fyrir tjón sé sveitarfélögum skylt að ráða skotmenn með kunnáttu til refaveiða. Ákvæðið er að mestu samhljóða 2. mgr. 12. gr. gildandi laga. Ekki er hins vegar talin þörf á því að binda í lög að refaskyttu sé skylt að hafa með sér aðstoðarmann eins og kveðið er á um í greininni. Ekki er heldur talið nauðsynlegt að hafa sérstakt ákvæði um það í lögum að skipuleggja megi refaveiðar að vetrarlagi í stað grenjavinnslu eins og gildandi lög mæla fyrir um. Ekki er með þessari breytingu gert ráð fyrir að slíkar veiðar megi ekki skipuleggja að vetrarlagi eftir sem áður. Gert er ráð fyrir að tímabil veiða verði ákveðið á grundvelli stjórnunar- og verndaráætlunar um það hvernig best sé að haga refaveiðum. Áfram er gert ráð fyrir því að ríkissjóður styðji fjárhagslega við refaveiðar sveitarfélaga eins og er í gildandi lögum. Að fengnum árlegum skýrslum þeirra um veiðarnar er Umhverfisstofnun heimilt að endurgreiða þeim allt að helming kostnaðar við veiðarnar á grundvelli reglugerðar sem ráðherra er heimilt að setja um slíkar endurgreiðslur og eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum.

Um 45. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um, eins og í gildandi lögum, að óheimilt sé að eyðileggja greni. Ástæða þessa ákvæðis er annars vegar sú að refagreni hafa í einhverjum tilvikum verið í óslitinni notkun í mjög langan tíma og hins vegar að þá er vitað hvar refurinn heldur sig. Sé greni eyðilagt gæti það haft í för með sér að hann finni sér óþekktan íverustað sem gerir erfðara en ella að fylgjast með honum.

Í 2. mgr. er kveðið á um það eins og í gildandi lögum að sveitarfélög skuli halda skrá yfir öll þekkt refagreni í sínu umdæmi ásamt lýsingu á þeim. Mikilvægt er að refagreni séu þekkt, grenin séu skráð og að skráin sé uppfærð reglulega. Jafnframt er mælt fyrir um að afrit af þessum skráum séu aðgengileg hjá bæði Náttúrufræðistofnun Íslands vegna rannsóknargildis slíkrar skráa og Umhverfisstofnun sem fer með yfirumsjón með framkvæmd refaveiða. Mælt er fyrir um að kvæði upplýsingalaga gilda ekki um skráninguna til að koma eins og hægt er í veg fyrir óviðkomandi umferð um refagreni með tilheyrandi truflun eða röskun grenjanna.

Í 3. mgr. er kveðið á um að þeir sem stunda refaveiðar, sé óheimilt að skilja eftir æti eða agn við veiðistaði refa að veiðum loknum. Mikilvægt er að settar séu strangar takmarkanir við slíkum útburði á æti bæði vegna sjúkdómahættu og vegna þess að óheftur aðgangur refa að æti sem skilið er eftir að veiðum loknum getur unnið gegn markmiðum með veiðunum. Í einhverjum tilvikum hafa heilu skrokkarnir verið skildir eftir á veiðistöðum sem agn við refaveiðar og slík hræ látin liggja á víðavangi að veiðum loknum þar sem önnur dýr eins og búfé, fuglar og hundar hafa haft óheftan aðgang að slíku æti. Ljóst er að útburður á æti getur verið nauðsynlegur við refaveiðar og er ekki lagt til að hann verði alfarið óheimill. Tíðkast hefur að skilja eftir slíkt æti í stuttan tíma til að refurinn venji komur sínar að ætinu. Mikilvægt er hins vegar að æti sé ekki skilið eftir að veiðum loknum. Erfitt er að skilgreina nákvæmlega hvenær veiðum sé formlega lokið en gert er ráð fyrir því að ákvæði verði skýrt þannig að veiðar þurfi að standa óslitið yfir og að veiðimaður hafi annaðhvort viðveru á veiðistaðnum eða komi daglega að veiðistað við veiðarnar. Sá tími sem hér um ræðir er því talin í einhverjum dögum en ekki vikum eða mánuðum.

Um 46. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að Umhverfisstofnun hafi með höndum eftirlit með innflutningsleiðum og útbreiðslu framandi dýrategunda og villinga og leggur til við ráðherra aðgerðir til að hefta útbreiðslu þeirra. Því er lagt til að Umhverfisstofnun hafi víðtækar skyldur að þessu

leyti til varnar og verndar náttúru Íslands og líffræðilegri fjölbreytni landsins. Gert er ráð fyrir að undir ákvæði þetta falli einungis þær framandi lífverur sem talist geta til villtra fugla og villtra spendýra. Um aðrar framandi lífverur eins og t.d. plöntur gilda hins vegar náttúruverndarlög.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að Umhverfisstofnun geti að fengnu álitu Náttúrufræðistofnunar Íslands lagt til, annaðhvort í stjórnunar- og verndaráætlun ef hún er til staðar um hlutaðeigandi framandi dýr eða villinga eða þá beint við ráðherra, að slíkum framandi dýrum sé skipulega útrýmt, annaðhvort á tilteknum svæðum eða landinu öllu. Í slíkum tillögum myndi stofnunin jafnframt leggja fram þá aðferðafræði við fækkun eða útrýminu þessara tilteknu lífvera sem hún telur vera áhrifaríkasta til að ná fram markmiðum greinarinnar.

Í 3. mgr. kemur fram að Umhverfisstofnun skuli skipuleggja aðgerðir í samvinnu við sveitarfélögin, enda mikilvægt að þau hafi bæði vitneskju og aðkomu að slíkum aðgerðum innan sveitarfélags.

Um 47. gr.

Þrátt fyrir að minkar séu framandi ágengar lífverur sem reynt hefur verið að útrýma úr náttúru landsins síðustu áratugina hefur það ekki tekist. Minkar eru mjög varir um sig í náttúrunni auk þess sem þeir hafa mikla aðlögunarhæfni sem hefur nýst þeim til að lifa af þrátt fyrir ýmsar aðgerðir til að hefta útbreiðslu þeirra eða útrýma úr lífríkinu. Miklu skiptir að unnið sé að útrýmingu minksins úr náttúrunni. Þrátt fyrir að minkurinn hafi verið ófríðaður samkvæmt lögum um áratugaskeið er ekki hægt að líta svo á að fyrirsjáanlegt sé að því takmarki verði náð, a.m.k. á næstu árum, að honum verði með öllu útrýmt. Því er kveðið á um það í 1. mgr. að unnin verði stjórnunaráætlun vegna minka þar sem gerð verði grein fyrir því hvernig best sé að haga veiðum á mink til að ná því takmarki að honum verði útrýmt út náttúrunni eða fækkað eins og hægt er ef ekki er unnt að útrýma honum. Tilraunaátak umhverfis- og auðlindaráðuneytisins í samvinnu við sveitarfélög á Snæfellsnesi og við Eyjafjörð á árunum 2011 til 2013, þar sem minkaveiðar voru kerfisbundið auknar verulega, sýndu að með vel skipulögðu veiðiátaki er mögulegt að fækka umtalsvert og jafnvel útrýma minki svæðisbundið. Slíkum aðgerðum er nauðsynlegt að fylgja vel eftir og hugsanlega útfæra á landsvísi. Í þessu skyni er nauðsynlegt að veiðarnar séu skipulagðar þannig á landsvísi að það fjármagn sem lagt verður til veiðanna nýtist á eins hagkvæman og árangursríkan hátt og mögulegt er til að ná þessu takmarki. Því getur verið edlilegt í slíkri áætlun að lögð sé til forgangsröðun á þeim svæðum landsins þar sem ætla má að veiðar á mink skili mestum árangri til að ná markmiðum laganna, verði frumvarpið óbreytt að lögum. Tillaga Umhverfisstofnunar um forgangsröðun væri í samráði við sveitarfélög landsins.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að á þeim svæðum þar sem minkaveiðar eru taldar nauðsynlegar skuli sveitarstjórn vera skylt að ráða kunnáttumenn til minkaveiða. Hér er um að ræða efnislega sambærilegt ákvæði og er að finna í 2. mgr. 13. gr. gildandi laga.

Í 3. mgr. er kveðið á um að Umhverfisstofnun hafi yfirumsjón með framkvæmd veiða á grundvelli 1. og 2. mgr. Áfram er gert ráð fyrir því að ríkissjóður styðji fjárhagslega við minkaveiðar sveitarfélaga eins og er í gildandi lögum. Að fengnum árlegum skýrslum þeirra um veiðarnar er Umhverfisstofnun heimilt að endurgreiða þeim allt að helming kostnaðar við veiðarnar á grundvelli reglugerðar sem heimilt verður að setja um slíkar endurgreiðslur og eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum.

Í 4. mgr. er að finna sambærilegt ákvæði og er að finna í gildandi lögum. Í því er kveðið á um að minkar njóti ekki friðunar eða verndar. Tekið er jafnframt fram að við aflifun þeirra skuli reyna að tryggja að tryggja skjóta og sársaukalaus aflifun. Eins og fyrr segir er gert ráð

fyrir að til að stunda veiðar á mink þurfi að hafa veiðikort. Í gildandi lögum er ekki þörf á veiðikorti til að stunda minkaveiðar.

Um 48. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að við afléttingu á friðun villtra fugla og villtra spendýra skuli ráðherra á grundvelli stjórnunar- og verndaráætlana jafnframt taka ákvörðun um það hvort hlutaðeigandi stofn eða tegund þoli sölu á veiðibráð eða öðrum afurðum, þ.m.t. eggjum, á sjálfbæran hátt eða hvort slík sala skuli ekki heimilud. Sé talið í stjórnunar- og verndaráætlun að stofn eða tegund þoli ekki sölu slíka afurða á sjálfbæran hátt getur ráðherra lagt bann við sölu slíkra afurða. Þrátt fyrir að meginregla frumvarpsins sé að veiðar eigi að vera frístundaveiðar kann í einhverjum tilvikum að vera rétt og eðlilegt að tiltekin viðskipti geti átt sér stað með slíkar afurðir ef fyrir liggur að umræddur veiðistofn þoli slíka sölu.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ráðherra sé heimilt í reglugerð að banna öll viðskipti með veiðibráð eða afurðir hennar, sbr. 3. mgr., ef hann telur að hlutaðeigandi stofn eða tegund þoli ekki slíka sölu á sjálfbæran hátt. Sölubann á tilteknum tegundum getur haft í för með sér stöðvun á magnveiðum sem kunna að vera stundaðar í atvinnuskyni og þar með haft mikil áhrif sem verndaraðgerð til að draga úr veiðum einstakra tegunda villtra fugla og villtra spendýra áður en það kemur til skoðunar að draga úr eða banna hefðbundnar frístundaveiðar til eigin neyslu.

Í 3. mgr. er kveðið á um að óheimilt sé að flytja út, bjóða til sölu eða selja veiðibráð eða aðrar afurðir villtra dýra, þ.m.t. uppstoppuð dýr og fugla, eða egg fugla sem falla undir frumvarpið og sala hefur verið bönnuð á. Með sölu er átt við hvers konar afhendingu gegn endurgjaldi eða vöru- eða þjónustuskiptum.

Í 4. mgr. er sérstaklega kveðið á um að öll viðskipti, þ.m.t. útflutningur eða hvers kyns sala sé ekki heimil á fuglum sem drepast í netum við veiðar. Einu gildir þótt nytjaveiði sé heimil á umræddri fuglategund. Net við fuglaveiðar eru alfarið bönnuð skv. 24. gr. nema háfar til lundaveiða í takmörkuðum tilvikum. Sala veiðiafurða sem aflað er með slíkum hætti er því ekki eðlileg auk þess sem hér er liggja einnig heilbrigðissjónarmið að baki.

Í 5. mgr. er kveðið á um að þrátt fyrir að bann hafi verið lagt við sölu tiltekinna veiðiafurða villtra dýra gildi það þó ekki um dún sem aflað hefur verið með lögmætum hætti né um innflutta villta fugla og dýraafurðir þeirra tegunda sem bannið tekur til. Til að hægt sé að framfylgja og hafa eftirlit með slíkum afurðum er kveðið á um skyldu innflytjanda og seljanda að merkja þær þannig að fram komi í hvaða landi þær eru upprunnar. Eru fyrirmæli um merkingar í samræmi við 3. mgr. 17. gr. a gildandi laga.

Um 49. gr.

Ekki er sérstaklega fjallað um hamskurð eða hamskera í gildandi lögum nema í 4. mgr. 7. gr. þar sem segir að ráðherra skuli kveða á um hamtöku og skinnatöku, uppsetningu dýra og starfsemi hamskera í reglugerð. Vikið er að hamskurði í reglugerð um friðun tiltekinna fugla- tegunda, friðlýsingu æðarvarps, fuglamerkingar, hamskurð o.fl., nr. 252/1996. Í 1. mgr. þessarar greinar er kveðið á um þá meginreglu að einungis sé hægt að setja upp (stoppa upp) villta fugla og villt spendýr sem ekki hafa verið drepin af mannavöldum og dýr sem hafa verið löglega veidd samkvæmt lögum. Mikilvægt er að þau dýr sem eru uppstoppuð hafi ekki verið ólöglega veidd eða drepin með slíkum hætti jafnvel þó sá sem uppstoppar eða kemur með dýr til uppstoppunar hafi ekki átt neinn þátt í dauða dýrsins. Séu fyrir hendi heimild til að stoppa upp slík dýr er sú hættu ávallt fyrir hendi að fágætar og friðaðar tegundir séu jafnvel veiddar til uppstoppunar. Mjög erfitt eða ómögulegt er í flestum tilvikum að sanna að sá sem stoppar

upp eða kemur með slíkt dýr til uppstoppunar hafi ekki sjálfur átt þátt í dauða dýrsins en hafi ekki til að mynda fundið dýrið dautt á víðavangi. Heimilt er hins vegar að setja upp villt dýr sem ekki hefur verið drepit af mannavöldum ef það finnst dautt á víðavangi.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um skráningarskyldu hamskera. Mælt er fyrir um skráningarskyldu hamskera í framangreindri reglugerð nr. 252/1996. Þar er mælt fyrir um að slíkir aðilar skuli skrá sig hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Í greininni er lagt til að því verði breytt og að hamskerar skuli skrá sig hjá Umhverfisstofnun. Eðlilegt er að skráningarskylda og eftirlit samkvæmt því sé á hendi Umhverfisstofnunar en ekki þeirri stofnun sem aðallega hefur með höndum rannsóknir. Gert er hins vegar ráð fyrir því að upplýsingar, gögn og skrár sem aflað verður á grundvelli þessarar greinar séu aðgengilegar Náttúrufræðistofnun Íslands frá Umhverfisstofnun eins og verið hefur.

Í 3. mgr. er kveðið á um skráningarskyldu hamskera á öllum villtum dýrum sem þeir setja upp. Þessi skylda er óbreytt frá því sem mælt er fyrir um í reglugerð 252/1996. Hamskerar skulu skrá öll villt dýr sem þeir setja upp, hvar og hvenær dýrið fannst eða var veitt.

Í 4. mgr. er kveðið á um það að ráðherra sé heimilt í reglugerð að kveða á um tilkynningu og skylduskil á ákvæðnum tegundum friðaðra villtra fugla og villtra spendýra sem finnast dauð eða ósjálfbjarga á víðavangi. Um er að ræða sambærilega heimild fyrir ráðherra og nú er að finna í reglugerð nr. 252/1996. Tilgangur með ákvæðinu er að gera Náttúrufræðistofnun Ísland kleift að rannsaka tiltekna tegundir eða stofna villtra fugla og villtra spendýra sem finnast dauð á víðavangi, t.d. með það að leiðarljósi að komast að því hvað valdi dauða slíkra dýra.

Í 5. mgr. er kveðið á um að ráðherra sé heimilt í reglugerð að kveða á um að hamskerar eða aðrir sem ráða yfir hömum sjaldgæfra friðaðra tegunda eða tegunda sem metnar eru í hættu á válistum láti örmerkja hamina. Örmerkingar á hömum friðaðra sjaldgæfra dýra tíðkast víða um heim og eru líður í því að slíkt dýr séu ekki ólöglega veidd eða sett upp með ólöglegum hætti.

Um 50. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að Umhverfisstofnun annist og hafi umsjón með eftirliti með framkvæmd mála varðandi vernd, velferð og veiðar villtra fugla og villtra spendýra verði frumvarpið að lögum. Mikilvægt er að fyrir liggja með skýrum hætti hvaða stofnun á vegum ríkisins fari með almennt eftirlit að þessu leyti óháð því hvort aðrir aðilar kunni einnig að koma að eftirliti með einstökum þáttum eins og t.d. þegar brot á tilteknum ákvæðum eða fyrirmælum kann að varða hlutadeigandi refsingu. Lögreglan hefur eftir sem áður veigamikil hlutverk vegna brota á lögum á þessu sviði eins og verið hefur. Með því að skilgreina í lögum almennt eftirlit Umhverfisstofnunar með framkvæmd laganna og hugsanlegum brotum á þeim er ekki dregið úr hlutverki og mikilvægi þess eftirlits sem lögregla víða um land sinnir vegna brota á reglum um veiði, friðun og vernd og annarra þátta sem löggjöfin fjallar um. Mikilvægt er hins vegar að eitt af hlutverkum Umhverfisstofnunar sé að hafa almennt og samræmt eftirlit með framkvæmd laganna og reglugerða settum samkvæmt þeim um allt land.

Í 2. mgr. er að finna heimild fyrir Umhverfisstofnun að fela öðrum stjórnvöldum með samningi einstaka þætti eftirlits samkvæmt greininni. Hagkvæmt getur verið að fela tilteknum aðilum sem eru t.d. með aðsetur á tilteknu svæði landsins, t.d. landvörðum þjóðgarða, afmarkaða þætti nauðsynlegs eftirlits. Í greininni er mælt fyrir um að þeir aðilar sem stofnunin hefur gert samning við til að sinna tilteknum þáttum eftirlits á grundvelli laganna hafi sömu heimildir og Umhverfisstofnunar og starfsmenn hennar.

Í 3. mgr. er sérstaklega fjallað um veiðivörslu sem eitt af hlutverkum Umhverfisstofnunar. Veiðivörslu hefur ekki verið sinnt á samræmdan eða skipulegan hátt í tíð gildandi laga af hálfu

stofnunarinnar. Umhverfisstofnun hefur sinnt tilteknu eftirliti með hreindýraveiðum á veiðitíma þeirra en lítið hefur verið fylgst með öðrum veiðum. Eftirliti með ólöglegum veiðum hefur verið sinnt af hálfu einstakra lögregluumdæma en ekki er vítað til að slíku eftirlit hafi verið skipulega sinnt um landið allt eða slíkt eftirlit hafi verið samræmt eða því hafi verið sinnt á grundvelli fyrir fram gerðra áætlana eins og kveðið er á um í greininni. Ljóst er að það skiptir máli fyrir náttúru landsins og dýralíf að fullvissa sé um það í samfélaginu að fyrir hendi sé eftirlit með því að friðaðar eða verndaðar tegundir séu ekki veiddar, að ekki sé veitt á svæðum þar sem veiðar eru ekki heimilar, að ekki séu notaðar ólöglegar veiðiaðferðir eða veiðitæki við veiðar og að þeir sem stundi veiðar hafi til þess veiðikort og önnur tilskilin leyfi. Með ákvæðinu er ekki vegið að þeim mikla meiri hluta veiðimanna sem stundar sjálfbærar og löglegar veiðar sér til ánægju og útivistar. Að koma í veg fyrir ólögmætar, skaðlegar og ósjálfbærar veiðar sem valda skaða á náttúru landsins og dýrlífi þess fer hins vegar vel saman við hagsmuni þess mikla meiri hluta veiðimanna sem stundar ábyrgar, löglegar og sjálfbærar veiðar.

Um 51. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að Umhverfisstofnun skuli útbúa eftirlitsáætlun til þriggja ára í senn vegna eftirlits með veiðum og annari framkvæmd. Eins og fram kemur í skýringum við 50. gr. er mikilvægt að eftirliti með veiðum verði sinnt á skipulegan og samræmdan hátt á landsvísu. Í ákvæðinu er hins vegar áréttað að gæta skuli að skilvirkni og hagkvæmni í slíku eftirliti. Með ákvæðinu er því ekki verið að leggja til að slíkt veiðieftirlit þurfi að vera umfangsmikið, mannaflafrekt, flókið og dýrt. Áherslan liggur frekar í forvarnargildi eftirlits sem byggist á góðu skipulagi, eftirlitsáætlunum og skyndikönnunum. Eðlilegt er að allir þeir sem stunda veiðar megi búast við því að von geti verið á slíku eftirliti hvenær og hvar sem er á landinu, bæði á vegum Umhverfisstofnunar auk hins hefðbundna og almenna eftirlits lögreglu með öllum lögbrotum.

Í 2. mgr. er kveðið á um að Umhverfisstofnun skuli upplýsa og eiga samráð við hlutaðeigandi lögregluembætti um fyrirhugað eftirlit innan umdæma þeirra á grundvelli eftirlitsáætlunar og um einstök eftirlitsverkefni stofnunarinnar. Mikilvægt er að gott samstarf og samvinna sé við einstök lögregluembætti við framkvæmd eftirlits samkvæmt þessari grein. Þetta skiptir sérlega miklu máli í ljósi þess að ekki er gert ráð fyrir að þeir starfsmenn Umhverfisstofnunar sem sinna eftirlitinu hafi sérstakar valdbeitingarheimildir, sektarheimildir eða heimildir til að leggja hald á ólögmætan búnað, skotvopn eða veiðibráð.

Í 3. mgr. er kveðið á um að eftirlitsáætlanir samkvæmt greininni og upplýsingar úr henni séu trúnaðargögn sem ekki skal afhenda öðrum en þeim sem þurfa á slíkum upplýsingum að halda samkvæmt greininni. Kveðið er á um að upplýsingalög taki ekki til áætlunarinnar fyrr en að loknum gildistíma hennar. Mikilvægt er að ekki sé á almannavitorði áður en eftirlit fer fram hvar eftirlitsmenn bera niður eða á hvaða tímum. Eðlilegt er hins vegar að hægt sé að óska eftir slíkum áætlunum eftir að eftirliti er lokið samkvæmt eftirlitsáætluninni.

Um 52. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um almenna heimild fyrir auðkennda starfsmenn Umhverfisstofnunar að hafa afskipti af veiðimönnum á veiðislóð í þeim tilgangi að sinna eftirliti, og þeim skyldum sem stofnun hefur að þessu leyti.

Í 2. mgr. er lögð skylda á veiðimenn til að veita eftirlitsmönnum Umhverfisstofnunar þær upplýsingar og gögn sem hafa þýðingu við eftirlitið. Þar er fyrst og fremst um að ræða skyldu til að sýna veiðikort og skotvopnaleyfi sem eru grundvallargögn við skotveiðar. Ef um er að ræða hreindýraveiðar er mælt fyrir um skyldu til að framvísa leyfi til hreindýraveiða eða eftir

atvikum leyfi til að stunda leiðsögn með hreindýraveiðum ef um leiðsögumann er að ræða. Jafnframt er kveðið á um að veiðimenn skuli jafnframt framvísa veiðibráð og veiðibúnaði sé eftir því óskað enda getur það skipt höfuðmáli við framkvæmd eftirlits sem þessa með tilliti til þess hvort brot hafi verið framið.

Í 3. mgr. er kveðið á um að Umhverfisstofnun skuli við framkvæmd eftirlits leita aðstoðar lögreglu hafi hún rökstuddan grun um að framið hafi verið brot sem rannsaka þurfi frekar eða hún telji það nauðsynlegt til að framfylgja heimildum samkvæmt þessarar grein. Eins og fram hefur komið er ekki gert ráð fyrir að stofnunin hafi tiltekna valdbeitingarheimildir til að framfylgja ákvæðum um eftirlit, frekar en t.d. landverðir samkvæmt náttúruverndarlögum. Því er mikilvægt að þeir sem framkvæma slíkt eftirlit eigi gott samráð og samstarf við hlutaðeigandi lögregluembætti þannig að hægt sé að kalla til aðstoð hafi eftirlitsaðilar rökstuddan grun um að framið hafi verið brot sem rannsaka þurfi frekar eða ef þeir telja nauðsyn á því til að framfylgja þeim heimildum sem þeir hafa samkvæmt ákvæðinu.

Um 53. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að þeir sem brjóta gegn þeim ákvæðum sem þar eru talin upp skuli sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Um er að ræða sama refsiramma og kveðið er á um í 1. mgr. 21. gr. gildandi laga. Sú breyting er þó lögð til að talin eru upp í 14 staflidum þau brot laganna sem hægt er að refsa fyrir.

Í 2. mgr. er kveðið á um að refsing geti einnig falið í sér sviptingu veiðikorts, skotvopna og veiðileyfis. Samkvæmt 21. gr. gildandi laga er gert ráð fyrir sviptingu veiðileyfis og skotvopnaleyfis. Rétt er talið að í ákvæðinu komi skýrlega fram að einnig sé hægt að svipta aðila veiðikorti.

Í 3. mgr. er kveðið á um að virða skuli það refsingu til þyngingar ef brot er stórfellt eða um ásetningsbrot er að ræða. Slíkt sé jafnframt heimilt að gera ef brot beinist að sjaldgæfum eða fágætum fugla- eða spendýrategundum, mikilvægum nytjategundum eins og æðarfugli eða svæðum sem njóta sérstakrar verndar eða friðunar.

Í 4. mgr. er sérstaklega kveðið á um að hægt sé að refsa lögaðilum fyrir brot gegn 48. og 49. gr. varðandi sölu á veiðiafurðum og ákvæði um starfsemi hamskera. Starfsemi sem á sér stað samkvæmt báðum þessum greinum getur verið sinnt af lögaðilum en ekki einstaklingum. Mikilvægt að til staðar séu refsheimildir sem nái einnig til þeirra við brot á þessum greinum.

Í 5. mgr. er að finna sambærilegt ákvæði um tilraun til brota og hlutdeild í brotum og er að finna í 3. mgr. 21. gr. gildandi laga.

Í 6. mgr. er að lokum að finna að mestu leyti efnislega sambærilegt ákvæði og nú er að finna í 4. mgr. 21. gr. gildandi laga. Þar er í fyrsta lagi mælt fyrir um að heimilt sé að gera upptækt til ríkissjóðs ólöglegt veiðifang ásamt eggjum eða eggjaskurn. Í greininni er einnig kveðið á um að heimilt sé að gera upptæka friðaða villta fugla og villt spendýr og afurðir þeirra sem skylt er að tilkynna um á grundvelli 4. mgr. 49. gr. en ekki hefur verið gert. Einnig er heimilt að gera upptæk skotvopn, veiðitæki og annan ólögsmætan búnað sem notaður hefur verið við framkvæmd brots, veiðifang sem boðið er til sölu eða selt í bága við sölubann 48. gr., svo og hagnað af ólöglegri veiði og sölu framangreindra verðmæta. Með veiðitækjum og öðrum ólögsmætum búnaði í skilningi greinarinnar er aðallega átt við veiðitæki og búnað sem ekki er heimilt að nota við veiðar, sbr. 2. mgr. 24. gr. Hér má í dæmaskyni nefna snörufléka, búnað til að lýsa upp skotmörk o.s.frv. Ákvæðið getur þó einnig átt við veiðitæki og búnað sem heimilt kann að vera að nota en hefur ekki verið notaður með lögmætum hætti, eins og t.d. háfur sem notaður er við lundaveiðar ef hlutaðeigandi veiðimaður hefur ekki heimild til að stunda slíkar hlunnindaveiðar með lögmætum hætti. Ekki er það upptöku til fyrirstöðu að

annar sé eigandi veiðitækis eða annars sem upptaka er heimil á en sá sem reynst hefur sekur um brotið. Er það óbreytt frá 4. mgr. 21. gr. gildandi laga.

Um 54. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 55. gr.

Í 1. tölul. er kveðið á um að gjald fyrir útgáfu veiðikorta fyrir hvert veiðiár skuli nema 6.900 kr. og rennur gjaldið í ríkissjóð. Gjald samkvæmt gildandi lögum er 3.500 kr. sbr. breytingu á gildandi lögum á árinu 2008 og hefur verið óbreytt síðan. Ljóst er að gjaldið hefur rýrnar umtalsvert á liðnum árum með hliðsjón af hækkun á verðlagi frá þeim tíma sem það var lögfest. Lagt er til að gjaldið verði hækkað í 6.900 kr. Sé núverandi gjald fært til verðlags miðað við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar ætti það að nema u.þ.b. 5.550 kr. Að auki er lögð til hófleg hækkun umfram verðbreytingar vegna aukinna verkefna.

Í 2.–6. tölul. er kveðið á um aðrar gjaldtökuheimildir vegna þjónustu sem Umhverfisstofnun er ætlað að veita. Flestar heimildirnar eru óbreyttar frá gildandi lögum og þarfnast ekki frekari skýringa.

Í 2. mgr. er kveðið á um að gjöld skv. 2.–5. tölul. skuli renna til Umhverfisstofnunar á grundvelli gjaldskrár sem ráðherra er heimilt að setja. Í greininni kemur fram að gjöldin skuli ekki nema hærri fjárhæð en sem nemur almennum rökstuddum kostnaði við að veita umrædda þjónustu. Er það í samræmi við almenn sjónarmið um töku þjónustugjalda.

Í 3. mgr. er kveðið á um að gjald skv. 6. tölul. skuli innheimt af Umhverfisstofnun og taka mið af kostnaði við vöktun hreindýrastofnsins, eftirlit og stjórn hreindýraveiða auk arðgreiðslna til landeiganda á hreindýrasvæðum, sbr. 56. gr. Hér er annars vegar um að ræða þjónustugjald sem innheimt er á grundvelli almennra sjónarmiða um töku þjónustugjalda auk þess sem gjaldinu er ætlað að standa undir hefðbundnum arðgreiðslum til handa eigendum lands á hreindýrasvæðum vegna notkunar lands og ágangs á landi vegna veiðanna.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um að ráðherra ákvarði fjárveitingu til Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum til rannsókna, vöktunar, gerðar stjórnunar- og verndaráætlana fyrir veiðistofna, veiðieftirlits og stýringar á stofnum villtra fugla og villtra spendýra. Í ákvæðinu er mælt fyrir um að ráðherra úthluti fé skv. 1. málslíð að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar á grundvelli verklagsreglna sem hann setur um samráð stofnunarinnar við hagsmunaaðila. Í gildandi lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, var, allt þar til í maí 2018, kveðið á um í 3. mgr. 11. gr. að gjald fyrir útgáfu veiðikorta skyldi notað til rannsókna, vöktunar og stýringar á stofnum villtra dýra, auk þess að kosta útgáfu kortanna. Mælt var fyrir um að ráðherra úthlutaði fé til rannsókna af tekjum af sölu veiðikorta að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar. Hér var því um markaðan tekjustofn að ræða, þ.e. það sem innheimtist vegna sölu á veiðikortum skyldi renna til ákveðinna skilgreindra verkefna. Til að standa að frekari útfærslu á tillögum Umhverfisstofnunar um úthlutun fjármuna á grundvelli gjalda vegna sölu á veiðikortum var settur á laggirnar sérstakur Veiðikortasjóður hjá Umhverfisstofnun. Umsögn Umhverfisstofnunar um tillögur um ráðstöfun úr sjóðnum skyldi unnin í samráði við fimm manna ráðgjafanefnd sem ráðherra skipar til tveggja ára í senn. Ráðgjafanefndin hefur verið skipuð einum fulltrúa Bændasamtaka Íslands, einum fulltrúi Skotvís, einum fulltrúa frjálsra félagasamtaka á sviði náttúruverndar og tveimur fulltrúum sem Umhverfisstofnun tilnefnir, annar á sviði stofnvistfræða og hinn á sviði veiðistjórnunar.

Í kjölfar setningar laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, var lögfest sú stefnumörkun ríkisins að leggja skyldi niður alla mörkun á tekjum ríkisins. Með lögum um breytingu á lagaákvæðum um markaðar tekjur, nr. 47/2018, var þágildandi ákvæði 11. gr. laga nr. 64/1994 breytt í samræmi við framangreinda stefnumörkun. Í lögunum fólst því afnám markaðra tekjustofna í gildandi lögum nr. 64/1994 auk fjöldamargra annarra sambærilegra ákvæða þeirra laga sem gerðu ráð fyrir mörkun og ráðstöfun tekjustofna. Þessi breyting hefur þó ekki valdið neinum meginbreytingum við framkvæmd laga nr. 64/1994 eða þeim framlögum sem ákvörðuð hafa verið til þeirra verkefna sem mörkunin tók til. Ástæða þess hefur falist í því að úthlutun fjár til þessara verkefna hefur án undantekninga verið ákvörðuð jafnhá og áætlaðar tekjur ríkissjóðs vegna sölu á veiðikortum. Breytingin með lögum nr. 47/2018 hefur heldur ekki haft áhrif á þá umgjörð sem þegar hafði verið ákveðin varðandi tillögur að úthlutun til verkefnanna og lýst er hér að framan, ásamt framangreindri ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila. Góð reynsla hefur verið af þessu fyrirkomulagi og er ekki gert ráð fyrir að sérstakar breytingar verði á því fyrirkomulagi með lögfestingu frumvarps þessa. Því er lagt til að lögfest verði að ráðherra setji sérstakar verklagsreglur um samráð Umhverfisstofnunar við hagsmunaaðila eins og hefur gilt til þessa.

Um 56. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um skiptingu á arði af sölu veiðileyfa milli landeigenda. Ekki er um breytingar að ræða frá 4. mgr. 14. gr. gildandi laga.

Í 2.–3. mgr. er kveðið á um tilkynningar landeigenda til Umhverfisstofnunar um hvort hann heimili veiðar á landi sínu og ákvarðanir um að einungis sé heimilt að úthluta arði til þeirra sem heimila hreindýraveiðar á landi sínu allt veiðitímabilið. Ákvæðið er óbreytt frá 15. mgr. 14. gr. gildandi laga og þarfnast því ekki frekari skýringar.

Um 57. gr.

Í 1. og 2. mgr. er að finna gildistökuákvæði og ákvæði um brottfall gildandi laga sem ekki þarfnast frekari skýringa.

Í 3. mgr. er kveðið á um að reglugerðir og aðrar stjórnvaldsákvarðanir sem settar voru með stöð í gildandi lögum og voru í gildi verði frumvarp þetta að lögum haldi gildi sínu þar til nýjar reglur hafa verið settar, enda brjóti þær ekki í bága við lögin.

Um ákvæði til bráðabirgða I–III.

Í ákvæði til bráðabirgða I er mælt fyrir um að þar til skorið hefur verið endanlega úr mörkum eignarlands og þjóðlenda á öllum svæðum landsins, samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998, eru þeim sem tilgreindir eru í 1. mgr. 22. mgr. heimilar veiðar í almenningum og á afréttum utan landareigna lögbýla, eins og verið hefur enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki frekari skýringa.

Ákvæði til bráðabirgða II er mælt fyrir um að Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands skulu innan tveggja ára frá gildistöku laganna, verði frumvarpið óbreytt að lögum, hafa lokið gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir þær tegundir eða stofna sem hingað til hafa sætt tiltekinni nýtingu eða veiðum eða eru líklegar til að valda tjóni. Stjórnunar- og verndaráætlanir eru undirstaða flestra ákvarðana sem taka þarf. Af þessum sökum er mikilvægt að umræddar stofnanir hraði eins og unnt er gerð þessara áætlana og forgangsraði gerð þeirra þannig að vinnan hefjist við gerð áætlana fyrir þá stofna eða tegundir sem sætt hafa nytjaveiðum hér á landi eða eru líklegar til að valda tjóni.

Ákvæði til bráðabirgða III er tengt ákvæði til bráðabirgða II. Í ákvæðinu er kveðið á um að ráðherra sé heimilt, þar til umræddar stjórnunar- og verndaráætlanir liggja fyrir, að aflétta fríðun og heimila nytjaveiðar, eggjatöku og veiðar til varnar tjóni á tegundum eða stofnum villtra fugla og villtra spendýra og sem mælt er fyrir um í V. kafla að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar. Um afléttingu fríðunar vegna hreindýraveiða fer skv. X. kafla. Ákveðin tenging er að þessu leyti við 3. mgr. 57. gr. sem mælir fyrir um að reglugerðir og stjórnvaldsákvæðanir sem settar hafa verið með stöð í lögum nr. 64/1994 haldi gildi sínu þar til nýjar reglur hafa verið settar enda brjóti þær ekki í bága við lögin. Bráðabirgðaákvæðið veitir ráðherra rétt til að heimila alla hefðbundnar nytjar á stofnum og tegundum villtra fugla og villtra spendýra eins og verið hefur þar til hin nýju stjórnþæki liggja fyrir auk þess að heimila veiðar sem nauðsynlegar eru taldar til að varna tjóni.

Nefndasvið Alþingis.
Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Egilsstöðum 09.02.2021.

Sent rafrænt á nefnadasvid@althingi.is

Umsögn Félags leiðsögumanna með hreindýraveiðum (FLH) við drög að frumvarpi til laga um vernd, velferð og veiðar villtra fugla og villtra spendýra. (368. mál)

FLH er fagfélag þeirra sem eru hreindýraleiðsögumenn og hafa útgefin réttindi frá Umhverfissráðuneytinu. Félagið er í nánu samstarfi við Umhverfisstofnun varðandi daglega veiðistjórnun á veiðitíma og leiðsögumenn sinna þeirri veiðistjórnun sem fram fer á veiðislóð. Í félaginu eru um 90 leiðsögumenn sem er meginþorri þeirra sem hafa viðkomandi starfsréttindi.

Við 8. gr. um samráð við hagsmunaaðila.

Lagt er til að FLH verði bætt inn í upptalningu þeirra sem hafa skal samráð við. Félagið er vettvangur þeirra sem bera ábyrgð á velferð hreindýra við veiðar þeirra og að þau séu felld á sem sársaukaminnstan hátt. Félagsmenn eru í störfum sínum sífellt í sambandi við starfsmann UST hvað varðar framkvæmd veiðanna. Því er ekki óeðlilegt að reiknað sé með aðkomu fagfélags þeirra að stefnumótandi málum sem varða málaflokkinn.

Við 24. gr. um veiðiaðferðir.

Lagt er til að nánar sé kveðið á um eiginleika leyfilegra veiðikúlna í lagatexta, ef meiningin er að hafa slíka ákvæði á annað borð í lögum en ekki reglugerð. Veiðikúlur skulu vera gerðar til veiða á stærri dýrum, þ.e. þenjast hæfilega út í veiðibráð. Það kemur ekki fram í greininni. Í núgildandi reglugerð nr. 486/2003 um stjórn hreindýraveiða er svohljóðandi ákvæði sem mætti líta til við breytingu á frumvarpsgreininni:

Kúlþyngd skal ekki vera minni en 6,5 g (100 grains) og slagkraftur ekki minni en 180 kgm (1300 pundfet) á 200 metra færi. Veiðikúlur skulu vera gerðar til veiða á stærri dýrum, þ.e. þenjast hæfilega út í veiðibráð.

Í fyrri umsögn félagsins, sem skilað var í samráðsgátt í ágúst 2020, var því velt upp hvort ekki sé eðlilegra að sérstök reglugerðarheimild komi fram í greininni varðandi kröfur til hlaupvíddar, slagkrafts og skotfæra við einstakar tegundir veiða eftir því sem þörf er á. Það fælist í því ákveðið samræmi að fella út ákvæði um hámarksstærð við fuglaveiðar og fjalla um slík atriði í reglugerð með sama hætti og gildir nú um hreindýraveiðar.

Hvergi er minnst á bogveiði í umræddri grein. Lagt er til að bogveiði verði bætt inn sem viðurkenndri aðferð til veiða þar sem það á við. FLH styður Bogveiðifélag Íslands í því að bogveiðar verði heimilar við veiðar á öllum dýrum á Íslandi. Það er ekkert sem sýnir fram á að bogveiðar séu síðri veiðiaðferð en skotveiðar. Kröfur til bogveiði eru meiri og námskeiðhald er strangara og lengra en er með venjulegt skotveiðinámskeið. Auk þess yrði þeim skylt að hafa leiðsögumann með til að bregðast við ef þörf krefur, sambærilegt og nú gildir um veiðar á hreindýrum.

Í greinargerð með frumvarpinu segir; *Varðandi veiðar með boga hérlendis þá var talið að ekki væri unnt að heimila slíkar veiðar þar sem vopnalög leggja bann við nauðsynlegum búnaði til að stunda veiðar með boga.* Þarna virðist um að ræða tæknilegt atriði sem auðvelt er að leysa. Lagt er til að Umhverfis- og samgöngunefnd óski eftir undanþágu frá Dómsmálaráðuneyti, þar sem vitað er að nú þegar er vinna í Dómsmálaráðuneytinu með

að breyta og/eða endurskoda vopnalög, svo hægt sé að flytja inn og eiga veiðiodda sem er eina áhaldið sem vantar og Umhverfissráðuneytið vísar í í tilvísunum um frumvarpið svo bogveidi verði leyfð.

Við 40. gr. um leiðsögumenn á hreindýraveiðum.

Í núverandi frumvarpsdrögum hefur verið tekið tillit til ýmissa atriða sem félagið lagði til í fyrri umsögn sinni á liðnu ári. Þrátt fyrir það virðist ekki vera vilji til þess af hálfu löggjafans að hafa metnaðarfulla námsskrá fyrir nýja leiðsögumenn. Hlutverk leiðsögumanna er þó sífellt að verða viðameira og kröfur og skyldur sífellt að aukast á hendur þeim. Í skýringum við 41. grein, 2 mgr. er fjallað um auknar skyldur leiðsögumanna á bls. 64 í núverandi frumvarpsdrögum. Í því ljósi er áriðandi að nýir leiðsögumenn fái viðeigandi menntun og starfsþjálfun til að standa betur undir þeim skyldum sem löggjafinn ætlar að leggja á starfsstéttina við breytingar á veiðilöggjöfinni. Endurtekið er hér það sem kom fram í umsögn félagsins í ágúst 2020. Leiðsögumenn með hreindýraveiðum sinna þeim hluta veiðistjórnunar sem fram fer á veiðislóð og eru í beinu samstarfi við Umhverfisstofnun í störfum sínum. Þeirra hlutverk er meðal annars að tryggja velferð hreindýra á veiðislóð og sjá til að þau séu felld á sem mannúðlegastan hátt. Í störfum sínum eru þeir ábyrgir fyrir leiðangri þar sem hluti hópsins er alltaf vopnaður stærstu leyfilegu rifflum sem íslensk lög leyfa. Auk þess eru menn með hnifa sem hægt er að slasa sig á. Jafnframt eru aðstæður á margan hátt hættulegar. Ferðast er utan alfaraleiða í síbreytilegu veðri, utan í bröttum fjöllum og í erfiðu landi þar sem sífellt er hætta á að geti orðið slys. Menntun leiðsögumanna þarf að miða að því að búa þá undir krefjandi aðstæður sem alltaf geta komið upp og kalla á að þeir séu tilbúnir að taka stjórn á vettvangi og veita fyrstu hjálp þar til bjargir berast. Hlutverk leiðsögumanns er fjölbætt og skiptir reynsla af veiðum og veiðislóð þar miklu máli.

Um 3. tölulið.

Reikna þarf með að Umhverfisstofnun taki stöðupróf á viðkomandi nema til að staðfesta að umrædd þekking sé til staðar. Faglega er ekki sterkt að fara að æfa sig við að taka innan úr hreindýri framan við veiðimanninn sem verið er að leiðsega.

Um 4. tölulið.

Að setja markið við að hafa sjálfur veitt tvö dýr er betra en hafa engar kröfur um að hafa veitt hreindýr. Þó er það ansi lítið til að byggja upp reynslu. Í fyrri umsögn var eftirfarandi texti sem þolir að vera endurbirtur. Lagt er til að 4. töluliður um hæfnisskilyrði orðist svo:

Hafa farið í 10 skipti á hreindýraveiðar þar sem dýr er veitt. Þar af geti þau skipti sem leiðsögumaður hefur sjálfur verið veiðimaður á síðustu 5 veiðitímabilum talið með. Önnur skipti skulu farin undir handleiðslu starfandi leiðsögumanns sem valinn er af Umhverfisstofnun, næstu 2 veiðitímabil áður en leyfi er útgefið. Fjallað skal nánar um fyrirkomulag slíkra ferða í námsskrá.

Tillagan er viðleitni til að tryggja lágmarks reynslu við leiðsögn. Þeir sem til hreindýraveiða hafa farið vita að tveir veiðitúrar segja ósköp lítið í þjálfun leiðsögumanns. Í grein frumvarpsdraga er ekki minnst á hvort krafa er um að veitt hafi verið í veiðiferðunum. Ef einhver tilgangur á að vera með æfingaferðunum þá þyrftu þær að vera fleiri en tvær og helst með fleirum en einum leiðsögumanni. Ekki er ljóst hvernig löggjafinn hyggst meðhöndla þessar æfingaferðir lagalega eða fjárhagslega. Væntanlega reiknar löggjafinn með að neminn sé á ábyrgð þess leiðsögumanns sem handleiðsluna veitir.

Um 5. tölulið.

Að gera kröfur um að viðkomandi hafi aðeins leiðsagt tvisvar gerir ekkert í að byggja upp reynslu fyrir einstakling sem ekki hefur lifað og hræst í veiðum á hreindýrum. Til að fá betri fagmenn væri markvissara að viðkomandi nemi yrði í æfingaferðum og færi með a.m.k. tveimur leiðsögumönnum yfir a.m.k. eitt veiðitímabil. Vísast hér í umfjöllun um 4. tölulið.

Um 7. tölulið.

Þarna kemur inn nýtt ákvæði sem er óskilgreint. Mikilvægt er að löggjafinn sé ekki að setja fram slík ákvæði öðruvísi en ljóst sé hver mörkin eru til að uppfylla það. Ella er réttara að fella það niður.

Um 5. mgr.

Í þessari málsgrein er búið að binda hendur Umhverfisstofnunar hvað varðar að halda námskeið á a.m.k. 4 ára fresti án undangenginnar athugunar á þörf kerfisins til að fjölga leiðsögumönnum. Ekki er ljóst hvaða þörfum er verið að þjóna þarna. Er verið að styrkja kerfi veiðistjórnunar og gera það skilvirkara, eða er verið að láta undan þrýstingi þeirra sem vilja verða leiðsögumenn. Mikilvægt er að að löggjafinn geri upp við sig hvort talið er veiðistjórnunarkerfinu til hagsbóta að framleiða leiðsögumenn langt umfram þarfir kerfisins. Undanfarin ár hefur ítrekað verið rætt um mikilvægi þess að leiðsögumenn hafi næga þjálfun til leiðsagnar. Hún fæst ekki ef viðkomandi fer eingöngu fáar ferðir á hverju ári. Ítrekað hefur verið við leiðsögumenn að þeir vinni með veiðistjórnunarsviði UST og vinni saman innbyrðis. Reynslan sýnir að misbrestur vill verða á því samstarfi þegar inn koma leiðsögumenn sem eru að fara í sinn árlega eins skiptis túr. Eins hefur verið margnefnt að mikilvægt sé að veiðar dreifist sem best yfir alla daga vikunnar. Eftir því sem þeim fjölgar sem hafa réttindi til leiðsagnar og þeim fækkar sem stunda veiðarnar að einhverju marki yfir allt tímabilið þá er hætt við að fjari undan núverandi kerfi leiðsögumanna. Þá leita veiðarnar inn á helgarnar og valda biðraðastemmingu sem enginn veiðimaður vill upplifa. Sú samþjöppun veiðanna mun einnig valda óþarfa álagi á hjarðirnar og hætt við að samrýmist illa áherslum um dýravelferð sem hafa þarf í huga.

Eðlilegra væri að Umhverfisstofnun mæti þörfina fyrir að bæta við leiðsögumönnum, eins og verið hefur, og héldi námskeið í samræmi við þá þörf. Umhverfisstofnun þarf að hafa heimild til að auglýsa námskeið með þeim skilyrðum að leitað sé sérstaklega eftir leiðsögumönnum á ákveðin svæði, og þeir sem sækja um á viðkomandi svæði hafi forgang inn á námskeiðið. Þá gæti UST einnig sett upp forkröfur um væntanlegt námskeið þar sem auglýst væri eftir ákveðnum fjölda nema á hvert svæði, eftir þörf hvers svæðis. Umsækjendur myndu svo sækja um og merkja við á hvaða svæði þeir væru að sækja um, nr. 1 væri aðalumsókn og nr. 2 til vara. Dregið yrði svo úr potti hvers svæðis. Þar með væri um gegnsæi að ræða hvernig umsækjendur kæmust inn á námskeið.

Við 41. gr. um hlutverk og skyldur leiðsögumanna

FLH vill taka fram að félagið telur ákvæði greinarinnar ásættanlegt í núverandi búningi. Í raun hefur verið fallist á að taka upp nokkurn hluta af þeim ábendingum sem settar voru fram í fyrri umsögn FLH.

FLH vill áréttta að mikilvægt er að ákvæði greinarinnar verði ekki breytt í meðförum Alþingis án þess að haft verði samráð við FLH um þær breytingar. Greinin varðar með beinum hætti störf félagsmanna FLH og nauðsynlegt að félagið fái að koma að efni greinarinnar.

Virðingarfyllt

f.h. stjórnar Félags leiðsögumanna með hreindýraveiðum (FLH)

Jón Hávarður Jónsson

formaður

Til Umhverfis- og samgöngunefndar alþingis.

Efni varðar:

Vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Lagafrumvarp mál nr. 368.

Sendi hér með tvær athugasemndir sem mér finnst að vanti í frumvarpið.

Í gr. 24 sem fjallar um veiðiaðferðir er talið upp það sem ekki má nota við veiðar.

Í framhaldi af því sem þar er talið upp vil ég benda á hvort ekki væri ástæða til að banna vetrarveiði á ref eftir 15. apríl. Rökin eru: Er það ásættanlegt að á hverju ári séu drepnar læður seinnihluta aprílmánaðar frá nýgotnum yrðlingum, sem eiga þá í flestum tilfellum engan annan kost en að drepast úr sulti og kulda?

Það er staðreynd að margar læður gjóta í apríl og líklega meira um það nú á seinni árum en áður var. Sjálfur hef ég oft fengið greni með tveggja mánaða yrðlinga um 20.júní.

Önnur aths. gæti hugsanlega tilheyrð 44. gr. eða 45. gr.

Mér finnst vanta í frumvarpið að grenjatími sé skilgreindur. Í gildandi lögum er hann skilgreindur frá 1. maí til 31. júlí. Þau sveitarfélög sem vilja láta grenjavinnslu fara fram þurfa að hafa á hreinu yfir hvaða tímabil hún nær. Það mun alltaf verða til staðar ágreiningur milli þeirra veiðimanna sem annars vegar eru ráðnir til vetrarveiða á ref og hins vegar vegna grenjavinnslu. Ástæðan er að ekki verður alltaf um sömu veiðimenn að ræða.

Ég sé ekki neitt nægilega skýrt um þetta í frumvarpinu.

Ég legg því til að grenjatími verði skilgreindur frá 15. apríl til 31. júlí (jafnvel til 15. ágúst).

Með bestu kveðju til nefndarinnar.

Akureyri 25. janúar 2021.

Friðbjörn H. Guðmundsson
Hauksstöðum 691 Vopnafirði.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Nefndasviði Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík 9. febrúar 2021

Efni: Umsögn Fuglaverndar um frumvarp til laga um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 368. mál.

Fuglavernd fagnar að mörgu leyti því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar. Að mati Fuglaverndar horfir það til framfara varðandi lagaumhverfi villtra fugla og spendýra en félagið vill þó gera nokkrar athugasemdir, sumar alvarlegar, við innihald textans. Í flestum tilfellum er þó mjög auðvelt að laga það með einföldum hætti.

1. gr. Markmið: Fyrsti töluliðurinn hefur tekið breytingum frá fyrri útgáfu frumvarpsins og segir nú að markmið laganna sé að: „*Villtir fuglar og villt spendýr fái að þróast eftir eigin lögmálum*“. Í skýrslu nefndar um lagalega stöðu villtra fugla og villtra spendýra¹ (hér eftir kölluð villidýraskýrslan) var lagt til að fyrsti töluliðurinn ætti að segja: „*Stuðla að því að náttúran fái að þróast eftir eigin lögmálum*“, og í þeirri útgáfu frumvarpsins sem síðast var til umsagnar hljóðaði fyrsti töluliðurinn svo: „*Stuðla að því að villtir fuglar og villt spendýr fái að þróast eftir lögmálum náttúrunnar*“. Bent er á að núverandi orðalag gengur ekki. Með því orðalagi ætti t.d. minkur að fá að þróast eftir eigin lögmálum, sem er í andstöðu við aðrar greinar frumvarpsins og væri skelfilegt fyrir fuglavernd. Nauðsynlegt er að breyta orðalagi hér til baka til fyrri vegar eða nota orðalag villidýraskýrslunnar. Að villt dýr fái að þróast eftir lögmálum náttúrunnar felur í sér að reynt sé að takmarka áhrif mannsins á náttúrulega ferla, og er einmitt það sem allt frumvarpið ætti að snúast um.

2. gr. Gildissvið: Fuglavernd telur það sérkennilegt, svo ekki sé dýpra í árinna tekið, að lög sem fjalla um villta fugla og spendýr skuli ekki taka til sela og hvala! Innlimun sela og hvala í villidýralögin er einföld og góð leið til að tryggja að meginreglur umhverfisréttar nái einnig til verndunar og veiða þessara tegunda. Fuglavernd hvetur eindregið til þess að frumvarpið nái einnig til sela og hvala.

3. gr. Skilgreiningar: Fuglavernd leggur til úrbætur á nokkrum skilgreiningum.

1) Fuglavernd telur að það þurfi að skilgreina sérstaklega hvað sé upprunaleg tegund. Er slíka skilgreiningu að finna í villidýraskýrslunni. Mikilvægt er að gera skýran greinarmun á upprunalegum tegundum og framandi tegundum. Slíkt tengist allri umfjöllun um aðgerðir til að verjast tjóni því slíkar aðgerðir hljóta að taka mið af stöðu tegunda, þ.e. hvort um sé að ræða upprunalega tegund eða innflutta tegund.

2) Bent er á að allar þær fuglategundir sem veiddar hafa verið hér á landi til að verjast tjóni eru upprunalegar/náttúrulegar og upprunaleg tegund getur aldrei talist ágeng (e. *invasive*), skv. skilgreiningu vísinda- og alþjóðasamfélagsins á því hugtaki. Misskilning varðandi þetta er að finna endurtekið í frumvarpinu og í greinargerð þess. Þetta sýnir þörf á að skilgreina heiti á upprunalegum

¹ https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/pdf_skrar/vernd-velferd-og-veidar-loka-8-mai-2013.pdf



tegundum sem valdið geta tjóni. Lagt er til að þær kallist „ágreiningstegundir“ og verði skilgreindar þannig: „Ágreiningstegund: Upprunaleg tegund sem valdið getur fjárhagslegu eða heilsufarslegu tjóni við tilteknar aðstæður á afmörkuðum svæðum“.

3) Bæta þarf skilgreiningu á ágengri tegund/ágengri lífveru og notast við tillögu villidýraskýrslunnar.

4) Bæta þarf aftan á skilgreiningu um tjón, svo hún verði: „Tjón af völdum villtra dýra: Fjárhagslegt tjón sem einstaklingar, lögaðilar eða aðrir verða fyrir, heilsufarslegt tjón fólks eða búfenaðar, ógnun við öryggi t.d. flugs eða tjón á náttúru landsins og líffræðilegri fjölbreytni þess ef um framandi tegund sé að ræða.“

5) Notast skal frekar við skilgreiningu villidýraskýrslunnar á sjálfbærum veiðum.

9. gr. Friðun: Í lok fyrstu málsgreinar má finna orðin „...auk eggja villtra fugla og hreiðra þeirra á varptíma.“ Hér hefur orðunum „á varptíma“ verið bætt við frá síðustu útgáfu frumvarpsins. Fuglavernd mótmælir því, þar sem sjálfsagt er að almenna reglan sé að hreiður fugla njóti friðunar allan ársins hring, enda eru hreiður sumra fugla notuð endurtekið. Í stjórnunar- og verndaráætlunum væri væntanlega hægt að gera grein fyrir mögulegum undantekningum frá þessari meginreglu. Fjarlægja þarf orðin „á varptíma“ úr 9. gr.

10. gr. Önnur vernd villtra fugla villtra spendýra og búsvæða þeirra: Þetta er mjög mikilvæg grein en það vantar umfiöllun um atvinnustarfsemi, orkuframleiðslu og orkuflutning, og að við slíkar athafnir beri að taka fullt tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra. Lagt er til að í 10. gr. standi „Við gerð skipulagsáætlana og ákvarðana um landnotkun, atvinnustarfsemi, orkuframleiðslu og –flutning ásamt ferðum almennings um náttúruna skal eins og kostur er taka tillit til villtra fugla og villtra spendýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.“

Fuglavernd fagnar útvíkkun skotveiðibanns við fuglabjörg í 2 km á sjó en telur fráleitt að binda það við varptíma. Bent er á að bæði er mjög óljóst við hvað átt sé við með því, og þurfti því að skilgreina dagsetningar s.s. frá 1. febrúar til 1. október, en auk þess er með þessu engin vernd við fuglabjörg utan varptíma, ólíkt því sem nú er. Það er með öllu ólíðandi, enda heimsækja varpfuglar oft fuglabjörgin að vetri til og er tilgangur skotveiðibannsins á sjó m.a. að vernda varpfuglana. Fuglavernd mótmælir harðlega að dregið sé úr vernd fuglabjarga frá því sem nú er. Fuglavernd mælir eindregið með því að farið sé eftir tillögum villidýraskýrslunnar um 2 km skotveiðibann á sjó við fuglabjörg óháð árstíma. (Í greinargerð frumvarpsins er því ranglega haldið fram að 2 km skotveiðibann á sjó á varptíma sé skv. tillögum villidýraskýrslunnar, en þar voru þessi fjarlægðarmörk ekki bundin við varptíma). Verði ákveðið að miða við mismunandi fjarlægðir skotveiðibanns utan og á varptíma, þarf að taka fram hvaða tímamörk átt sé við og setja á fjarlægðarmörk fyrir skotveiðibann utan varptímans. Undir engum kringumstæðum geta þau mörk falið í sér minni vernd en þær reglur sem nú eru í gildi.

Bæta þarf við ákvæði um að bannað sé að eyðileggja egg með því að stinga gat á þau og skilja eftir í hreiðri. Einhverjir hafa stundað þetta til að draga úr varpárangri sumra fuglategunda sem menn hafa talið að gætu valdið tjóni. Slíkt athæfi stangast á við bæði dýravelferðarsjónarmið og það að aðgerðir gegn upprunalegum/innlendum tegundum eigi að beinast með hnitmiðuðum hætti að því að draga úr tjóni, en ekki að fækka óhnitmiðað í stofni tegundarinnar.

11. gr. Velferð villtra fugla og villtra spendýra. Fuglavernd fagnar að hugað sé að velferð villtra dýra með tilkomu þessarar greinar (fyrir utan það sem kveðið er á um í lögum um velferð dýra). Hins vegar eru mörg útfærsluatriði enn óljós þegar kemur að t.d. hjálparskyldu gagnvart villtum dýrum.



Ekki er gert ráð fyrir að setja reglugerð um þetta, sbr. 54. gr. um setningu reglugerða. Nauðsynlegt er að svo verði gert.

12. gr. Sértek friðun og vernd hreiðurstæða arna: Útfæra þarf nánar hvað átt sé við með því að stugga við örnum.

15. gr. Válistar. Fuglavernd fagnar tilkomu þessarar greinar, en gerir athugasemdir við orðalag í greinargerð frumvarpsins varðandi þessa grein (bls. 46): „*Hafa þarf þó í huga að þótt tegund sé á válista er ekki þar með sagt að veiðar á henni séu sjálfkrafa útilokaðar enda getur tegundin verið á válista vegna allt annarrar ástæðu en ofveiði.*“ Þessi staðhæfing er í andstöðu við skilgreiningu á sjálfbærum veiðum í frumvarpinu og í raun í andstöðu við allar meginreglur umhverfisréttar sem tengjast veiði. Sé tegund að finna í einhverjum af efstu flokkunum válistans ættu veiðar að verða bannaðar sjálfkrafa, enda gætu þær aldrei talist sjálfbærar ef stofninn er á samfelldri niðurleið, sama hver ástæðan sé fyrir niðursveiflunni.

18. gr. Aflétting friðunar vegna tjóns af völdum villtra fugla og villtra spendýra og 19. gr. Aflétting friðunar eða undanþága frá friðunarákvæðum vegna annarra atvika: Fuglavernd telur að mikilvægt sé að gera skýrari greinarmun á upprunalegum tegundum og framandi tegundum þegar kemur til mats á tjóni og afléttingu friðunar. Einnig þarf að hafa þá grunnreglu að leiðarljósi að öll dýr eru friðuð og þegar gripið er til varna gegn tjóni sé skýrt hver, hvernig, hvar og hvenær megi veiða meintar tjóntegundir.

Í greinargerð frumvarpsins um 18. gr. (bls. 49) kemur fram að „*Ákvæðið mælir fyrir um svigrúm fyrir ráðherra til að aflétta friðun einstakra tegunda sem falla undir greinina með almennum hætti, t.d. með því að affriða tiltekna fuglategundir allt árið verði það talið nauðsynlegt.*“ Fuglavernd mótmælir því harðlega að gert sé ráð fyrir svigrúmi til þess að aflétta friðun á innlendum fuglategundum allt árið, enda gengur það gegn anda frumvarpsins og tillögum villidýraskýrslunnar varðandi aðgerðir til að takmarka tjón. Þó að hægt sé að kveða nánar á um veiðifyrirkomulag í stjórnunar- og verndaráætlunum er eindregið hvatt til þess að í lögnum sé að finna ramma sem tekur mið af hámarks veiðiheimildum og að sá rammi fylgi tillögum villidýraskýrslunnar (síá töflu 12 á bls. 273).

Þá gerir Fuglavernd athugasemd við að hægt sé að veita leyfi fyrir veiðum fyrir dýragarða. Undir engum kringumstæðum skal veiða heilbrigða villta fugla með það fyrir augum að koma þeim fyrir í dýragarði til frambúðar. Einu skiptin sem til greina kæmi að hýsa villta fugla í dýragörðum væri í tengslum við hjálparskyldu, og væri þá hægt að útfæra það nánar í reglugerð.

24. gr. Veiðiaðferðir: Mikilvægt er að taka fram í lið 17 að ekki megi nota lifandi dýr til skotæfinga. Þá bendir Fuglavernd á að undanþágur sem Umhverfisstofnun geti veitt varðandi veiðiaðferðir ætti einungis að veita að fenginni umsögn frá Þæði Náttúrufræðistofnun Íslands og MAST vegna dýravelferðarsjónarmiða.

26. gr. Hæfnispróf veiðimanna: Í greinargerð frumvarpsins með þessari grein kemur fram að (bls. 56): „*Í 3. mgr. er lögð til undanþága frá námskeiði samkvæmt þessari grein til þeirra sem einungis hafa í hyggju að sækja um veiðikort vegna eggjatöku eða til annarra veiða en skotveiða.*

Skotveiðar og skotpróf eru það stór hluti af hefðbundnu námskeiði vegna veiðikorta að eðlilegt má telja að hægt sé að fá undanþágu frá slíkum námskeiðum. Í slíkum tilvikum ætti hins veqar verið rétt [undirstrikun Fuglaverndar] að Umhverfisstofnun afhenti þeim sem óska eftir slíkum veiðikortum sérstakar upplýsingar eða námsefni sem einungis lýtur að eggjatöku og öðrum veiðum en skotveiðum.“ Fuglavernd telur undirstrikaða orðalagið allt of vægt! Nauðsynlegt er að



Umhverfisstofnun beri ábyrgð á að útbúa fræðsluefni um forsendur þess að stunda eggjatöku og hvernig það skuli gert þannig að truflunin verði sem minnst, sem tekur mið af mismunandi líffræði mismunandi fuglategunda. Slíkt fræðsluefni skal senda öllum þeim sem stunda megi eggjatöku. Bæta þarf ákvæði um það í frumvarpið.

27. gr. Útgáfa veiðikorta. Fuglavernd leggur til að gera rottuveiðar tilkynningarskyldar til Náttúrufræðistofnunar Íslands eða Umhverfisstofnunar. Rottur eru framandi tegund á Íslandi og geta haft neikvæð áhrif á fuglalíf. Með miðlægum gagnagrunni um rottuveiðar er auðveldara að vakta umfang vandans.

29. gr. Nytjaveiðar á fuglum: Hér er að finna nauðsynlegan ramma um nytjafuglaveiðar. Ramminn í frumvarpsdrögum um veiðitíma er óbreyttur frá gildandi lögum. Þetta er ankannalegt í ljósi þess að fyrir nokkrar tegundir merkir það að veiðar verði stundaðar á varptíma þeirra, sem ávallt á að vera óheimilt. Þetta tekur til dílaskarfs og toppskarfs (en þar á ekki að leyfa veiðar eftir 1. mars), og álku, langvíu, stuttnefju og lunda (en þar á ekki að leyfa veiðar eftir miðjan mars). Félagið mótmælir því að teista sé á lista yfir tegundir sem hægt sé að veiða. eru þessar athugasemdir í samræmi við tillögur villidýraskýrslunnar og hvetur Fuglavernd eindregið til þessa að farið verði eftir þeim ramma sem finna má í 12. töflu skýrslunnar bls. 273. Þá er undarlegt að fjalla um eggjatöku í 29. gr. enda er fjallað um hana í öðrum greinum.

33. gr. Eggjataka og 34. gr. Staðbundin nýting hefðbundinna hlunninda: Fuglavernd mótmælir harðlega að lögin innihaldi heimild til handa ráðherra til að fjölga eggjatökutegundum! Nauðsynlegt er að fella alveg út 2. málsgrein 33. gr. um að ráðherra sé heimilt að fjölga eggjatökutegundum, ásamt umfjöllun um það í greinargerð frumvarpsins. Þá verða þau skilyrði sem sett eru fram í tveim síðustu efnisgreinum 34. gr. (um truflun, sölubann og heimild ráðherra til friðunar) einnig að eiga við um tegundir í 33. gr. Auk þess er óráðlegt að leyfa eggjatöku í þjóðlendum nema að undangenginni skýrri stefnumótun um slíkar nytjar, auk þess sem tól þurfa að vera til staðar til að stýra nýtingunni. Lagt er til að binda eggjatökuheimildir skv. 33. gr. við landeigendur eða við hefðbundnar nytjar.

Þá gerir Fuglavernd einnig alvarlega athugasemd við eggjatökuheimildir skv. 43. gr. sem aðgerðir til að verjast tjóni. Ljóst er að eggjatöku á einungis að leyfa séu egg til átu og flokkast þá sem nytjaveiðar. Eggjataka til að verjast tjóni er óhnitmiðuð aðgerð sem stangast á við anda frumvarpsins um aðgerðir til varnar tjóni.

43. gr. Undanþága frá friðunarákvæðum. Fella þarf út heimild til eggjatöku vegna tjóns sbr. umfjöllun við 33. og 34. gr. hér að framan, enda getur undir engum kringumstæðum komið til greina að taka egg sem ekki eru nýtt. Egg sem eru nýtt falla undir nytjaveiðar. Þá er nauðsynlegt að heimild Umhverfisstofnunnar til að veita tímabundna og skilyrta undanþágu frá friðun vegna tjóns verði að undangenginni umsögn frá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Þá gerir Fuglavernd alvarlega athugasemd við texta greinargerðarinnar við 43. gr. (bls. 66) þar sem nefnt er sem dæmi að veita veiðiheimildir á gæsum og álfum á túnum vegna ágangs þeirra. Skotveiðar á álfum og gæsum eru mjög ólíklegar til að draga úr sókn þessara fugla í gjöful tún og þar með minnka tjón að einhverju ráði, nema fækkað verði verulega í stofnum þessara fugla. Það getur varla verið ætlunin, og mundu slíkar aðgerðir ekki rúmast undir undanþágum skv. 43. gr. heldur væru það aðgerðir sem ákveðnar væru við gerð stjórnunar- og verndaráætlana. Tilvísun til þess að veiða gæsir og álfir til að draga úr tjóni á túnum ætti ekki að vera að finna í greinargerð frumvarpsins.

XII. KAFLI Framandi dýrategundir, ágengar framandi dýrategundir og villingar: Fuglavernd hvetur til þess að Náttúrufræðistofnun Íslands verði skylt með lögum að halda uppfærða skrá um upprunalegar og framandi tegundir á Íslandi (á sama hátt og stofnunin ber ábyrgð á gerð válista), þar

sem framandi tegundir eru flokkaðar í ágengar, mögulega ágengar og meinlausar tegundir. Slíkur listi ætti að vera aðgengilegur á vef stofnunarinnar. Vinna ætti hann í samráði við sérfræðinga á öðrum stofnunum. Það mundi auðvelda öllum hlutaðeigandi aðilum að sjá á skýran hátt hvaða aðgerðir til varnar tjóni séu réttlætanlegar.

47. gr. Minkar: Fuglavernd hefur áhyggjur af bágborinni stöðu vöktunar minkastofnsins, enda getur minkur haft talsverð neikvæð áhrif á fuglalíf og nauðsynlegt er að vakta stofninn. Fuglavernd leggur til að ráðstafanir verði gerðar til að tryggja fastan farveg vöktunar minkastofnsins af til þess hæfum sérfræðingum. Kostur getur verið að gera slíka vöktun að lagalegri skyldu.

46. gr. Eftirlit og aðgerðir: Fuglavernd gerir athugasemd við að Umhverfisstofnun sé gert að hafa eftirlit með útbreiðslu framandi tegunda, þar sem Umhverfisstofnun er ekki rannsóknastofnun. Eðlilega væri að þetta hlutverk væri á könnu Náttúrufræðistofnunar.

53. gr. Um refsingar: Fuglavernd hvetur til þess að hér verði bætt við lið um að refsivert sé að stunda veiðar sem hvorki geta fallið undir nytjaveiðar né samþykktar veiðar til að takmarka skilgreint tjón. Slíkt ákvæði mundi t.d. skýra svo ekki verði um villst að bannað sé að skjóta á fugla, s.s. ýmsa máfa, í skotæfingaskyni.

54. gr. Setning reglugerða: Í fyrstu málsgrein segir: „Ráðherra er heimilt í reglugerð að mæla fyrir um nánari framkvæmd laga þessara...“. Fuglavernd geldur varhug við þessu fyrirkomulagi um vægi reglugerða við framkvæmd laganna og vísar í villidýraskýrsluna en þar segir á bls. 62: „Núgildandi villidýralög eru rammalög þar sem gert er ráð fyrir að framkvæmd byggji að verulegu leyti á setningu reglugerða. Þessar reglugerðir lágu flestar fyrir í drögum er löggin voru samþykkt vorið 1994 og voru þær fljótlega settar í kjölfarið. Nokkrar reglugerðir hafa þó aldrei verið settar (sjá 12. kafli). Til þess að ný villidýralög nái markmiðum sínum er lagt til að dregið verði úr vægi reglugerða og sem flestar efnisreglur verði settar inn í löggin. Nánari útfærslur og atriði sem gæti þurft að breyta með skömmum fyrirvara, s.s. veiðitíma, verði þó bundin í reglugerðum.“

Bæta þarf við greinina heimild um setningu reglugerðar um hjálparskyldu.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Fuglaverndar
Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri

Gerri athugasemd við bann um fýlaveiðar en þær hafa verið stundaðar hér syðst á landinu í aldir og eru sannalega hluti af matarmenningu sem og þjóðmenningu okkar Eyfellinga og Mýrdælinga.

Ég sé ekki að drápsaðferðir með barefli á ófleygan ungan séu meira dýraplag en að skjóta gæs úr fjarlægð og láta hana falla særða úr nokkurri hæð.

Annars leyfi ég mér að geri bókun Mýrdalshrepps að minni einnig.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps leggur til að gerðar verði breytingar á frumvarpinu þannig að heimilar verði veiðar á fýl. Um er að ræða hefbundnar hlunnindaveiðar sem hafa menningarsögulegt gildi og ógna á engan hátt stofnstærð fýlsins. Undanþága þarf jafnframt að vera fyrir hendi að heimilt sé að nota barefli við veiðarnar eins og hefð er fyrir en slíkt yrði óheimilt samkvæmt 24. gr. frumvarpsins.

Ekki verður fallist á að siðferðisrök eða dýravelferðarsjónarmið mæli með banni við veiðum á fýl. Ekki verður séð að sú aðferð sem beitt er við fýlaveiðar valdi meiri kvölum en t.a.m. skotveiði þar sem fuglar særast oft til ólífis eða þá að óeðlilegt sé að ófleygir ungar séu veiddir enda er alifuglakjöt sú tegund kjöts sem mest er neytt af á Íslandi.

Sveitarstjórn óskar eftir því að fá að fylgja umsögninni eftir á fundi með nefndinni.

Með vinsemd.

Guðmundur Viðarsson

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum
368. mál, lagafrumvarp
151. löggjafarþing 2020–202 Dags 08.02.2020

Hér koma athugasemdir við eftirfarandi greinum.

14. gr.

Með vísan í nefndarálit um Hvítabirni þá var rætt um að fella skuli alla Hvítabirni sem koma að landi og því þurfi ekki að ræða það frekar. Sjáum því ekki annað en að fella skuli þessa grein út úr frumvarpi til laga eða setja inn stutt fella skuli alla Hvítabirni.

15.gr

Leggst alfarið gegn því að válistar verði beintengdir við lagasetningu veiðilöggjafar þar sem varað er við því frá sérfræðingum og áhugamönnum um allan heim þar sem margar ástæður geta verið fyrir svona listum og að IUCN varar sérstaklega við því. En þessir listar geta verið nothæfir fyrir t.d Náttúrustofnun og ættu því að heita athugunarlisti þar sem ástæður fyrir að lenda á svona lista getur verið mismunandi: offjölgun, fæðubrests/fæðuframboði, tilfærslu af talningasvæðum, Veðurfarslegt og lengi mætti telja.

17.gr

Fagna því að verið sé að breyta orðalagi og það geti opnað á að aðrar tegundir/stofna fugla/dýra geti verið veiðanlegir útfrá sjálfbærni stofns. En passa þarf uppá hvað er sjálfbærni og innan hvernig ramma/jafnvægi það rýmist, þyrfti að skoðast með hliðsjón af 29.gr frumvarpsins.

22.gr

Hér væri gaman að vita hvernig sjálfbærar veiðar sem annars eru almennt leyfðar geti ógnað friðlýsingum á búsvæðum dýra, jarðmyndunum, víðernum eða þjóðgörðum sem hafa sjálfbærni að leiðarljósi. Það hefur verið lenska að banna veiðar sjálfkrafa þegar svæði eru friðlýst án nokkurs rökstuðnings m.t.t. til tilgangs friðlýsingar. Rökin hafa oft litast af fáfræði og fordómum í garð skotveiðimanna. Mál er að linni.

Sjálfbærni veiða er skilgreint í verndaráætlunum með virkri veiðistjórnun (Adaptive Harvest Management) þar sem háþörk og lágmörk eru skilgreind í vissum tímaramma sem tekur mið af stofnsveiflu tegundarinnar til lengri tíma.

Gerir athugasemdir yfir því afhverju bogveiði er ekki inni sem leyfileg veiðiaðferð þar sem þessi veiðiaðferð er í mestum vexti í Evrópu og farin að verða eftirsótt sem veiðistjórnunaraðferð og sér í lagi í þéttbýli þar sem notkun skotvopna þykir ekki ásættanleg. Og er ekki síðri veiðiaðferð en skotveiðar

Hvet til að nefndin endurskoði það og komið bogveiði inn gagnvart eftirfarandi greinum og þeim sem það gæti fallið undir.

24.gr

Veiðiaðferðir bætt verði við að leyfilegt að veiði með boga og ör og að nefndi leitist eftir að vopnalög verði breytt í samræmi við frumvarpið en ljóst er að nokkur atriði stangast á við vopnalög/reglugerðir. Og að lágmarks aldur til bogveiða samræmist við þau lönd sem við berum okkur saman við. 26.gr-27.gr- 38.gr-39.gr-40.gr taka allar á hæfniskröfum og því tengdu gagnvart veiði og leiðsögumönnum, styð við að farið verði eftir tillögum Bogveiðifélags Íslands að þeirra tillögur verði grunnur að hæfniskröfum bogveiðifólks enda sé þekkingin þar.

Að öðrum greinum frumvarpsins þá trúir ég að Skotveiðifélag Íslands standi vörð um okkar hagsmuni og styð ég því þeirra umsögn.

Bestu kveðjur.

Haraldur Gústafsson

700 Egilsstaðir

Vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum 368. mál, lagafrumvarp 151. löggjafarþing 2020–202 Dags 08.02.2020 Hér koma athugasemdir við eftirfarandi greinum.

14. gr.

Með vísan í nefndarálit um Hvítabirni þá var rætt um að fella skuli alla Hvítabirni sem koma að landi og því þurfi ekki að ræða það frekar. Sjáum því ekki annað en að fella skuli þessa grein út úr frumvarpi til laga eða setja inn stutt fella skuli alla Hvítabirni.

15.gr

Leggst alfarið gegn því að válistar verði beintengdir við lagasetningu veiðilöggjafar þar sem varað er við því frá sérfræðingum og áhugamönnum um allan heim þar sem margar ástæður geta verið fyrir svona listum og að IUCN varar sérstaklega við því. En þessir listar geta verið nothæfir fyrir t.d Náttúrustofnun og ættu því að heita athugunarlisti þar sem ástæður fyrir að lenda á svona lista getur verið mismunandi: offjölgun, fæðubrests/fæðuframboði, tilfærslu af talningasvæðum, Veðurfarslegt og lengi mætti telja.

17.gr

Fagna því að verið sé að breyta orðalagi og það geti opnað á að aðrar tegundir/stofna fugla/dýra geti verið veiðanlegir útfrá sjálfbærni stofns. En passa þarf uppá hvað er sjálfbærni og innan hvernig ramma/jafnvægi það rýmist, þyrfti að skoðast með hliðsjón af 29.gr frumvarpsins.

22.gr

Hér væri gaman að vita hvernig sjálfbærar veiðar sem annars eru almennt leyfðar geti ógnað friðlýsingum á búsvæðum dýra, jarðmyndunum, víðernum eða þjóðgörðum sem hafa sjálfbærni að leiðarljósi. Það hefur verið lenska að banna veiðar sjálfkrafa þegar svæði eru friðlýst án nokkurs rökstuðnings m.t.t. til tilgangs friðlýsingar. Rökin hafa oft litast af fáfræði og fordómum í garð skotveiðimanna. Mál er að linni.

Sjálfbærni veiða er skilgreint í verndaráætlunum með virkri veiðistjórnun(Adaptive Harvest Management) þar sem hámrörk og lágmörk eru skilgreind í vissum tímaramma sem tekur mið af stofnsveiflu tegundarinnar til lengri tíma.

Geri athugasemdir yfir því afhverju bogveiði er ekki inni sem leyfileg veiðiaðferð þar sem þessi veiðiaðferð er í mestum vexti í Evrópu og farin að verða eftirsótt sem veiðistjórnunaraðferð og sér í lagi í þéttbýli þar sem notkun skotvopna þykir ekki ásættanleg. Og er ekki síðri veiðiaðferð en skotveiðar Hvet til að nefndin endurskoði það og komið bogveiði inn gagnvart eftirfarandi greinum og þeim sem það gæti fallið undir.

24.gr

Veiðiaðferðir bætt verði við að leyfilegt að veiði með boga og ör og að nefndi leitist eftir að vopnalög verði breytt í samræmi við frumvarpið en ljóst er að nokkur atriði stangast á við vopnalög/reglugerðir. Og að lágmarks aldur til bogveiða samræmist við þau lönd sem við berum okkur saman við. 26.gr-27.gr- 38.gr-39.gr-40.gr taka allar á hæfniskröfum og því tengdu gagnvart veiði og leiðsögumönnum, styð við að farið verði eftir tillögum Bogveiðifélagi Íslands að þeirra tillögur verði grunnur að hæfniskröfum bogveiðifólks enda sé þekkingin þar.

55. Mótmæli harðlega hækkun á veiðikorti frá 3500 í 6900 kr en klárt er að þessi hækkun er langt umfram eðlilega vísitölu hækkun og er ekki hluti af sátt sem var gerð þegar veiðikortið var sett á. Að öðrum greinum frumvarpsins þá trúi ég að Skotveiðifélag Íslands standi vörð um okkar hagsmuni og styð ég því þeirra umsögn.

Bestu kveðjur.
Hilmar Erlingsson
201 Kópavogur

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum 368. mál, lagafrumvarp 151.

Löggjafarþing 2020–202 Dags 08.02.2020 Hér koma athugasemdir við eftirfarandi greinum.

15.gr

Leggst alfarið gegn því að válistar verði beintengdir við lagasetningu veiðilöggjafar þar sem varað er við því frá sérfræðingum og áhugamönnum um allan heim þar sem margar ástæður geta verið fyrir svona listum og að IUCN varar sérstaklega við því. En þessir listar geta verið nothæfir fyrir t.d Náttúrustofnun og ættu því að heita athugunarlisti þar sem ástæður fyrir að lenda á svona lista getur verið mismunandi: offjölgun, fæðubrests/fæðuframboði, tilfærslu af talningasvæðum, Veðurfarslegt og lengi mætti telja.

17.gr

Fagna því að verið sé að breyta orðalagi og það geti opnað á að aðrar tegundir/stofna fugla/dýra geti verið veiðanlegir útfrá sjálfbærni stofns. En passa þarf uppá hvað er sjálfbærni og innan hvernig ramma/jafnvægi það rýmist, Þyrfti að skoðast með hliðsjón af 29.gr frumvarpsins.

22.gr

Hér væri gaman að vita hvernig sjálfbærar veiðar sem annars eru almennt leyfðar geti ógnað friðlýsingum á búsvæðum dýra, jarðmyndunum, víðernum eða þjóðgörðum sem hafa sjálfbærni að leiðarljósi. Það hefur verið lenska að banna veiðar sjálfkrafa þegar svæði eru friðlýst án nokkurs rökstuðnings m.t.t. til tilgangs friðlýsingar. Rökin hafa oft litast af fáfræði og fordómum í garð skotveiðimanna. Mál er að linni.

Sjálfbærni veiða er skilgreint í verndaráætlunum með virkri veiðistjórnun (Adaptive Harvest Management) þar sem hámarks og lágmarks eru skilgreind í vissum tímaramma sem tekur mið af stofnsveiflu tegundarinnar til lengri tíma.

Geri athugasemdir yfir því afhverju bogveiði er ekki inni sem leyfileg veiðiaðferð þar sem þessi veiðiaðferð er í mestum vexti í Evrópu og farin að verða eftirsótt sem veiðistjórnunaraðferð og sér í lagi í þéttbýli þar sem notkun skotvopna þykir ekki ásættanleg. Og er ekki síðri veiðiaðferð en skotveiðar Hvet til að nefndin endurskoði það og komið bogveiði inn gagnvart eftirfarandi greinum og þeim sem það gæti fallið undir.

24.gr

Veiðiaðferðir bætt verði við að leyfilegt að veiði með boga og ör og að nefndi leitist eftir að vopnalög verði breytt í samræmi við frumvarpið en ljóst er að nokkur atriði stangast á við vopnalög/reglugerðir. Og að lágmarks aldur til bogveiða samræmist við þau lönd sem við berum okkur saman við. 26.gr-27.gr- 38.gr-39.gr-40.gr taka allar á hæfniskröfum og því tengdu gagnvart veiði og leiðsögumönnum, styð við að farið verði eftir tillögum Bogveiðifélagi Íslands að þeirra tillögur verði grunnur að hæfniskröfum bogveiðifólks enda sé þekkingin þar.

Að öðrum greinum frumvarpsins þá trúi ég að Skotveiðifélag Íslands standi vörð um okkar hagsmuni og styð ég því þeirra umsögn.

Bestu kveðjur.

Jóhann Berthelsen

451 Patreksfirði

Jón Axel Jónsson

Febrúar 2021

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Athugasemdir og ábendingar varðandi
Frumvarp til laga um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og spendýrum

1. gr., 1. töluliður: *Villtir fuglar og villt spendýr fái að þróast eftir eigin lögmálum.*

Þetta er óraunhæft og óréttlátt markmið á meðan vargfuglar og refir komast í æti sem fellur til vegna tilvistar mannfólks. Þetta æti er t.d. búfénaður (bæði sjálf dauð húsdýr í haga og illa urðuð hræ af húsdýrum sem hafa látist eða verið aflífuð á lögbýlum), meðafli (sem er hent) fisveiðiflotans, og illa eða óurðaður úrgangur á smáum sem stórum urðunarstöðum.

Þekkt er ásókn vargfugla og refa í stóra urðunarstaði sem reknir eru af einstaka sveitarfélögum eða samtökum sveitarfélaga. Þessi ásókn væri ekki til staðar ef vel (rétt) væri gengið um staðina og þess gætt að vargfuglar og refir kæmust ekki í æti. Dæmi um illa urðuð húsdýr á stórum urðunarstað má sjá á Mynd 1 og talsverðan fjölda vargfugla í ætisleit á sama urðunarstað má sjá á Mynd 2.



Mynd 1. Illa urðuð húsdýr (hross, nautgripir, sauðfé, og svín) á stórum urðunarstað.



Mynd 2. Talsverður fjöldi vargfugla, einkum sílamáfa, í ætisöflun á stórum urðunarstað.

Á meðan vargfuglar og refir komast í auðfengið æti lagt til af mannavöldum, án þess að markvissar veiðar séu stundaðar samhliða, munu þær fuglategundir sem þessir vargfuglar og refir herja á eiga erfiðara uppdráttar þarfnast verndar. Má þar tildæmis nefna kríu, endur, rjúpu, og flesta mófugla. Lagt er til að þessi liður verði felldur út og mælt fyrir um mótvægisáðgerðir til varnar þeim tegundum sem vargfuglar og refir herja helst á til þess að stuðla að náttúrulegri fjölbreytni. Þannig má stuðla að vernd þeirra fuglastofna sem eru komnir í verulega hættu eða eru á leiðinni í verulega hættu vegna ósjálfbærs afráns.

Nærtækt dæmi um ógnun náttúrulegrar fjölbreytni er í og við Þjóðgarðinn Snæfellsnesjökul. Þar á eitt af stærstu kríuvörpum landsins undir verulegt högg að sækja; ekki bara vegna viðvarandi fæðuskorts, heldur einnig vegna afráns refa sem nú njóta friðunar í Þjóðgarðinum.

1. gr., 3. og 4. töluliðir: *Ekki sé gengið á líffræðilega fjölbreytni og búsvæði villtra fugla og villtra spendýra í þeim mæli að það ógni viðgangi þeirra.*

Verndarstöðu villtra fugla og villtra spendýra sé ekki spillt með umsvifum manna eða framandi lífverum sem ógnað gætu viðgangi þeirra.

Eins og bent var á, þá spilla umsvif manna nú þegar búsvæðum og afkomu ýmissa fuglategunda með því að leggja vargfuglum og refum til æti allt árið um kring án þess að markvissar veiðar á þessum tegundum séu stundaðar samhliða því að þeim er lagt til æti.

Helsta markmið þessara laga ætti að vera að tryggja líffræðilega fjölbreytni og ekki bíða þar til hún er töpuð. Lagt er til að breyta þessum tölulíðum þannig að það sé skýrt að tryggja eigi líffræðilega fjölbreytni fyrir áhrifum manna og afráni ránfugla og refa. Þekkt er erlendis að veiðar í og við þjóðgarða eru nauðsynlegar til að ná markmiðum um líffræðilega fjölbreytni og til að vinna gegn offjölgun ákveðinna dýrategunda.

Samkvæmt Náttúrufræðistofnun Íslands var stofnstærð íslenska refastofnsins áætluð undir 1.000 dýrum árið 1979. Árið 2008 var áætlað að stofninn væri kominn í um eða yfir 10.000 dýr. Óhjákvæmilegt er að þessi mikla fjölgun í refastofninum hafi áhrif á viðkomu og stofnstærð þeirra fuglategunda sem ekki geta varist afráni eggja og unga og jafnvel dauða af völdum refa.

Þekkt er að mörg stór og smá kríuvörp hafa horfið og önnur minnkað verulega eftir að ref tók að fjölga uppúr 1980. Umtalsverð fækkun kríu hófst talsvert áður en hrun varð í sandsílastofninum uppúr síðustu aldamótum. Umtalsvert fleiri fuglategundir, svo sem rjúpa og margar tegundir mófugla, sem verða fyrir afráni af völdum refa hafa átt erfitt uppdráttar eftir að ref tók að fjölga mikið. Afrán á mörgum þessara fuglastofna er langt frá því að vera sjálfbært og eru þeir því miður á sömu leið og geirfuglinn forðum.

Mikilvægt er að ráðast sem fyrst í áreiðanlegt stofnstærðarmat á fuglastofnum, ekki bara þeim sem eru nytjaðir, til að hægt verði að grípa til frekari ráðstafana til að viðhalda náttúrulegri fjölbreytni áður en fleiri fuglategundir færast ofar á valista Náttúrufræðistofnunar. Þess má að geta að geirfuglinn er efstur á valista sem var gerður árið 2018.

3. gr., 9. tölulíður: *Framandi tegund:* *Allar tegundir, undirtegundir eða lægri flokkunareiningar fugla og spendýra, svo sem afbrigði, kyn eða stofn, þ.m.t. kynfrumur og egg, sem menn hafa flutt vísvitandi eða óafvitandi út fyrir sitt náttúrulega forna eða núverandi útbreiðslusvæði.*

Tegundir geta verið bæði framandi og ágengar framandi þótt ekki hafi þær verið fluttar á milli svæða af mönnum. Dæmi um ágengar framandi tegundir í íslenskri náttúru sem ekki voru fluttar af mönnum eru sílamáfur og stormmáfur. Fjölgun stormmáfs á Eyjafjarðarsvæðinu hefur verið slík síðastliðin ár að heimamenn tala um hann sem plágu.

3. gr., 27. tölulíður: *Refagreni:* *Hefðbundnir staðir þar sem refir gjóta og ala upp yrðlinga.*

Með gífurlegri fjölgun í refastofninum hefur refagrenjum einnig fjölgað mikið. Árlega finnast mörg ný refagreni. Því er lagt til að liðurinn verði endurskoðaður því refagreni eru ekki einungis á hefðbundnum stöðum enda myndu þeir staðir engan veginn uppfylla þörf fyrir fjölda refagrenja vegna mikillar fjölgunar í stofninum.

24. gr., 4. töluliður: *Allar gerðir fótboga.*

Ein af þeim breytingum sem gerðar hafa verið á frumvarpinu frá því síðastliðið sumar er að nú er gert ráð fyrir að notkun fótboga verði óheimil. Þessi breyting er ekki útskýrð í greinargerðinni með frumvarpinu varðandi 24. grein, heldur er einungis „*lagt til að allar gerðir fótboga verði bannaðar.*“

Notkun fótboga hefur verið mikilvæg aðferð við veiðar á minkum og til að ná refayrðlingum í/við refagreni. Þótt mikið hafi dregið úr notkun fótboga með tilkomu annarra gildra eru þeir áfram mikilvægir til að ná erfiðum minkum og þar sem aðrar gildirur henta ekki. Rétt notaðir fótbogar valda síst meiri þjáningu eða sársauka en ýmsar aðrar veiðiaðferðir. Lagt er til að fótbogar verði a.m.k. áfram leyfðir til veiða á mink, en þó að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Sem dæmi um skilyrði gæti verið að notkun fótboga verði aðeins leyfð þeim sem ráðnir eru til veiða af sveitarfélögum og að þeirra skuli vitjað að lágmarki daglega.

24. gr., 8. töluliður: *Gildirur, nema til músa-, rottu- og minkaveiða og sem hafa hlotið samþykki Umhverfisstofnunar.*

Heimild í eldri lögum til að nota fótboga og aðrar gildirur til að ná refayrðlingum við greni hefur fallið út. Það er mjög mikilvægt að heimild til að ná refayrðlingum í gildirur haldist inni. Það er mun mannúðlegra að ná refayrðlingum sem eru sérstaklega varir um sig í fótboga eða aðrar gildirur en að láta þá veslast upp úr hungri og vösbúð þegar báðir foreldrarnir eru fallnir frá. Lagt er til að áfram verði leyft að nota gildirur til að ná refayrðlingum í/við refagreni og er það í samræmi við tillögur í villidýraskýrslunni.

33. gr.: *Almenningi í Þjóðlendum og landeigendum á eignarlöndum er heimilt fyrir 15 júní að taka egg silfur máfs, sílamáfs, svartbaks, hvítmáfs og hettumáfs.*

Þessi grein hefur tekið umtalsverðum breytingum frá þeim drögum sem kynnt voru síðastliðið sumar. Varp þeirra fuglategunda sem taldar eru upp hefst á mjög mismunandi tímum og í sumum tilfellum (fer eftir tegund og landsvæði) hefst varp jafnvel ekki fyrr en um mánaðarmótin maí/júní. Það að heimila einungis eggjatöku fram til 15. júní takmarkar því talsvert eggjatöku í sumum tilfellum. Lagt er til að dagsetningin verði tekin út eða færð til 1. júlí til að hún sé ekki mjög takmarkandi. Almennt má gera ráð fyrir að þeir sem taka egg sækist eftir eggjum sem eru nýorpin eða lítið unguð og láti af eggjatöku þegar eggjin eru orðin óhæf til neyslu.

Þar sem stormmáfur er ágeng framandi tegund sem hefur fjölgað umtalsvert á undanförunum árum er lagt til að einnig verði heimilt að taka egg stormmáfs.

34. gr.: *Á takmörkuðum svæðum, þar sem eggjataka í varpi kríu, fýls, ritu, álku, langvíu og stuttnefju hefur talist til hefðbundinni hlunninda er landeiganda heimil taka slíkra eggja.*

Í ljósi þess að kría er nú talin í „*nokkurri hættu*“ og er á síðasta válista (2018) Náttúrufræðistofnunar verður að teljast óráðlegt að leyfa áframhaldandi eggjatöku. Krían er ein af þeim tegundum sem hefur átt erfitt uppdráttar síðustu ár vegna fæðuskorts og mikillar fjölgunar refa sem sækja í egg og unga. Eins og fram kemur á vef Náttúrufræðistofnunar og umsagnaraðili getur staðfest, þá hafa margar kríubyggðir horfið og mikið fækkað í öðrum.

Krían er ein af merkari fuglategundum Íslands og vekur hún jafnan aðdáunar ferðamanna enda duglegur og fallegur fugl. Lagt er til að eggjataka á kríueggjum verði gerð með öllu óheimil í viðleitni til að hægja á hraðri hnignun stofnsins.

45. gr.: *Þeim sem ráðnir hafa verið til refaveiða skv. 44. gr. og þeim sem fá heimild til refaveiða skv. 43. gr. er óheimilt að skilja eftir æti eða agn á veiðistöðum að veiðum loknum.*

Þessi setning á ekkert skylt við refagreni og ætti frekar að vera hluti af 44. gr.

55. gr.: *Fyrir útgáfu og endurnýjun veiðikorts. Gjaldið skal nema 6.900 kr. og rennur það í ríkissjóð.*

Hækkun á gjaldi fyrir veiðikort úr 3.500 kr. í 6.900 kr. virðist óhófleg og þá sérstaklega í ljósi þess að hækkunin er lítt rökstudd. Núverandi gjald fyrir veiðikort hefur nægt fyrir kostnaði við útgáfu kortanna og stuðningi við ýmsar rannsóknir á villtum spendýrum og fuglum. Sú mikla hækkun sem nú er lögð til er því óþörf. Augljóst virðist að ætlunin er að skattleggja veiðikorthafa þar sem gjaldið á að renna í ríkissjóð en ekki veiðikortasjóð. Ef gjaldið rynni áfram í veiðikortasjóð og yrði notaði til útgáfu veiðikorta og til stuðnings rannsóknarverkefna á stofnum þeirra dýra sem veiðikortin ná yfir væri frekar hægt að sætta sig við þessa miklu hækkun.

Skarphéðinn Ásbjörnsson

Árni Halldórsson

Og Hilmar Stefánsson

Frumvarp til laga

um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Við undirritaðir viljum byrja á því að láta í ljós ánægju okkar með frumvarpið í heild og sjáum að tekið hefur verið tillit til sjónarmiða veiðimanna að talsverðu leiti.

Við viljum þó gera eftirtaldar athugasemdir:

10. gr. 4. málsgrein. Óheimilt er að veiða fugla í sárum og ófleyga unga.

Með þessari setningu er verið að útiloka aldagamla hefð fyrir veiðum á fýlsungum og eftir atvikum toppskarfsungum. Þessar fuglategundir eru ekki í neinni hættu og er þess vegna að okkar mati ekki ástæða til þess að stöðva þessar veiðar. Rétt er að taka fram að aðeins er um örfáa staði að ræða þar sem þessar veiðar eru stundaðar og því fólki sem þær hafa stundað fer fækkandi og þar með hverfa að öllum líkindum þessi menningarverðmæti af sjálfu sér. Málsgreinina mætti þess vegna hafa svona: Óheimilt er að veiða fugla í sárum og ófleyga unga nema þar sem hefð er fyrir veiðum á fýlsungum og skarfsungum.

14. gr. Hvítabirnir.

Það er mat okkar að hvítabirni skuli fella án tafar af veiðimönnum sem hafa B réttindi skotvopna ef þeir koma á land á Íslandi til þess að fyrirbyggja slys sem kunna að verða af þessum stórhættulegu dýrum. Saga okkar Íslendinga geymir æði margar sagnir af því þegar hvítabirnir gengu á land, drápu búfénað og fólk og brutu jafnvel upp hús. Ísbjarnarstofninn er núna aftur í vexti eftir langa niðursveiflu vegna loftslagsbreytinga og vera kann að komum þeirra hingað geti fjölgað þegar fram líða stundir. Það er að okkar mati því óráðlegt að hindra það að birnir séu felldir tafarlaust.

15. gr. Válistar

Við teljum að orðið válisti sé varasamt að nota þar sem orðið eitt og sér kann að gefa villandi skilaboð. Hætt er við að fuglategund eða dýr sem lendir á einum tíma inni á þeim lista verði ávallt í augum almennings í hættu jafnvel þótt stofnstærð verði aftur ásættanleg. Við leggjum því til að þessi listi verði kallaður Ástandslisti eða Athugunarlisti.

24. gr. Veiðiaðferðir

Í fyrstu málsgrein er þess getið að óheimilt sé að nota haglabyssur með stærra kaliberi en nr. 12. Nú þegar eru í gangi aðgerðir til þess að minnka og jafnvel stöðva notkun á blýhöglum og færast þá notkunin yfir í stálhögl. Stálhögl hafa talsvert minni slagkraft en blýhögl og af þeim sökum þarf meiri hleðslu til þess að ná sama árangri. Við ýmsar fuglaveiðar er nauðsynlegt að ná fram þessum slagkrafti til þess að tryggja skjótan og öruggan dauðdaga bráðar. Erlendis þar sem búið er að banna notkun blýhagla hafa veiðimenn því verið að færa sig að einhverju leiti yfir í kaliber nr. 10. Athugið að kaliber nr. 10 er stærra en kaliber nr. 12.

Í upptalningu á því sem óheimilt er að nota við veiðar er liður 3. Steina, barefli, eggvopn, skutla, stunguvopn eða áþekka hluti. Nú kemur það fyrir að aflífa þarf særða bráð. Það skal samkvæmt þessum lögum líka gera á sem fljótverkastan hátt. Fyrir kemur að þörf er á að nota eitthvað af þessu sem talið er upp í þessum lið. Við teljum að óþarft sé að hafa þennan lið 3 inni í þessari upptalningu, veiðimönnum er skylt að aflífa dýr á mannúðlegan hátt.

Við viljum lýsa yfir sérstakri ánægju okkar með síðustu málsgrein þessarar greinar þar sem Umhverfisstofnun er heimilt að veita þeim sem varanlega eru bundnir við notkun á hjólastól, sérstaka undanþágu frá ákvæðum 3. mgr. til að skjóta frá kyrrstæðu vélknúnu farartæki. Við viljum þó benda á að ýmis önnur fötlun eins og t.d. missir útlíma getur hamlað veiðimönnum að komast um og mætti þessi heimild ná til fleiri hópa.

44. grein. Refir.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að í stjórnunar- og verndaráætlun sé ákvarðað hvort refaveiðar séu taldar nauðsynlegar. Að ýmissa mati eru refaveiðar ekki nauðsynlegar eins og sést best á því að friðland hefur verið skilgreint fyrir þá á norðanverðum vestfjörðum. Við sjáum því talsverð hættumerki hér.

Við viljum taka sterklega fram sjónarmið okkar til refaveiða. Við teljum að stórfelld hætta geti stafað af því að draga úr refaveiðum. Refir í Íslenskri náttúru er slyng og öflug veiðidýr og með hverjum friðuðum ref erum við að dæma þúsundir smáfugla til dauða. Skiptir þá engu hvort um spörfugla, mófugla eða viðkvæma fuglastofna er að ræða eða ekki. Refastofninum hefur verið haldið niðri á Íslandi með skipulegum veiðum í aldir. Hann er þó langt því frá í útrýmingarhættu. Áður fyrr helgaðist þörfin fyrir því að halda stofninum í lágmarki fyrst og fremst af því tjóni sem refurinn olli á sauðfjárbúskap og anda og æðarvörpum en nú á dögum hefur bæst við enn sterkari fjárhagslegur ávinningur af því að halda stofninum niðri. Það er ferðamenska og fuglaskoðun. Það er hætt við því að ef við missum tókin á stofnstærð refsins verði lítið að sjá fyrir erlenda ferðamenn sem hingað koma til þess að skoða þessa fögru sumargesti okkar.

Við leggjum til að í þessari grein verði Sveitarstjórnnum gert skylt að sjá ávallt til þess að þekkt greni séu unnin af fagmönnum. Hér eru tvær myndir sem sýna þeim sem ekki þekkja til hversu öflugur refurinn er á fuglaveiðum á varptímanum. Annars vegar er um að ræða læðu sem skotin var þegar hún kom að greni sínu með 23 unga í kjaftinum en hin myndin sýnir 8 unga sem önnur læða hafði með sér heim að greni. Ekki er óalgengt að 10 – 12 ungar séu í kjafti hvernar tófu eftir hverja veiðiferð og hvort foreldra fer jafnvel tvær til þrjár veiðiferðir á dag. Gera má ráð fyrir að einhver þúsund fuglsunga falli fyrir hvert greni.



45. gr. Refagreni

Ókkur sýnist að þeir sem hafa komið að orðalagi þessarar greinar hafi ekki næga þekkingu á málinu. Útburður eða æti er ekki notað við grenjavinnslu né er æti sett við refagreni. Hins vegar er æti notað við vetrarveiðar á ref. Ekki er mögulegt að hafa með sér ætið heim aftur að veiðum loknum eins og segir í annari málsgrein þessarar greinar. Æti er borið út að vetri, gjarnan öðru hvoru megin áramóta og það frýs því fljótt og koma veiðimenn því gjarnan fyrir þar sem fennir að einhverju eða öllu leit yfir það. Þannig næst bestur árangur. Refurinn er eins og áður segir slyngur og stundum getur tekið vikur og jafnvel meira en mánuð að fá refinn til þess að venja komur sína að æti. Það er af þeim sökum ekki heppilegt að grafa ætið upp aftur og hafa það með sér til baka. Í annarri málsgrein þessarar 45. greinar frumvarpsins segir að óheimilt sé að skilja eftir æti eða agn á veiðistöðum að veiðum loknum. Við leggjum til að því orðalagi verði breytt í „óheimilt að skilja eftir æti eða agn á veiðistöðum að veiðitímabili loknu“.

Ábyrgðarmenn þessara athugasemda hafa allir áratuga reynslu af þeim skotveiðum sem stundaðar eru á Íslandi, eru félagsmenn í Skotvís og sitja í Svæðisráði skotveiðimanna á Norðurlandi eystra ásamt því að vera áhugamenn um náttúru og fuglavernd.

Jón Ingi Guðmundsson

Formaður Félags Skotveiðimanna Norðurlandi Eystra.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

sent á: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 8. febrúar 2021

Umsögn Landverndar um frumvarp til laga um til laga um vernd, velferð og veiðar villtra fugla og villtra spendýra.

Til hefur staðið að endurskoða ofangreind lög um langt árabíl. Síðasti starfshópur um endurskoðun lauk störfum 2013 og skilaði af sér viðamikilli skýrslu sem hefur verið núverandi starfshóp um endurskoðun laganna dýrmæt. Stjórn Landverndar fagnar frumvarpinu og styður í meginatriðum þær breytingar sem þau lýsa. Stjórn Landverndar áréttar umsögn sína frá 24. ágúst sl.

Stjórnunar- og verndaráætlanir

Sérstakar stjórnunar- og verndaráætlanir fyrir alla helstu stofna villtra dýra sem stýritæki ákvarðanatöku telur Landvernd að geti reynst sérstaklega gott tæki fyrir alla aðila. Þær eru líklegar til þess að tryggja faglega ákvarðanatöku á vísindalegum grunni og vítt samráð. Þess vegna er mjög brýnt að löggin víki ekki frá því að stjórnunar- og verndaráætlanir séu gerðar. Til dæmis á að mati Landverndar ekki að binda veiðitímabil í þessi lög. Sem dæmi um vandann við það eru hér athugasemdir við 29. gr. laganna.

1. Frá 20. ágúst til 31. mars: grágæs, heiðagæs.

Þessi veiðitími var settur þegar grágæsin var alger eða nær algerir farfugl, en það hefur breyst. Veturseta grágæsa hér á landi hefur aukist síðustu ár, sérstaklega á Suðurlandi, hugsanlega vegna hagstæðs tíðafars og meira fæðuframboðs samfara aukinni kornrækt. Hætt er við að grágæsir með vetursetu búi við rýran kost þegar líður á veturinn, einkum ef tíðarfar er óhagstætt, og eru þá viðkvæmar fyrir skotveiðum, en veiðar eru stundaðar á þessum fuglum allvíða á Suðurlandi. Auk þess hefur komutími bæði grágæsar og

heiðagæsar færst frammar, eins og ýmissa annarra fugla og er t.d. meðalkomutími fyrstu grágæsa á árunum 1998-2019 verið 13. mars, en heiðagæsar sömu ár verið 29. mars. Því er nauðsynlegt að þrengja þessar dagsetningar til að endurspegla breytta stöðu. Það er best að gera með lifandi stjórnunar- og verndaráætlunum en ekki með lagabreytingum.

2. Frá 1. september til 31. mars: *dílaskarfur, toppskarfur, súla, blesgæs, helsingi, stökkönd, urtönd, rauðhöfðaönd, duggönd, skúfönd, hávella, toppönd, rita.*

Það þarf að skoða breyttan fartíma ýmissa tegunda á þessum lista, sbr. athugasemd við 29.1. Jafnframt er engin ástæða til að leyfa veiðar á duggönd, bæði er vetrarstofninn lítill, örfá hundruð fugla, auk þess sem tegundin er í hættu. Blesgæs er einnig í hættu og hefur verið friðuð um árabíl, en er samt á þessum lista. Engin merki eru um að henni muni fjölga í bráð. Þessi tvö dæmi sýna skýrt að nauðsynlegt er að stýra veiðum í gegnum stjórnunar- og verndaráætlanir en ekki lagasetningu.

3. 3. Frá 1. september til 10. maí: *álka, langvía, stuttnefja, teista, lundi.*

Stofnstærðir allra þessara fugla eru á niðurleið og í hættu, sérstaklega stendur stuttnefjan höllum fæti. Ekki verður séð fram á að gróðurhúsaháhrifin muni dvína í bráð, en þau eru talin helsta ástæða fyrir fækkun þessara fugla. Það er í valdi okkar mannfólksins að leggja eins mikið af mörkum og við getum, eins og að friða þessa fugla alfarið. Hér er því aftur skýrt dæmi um að vænlegra er að ákvarða veiðitímabil í stjórnunar og verndaráætlunum sem eru endurskoðaðar reglulega frekar en með lagasetningu.

Sjá nánari umfjöllun um stjórnunar- og verndaráætlanir í umsögn Landverndar frá 24. ágúst sl.

Selir og hvalir

Þá hafa engar viðhlítandi skýringar fengist á því hvers vegna selir og hvalir eru undanþegnir frá lögnum þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar úr mörgum áttum. Í greinagerð er getið um að önnur lög og reglur gildi um seli og hvali en þær eru ekki nándar nærri nógu efnismikil og tryggja alls ekki vernd sela og hvala. Nú er því svo komið að íslensk stjórnvöld gefa út veiðheimildir fyrir tegundir í hættu skv. þeim lögum og reglum sem vísað er til í greinagerð. Það væri til mikilla bóta að gera stjórnunar- og verndaráætlanir um þessar tegundir. Landselur er í bráðri útrýmingarhættu og útselur og steypireyður í nokkurri hættu skv. valista náttúrufræðistofnunar um villt spendýr¹. Þegar þannig er ástatt er nauðsyn að grípa til þeirra stjórnækja sem tiltæk

¹ <https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/spendvyr/valisti-spendvra>
<https://www.hafogvatn.is/static/research/files/1549015805-hv2019-02.pdf>
<https://www.hafogvatn.is/static/research/files/1575899073-hv2019-36.pdf>

eru. Við gerð stjórnunar- og verndaráætlana koma fram öll hin ólíku sjónarmið sem varða nýtingu og vernd stofnanna. Líklegt má telja að ef selir og hvalir heyri undir lögin og um þessa stofna verði gerðar faglegar stjórnunar- og verndaráætlanir að betri sátt náist um umgengni manna við þessa stofna. Í umsögn Landverndar frá 1. ágúst sl. segir um að undanskilja seli og hvali frá lögnum sem áréttast það hér með:

„Stjórn Landverndar sér ekki ástæðu til þess að undanskilja seli og hvali frá þessum lögum þar sem þau ná til einnig til nytjaveiða og leggur til að 2. gr Gildissvið orðist svo:

„Ákvæði laga þessara taka til allra villtra fugla og villtra spendýra á íslensku yfirráðasvæði, hvort sem er á landi eða sjó, innan efnahagslögsögu Íslands.

Trúverðugleiki verndarþáttar laga um vernd, velferð og veiðar villtra fugla og villtra spendýra er í húfi ef selir og hvalir eru undanskildir. Ef selir og hvalir falla undir lögin, verða gerðar stjórnunar- og verndaráætlanir fyrir þá þar sem þol stofnanna fyrir veiði er greind sem er afar jákvætt.“

Tegundir í hættu og veiðar og eggjataka

Í lögnum er gert ráð fyrir því að taka megi egg og stunda veiðar á tegundum í hættu. Sjá til dæmis 33. gr. þar sem gert er ráð fyrir því að heimilt verði að taka egg silfur máfs, sílamáfs, svartbaks, hvítmáfs og hettumáfs en af þessum tegundum er eingöngu hettumáfur sem ekki telst í hættu².

Í 48. gr. er svo gert ráð fyrir því að ráðherra geti bannað sölu á veiðifangi og eggjum ef „*ef hlutaðeigandi stofn eða tegund þoli ekki slíka sölu með sjálfbærum hætti*“. Töluverða eftirfylgni þarf til að meta hvort stofnar þoli veiðar í hagnaðarskyni og auk þess vantar skýra skilgreiningu á sjálfbærni. Því er brýnt að stjórnunar- og verndaráætlanir taki á veiðum og mögulegu sölubanni afurða þar sem þol stofna er metið á faglegan hátt. Þetta á ekki að vera í höndum ráðherra. Þá mætti einnig banna sölu á afurðurðum tegunda í hættu skv. valista Náttúrufræðistofnunar Íslands (allir flokkar nema flokkur LC). Einnig þurfa lögin að taka af skarið með það því hvort leyfa eigi veiðar yfir höfuð ef staða stofna er slæm.

Verndun búsvæða og tenging við náttúruverndarlög

² <https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/fuqlar/valisti-fuqla>

Greinar frumvarpsins um lögfesting válista og fyrirmæli um að veiðar skuli vera sjálfbærar eru tímabærar og mikilvægar og stjórn Landverndar styður þær heilshugar. Hins vegar þyrfti frumvarpið að taka betur á verndun búsvæða dýra í hættu og tenging við náttúruverndarlög þarf að vera skýrari.

Lokaorð

Stjórn Landverndar telur nauðsynlegt að hafa í huga við gerð laga um vernd og veiðar á villtum dýrum að það er engin þörf lengur á að brauðfæða fólk með afurðum þeirra. Dýravernd og líffræðileg fjölbreytni á að vega mjög þungt nú þegar ljóst er að fjöldinn allur af tegundum er í hættu. Annars vísar Landvernd í umsögn sína um frumvarpsdrögin frá 24. ágúst 2020 sem og afar góðar umsagnir Fuglaverndar og Samtaka náttúrustofa við þetta frumvarp.

Ef nánari upplýsinga er óskað, vinsamlega hafið samband við Auði Önnu Magnúsdóttur framkvæmdastjóra Landverndar í síma 8435370.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Selfossi, 12. febrúar 2021
Tilvísun: 2101710

Efni: Umsögn Matvælastofnunar við frumvarp til laga um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum

Til upplýsinga þá er textinn settur í Times Roman letur þegar textinn hefur afritaður úr frumvarpinu, nema ef textinn er rauðlitaður þá er það sem er í rauðu tillaga að viðbót/breytingu af hálfu Matvælastofnunar. Að öðru leiti er þær greinar í frumvarpinu sem þörf er talin á að komi fram athugasemdir eða breytingartillögur við, settar fram með númeri greinar í frumvarpinu og feitletruðu lettri.

2. gr Gildissvið

„Lögín taka hvorki til hvala né sela.“

Um veiðar á selum er hvergi getið um í lögum á Íslandi. Brýnt er að úr sé bætt. Það skiptir máli í alþjóðasamhengi að Ísland geti sýnt fram á að mál sjávarspendýra séu einnig hluti af lagarammanum um vernd, velferð og veiðar á villtum dýrum.

3. gr Orðskýringar

12. „*Fuglabjarg*“ og 13. „*Fuglabbyggð*“: Mikilvægt er að orðskýringar geri skýrt hvað átt er við með lögnum. Þegar framangreind hugtök eru skilgreind er mikilvægt að fram komi einhver stærðarviðmið, svæði eða það sé vísað til reglugerðar sem tilgreinir nánar (eða hægt sé að setja rgl. sem skýrir nánar).

30. „*stjórnunar- og verndaráætlun*“: Æskilegt að kæmi líka fram í orðskýringu að í þessum lögum er átt við stjórnunar og verndaráætlun gerða af UST.

35. „*Válisti*“: Æskilegt að kæmi líka fram í orðskýringu að í þessum lögum er átt við válista gerða af Náttúrufræðistofnun Íslands.

40. „*Villingar*“: Allir fuglar og spendýr sem fæðst hafa í haldi eða eru afkomendur slíkra dýra, **önnur en gæludýr eða búfé** og lifa og æxlast í villtri eða hálfvilltri náttúru með eða án aðkomu mannsins“.

Hér er nauðsynlegt að bæta inn ákvæði um merkingu (sett inn í rauðu) svo gæludýr eða búfénaður geti ekki fallið undir þessa skilgreiningu. (sérstaklega þar sem 19. gr., 21. gr og 46. gr heimilar afléttingu friðunar og veiðar á þessum dýrum).

41. „Villt dýr“: Lagt er til að í stað hugtaksins „bústofn“ verði notað „búfé“.

II kafli Stjórnýsla 4. – 8. gr.

Heiti lagafrumvarpsins „frumvarp til laga um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum „ sýnir að lögunum er ætlað að varða m.a. velferð villtra fugla og villtra spendýra. Í lögum nr 55/2013 um velferð dýra ná lögin yfir öll hryggdýr þ.m.t. villta fugla og villt spendýr. Það er því ljóst að þessi lög munu skarast að einhverju leiti.

Í lögum 55/2013 eru hlutverk Umhverfisstofnunar (UST) og Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) skilgreind. Að sama skapi er mikilvægt að hlutverk Matvælastofnunnar komi fram hér hvað varðar velferð svo verkaskipting sé skýr milli stofnana og ráðuneyta. Mikilvægt að þessi lög skilgreini ekki ný hlutverk sem þegar hafa verið skilgreind skv. öðrum lögum. Sbr í lögum um velferð dýra nr. 55/2013 hefur ábyrgð verið skilgreind hvað varðar villt dýr í neyð bæði með tilkynningaskyldu og viðbragðsskyldu (sveitarfélög eða Umhverfisráðuneyti ef um er að ræða dýr í útrýmingarhættu). Matvælastofnun hefur eftirlit með að ákvæðum laga nr. 55/2013 sé framfylgt. Það er því mikilvægt að Matvælastofnunar sé getið hér og hvaða hlutverk hún fer með er varðar villt dýr í neyð og svo að vísað í lög nr. 55/2013 og samræmi sé þar á milli.

Í 8. gr. er kveðið um að hafa eigi samráð við hagsmunaaðila og áhugamannasamtök um vernd, velferð og veiðar, en hvergi er vísað til „Fagráðs um velferð dýra“ sem er skipað af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skv. lögum nr. 55/2013 og er ráðinu ætlað að fjalla um stefnumótandi málefni varðandi velferð dýra. Mikilvægt er að tryggja samvinnu og upplýsingaflæði milli þessara stofnana hvað varðar velferð dýra og lögin séu skýr um hlutverkaskipti og ábyrgð.

10 gr. Önnur vernd villtra fugla og villtra spendýra og búsvæða þeirra

„Við gerð skipulagsáætlana og ákvarðana um landnotkun og ferðir almennings um náttúruna skal eins og kostur er taka tillit til villtra fugla og villtra spendýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.

Forðast skal alla óþarfa truflun á dýralífi og röskun á búsvæðum, lykilbúsvæðum eða lykilstöðum.“

Ákvæðið eins og það er orðað í drögunum er of veikt. Í stað þess að það eigi að taka tillit eins og kostur er ætti að vera skylt að það fari fram virk skoðun og mat við framkvæmdir sem gætu haft alvarleg áhrif á velferð og heilsu villtra dýra, og ráðstafanir gerðar til að halda neikvæðum áhrifum í lágmarki.

11. gr. Velferð villtra dýra og villtra fugla

Þessi grein skarast á við ákvæði VII kafla í lögum nr. 55/2013 um velferð dýra. Það er mikilvægt ef það eru tvenn lög um sama málefni en sitthvor eftirlitsstofnunin, þá getur vafi leikið á hver fer með hvaða eftirlitshlutverk, eins og hér. Þá þarf að skilgreina hlutverk milli stofnanna. Ábyrgð með eftirlit um velferð villtra dýra var falin Matvælastofnun með lögum 55/2013 og því einungis til þess fallið að flækja og skapa óvissu að setja það inn í þessi lög til ábyrgðar og eftirlits annarar stofnunar, án þess að skörun á hlutverkum og ábyrgðarsviði sé skilgreind í lögunum.

Varðandi 4. málsgr „Óheimilt er að fanga og halda villta fugla og villt spendýr nema í því skyni að veita þeim tímabundna neyðaraðstoð eða sérstök heimild hafi fengist til þess samkvæmt lögum þessum eða

öðrum lögum. Við lögmæta föngun villtra fugla og villtra spendýra er óheimilt að beita aðferðum sem valda limlestingum eða kvölum.“

Heimild til neyðaraðstoðar er mikilvægt að ramma betur inn, því eins og það er sett fram krefst það hvorki tilkynningar, skoðun dýralæknis eða heimildar af neinu tagi. Það gerist reglulega að einhver taki að sér villt dýr sem hann telur þurfi hjálp (t.d. selkóp og urtan e.t.v. bara að veiða til matar) en er einungis eðlilegt hegðun dýranna í náttúrunni. Þó vanþekking sé oft ástæðan þá eru mörg dæmi um að villtum dýrum sé „bjargað“ og sett í óviðunandi aðbúnað til lengri tíma, jafnvel með skaða sem veldur þjáningum og dýrið getur ekki náð heilsu til að lifa frjálst. Slíkt er brot á velferð dýra. Til viðbótar getur reynst erfitt að sleppa dýrum aftur því lög nr. 55/2013 banna slíkt, þ.e. ef dýr elst upp hjá mönnum (í tilfellum að þetta eru ungar eða ung dýr). Einnig eru dæmi þess að slíkum dýrum sé ekki sleppt aftur þó viðkomandi dýri hafi náð bata (hrafnar, uglur o.fl.). Matvælastofnun hefur skort verkfæri til að taka á þessum málum þar sem þetta er eins og nefnt er hvergi tilkynningaskyld og ekki skylt að gera í samráði við dýralækni eða annara sérfræðinga. Því fær Matvælastofnun oftast enga vitneskju um slík tilfelli fyrr en stofnunin fær inn ábendingu vegna slæms aðbúnaðar villtra dýra í haldi. Afleiðingin getur getur því oft verið langvarandi þjáning villtra dýra í haldi manna með litla þekkingu á þörfum þeirra og eðli o.fl. Til að geta haft eftirlit og stjórn á slíkri meðferð dýra þyrfti að vera tilkynningaskylda. Það er eðlilegast að það sé dýralæknir sem meti skaða dýrs og hvort það þurfi „neyðaraðstoð“ og þá hvernig. Þar sem það eru dýralæknar á vegum Matvælastofnun víða um land, væri einfaldast ef að tilkynning um föngun á villtu dýri berist til MAST. Enda sú stofnun sem hefur eftirlit með lögum nr. 55/2013, þar sem föngun og varsla á villtum dýrum er bönnuð, sbr. 26. gr. þeirra laganna.

Það fyrirkomulag yrði þá sambærilegt norsku lögunum en Norðmenn hafa uppfært sín sambærilegu lög um villt dýr í apríl 2020 og sett slíkt ákvæði um tilkynningaskyldu í norsku villidýralögin (en ekki í dýravelferðarlögin sem eru ein helsta fyrirmynd íslenskra laga nr. 55/2013 um velferð dýra) þar sem það að taka að sér villt dýr til að veita neyðarhjálp er tilkynningaskyld til norsku Matvælastofnunar og skylt að leita álits dýralæknis

Úr „Viltloven“ í Noregi sem tóku gildi í apríl 2020 <https://lovdata.no/dokument/SF/forskrift/2020-04-01-565?q=viltforskrift>

§ 2-10. Ivaretakelse av vilt for rehabilitering

Enhver som treffer på vilt som åpenbart er sykt, skadet eller hjelpeløst, skal så langt som mulig hjelpe dyret på stedet i samsvar med bestemmelsene om hjelpeplikt i dyrevelferdsloven.

Sykt eller skadd vilt kan ivaretas for rehabilitering, dersom viltet i løpet av kort tid kan tilbakeføres til sitt naturlige miljø. Ivaretakelsen skal skje i samråd med veterinær.

Den som tar hånd om dyr for rehabilitering skal straks varsle Mattilsynet, som kan bestemme hvordan ivaretakelsen skal skje, og eventuelt beslutte at viltet skal avlives.

Ved situasjoner hvor et større antall dyr lider, skal Miljødirektoratet og Mattilsynet varsles. Hjelp etter første ledd skal skje etter anvisning fra Miljødirektoratet.

Það þarf einnig að vera skýrt hver getur veitt heimild til vörslu á villtum dýrum.

Skv. lögum nr. 55/2013 getur UST veitt leyfi til föngunar villtra dýra fyrir rannsóknir, söfn og dýragarða, til ræktunar og undaneldis eða annarra sambærilegra nota að fenginni umsögn NÍ og MAST. Þar kemur fram að sjávarútvegs- og landbúnaðar ráðherra skulu setja í reglugerð skilyrði fyrir veitingu leyfis og

aðferðir við föngun og meðferð villtra dýra við flutning og vörslu. Einnig skal að setja í reglugerð kröfur um aðbúnað villtra dýra í dýragörðum. Þessi/ar reglugerði hafa enn ekki verið settar. Þessi tvenn lög og afleiddar reglugerðir þarf að samræma hvað varðar föngun, flutning og vörslu á villtum dýrum og kröfur til dýragarða.

Síðasta málsgreinin „Koma skal sjúku, særðu eða bjargarlausu villtu dýri til bjargar ef þess er nokkur kostur eða tilkynna slík atvik til lögreglu. Heimilt er að aflífa slík dýr á skjótan og sem sársaukaminnstan hátt ef sýnt þykir að ekki sé unnt að veita því viðunandi bjargir.“

Þetta er nánast samhljóða ákvæði 7. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra nema þar eru hlutverk og verklag skilgreint með nánari og ítarlegri hætti. Rétt væri að sleppa hér, eða þá vísa til 7. gr laga nr. 55/2013.

Ný tillaga að 11 gr í lagafrumvarpinu

Skylt er að sýna villtum fuglum og villtum spendýrum hvar sem er á landinu, nærgætni og tillitssemi og forðast óþarfa truflun, röskun eða meðhöndlun.

Við alla nauðsynlega meðhöndlun eða afskipti af villtum fuglum og villtum spendýrum skal þess gætt eins og kostur er að meðferð þeirra sé réttlæt看leg og að þau verði ekki fyrir óþarfa þjáníngu eða hræðslu og skal meðferð þeirra vera í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2013 um velferð dýra.

Veidar eða aflifun villtra fugla og villtra spendýra skulu vera mannúðlegar og skal ávallt reyna að aflífa dýr á skjótan og sársaukalausan hátt. Óheimilt er að valda villtu dýri óþarfa limlestingum eða kvölum og skulu veidar fara fram í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2013 um velferð dýra.

Óheimilt er að fanga og halda villt dýr nema sérstök heimild hafi fengist til þess samkvæmt lögum þessum og 26. gr laga um velferð dýra.

Koma skal sjúku, særðu eða bjargarlausu villtu dýri til bjargar ef þess er nokkur kostur eða tilkynna slík atvik til lögreglu í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2013 um velferð dýra. Heimilt er að aflífa slík dýr á skjótan og sem sársaukaminnstan hátt ef sýnt þykir að ekki sé unnt að veita því viðunandi bjargir í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2013 um velferð dýra

Heimilt að koma villtum dýrum til hjálpar með endurhæfingu í vörslu manna, ef talið er að hægt sé að koma dýrinu tilbaka í sitt náttúrulega umhverfi innan skamms tíma. Umsjá dýrsins skal vera gerð í samráði við dýralækni. Sá sem tekur dýrið til endurhæfingar í sína vörslu skal strax senda tilkynningu, ásamt sköðunarovottorði dýralæknis, til Matvælastofnunar, sem tekur afstöðu til hvort endurhæfingin er heimil eða hvort dýrið skuli aflífað.

Ef fjöldi dýra eru mikill skal tilkynna atvikið bæði til Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar, sem leiðbeinir um framgöngu.

19. gr Afléttingu friðunar eða undanþága frá friðunarákvæðum vegna annrra atvika

„Umhverfisstofnun getur, að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands og Matvælastofnunar, veitt tímabundna undanþágu frá banni við veiðum á friðlýstum svæðum þar sem friðlýsingarskilmálar eða sérlög mæla fyrir um veiðibann, eða svæðum sem njóta verndar skv. 10. gr., á tegundum sem valda tjóni skv. 18. gr., eða vegna veiða á framandi tegundum, ágengum tegundum og villingum“

Hér er í raun verið að opna fyrir að heimila veiðar á td bæði köttum og kanínum og jafnvél búfánaði svo sem sauðfé eða hrossum, þar sem þau gætu fallið undir skilgreiningu „villingar“ að óbreyttu. Afar mikilvægt er því að skilgreiningu á „villingum“ sé lagfærð í orðskýringum og tiltekið gæludýr og búfánaður falla ekki þar undir. Verði ekki fallist á þessa skilgreiningu er nauðsynlegt að Matvælastofnun hafi

umsagnarrétt í slíkum málum. Í lögum nr. 55/2013 er fjallað um villt og hálfvillt dýr, svo sem ómerktir kettir og kanínur. Í lögum nr. 55/2013 er verklagið varðandi þessi dýr vel skilgreint og ýtarlegra en hér er (7. gr. og 24. gr.). Þó er ljóst að í einstaka tilfellum getur fjölgun hálfvilltra dýra (dæmi kanínur á útivistasvæðum) farið úr böndunum og ef sýnt er að tegundirnar eru farnar að valda alvarlegum náttúruspjöllum eða tjóni, þá þarf að vera leið til að taka á því.

21 gr Heimild til veiða

„Aðgerðir til veiðistjórnunar geta einnig falið í sér veiðar, þ.m.t. eggjatöku eða útrýmingu ágengra eða mögulega ágengra tegunda og villinga sem valdið geta óæskilegri og verulegri breytingu á náttúru landsins eða taldar eru líklegar til að ógna eða hafa veruleg áhrif á líffræðilega fjölbreytni, sbr. 67. gr. laga um náttúruvernd, nr. [60/2013](#).“

Mikilvægt að ekki séu hér heimilaðar veiðar á tegundum sem flokkast undir gæludýr og búfenað og því þarf að breyta skilgreiningu á hugtakinu „villingum“.

24. gr. Veiðiaðferðir

„Við **veiðar** er meðal annars óheimilt að nota:“

Það þarf að gæta að lögín í heild séu í samræmi við Bern sáttmálann sem Ísland hefur gengist undir. Í Bern sáttmálanum er getið um bannaðar aðferðir við „*killling, capture and other forms of exploitation*“. Hér ætti því að standa „**veiðar, föngun eða til að leita uppi bráð** er m.a. óheimilt að nota:“ En það væri líka hægt að víkka skilgreininguna á „veiðar“ undir skilgreiningarkafla þannig að sá hluti væri tilgreindur sem hluti af veiðum. Þetta á sérstaklega kannski við um notkun ljósabúnaðar. Skv Bernarsamningnum er **öllum** nokturn ljósgjafa óheimil.

„1. Eitur eða svefnlyf, nema útrýmingarefni til músa- og rottuveiða í samræmi við ákvæði efnalaga.“

Það hefur verið algengt að finna mikið af eitri ætluðum músum utandyra. Það væri rétt að takmarka slíkar eitranir við innanhús og banna að setja eitur utandyra nema með sérstakri undanþágu e.t.v. sem þyrfti þá að sækja um sérstaklega ef sýnt væri að meindýr væru sérstakt vandamál, því mýs og rottur bera eiturefnin í töluverðum mæli út í náttúruna þegar eiturkubbunum er dreift utandyra, þar sem eiturefnið skaðar mun fleiri dýr og dýrategundir svo sem fugla. Sérstaklega er þetta mikilvægt séð í ljósi þess að erfitt er að uppfylla skilyrði um dýravelferð þ.e. skjótan og þjáningarlítinn dauðdaga við eitranir. Sjá skýrslu frá 2010 frá Noregi [Dyrevernmessige konsekvenser ved bekjempelse av rotter og mus](#). Að auki eru hagamýs friðaðar utanhúss og trúlega meiripartur þeirra músa sem fer í eitur sett utandyra.

„8. Gildirur, nema til músa-, rottu- og minkaveiða og sem hafa hlotið samþykki Umhverfisstofnunar.“

Mjög æskilegt að 24. gr. vísi til að ráðherra skuli setja ýtarlegri reglugerð um gildirur og eyðingu meindýra því það er of veikt að samþykki og skilyrði sé á höndum stofnanna eins og verið hefur. Svíar hafa t.d. sett slíka reglugerð með ítarlegum leiðbeiningum. Ef hinsvegar það verður ofan á að ekki setja reglugerð þá ættu gildirurnar að hafa hlotið samþykki bæði UST og MAST þar sem sérfræðiþekking um bæði aflifun, aflifunaraðferðir og velferð er til staðar. Í reglugerð væri hinsvegar hægt að setja skýrari leiðbeiningar, sem eykur líkur á réttri notkun. Það þarf klárlega eitthvað að koma inn um kröfur um vitjanatíðni ef gildirur eru notaðar sem ekki geta tryggt samstundis dauða. **Lágmark er að hafa daglegt eftirlit með felligildrum** (7-14% dýra festast en drepast ekki sjá skýrslu 2010) **og búrgildrum** (fönguð ósködduð og lifandi og veldur mikilli og langri þjáning dýra ef þeirra er vitjað sjaldan, þar sem dýrin svelta og þorna í hel). Einnig er rétt

að það komi fram hér að límgildir (ætlaðar stærri dýrum en skordýrum séu bannaðar). En það eru gildir sem eru nefndar í greinargerð með lögum um velferð dýra sem dæmi gildir sem valda óþarfa þjáningum og dragi dauðastríð á langinn. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti staðfesti 2016 þá túlkun Matvælastofnunar að slíkar gildir séu í andstöðu við ákvæði laga nr 55/2013 um velferð dýra.

„9. Rafbúnað sem getur drepit eða rotað.“

Til eru músa og rottugildir með rafbúnað sem rota og drepa. Skv skýrslu Veterinærinstituttet 2010 í Noregi „[Dyrevernmessige konsekvenser ved bekjempelse av rotter og mus](#) „ eru gildir með rafbúnaði sem rota og drepa talið ásættanleg aflifunaraðferð ef gildran er þannig hönnuð að hún valdi umsvifalausum og óendurkræfu meðvitundarleysi. Það þýðir að straumur af fullnægjandi styrk og tíðni þarf að fara í gegnum heila og hjarta. Það er þó ekki þekkt hvort gildir á markaði uppfylli ofangreind skilyrði. En hægt væri að heimili rafbúnað með ofangreindum skilyrðum.

„11. Fastan ljósgjafa, nema til refaveiða við æti og minkaveiða.

12. Búnað til að lýsa upp skotmörk, t.d. ljósbúnað festan við byssu eða ökutæki.“

Skv. Bernarsamningnum er **öll** noktun ljósgjafa óheimil, slíkt ætti einungis að leyfa í undantekningartilfellum og þá bara vegna minkaveiða, en ekki refaveiðar.

Óljóst er við hvað sé átt með „fastur ljósgjafi“. Í 11. lið er skilgreint að það er bannað að nota „fastan ljósgjafa“. Er þá hægt að túlka það þannig að lögin leyfi lausan ljósgjafa?

Skv. 13. lið þá kemur fram að bannað sé að nota spegla og annan búnað sem blindar. Það nær þá einnig yfir ljós **af öllu tagi** (lausan og fastan ljósgjafa) þar sem ljós blinda.

„17. Lifandi dýr sem bandingja eða agn við veiðar eða til þjálfunar veiðihunda, nema bendihunda utan varptíma.“

Hvaða lifandi dýr ætti að heimila sem bandingja eða agn til þjálfunar bendihunda? Erum við að tala um að setja lifandi fugla í band til þjálfunar bendihunda? Það gæti illa samræmst gildandi lögum nr 55/2013 um velferð dýra þar sem kemur fram í 15 gr d lið að bannað sé að „nota lifandi dýr sem fóður, agn eða sem skotmark við skotæfingar eða skotkeppni.“ Ekki er góð stjórnsýsla að heimila atriði í einum lögum sem eru bönnuð í öðrum.

30. gr. Merking á villtum dýrum

„Náttúrufræðistofnun Íslands hefur ein heimild til að láta merkja villta fugla og villt spendýr á Íslandi og getur veitt öðrum heimild til slíkra merkinga samkvæmt reglum sem hún setur.“

Rétt er að upplýsa að Ísland hefur innleitt EB reglugerð um vernd dýra sem eru notuð í vísindaskyni með reglugerð nr 460/2017. Þar kemur fram að rannsóknir sem fela í sér aðgerðir á dýrum sem er jafnt og eða meira en nálarstunga, þá þarf **leyfi** Matvælastofnunar fyrir rannsókninni. Merking sem fæli í sér stungu þarf skv reglugerðinni leyfi. Hér þarf því að bæta inn „**einföldu**“ og skilgreina það í orðskýringum sem fugla eða dýramerki sem ekki felur í sér nálarstungu í gegnum húð.

Ný tillaga: Náttúrufræðistofnun Íslands hefur ein heimild til að láta merkja villta fugla og villt spendýr með **einföldu hefðbundnu fugla- eða dýramerki** á Íslandi og getur veitt öðrum heimild til slíkra merkinga samkvæmt reglum sem hún setur. **Merking sem felur í sér rof á húð þarf einnig leyfi Matvælastofnunar**“

36. gr. Hreindýraráð

„Ráðherra skipar fjóra menn í hreindýraráð. Hlutverk ráðsins er að vera Umhverfisstofnun og til ráðgjafar um vernd, veiðar og nýtingu hreindýrastofnsins.“

Hér væri rétt í anda laganna að bæta inn **velferð** þ.e. „ til ráðgjafar um vernd, velferð, veiðar og nýtingu hreindýrastofnsins.“

„Fulltrúar Náttúrustofu Austurlands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Félag hreindýraleiðsögumanna og Skotveiðifélags Íslands er heimilt að sitja fundi hreindýraráðs og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.“

Hér ætti líka Matvælastofnun sem fer með eftirlit með velferð villtra dýra lík að hafa heimild til að sitja fundi á líkri línu með þeim sem töldum er upp hér.

43. gr. Undanþága frá friðunarákvæðum

„Minkar, rottur, svo og mýs í og við híbýli eru undanþegin friðunar- og verndarákvæðum laga þessara, en reynt skal að tryggja skjóta og sársaukalaus aflífun þeirra.“

Eindregið er mælt með því að „við híbýli“ sé tekið út. Hingað til hafa hagamýs úti verið friðaðar og er það afturför dýravelferðarlega séð að hér sé bætt inn „mýs í og við híbýli“ og samræmist illa þeirri alþjóðlegu þróun og gildum innan dýravelferðar í vestrænum heimi. Bæði er óskilgreint „við híbýli“ og því gæti verið mjög mikil mismunur á túlkun. Fullnægjanlegt er að heimila að meindýr séu undanþegin friðunarákvæðum innandyrá.

Sýnt hefur verið fram á að notkun eiturkubba utandyra, sem er ein algengasta gildruaðferð notuð utandýra, veldur því að hagamýs sérstaklega bera töluvert magn av eiturefnum (rodenticid) í hreiður sín jafnvel langan veg frá híbýlum, þar sem eitrið verður auðveldlega aðgengilegt öðrum spendýrum og fuglum og getur haft víðtæk neikvæð áhrif á umhverfið. Eitrið er hættulegt öllum lifandi verum og er samræmist illa nútíma gildum í dýravelferð þar sem það tekur dýrið marga daga að drepast og lægri skammtar geta valdið mjög langvarandi þjáningum. Sjá skýrslu frá 2010 frá Noregi [Dyrevernmessige konsekvenser ved bekjempelse av rotter og mus](#). Einnig er grunur um að eiturkubbar utandyra laði meindýr frekar að húsunum en ef þeir eru ekki til staðar.

Minkar eru allstaðar undanþegnir friðunarákvæðum í lögum hvort sem er, svo ekki er þörf á að taka fram hér sérstaklega. Sjá 47 gr.

Þá leggur stofnunin til að bæta við sambærilegum kröfum og eru í lögum nr. 55/2013 „**Við eyðingu meindýra er óheimilt að beita aðferðum sem valda þeim óþarfa limlestingu eða kvölum.**“ í textann í stað þess að fjalla um að „reynt“ skuli að tryggja skjótan og sársaukalaus aflífun **eða** vísa til 28 gr laga 55/2013 um meindýr, samanber að í þeirri grein velferðarlaganna er vísað til gildandi laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og lögum um hollustuhætti.

45. gr. Refagreni

„Þeim sem ráðnir hafa verið til refaveiða skv. 44. gr. og þeim sem fá heimild til refaveiða skv. 43. gr. er óheimilt að skilja eftir æti eða agn á veiðistöðum að veiðum loknum. Ekki má láta hunda hlaupa um á greni á grenjatímanum né hafa þar óþarfa umgang.“

Hvenær telst veiðum lokið? Það er vandamál þegar refaskyttur skilja eftir æti hvort sem það er í styttri eða lengri tíma, því þar sem kinda eða lambaskrokkar eru settir út sem æti kemur reglulega upp vöðvasullur (bandormurinn *Cysticercus ovis*) í hundum og trúlega refum, sem svo berst í sauðfé. Það ætti ekki að vera heimilt að setja út æti nema það sé vaktað, eða af tegundum sem ekki bera vöðvasull (svo sem hrossaafurðir.

46. gr. Eftirlit og aðgerðir

„Umhverfisstofnun getur að fengnu áliti Náttúrufræðistofnunar Íslands lagt til við ráðherra, eða í stjórnunar- og verndaráætlun, að framandi dýrategundum, ágengum framandi dýrategundum og villingum sé útrýmt, annaðhvort á landsvísu eða á tilteknum svæðum.“

Afar mikilvægt að inni í þessari skilgreiningu **villinga séu EKKI** dýr sem flokkast sem gæludýr eða búfé, svo sem ómerktir kettir og kanínur skv lögum um velferð dýra nr 55/2013.

„Umhverfisstofnun skal skipuleggja aðgerðir sem teknar eru á grundvelli 2. mgr. í samvinnu við sveitarfélög. „

Matvælastofnun fer með eftirlit með innleiddri EB reglugerð um vernd dýra við aflifun (EB 1099/2009 innleidd með innleiðingareglugerð 911/2012) þar sem meðal annars er gildissvið aflifun vegna niðurskurðar og tengdar aðgerðir. Niðurskurður er í þeirri reglugerð skilgreindur sem „niðurskurður: ferli við aflifun dýra, til að stuðla að lýðheilsu, heilbrigði og velferð dýra eða af umhverfislegum ástæðum, undir eftirliti lögbærs yfirvalds. Matvælastofnun er einnig með sérfræðipokkingu varðandi aflifun og niðurskurð. Ef útrýma á tegundum, hvort sem það er á landsvísu eða á tilteknum svæðum skyldi leita umsagnar og/eða samvinnu við Matvælastofnun til að uppfylla ákvæði EB reglugerðar 1099/2009

47. gr. Minkar

„Minkar njóta ekki friðunar eða verndar samkvæmt lögum þessum en reynt skal að tryggja skjóta og sársaukalaus aflifun. Veiðar á mink eru öllum heimilar sem hafa veiðikort.“

Hér er nauðsynlegt að bæta inn „**Einungis er heimilt að nota gildruveiði minka ef sveitarstjórn samþykkir slíkt sem hluta af skipulögðum aðgerðum til að halda minkastofni í skefjun.**“

Varðandi drekkingargildur þá eru það verkfæri sem er mjög svo umdeilt út frá dýravelferðarsjónarmiðum þar sem það veldur þjáningum dýrs og lengingar á dauðastríði. Í lögum 55/2013 er tekið fram að einungis megi nota drekkingargildrum ef veiðin væri hluti af skipulögðum aðgerðum. Það var hinsvegar ekki skilgreint nánar hvað væru skipulagðar aðgerðir og í raun hefur hvaða einstaklingur sem er skipulagt aðgerðir. Hér er gott tækifæri að setja inn einhverja stjórn á notkun á drekkingargildrum og öðrum gildrum, og það þyrfti þá td samþykki **sveitarstjórnar** sem ákveður eða samþykkir slíka notkun og þá

hvernig. Einnig væri kostur að skilgreina hvernig skal staðið að minkaveiðum og öðrum meindýrum í sérstakri reglugerð. (sjá gr 54)

50. gr. Eftirlit

„Umhverfisstofnun annast og hefur umsjón með eftirliti með framkvæmd laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim

Matvælastofnun (MAT) hefur áður bent á (11. gr) að það er mikilvægt ef það eru tvenn lög um sama málefni en sitthvor eftirlitsstofnunin, þá getur vafi leikið á hver fer með hvaða eftirlitslutverk, eins og hér. Þá þarf að skilgreina lutverk milli stofnanna. En sú ábyrgð var falin Matvælastofnun með lögum 55/2013 og því einungis til þess fallið að flækja og skapa óvissu að setja það inn í þessi lög án þess að skörun á lutverkum sé skilgreind í lögnum.

Væri rétt að setja ákvæði í þeim greinum sem eru samhljóða 55/2013 um velferð villtra dýra að vísa til þeirra laga (og þar fer Matvælastofnun með eftirlit). Þessi ákvæði eru almennt skýrari og verklagið betur skilgreint í 55/2013 og því eðlilegt að eftirlitið með velferð dýra sé áfram á höndum Matvælastofnunar. Annars er hættu á að tvær stofnanir og tvö ráðuneyti fari bæði með eftirlit með sömu atriðum vafaatriði geta orðið á hver fari með eftirlitið og eftirfylgni. MAST og UST hafa einnig haft nokkuð samráð í málefnum er varða velferð villtra dýra og er væntanlega gott samstarf áfram. Hinsvegar er nauðsynlegt að skilgreina skýra deilingu á ábyrgð og hlutverki í lögnum.

53. gr. Um refsingar

„k. veiðimaður veldur veiðidýri tilefnislausri, óheimilli og óþarfri þjáningu eða brýtur með öðrum hætti gegn skyldum sínum sem veiðimanns samkvæmt lögum þessum eða hirðir vísitandi ekki upp veiðibráð sína,..“

Hér skarast t.d. möguleg refsheimild skv lögum um velferð dýra hvað varðar fyrsta liðinn, þ.e. að valda dýri tilefnislausri, óheimilli og óþarfa þjáningu, en lög nr. 55/2013 veita víðtækari heimildir og verkfæri gegn brotum. Æskilegt að það verði ákvæði sett inn sem hindra að tvær stofnanir og ráðuneyti geti verið með í gangi refsingar við sama broti.

„Refsing getur einnig falið í sér sviptingu veiðikorts, skotvopna- og veiðileyfis.“

Æskilegt að það væri einnig heimild í lögnum til að gera ólöglegan veiðibúnað upptækan sbr. lögum um velferð dýra um búnað sem getur valdið dýrum þjáningum.

54. gr. setning reglugerða

- i. veiðar á ref og greiðslu kostnaðar vegna þess, sbr. 44. gr.,
- j. veiðar á mink og greiðslu kostnaðar vegna þess, sbr. 47. gr.,

Sjá athugasemdir við gr 44 og 47.

Hér þarf endilega að bæta við lið n. um meindýravarnir og veiðar á músum og rottum. Svíar hafa td sett slíka reglugerð sem hægt væri að horfa til.

Úr greinargerð

4. liður samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar

Ekki er hægt að sjá að allir liðir 24. gr. uppfylli að fullu Bern sáttmálann.

5.liður samráð

„Talsverðar athugasemdir voru gerðar við það af hálfu nokkurra umsagnaraðila að lög um velferð dýra giltu um öll dýr, þar á meðal villta fugla og villt spendýr. Í umsögnunum komu meðal annars fram þær skoðanir að um velferð villtra fugla og villtra spendýra ætti frekar að fjalla í löggjöf um villt dýr og veiðar og að stjórnsýsla þessara mála ætti þá frekar heima hjá Umhverfisstofnun sem færi með málefni varðandi veiðar. Brugðist var að hluta við þessum athugasemdum með breytingum á 5., 8. og 11. gr. frumvarpsins þar sem felldar voru út vísanir til Matvælastofnunar og laga um velferð dýra. Ljóst er hins vegar að gildissviði laga um velferð dýra er ekki breytt þótt frumvarp þetta verði að lögum. Áfram er hins vegar gert ráð fyrir lögbundinni umsögn Matvælastofnunar í 3. mgr. 19. gr. í tengslum við föngun og hald villtra fugla og villtra spendýra.“

Í ljósi ofangreinds er rétt að benda á að með því að sleppa vísun til Matvælastofnunar og laga nr. 55/2013 um velferð dýra þá mun slíkt fyrst og fremst valda óöryggi um hver fer með eftirlit og eftirfylgni hvað varðar velferð dýra. Ekki er hægt að sjá annað en að eftirliti með velferð villtra dýra sé betur farið undir einum lögum um velferð (allra hrygg og spendýra) bæði þar sem lögin um velferð dýra eru ítarlegri og skýrari hvað þessi atriði varðar, þar er sérfræðiþekking á velferð, heilsu og aflífunaraðferðum, ásamt því að lögin veita mun fleiri verkfæri til að bregðast við brotum. Eins og þetta lagafrumvarp stendur nú er töluverð hættu á að mál geti verið til meðhöndlunar og jafnvel kæmu til refsingar hjá tveim stofnunum. Slíkt samræmist ekki góðri stjórnsýslu og best er að hafa þessi hlutverk milli stofnana skýr en efla hinsvegar samvinnu og upplýsingaflæði.

Virðingarfyllst,
f.h. Matvælastofnunar



Með kveðju, / Best regards,

Þóra Jónhanna Jónasdóttir, DVM, PhD

Dýralæknir gæludýra og dýravelferðar / Veterinary Officer for Pet Diseases and Animal welfare

Dýraheilsa / Animal Health and Welfare

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Nefndasviði Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Stykkishólmi 9. febrúar 2021

Efni: Umsögn Menju von Schmalensee (formaður „villidýranefndar“) um frumvarp til laga um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 368. mál.

Það er fagnaðarefni að fram sé komið það frumvarp sem hér verður fjallað um. Mjög margt í frumvarpinu er til mikilla framfara varðandi lagaumhverfi villtra fugla og spendýra og í mörgum tilfellum hefur tekist ágætlega að fara eftir tillögum nefndar um lagalega stöðu villtra fugla og spendýra sem starfaði á árunum 2010-2013 (hér eftir kölluð villidýranefnd) og skilaði af sér skýrslunni „*Vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra. Lagaleg og stjórnsýsluleg staða og tillögur um úrbætur*“ (hér eftir kölluð villidýraskýrslan).

Þótt frumvarpið sé til bóta á heildina litið frá núgildandi lögum, eru nokkur atriði þar sem þörf er á úrbótum, í mörgum tilfellum til að innlima betur tillögur villidýranefndarinnar. Til einföldunar eru athugasemdir hér settar fram eftir tölugreinum frumvarpsins, en í einhverjum tilfellum á tiltekin efnisleg athugasemd erindi við fleiri en eina lagagrein og ber þá að líta svo á að sams konar úrbætur eigi við allar þær greinar sem taka á viðkomandi málefni, ásamt umfjöllun um viðkomandi mál í greinargerð frumvarpsins.

Þess skal getið að eftirtaldar athugasemdir taka fyrst og fremst mið af tillögum villidýranefndarinnar og hvernig frumvarpið vikur frá þeim. Rétt er að hafa í huga að þær tillögur voru málamiðlanir sem settar voru fram eftir ítarlegt samráð við fjölmarga hagsmunaaðila og sérfræðinga á fleiri stigum vinnunnar, eins og greint er frá í formála og I. viðauka villidýraskýrslunnar. **Undirrituð hvetur eindregið til þess að reynt sé að fara eftir tillögum villidýranefndarinnar varðandi efnisatriði frumvarpsins**, enda endurspeglar þær tæplega þriggja ára þrotlausa vinnu nefndarinnar við að setja fram nálgun sem flestir gátu sætt sig við á snúnum og umdeildum viðfangsefnum. Í flestum tilfellum er hægt að gera úrbætur mjög auðveldlega með einföldum breytingum á orðalagi.

1. gr. Markmið.

Í fyrsta tölulið greinarinnar stendur að markmið laganna sé að: „*Villtir fuglar og villt spendýr fái að þróast eftir eigin lögmálum.*“ Hér hefur orðið breyting frá tillögu villidýranefndarinnar, sem hljóðaði svo: „***Stuðla að því að náttúran fái að þróast eftir eigin lögmálum***“ (sjá bls. 62 í villidýraskýrslunni¹). Við fyrstu sýn virðist breytingin saklaus, en svo er þó ekki. Að náttúran fái að þróast eftir eigin

¹ Menja von Schmalensee, Kristinn H. Skarphéðinsson, Hildur Vésteinsdóttir, Tómas G. Gunnarsson, Páll Hersteinsson, Auður L. Arnþórsdóttir, Hólmfríður Arnardóttir og Sigmar B. Hauksson (2013). Vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra. Lagaleg og stjórnsýsluleg staða og tillögur um úrbætur. Skýrsla unnin fyrir umhverfis- og auðlindaráðherra. 350+xi bls. ásamt viðaukum. https://www.stiornarradid.is/media/umhverfisradunevti-media/media/pdf_skrar/vernd-velferd-og-veidar-loka-8-mai-2013.pdf

lögmaþum þýðir í raun að við reynum eins vel og unnt er að takmarka afskipti mannsins af náttúrulegum ferlum. Það þýðir t.d. að við reynum að takmarka neikvæð áhrif vegna framandi ágengra tegunda, enda eru þetta tegundir sem maðurinn hefur færtil og þannig raskað náttúrulegum ferlum. Að villtir fuglar og villt spendýr fá að þróast eftir eigin lögmaþum er mun óljósara, því hvað þýðir þetta t.d. fyrir minka í villtri náttúru? Að þeir eigi að fá að þróast án afskipta manna í náttúrunni? Það viljum við auðvitað ekki og **því er eindregið mælt til þess að nota frekar orðalag villidýraskýrslunnar.**

Í fyrri útgáfu frumvarpsins var að finna orðalagið „*Stuðla að því að villtir fuglar og villt spendýr fá að þróast eftir lögmaþum náttúrunnar.*“ Ef ekki er hægt að fara eftir tillögum villidýranefndarinnar í þessu máli væri sú útgáfa skárri kostur en orðalagið sem er notað í núverandi útgáfu frumvarpsins, þótt frekar sé mælt með útgáfu villidýraskýrslunnar.

2. gr. Gildissvið.

Nauðsynlegt er að lögina nái einnig til sela og hvala. Villidýranefnain lagði ríka áherslu á þetta atriði og kom einnig fram eindreginn vilji þess efnis hjá þeim aðilum utan nefndarinnar sem rætt var við um þetta mál á starfstíma nefndarinnar. Þótt lagaleg staða sela hafi batnað með setningu reglugerðar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis nr. 1100 (11. desember 2019) um bann við selveiðum, eru grundvallaratriði varðandi vernd og velferð þessara tegunda síður en svo tryggð í íslenskum lögum. Vísað er til 9. kafla villidýraskýrslunnar um sjávarspendýr þess efnis og sérstaklega kafla 9.4 bls. 294, þar sem finna má samantekt á niðurstöðum villidýranefndarinnar varðandi þetta. Innlimun sela og hvala í villidýralögina er einföld og góð leið til að tryggja að meginreglur umhverfisréttar nái einnig til verndunar og veiða þessara tegunda.

Athuga skal að engin vísindaleg, líffræðileg eða vistfræðileg rök eru fyrir því að undanskilja þessar tegundir í lögum. Þvert á móti eru öll fagleg rök á sviði náttúrufræða og umhverfisverndar með því að innlima þessar tegundir í ný villidýralög. Nú á tímum COVID-19 heimsfaraldursins hefur ríkisstjórn Íslands státað sig af því bæði innan lands og utan að farið sé eftir ráðleggingum vísindamanna og sérfræðinga varðandi viðbrögð Íslands við veirunni skæðu. Er það til eftirbreytni og vonandi til marks um framtíðarstefnu stjórnvalda. Það er löngu orðið tímabært að segja skilið við forneskjulegan hugsunarhátt og reiptog milli ráðuneyta þegar kemur að málefnum sela og hvala. Nú er mál að linni. Villidýralögina verða að ná til sela og hvala, enda eiga þessi dýr síður en svo skilið minni vernd en önnur villt dýr. Bent er á að bæði landselur og útselur eru í hættuflokkum á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Sem neyðarúrræði og sem einhvers konar millibilsáfangi mætti kannski hugsa sér að lögina næðu til sela og tannhvala en umsjón skíðishvala væri enn um sinn hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, þ.e.a.s. að einungis skíðishvalir væru undanþegnir lögum. Af tvennu illu væri það betri kostur en að allir selir og allir hvalir væru undanskildir í frumvarpinu.

3. gr. Orðskýringar.

Huga þarf betur að orðskýringum varðandi framandi og ágengar tegundir. Í frumvarpinu er ágeng framandi tegund skilgreind sem: „*Framandi lífvera sem veldur eða líklegt er að valdi rýrnun*

líffræðilegrar fjölbreytni, meðal annars með því að fækka eða útrýma náttúrulegum tegundum með samkeppni, afráni, sýkingum og breytingum á staðbundnum vistkerfum og virkni þeirra.“ Hér er eingöngu einblínt á áhrif framandi ágengra tegunda á líffræðilega fjölbreytni. Þetta er allt of þröng skilgreining og er ekki í samræmi við tillögu villidýranefndarinnar. Í villidýraskýrslunni (bls. 55) er ágeng lífvera skilgreind sem:

„Framandi lífvera sem a) sýnir mikla eða hraða útbreiðsluaukningu af eigin rammleik eða b) veldur eða er líkleg til að valda rýrnun líffræðilegrar fjölbreytni, efnahagslegu eða umhverfislegu tjóni eða er skaðleg heilsufari manna.“

Mikilvægt er að farið sé eftir tillögum nefndarinnar í þessu, enda einskorðast tjón af völdum framandi ágengra tegunda ekki við tjón á líffræðilegum fjölbreytileika, en mýmörg erlend dæmi sýna að hæglega getur orðið fjárhagslegt tjón á t.d. mannvirkum vegna framandi ágengra tegunda án þess að hafa í för með sér neikvæð áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika. Mikilvægt er að löggjöfin endurspegli þetta og væri slík skilgreining einnig í samræmi við skilgreiningar vísindasamfélagsins.²

Villidýranefndin lagði til að auk þess að skilgreina framandi og ágengar tegundir, yrðu upprunalegar tegundir skilgreindar (bls. 54):

„Upprunaleg (innlend, náttúruleg) lífvera: Tegund, undirtegund eða lægri flokkunareining (svo sem afbrigði, kyn eða stofn) innan náttúrulegs útbreiðslusvæðis, þ.e. sem hefur þróast þar eða komist þangað eftir náttúrulegum leiðum.“

Slíka skilgreiningu er ekki að finna í frumvarpinu. Að gera skýran greinarmun á milli upprunalegra og framandi tegunda í náttúru Íslands er algjör forsenda þess að „Stuðla að því að náttúran fái að þróast eftir eigin lögmálum“ sem ætti að vera 1. atriðið í markmiðum laganna. Með því að færa til tegundir er maðurinn að trufla náttúrulega ferla, stundum með skelfilegum afleiðingum eins og fjölmörg dæmi sýna.

Að gera skýran greinarmun á upprunalegum og framandi tegundum tengist mjög allri umfjöllun frumvarpsins þegar kemur að aðgerðum til að verjast tjóni (t.d. greinar nr. 18, 19, 43 og kafli XII), þar sem verður að gera mun skýrari greinarmun á aðgerðum gagnvart upprunalegum tegundum og aðgerðum gagnvart framandi tegundum. Við þurfum að vera ófeimin við að gera þennan greinarmun

² Sjá t.d. Pysek P. o.fl. (2020). Scientists' warning on invasive alien species. *Biological Reviews* 95(1511–1534). <https://onlinelibrary.wiley.com/doi/full/10.1111/brv.12627>. Þar kemur fram bls. 1513 „*Alien species (as opposed to native species) are those whose presence in a region is attributable to human actions, deliberate or inadvertent, that enabled them to overcome biogeographical barriers [...]. Some alien species become established (i.e. they reproduce regularly to form self-replacing populations); a subset of these spread rapidly over substantial distances from introduction sites, a process that forms the basis for the definition of invasive species [...]. Another definition, supported by the International Union for Conservation of Nature (IUCN), the Convention on Biological Diversity, and the World Trade Organization, classifies as 'invasive' only those alien species that have a harmful effect on the economy, environment, or health [...].*“ Sjá einnig: Menja von Schmalensee (2010). Vágastir í vistkerfum – Fyrri hluti. Stiklað á stóru um framandi ágengar tegundir. Náttúrufræðingurinn, 2010. 80(1-2): bls. 15-26. https://www.researchgate.net/publication/319315121_Vagestir_i_vistkerfum_-_Fyrri_hluti_Stiklad_a_storu_um_framandi_agengar_tegundir_Ecosystems_in_peril_part_one_A_review_on_alien_invasive_species_-_English_summary.

á tegundum eftir uppruna þeirra, þar sem allar aðgerðir og lagaumhverfið allt verða að taka mið af þessu. Allar aðgerðir sem beinast gegn upprunalegum tegundum ættu ávallt að taka mið af því að hér sé um upprunalega tegund að ræða, og því reynt að leita leiða til að verjast tjóni án þess að hafa neikvæð áhrif á tegundina sem um ræðir, s.s. frekar að gera úrbætur á mannvirkjum við vatnsból til að verjast mögulegu smiti frá upprunalegum fuglategundum en að skjóta fuglana sem um ræðir. Þ.e.a.s. grípa ætti til aðgerða sem ekki hafa neikvæð áhrif á tegundina sem um ræðir. Oft snýst þetta um að ráðast að rót vandans en ekki birtingarmynd hans. Alveg þveröfugar forsendur eiga hins vegar við um framandi tegundir, þar sem markmiðið er oft að halda viðkomandi stofni í skefjum eða útrýma.

Í frumvarpinu er að finna rugling um merkingu hugtaksins „ágeng“, sem þarf að laga. Í greinargerð frumvarpsins (neðst bls. 33) kemur t.d. fram að „*gert er ráð fyrir að hægt sé að bregðast við tjóni af völdum tegunda sem teljast ágengar þótt þær séu ekki framandi.*“, og á bls. 50 kemur fram að „*Einnig er nauðsynlegt að slíkar heimildir séu til staðar vegna tegunda sem eru ágengar jafnvel þótt þær teljist ekki framandi tegund í náttúrunni eða hafa komið til landsins án hjálpar mannsins*“. Þetta eru ekki tæmandi dæmi. Slíkur skilningur er í ósamræmi við merkingu hugtaksins og býður upp á rugling og misskilning. **Alveg ljóst er að einungis framandi tegundir geta orðið ágengar (e. invasive).** Það þýðir ekki að upprunalegar tegundir geti ekki valdið tjóni, en þær geta aldrei orðið ágengar.

Til að bregðast við þörfinni fyrir heiti yfir upprunalegar/innlendar tegundir sem geta valdið tjóni er hér með lagt til að skilgreina „ágreiningstegund“ í lögnum:

„Ágreiningstegund: Upprunaleg tegund sem valdið getur fjárhagslegu eða heilsufarslegu tjóni við tilteknar aðstæður á afmörkuðum svæðum.“

Athuga skal að upprunaleg tegund getur ekki valdið tjóni á náttúrunni, enda er hún eðlilegur hluti hennar, og því nær skilgreiningin bara til fjárhagslegs og heilsufarslegs tjóns. Með því að gera skýran greinarmun á ágengum tegundum (sem eru ávallt framandi) og ágreiningstegundum (sem eru ávallt upprunalegar) er auðveldara að ná utan um þeim mun á aðgerðum til varnar tjóni sem verður að vera til staðar gagnvart framandi tegundum annars vegar og upprunalegum tegundum hins vegar.

Tengt mikilvægi þess að gera skýran greinarmun á upprunalegum og framandi tegundum er nauðsynlegt að gera breytingu á skilgreiningu frumvarpsins á tjóni. Lagt er til að bæta aftan á skilgreininguna þannig að hún hljóði svo:

„Tjón af völdum villtra dýra: Fjárhagslegt tjón sem einstaklingar, lögaðilar eða aðrir verða fyrir, heilsufarslegt tjón fólks eða búfenaðar, ógnun við öryggi t.d. flugs eða tjón á náttúru landsins og líffræðilegri fjölbreytni þess ef um framandi tegund er að ræða.“

Loks er gerð athugasemd vil skilgreiningu frumvarpsins á sjálfbærum veiðum. Í frumvarpinu segir: „*Sjálfbærar veiðar: Veiðar teljast sjálfbærar ef nýliðun tegundar eða stofns stendur undir veiðum, náttúrulegum afföllum og náttúrulegum reglubundnum sveiflum, þannig að stofn nær yfir tiltekinn tíma að endurnýja sig og viðhalda þeirri stofnstærð og útbreiðslu*

sem náttúruleg takmörk setja.“ Það er dálítið óljóst hvað átt sé við með að nýliðun geti staðið undir sveiflum, og hvaða tiltekna tíma er miðað við? Í skýrslu villidýranefndarinnar var tillaga um eftirfarandi skilgreiningu:

„Sjálfbærar veiðar: Veiðar teljast sjálfbærar ef nýliðun stendur undir veiðum þannig að stofn nær að endurnýja sig reglulega og viðhalda þeirri stofnstærð og útbreiðslu til langs tíma litið, sem náttúruleg takmörk setja.“

Lagt er til að notast frekar við skilgreiningu villidýranefndarinnar. Hún er einfaldari en samt fullnægjandi og á formi sem sátt náðist um.

9. gr. Friðun

Í lok fyrstu málsgreinar má finna orðin „*auk eggja villtra fugla og hreiðra þeirra á varptíma.*“ Hér hefur orðunum „á varptíma“ verið bætt við frá síðustu útgáfu frumvarpsins, en það hljóta að hafa verið mistök. Sjálfsgagt er að hreiður fugla njóti almennt friðunar utan varptíma, enda endurnýta sumir fuglar, s.s. fálkar og hrafnar, hreiður sín. Almenna reglan ætti því að vera að hreiður fugla njóti ávallt friðunar allan ársins hring, en svo má skilgreina og útfæra í stjórnunar- og verndaráætlunum fyrir hverja tegund hvort sérstakar reglur gildi um þetta hjá viðkomandi tegund, þannig að heimilt verði t.d. að fjarlægja starahreiður við ákveðin skilyrði. **Fjarlægja þarf því orðin „á varptíma“ úr 9. gr.**

10. gr. Önnur vernd villtra fugla villtra spendýra og búsvæða þeirra.

Almenn grein um vernd fugla og spendýra eins og þessi er mjög til bóta. Hins vegar er hún ófullkomin þar sem í hana vantar að skýrt komi fram að hún nái einnig til atvinnuvega/atvinnustarfsemi og orkuframleiðslu og –flutning. Það mætti t.d. innlima þessa þætti í fyrri hluta greinarinnar þannig að þar standi:

„Við gerð skipulagsáætlana og ákvarðana um landnotkun, atvinnustarfsemi, orkuframleiðslu og –flutninga ásamt ferðum almennings um náttúruna skal eins og kostur er taka tillit til villtra fugla og villtra spendýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.“

Það er mjög mikilvægt að þessir þættir gleymist ekki þar sem þeir hver um sig eru stórir áhrifavaldar þegar kemur að vernd villtra fugla og spendýra. Ef litið er til atvinnuvega eru t.d. afföll vegna hjáveiða við fiskveiðar vandamál hjá bæði fuglum og sjávarspendýrum (sjá kafla 6.6.1 villidýraskýrslunnar bls. 116 um fiskveiðar) og náttúrutengd ferðaþjónusta (bæði skipulögð og óskipulögð) getur haft mjög neikvæð áhrif á villt spendýr og villta fugla (sjá kafla 6.6.4 villidýraskýrslunnar bls. 125 um náttúrulífstengda ferðaþjónustu). Að innlima umfjöllun um orkuframleiðslu og –flutning er ekki síður mikilvægt. Stóraukinn áhugi virðist nú vera fyrir hendi á því að setja upp vindorkuver en þekkt er að vindmyllur geta haft mjög neikvæð áhrif á suma fugla. Þessi áhugi hefur aukist mjög allra síðustu ár en var ekki eins áberandi á starfstíma villidýranefndarinnar, sem sýnir glöggt hversu hratt hlutirnir geta breyst. Nauðsynlegt er að íslenskt regluverk sé viðbúið stóraukinni sókn í uppbyggingu vindorkuvera og tryggi að tilkoma þeirra skaði ekki mikilvægt fuglalíf. Þá lagði villidýranefndin einnig áherslu á að „í íslensku lagaumhverfi verði að finna skýrar reglur um nýjar [raf]línur, að þær séu lagðar í jörðu þar sem það er tæknilega og fjárhagslega mögulegt og að komið verði upp búnaði á

eldri línur til að gera þær sýnilegri fuglum og forða fuglum frá dauða af völdum raflosts.“ (Sjá einnig bls. 122-123 í villidýraskýrslunni).

Að einhverju leyti rúmast orkuframleiðsla og flutningur innan orðanna „gerð skipulagsáætlana og ákvarðana um landnotkun“, en með því að taka sérstaklega fram að þetta eigi einnig við orkuframleiðslu og -flutning verða lögin skýrari. Vernd gegn atvinnustarfsemi rúmast hins vegar einungis að litlu leyti innan greinarinnar eins og hún er orðuð nú (sbr. umfjöllun um hjáveiðar og náttúrulífstengda ferðaþjónustu) en er algjörlega nauðsynleg viðbót.

Varðandi skotveiðibann við fuglabjörg kemur fram í greinargerð frumvarpsins að ýmsir voru ósáttir við að útvíkka skotveiðibann á sjó við fuglabjörg í 2 km. Ein aðalástæða þess að villidýranefndin lagði til þessa útvíkkun var að reyna að takmarka veiðar á varpfuglum (þ.e. ekki var einungis litið til hávaðans). Nefndinni fannst eðlilegt að miða við a.m.k. sömu fjarlægð og er þegar í gildi varðandi skotveiðibann nálægt friðlýstum æðarvörpum. Varpfuglar í fuglabjörgum mæta oft snemma (janúar-febrúar) á staðinn til að kanna aðstæður og halda til í nágrenninu vel áður en þeir setjast upp í björgin. Því er þessi útvíkkun fjarlægðarmarkanna nauðsynleg. Til fróðleiks má geta þess að einhverjir í villidýranefndinni vildu jafnvel ganga enn lengra og rætt var um bæði 3 km og 5 km. 2 km skotveiðibann á sjó var niðurstaðan og var málamiðlun sem allir fulltrúar í nefndinni gátu sætt sig við á þeim tíma.

Í þessari nýjustu útgáfu frumvarpsins er búið að takmarka skotveiðibannið við varptíma til að koma til móts við athugasemdir skotveiðimanna. Það er þó mjög óljóst hvað átt sé við með því, þar sem varptími fugla er mismunandi. Ef takmarka á skotveiðibann á sjó við fuglabjörg við ákveðinn tíma árs er æskilegt að skilgreina nákvæmlega hvaða dagsetningar átt sé við. Fullorðnir varpfuglar ýmissa sjófuglategunda byrja mjög snemma að huga að varpi og heimsækja varpstaði og því þyrfti 2 km skotveiðibann á sjó að miðast við t.d. frá 1. febrúar til lok september.

Þá er vakin sérstök athygli á því að ef ákveðið verður að binda skotveiðibann hjá fuglabjörgum við varptíma er nauðsynlegt að skilgreina einnig a.m.k. 200 m skotveiðibann á landi og a.m.k. 500 m skotveiðibann á sjó utan varptíma, **því annars væru skotveiðiheimildir rýmkaðar frá því sem nú er,** þar sem núgildandi skotveiðibann er ekki bundið varptíma. Það getur varla hafa verið ætlunin.

Undirrituð mælir eindregið með því að fylgja tillögum villidýranefndarinnar og miða við 2 km skotveiðibann á sjó óháð árstíma enda eiga flestir sjófuglar undir högg að sækja. Ef gefa á afslátt af þessu og binda 2 km bannið við varptíma væri æskilegt að miða við 1 km skotveiðibann á sjó og 200 m á landi utan þess tíma.

Í greinargerð frumvarpsins er haldið fram að 2 km skotveiðibann við fuglabjörg á varptíma sé í samræmi við tillögur villidýraskýrslunnar. Það er rangt! Nefndin takmarkaði ekki skotveiðibannið við varptíma, enda hefur sú breyting orðið frá síðustu útgáfu draga að frumvarpinu eftir innsendar athugasemdir.

Þá er nauðsynlegt að bæta við 10. greinina (eða annars staðar í frumvarpinu) ákvæði um að **ekki megi eyðileggja egg með því að stinga gat á þau og skilja eftir í hreiðri**. Þetta athæfi hefur verið stundað til að draga úr varpárangri sumra fuglategunda sem menn hafa talið að gætu valdið tjóni. Með því að stinga á eggin drepast þau, en foreldrið heldur áfram að liggja á og verja varpstað og nánasta nágrenni fyrir öðrum einstaklingum sömu tegundar en verpir ekki öðrum eggjum í staðinn. Út frá dýravelferðarsjónarmiðum er ótækt að stunda slíkt athæfi, enda reynir mikið á varpfuglana að liggja á eggjum og verja svæðið sitt, og út frá þeirri meginreglu að veiðar á tegundum sem valdið geta tjóni þurfi að vera hnitmiðaðar og sniðnar að því að minnka tjónið sem um ræðir, verður að banna það.

11. gr. Velferð villtra fugla og villtra spendýra.

Undirrituð fagnar að velferð villtra dýra sé gert hærra undir höfði með tilkomu þessarar greinar. Hins vegar eru mörg útfærsluatriði enn óljós þegar kemur að t.d. hjálparskyldu gagnvart villtum dýrum. Nauðsynlegt er að sett verði reglugerð þess efnis, en ekki er gert ráð fyrir slíku í 54. gr. um setningu reglugerða. **Nauðsynlegt er að bæta úr því.**

15. gr. Válistar

Undirrituð fagnar þessari grein, enda lagði villidýranefndin mikla áherslu á mikilvægi válista og tengingu þeirra við lög.

16. gr. Stjórnunar – og verndaráætlanir

Villidýranefndin lagði ríka áherslu á mikilvægi stjórnunar- og verndaráætla, og gott er að sjá hvað þeim er ætlað mikilvægt hlutverk í framkvæmd laganna.

18. gr. Aflétting friðunar vegna tjóns af völdum villtra fugla og villtra spendýra og 19. gr.

Aflétting friðunar eða undanþága frá friðunarákvæðum vegna annarra atvika

Eins og fram kemur í umfjöllun um skilgreiningar hér að framan **væri æskilegt að gera skýran mun á aðgerðum til að verjast skilgreindu tjóni af völdum upprunalegra og framandi tegunda**, og lögin ættu að endurspeglja það. Það má bæta 18. og 19. gr. verulega m.t.t. þessa.

Fyrir fuglavernd er t.d. mjög aðkallandi að gera slíka aðgreiningu, þar sem hefð er fyrir því hér á landi að líta á sumar upprunalegar fuglategundir sem tjónfugla með tilheyrandi aðgerðum gegn þeim, en stofnar flestra þeirra eru á niðurleið eins og fjallað er um í villidýraskýrslunni. Þannig eru 4 upprunalegar fuglategundir (svartbakur, sílamáfur, silfurmáfur og hrafn) nú ófriðaðar allt árið. Í villidýraskýrslunni er bent á að tjón af þeirra völdum er stað- og tímabundið og með hliðsjón af meginreglum um veiðar og forsendur þess að veiða til að verjast tjóni, er þar lagt til að friða þessar tegundir nema innan marka friðlýstra æðarvarpa, en gera ráð fyrir möguleika á veitingu tíma- og staðbundinna undanþága til að bregðast við skilgreindu raunverulegu tjóni (sjá kafla 8.3.6.1 bls. 268-269 og tafla 12 bls. 273 í villidýraskýrslunni). Í greinargerð frumvarpsins um 18. gr. (bls. 49) kemur fram að „Ákvæðið mælir fyrir um svigrúm fyrir ráðherra til að aflétta friðun einstakra tegunda sem falla undir greinina með almennum hætti, t.d. með því að affriða tiltekna fuglategundir allt árið verði það talið nauðsynlegt.“ **Því er mótmælt harðlega að svigrúm sé til þess að aflétta friðun á innlendum fuglategundum allt árið**, enda stríðir það gegn nútíma náttúruvernd og tillögum villidýranefndarinnar. Þótt að hægt sé að kveða nánar á um veiðifyrirkomulag í stjórnunar- og

verndaráætlunum er eindregið hvatt til þess að í lögnum sé að finna ramma sem tekur mið af almennum veiðiheimildum, og að sá rammi fylgi tillögum villidýranefndarinnar sem sjá má í töflu 12 á bls. 273 í villidýraskýrslunni.

Eindregið er hvatt til þess að í frumvarpinu verði almennt séð reynt að forðast orðalag sem túlka má sem svo að friðun sé aflétt almennt á heilli tegund eða að *tegund* valdi tjóni, sé um upprunalegar tegundir að ræða. Slíkt orðalag kemur ítrekað fyrir hér og þar í texta frumvarpsins. Það þarf að vera alveg skýrt að grunnreglan sé að öll villt dýr sem lögin ná til séu friðuð og aflétting eigi sér einungis stað með ákveðnum skilyrðum sem tilgreind eru í stjórnunar- og verndaráætlun. Æskilegra er því að tala um að friðun sé aflétt í ákveðnum **tilvikum** í stað þess að henni hafi verið aflétt á tiltekinni **tegund**. Fyrsta málsgrein 18. greinar gæti þá t.d. hljóðað svona: „*Ráðherra er heimilt með reglugerð, sbr. 54. gr., að aflétta friðun villtra fugla og villtra spendýra, sem ekki njóta aukinnar verndar eða sértækrar friðunar, sé talið í stjórnunar- og verndaráætlun að hætta sé á að tegundin geti í **ákveðnum tilvikum** valdið raunverulegu og skilgreindu tjóni á heilsu fólks eða búfénaðar, ógnað öryggi, valdið umtalsverðu fjárhagslegu tjóni einstaklinga eða lögaðila eða ógnað eða haft veruleg áhrif á náttúru landsins og líffræðilega fjölbreytni þess, sbr. XI kafla.*“

Í greinargerð með frumvarpinu er stundum talað um aðgerðir til að fækka eða útrýma tegund sem veldur tjóni. Gott er að hafa í huga að þegar kemur að því að meta árangur aðgerða sem draga eiga úr tjóni skal mæla árangurinn í minna tjóni en ekki fækkun þeirra dýra sem valda tjóninu. Þessar tölur fylgjast ekki alltaf að, sérstaklega ef mikill svæðisbundinn munur er á tjóninu sem um ræðir.

Þá er gerð athugasemd við að hægt sé að veita leyfi fyrir veiðum fyrir dýragarða sbr. 3. málsgrein 19. greinar. Undir engum kringumstæðum skal veiða villt dýr með það fyrir augum að koma því fyrir í dýragarði til frambúðar. Villt dýr sem alist hefur upp í náttúrunni myndi ávallt þjást í dýragarði, þar sem það er ekki vant frelsissviptingu og nálægð við menn. Lögin þurfa að gera ráð fyrir þessu. Eina ástæðan sem réttlætt gæti að fanga villt dýr fyrir dvöl í dýragarði til frambúðar væri ef ungvíði væri sannarlega foreldralaust og ætti sér enga lífsvon í náttúrunni. Ungvíði sem elst upp í samvistum við menn myndi að öllum líkindum verða fyrir minni streitu en fullorðið dýr sem komið er fyrir í dýragarði. Í þessu tilfelli tengist þetta hjálparskyldu og ætti umfiöllun um þetta við þar. Hitt er annað mál að fagaðilar þurfa að hafa svigrúm til að halda villtu dýri föngnu tímabundið til aðhlyningar eða í rannsóknaskyni. Lagt er til að fiarlægja undanbáguheimild fyrir dýragarða úr 3. málsgrein 19. greinar.

24. gr. Veiðiaðferðir

Í síðustu málsgreininni kemur fram að Umhverfisstofnun geti veitt undanþágur varðandi veiðiaðferðir að fenginni umsögn frá Náttúrufræðistofnun Íslands. Eðlilegt væri að MAST veitti einnig umsögn vegna dýravelferðarsjónarmiða.

26. gr. Hæfnispróf veiðimanna

Lagt er til að bæta aftan á 3. málsgrein 26. greinar: „*Umhverfisstofnun er heimilt að veita þeim sem óskar eftir veiðikorti, sem eingöngu gildir til töku eggja eða til annarra veiða en skotveiða, undanþágu frá hæfnisprófum veiðimanna skv. 1. og 2. mgr. **og afhenda þeim þess í stað viðeigandi fræðsluefni.***“

Í greinargerð frumvarpsins með þessari grein kemur fram að (bls. 56): „Í 3. mgr. er lögð til undanþága frá námskeiði samkvæmt þessari grein til þeirra sem einungis hafa í hyggju að sækja um veiðikort vegna eggjatöku eða til annarra veiða en skotveiða. Skotveiðar og skotpróf eru það stór hluti af hefðbundnu námskeiði vegna veiðikorta að eðlilegt má telja að hægt sé að fá undanþágu frá slíkum námskeiðum. Í slíkum tilvikum gæti hins vegar verið rétt [undirstrikun undirritaðrar] að Umhverfisstofnun afhenti þeim sem óska eftir slíkum veiðikortum sérstakar upplýsingar eða námsefni sem einungis lýtur að eggjatöku og öðrum veiðum en skotveiðum.“ Undirrituð telur undirstrikaða orðalagið allt of vægt! Villidýranefndin tók saman fjölda forsenda fyrir eggjatöku (sjá box 4 bls. 223) og til þess að hægt sé að uppfylla þær er nauðsynlegt að þeir sem stunda eggjatökuna fái fræðslu um hvernig hún skuli stunduð. Algjörlega nauðsynlegt er því að útbúið verði fræðsluefni um forsendur þess að stunda eggjatöku og hvernig það skuli gert þannig að truflunin verði sem minnst, sem taka verður mið af mismunandi líffræði mismunandi fuglategunda. Slíkt fræðsluefni ætti að senda öllum þeim sem stunda megi eggjatöku. Þetta verður að vera skýrt í lögnum.

27. gr. Útgáfa veiðikorta.

Síðasta efnisgreinin segir að ekki þurfi veiðikort til músaveiða og rottuveiða. Mjög æskilegt væri þó að gera allar rottuveiðar tilkynningarskyldar til Umhverfisstofnunar eða Náttúrufræðistofnunar til að bæta þekkingu okkar á fjölda og útbreiðslu rotta á Íslandi.

29. gr. Nytjaveiðar á fuglum.

Kostur er að hafa ramma utan um hámarks veiðitíma í lögnum eins og hér er gert, þrátt fyrir að til standi að gera stjórnunar- og verndaráætlanir sem skilgreina veiðitíma. Bent er þó á að ramminn sem talinn er upp í 29. gr. vikur frá tillögum villidýraskýrslunnar.

Í 12. töflu villidýraskýrslunnar (bls. 273) tók nefndin saman þann veiðiramma sem ætti að vera tilgreindur í nýjum lögum. Í flestum tilfellum voru ekki lagðar til breytingar á núgildandi ramma en í öðrum tilfellum voru breytingar taldar nauðsynlegar á grundvelli meginreglna sem finna má í 2., 3. og 5. boxi skýrslunnar. M.a. er mikilvægt að veiðar séu ekki leyfðar á varptíma fugla. **Hvatt er til þess að farið verði eftir tillögum villidýraskýrslunnar í þessum efnum.** Nánar tiltekið ætti veiðitími fyrir dílaskarf og toppskarf að vera frá 1. sept. - 29. feb., og fyrir álku, langvíu, stuttnefju og lunda ætti veiðitíminn að vera frá 1. sept. – 15. mars enda væru allar þessar tegundir annars veiddar á varptíma.

Það stingur í stúf að tala um eggjatöku í 29. gr., enda er einnig fjallað um eggjatöku í greinum 33 og 34 í frumvarpinu. Lagt er til að breyta heiti 29. gr. í „Nytjaveiðar á fullvöxnum fuglum“ eða „Nytjaveiðar á fleygum fuglum“ og sleppa umfjöllun um eggjatöku hér. Það er hvort eð er gert ráð fyrir að hætta ungatekju og veiðar á ófleygum fuglum eru ekki leyfðar, þannig að báðar tillögurnar ættu að geta gengið. Tvímælalaus kostur fylgir því að fjalla einungis um eggjatöku í einni grein (sjá síðar).

33. gr. Eggjataka og 34. gr. Staðbundin nýting hefðbundinna hlunninda.

Vegna þess að eggjataka fellur undir veiðar, þá er í allri umfjöllun um eggjatöku mikilvægt að hafa í huga að eggjataka stríðir almennt séð gegn meginreglu um veiði, sem kveður á um að ekki eigi að veiða fugla á varptíma. Bent er á að skv. Bernarsamningnum er óheimilt að taka egg frá þeim

tegundum sem skráðar eru í I. viðauka og í Parísarsamningnum er meginreglan að eggjataka sé óheimil (sjá nánar í kafla 8.2.4.2.2. bls. 220-223 í villidýraskýrslunni). Sú eggjataka sem stunduð hefur verið á Íslandi frá því að þessir alþjóðasamningar voru samþykktir hefur að stórum hluta átt sér stað vegna undanþáguheimildar, á þeim forsendum að eggjatakan þótti efnahagslega mikilvæg. **Pessi rök eiga ekki lengur við í dag.**

Eggjataka getur haft mjög neikvæð áhrif á stofna fugla. Rányrkja getur leitt til þess að einstakir fuglar hrökklist frá varpi og í verstu tilvikum að heilu fuglavörpin séu yfirgefin. Eggjataka getur einnig leitt til þess að viðkomandi einstaklingur þarf að leggja meira á sig við að framleiða ný egg og það getur komið niður á lífslíkum og/eða varpárangri fuglsins og jafnvel lífslíkum unga. Þá getur eggjataka og umferð (truflun) í þéttum vörpum komið niður á varpi annarra tegunda sem þar verpa, m.a. með því að auðvelda afræningjum aðgang að berskjölduðum hreiðrum.³

Villidýranefndin ræddi hvort banna ætti alla eggjatöku á svipuðum forsendum og að leggja ætti af ungatekju, en ákvað að fara milliveg varðandi eggjatökuna og leggja til að hún yrði áfram leyfð á völdum tegundum, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. M.a. yrði nýtingin að vera sjálfbær, leyfisskyld, skráð, eggin væru nýtt og ættu einungis vera til einkanota, skýrar reglur ættu að gilda varðandi tímamörk og truflun (útfærð eftir hverri tegund) og undir engum kringumstæðum ætti að útvíkka eggjatökuheimildir frá því sem nú er (sjá 4. box bls. 223 í villidýraskýrslunni).

Með ofangreint í huga er nauðsynlegt að fella alveg út 2. málsgrein 33. gr. um að ráðherra sé heimilt að fjölga eggjatökutegundum. ásamt umfjöllun um það í greinargerð frumvarpsins.

Þá er ljóst að þau skilyrði sem sett eru varðandi eggjatöku í tveim síðustu málsgreinum 34. gr. (um truflun, sölubann og heimild ráðherra til friðunar) eiga líka við eggjatöku hjá þeim tegundum sem nefndar eru í 33. gr. Einnig er bent á að villidýranefndin ályktaði ef leyfa ætti eggjatöku í almenningum eða þjóðlendum, þyrfti að vera til staðar skýr stefna og stýring. Ekki er að sjá að það sé ætluin í 33. gr. og því ætti eggjataka hjá silfurmaf, sílamáf, svartbak, hvítmaf og hettumáf að vera bundin eignarlöndum eða hefðbundnum nytjum eins og gildir um tegundir í 34. gr.

Því er lagt til að fella alveg niður 33. gr. og bæta við einni málsgrein í 34. gr. um tegundirnar 5 sem taldar eru upp í 33. gr. Ef það er ekki talið fýsilegt er nauðsynlegt að síðustu tvær málsgreinar í 34. gr. komi einnig fram í 33. gr.

Þá vill undirrituð taka fram að undir engum kringumstæðum getur eggjataka verið aðgerð til að verjast tjóni, en búið er að bæta við slíkri heimild í 43. gr. frumvarpsins (undanþága frá friðunarákvæðum) frá því að frumvarpið fór síðast í umsagnarferli. Í fyrsta lagi á einungis að stunda eggjatöku ef eggin eru til átu, en þá flokkast eggjatakan sem nytjaveiðar. Í öðru lagi lagði villidýranefndin ríka áherslu á það að aðgerðir til að takmarka tjón væri hnitmiðaðar og sérsniðnar að þeim tilvikum þar sem tjónið á sér stað. Aðgerðir til að verjast tjóni ættu að taka miða af því hvort um

³ Sjá nánar hér:

https://www.researchgate.net/publication/319320651_Nyting_eggja_og_unga_villtra_fugla_Exploitation_of_eggs_and_chicks_from_wild_birds_in_Iceland

upprunalega eða framandi tegund er að ræða og um upprunalegar tegundir gildir að aðgerðir ættu fyrst og fremst að beinast að leiðum sem ekki hefðu bein afföll í för með sér. Allar þær fuglategundir sem hér lifa og geta mögulega valdið tjóni við tiltekna aðstæður eru upprunalegar og því gengur heimild til eggjatöku til að verjast tjóni gegn tillögum villidýranefndarinnar. Undirrituð mælir harðlega gegn því að lögin heimili það. Slík heimild er líka óþörf, þar sem fjallað er um eggjatökuheimildir til nytja í 33. og 34. grein frumvarpsins og ekki ætti að fjölga eggjatökutegundum.

42. gr. Leiðbeiningar til varnar tjóni og tilkynning um tjón.

Í seinni málsgrein greinarinnar stendur „Umhverfisstofnun skal á vef stofnunarinnar taka á móti og skrá tilkynningar...“. Þar sem gert er ráð fyrir að Umhverfisstofnun geti falið öðrum verkefni tengt þessu þarf að bæta aðeins við setninguna þannig að þar standi „Umhverfisstofnun skal á vef stofnunarinnar **eða á aðskildum vef** taka á móti og skrá tilkynningar...“.

Ástæða þess að þetta er lagt til er sú að starfsfólk Náttúrustofu Vesturlands tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi vísindamanna um ágengar tegundir (InDyNet- og COST-verkefni), þar sem rætt hefur verið um mikilvægi þess að safna saman upplýsingum um tjón af völdum villtra dýra á staðlaðan hátt fyrir öll Evrópulönd. Er þá litið til allra gerða af tjóni og bæði af völdum upprunalegra og framandi tegunda. Á alþjóðlegum vinnufundi sem haldinn var í Prag í febrúar 2020 var ákveðið að reyna að nota Ísland sem nokkurs konar tilraunaverkefni slíks vefseturs og stendur til að koma á vefsvæði fyrir Ísland sem tekur við tilkynningum um tjón. Vegna COVID-19 var verkefnið þó sett á ís tímabundið. Auðvitað er ekki útilokað að reynt yrði að hanna viðmótið inni á vefsvæði UST en gott gæti verið að loka ekki á aðrar útfærslur. Verkefnið yrði alltaf unnið í samráði við UST en ekki er búið að tala við stofnunina um þetta, þar sem verkefnið er enn svo skammt á veg komið.

43. gr. Undanþága frá friðunarákvæðum.

Fella þarf út heimild til eggjatöku vegna tjóns sbr. umfjöllun við 33. og 34. gr. hér að framan, enda getur undir engum kringumstæðum komið til greina að taka egg sem ekki eru nýtt. Egg sem eru nýtt falla undir nytjaveiðar.

Nauðsynlegt er að heimild Umhverfisstofnunar til að veita tímabundna og skilyrta undanþágu frá friðun vegna tjóns verði að undangenginni umsögn frá Náttúrufræðistofnun Íslands.

XII. KAFLI Framandi dýrategundir, ágengar framandi dýrategundir og villingar.

Bent er á að ágeng framandi dýr eru innifalin í hugtakinu um framandi dýr, svo hægt er að stytta heiti kaflans í „Framandi dýrategundir og villingar“.

Æskilegt væri að útvíkka þennan kafla þannig að hér verði auk greinar um minka að finna greinar um mýs, rottur, ketti og kanínur. Eðlilegt væri að færa umfjöllun um hreindýr hingað líka, enda eru þau framandi dýr á Íslandi. Þannig væri öll umfjöllun um framandi tegundir komin á einn stað, sem gefur mun betra yfirlit um lagalega stöðu þeirra.

Grein um mýs og rottur gæti t.d. hljóðað svo: „**Rottur, svo og mýs í og við híbýli, eru undanþegnar friðunar- og verndarákvæðum í lögum þessum, en reynt skal að tryggja skjótan og sársaukalaus**

aflifun þeirra. Veiðikort þarf hvorki til músaveiða í og við híbýli né til rottuveiða, en rottuveiðar eru tilkynningarskyldar til Umhverfisstofnunar.“

Hér hefur verið byggt á ákvæði sem nú þegar eru að finna í frumvarpinu (úr 43. gr. og 27. gr.) að því undanskyldu að lagt er til að rottuveiðar verði tilkynningarskyldar, svo hægt verði að safna saman upplýsingum um þær á staðlaðan hátt (sbr. umfjöllun við 27. grein frumvarpsins hér að framan).

Grein um ketti og kanínur gæti t.d. hljóðað svo: „***Í stjórnunaráætlun um ketti og kanínur, sem teljast til villinga, skal lagt mat á þau svæði og þær aðstæður sem þessar tegundir eru líklegastir til að valda tjóni. Í áætluninni skal leggja fram tillögur um hvernig nauðsynlegt sé að haga veiðum eða öðrum aðgerðum gegn köttum og kaninum sem teljast til villinga, sé það talið nauðsynlegt til að takmarka tjón af þeirra völdum. Veiðar, aðrar en lífveiðar vegna hjálparskyldu, á köttum og kaninum sem teljast til villinga eru einungis heimilar hæfum aðilum sem ráðnir hafa verið til verksins af opinberum aðilum, s.s. sveitarfélögum eða fagstofnunum. Tekið skal tillit til dýravelferðarsjónarmiða við allar aðgerðir til varnar tjóni af völdum katta og kanína sem teljast til villinga.“***

Ekki er að finna sambærilega umfjöllun í frumvarpinu um ketti og kanínur, en villidýranefndin lagði ríka áherslu á að úrræði þyrftu að vera til staðar í nýjum lögum til að bregðast við tjóni á náttúru af þeirra völdum (sjá kafla 6.4 bls. 106 og kafla 6.5 bls. 111). Frekari upplýsingar um tjón sem kettir og kanínur geta valdið á náttúru má finna í tveim yfirlitsgreinum undirritaðrar.⁴

Þá er lagt til að bæta við lagagrein í XII. kafla þar sem Náttúrufræðistofnun Íslands verði gert skylt að halda uppfærða skrá um allar framandi og upprunalegar tegundir á Íslandi, sem unnin yrði í samráði við sérfræðinga á öðrum stofnunum, og birta á vef sínum. Þar yrðu framandi tegundir flokkaðar í meinlausar, mögulega ágengar og ágengar. Þetta hlutverk væri í samræmi við skyldur Náttúrufræðistofnunar um gerð valista. Náttúrufræðistofnun Íslands heldur nú þegar utan um NOBANIS vinnu Íslands um framandi tegundir (sjá www.nobanis.org) en óvíst er um framtíð þess verkefnis og er því mikilvægt að kveða á um þetta í lögum. Villidýranefndin taldi að æskilegt væri að tengja slíkan lista við lög (sjá bls. 55 í villidýraskýrslunni: „*Nauðsynlegt er að upplýsingar um hvaða tegundir teljast ágengar í náttúru landsins séu ávallt aðgengilegar og ætti slíkur listi að hafa stoð í lögum. Það gæti verið kostur ef listi yfir ágengar tegundir tæki mið af flokkun tegunda samkvæmt NOBANIS á hverjum tíma.“*). Ef ekki þykir fýsilegt að bæta við lagagrein um þetta atriði í XII. kafla mætti bæta við umfjöllun um þetta í IV. kafla frumvarpsins um valista og stjórnunar- og verndaráætlanir, þar sem slíkur listi yfir framandi tegundir er að sumu leyti skyldur valisti að því leyti að stjórnunar- og verndaráætlanir ættu ávallt að hafa hann til hliðsjónar.

⁴ Sjá: <https://www.researchgate.net/publication/281560663> Vagestir í vistkerfum - Seinni hluti Framandi og ágengar tegundir á Íslandi Ecosystems in peril part two Alien and invasive species in Iceland - English summary

og

<https://www.researchgate.net/publication/335099654> Heimiliskötturinn - Besti vinur mannsins en ogn við fuglalíf The domestic cat - man's best friend but a threat to birdlife

Vakin er athygli á því að tegund sem berst hingað af sjálfsdáðum gæti í einhverjum tilfellum verið framandi þótt hún hafi ekki verið flutt inn af mönnum, þ.e. ef hún berst frá svæði þar sem hún telst framandi. Það er því ekki sjálfgefið að allar tegundir sem berast hingað af sjálfsdáðum flokkist sem náttúruleg tilfærsla. Þetta er stundum kallað 2. gráðu tilfærsla. Með því að Náttúrufræðistofnun Íslands haldi utan um skrá yfir allar framandi tegundir (þar sem slík tilfelli yrðu metin) gætu lögin vísað í slíka skrá til að taka af allan vafa um hvaða tegundir teljist framandi og hvaða tegundir teljist upprunalegar.

46. gr. Eftirlit og aðgerðir.

Hér segir: „Umhverfisstofnun hefur með höndum eftirlit með innflutningsleiðum og útbreiðslu framandi dýrategunda og villinga...“. Athygli er vakin á því að hér er um tvö aðskilin verkefni að ræða, eftirlit með innflutningsleiðum og eftirlit með útbreiðslu. Umhverfisstofnun er ekki rannsóknastofnun, en að hafa eftirlit með útbreiðslu framandi tegunda og villinga krefst rannsókna eða í það minnsta skipulagðrar skráningar á útbreiðslu tegunda. Eðlilegt væri að Náttúrufræðistofnun Íslands bæri ábyrgð á eftirliti með útbreiðslu framandi tegunda í samstarfi við náttúrustofur, enda samrýmdist það lagalegum hlutverkum þessara stofnana.

47. gr. Minkar.

Fagnað er að krafist verði veiðikorts til minkaveiða og að gert sé ráð fyrir miðlægrri stýringu minkaveiða með gerð stjórnaráætlunar, þar sem m.a. er gert ráð fyrir forgangsröðun svæða. Er það í samræmi við tillögur villidýranefndarinnar (sjá kafla 8.3.5.2 í villidýraskýrslunni bls. 256-259).

Þó er vakin athygli á stöðu vöktunar minkastofnsins. Villidýranefndin ályktaði (sjá bls. 259): „*Bent er á nauðsyn þess að meta árangur veiða við að draga úr tjóni. Í því skyni þarf að koma á fót skipulagðri vöktun minkastofnsins og auka rannsóknir á stofnvistfræði minksins, tjóni af hans völdum, aðferðum til að koma í veg fyrir tjón af hans völdum og aðferðum við að fækka honum eða útrýma*“.

Einu vísindamenn landsins sem lagt hafa stund á minkarannsóknir sl. rúmlega tvo áratugi starfa á Náttúrustofu Vesturlands. Þessir vísindamenn hafa reynt að vakta minkastofninn eins og fjárhagur hefur leyft frá árinu 1997, oft af það miklum vanefnum að varla er hægt að tala um eiginlega stofnvöktun þótt miklum upplýsingum hafi verið safnað um stofninn. Minkurinn hefur án efa haft neikvæð áhrif á lífríki og hafa ríki og sveitarfélög varið nærri þrem milljörðum á núvirði (skv. samantekt Róberts A. Stefánssonar) til minkaveiða frá árinu 1958. Nauðsynlegt er að koma vöktun minkastofnsins í fastar skorður og tryggja fjármagn til hennar. Í ljósi þess að minkur er án efa ein ágengasta tegund landsins og alþjóðasamningar gera kröfu um að takmarka tjóni af hans völdum er **lagt til að tilgreint verði í lögunum að vakta skuli stofninn og að umhverfisráðherra geri samning um það við til þess bæra sérfræðinga um minka, skv. sameiginlegri tillögu frá Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofum.** Væri slíkt ákvæði til samræmis við vöktunarskyldu á hreindýrum sem sérstaklega er tilgreind í lögunum (37. gr.).

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið gerði nýlega tveggja ára samning við Náttúrustofu Vesturlands um vöktun minkastofnsins, sem rann út í árslok 2020. Alls óvíst er hvað verður um vöktun stofnsins í framtíðinni. Það gefur auga leið að erfitt er að sinna vöktun sem skyldi ef fjármagn til hennar er

stopul. Því væri mikið framfaraskref að skylt væri skv. lögum að vakta minkastofninn og vöktuninni yrði tryggt viðeigandi fjármagn til frambúðar.

53. gr. Um refsingar.

Æskilegt væri að bæta við einu atriði til viðbótar; að refsivert sé að stunda veiðar sem hvorki geta fallið undir nytjaveiðar né samþykktar veiðar til að takmarka skilgreint tjón. Slíkt ákvæði mundi t.d. skýra svo ekki verði um villst að bannað sé að skjóta á fugla, s.s. ýmsa máfa, í skotæfingaskyni, en slíkt hefur því miður verið stundað í einhverjum mæli og þarf að taka fyrir.

54. gr. Setning reglugerða.

Í fyrstu málsgrein stendur: „Ráðherra er heimilt í reglugerð að mæla fyrir um nánari framkvæmd laga þessara...“.

Undirrituð hefur nokkrar áhyggjur af því hve stóran hluta af útfærslu nýju laganna verði að finna í reglugerðum. Í skýrslu villidýranefndarinnar kemur fram að (bls. 62) „Núgildandi villidýralög eru rammalög þar sem gert er ráð fyrir að framkvæmd byggi að verulegu leyti á setningu reglugerða. Þessar reglugerðir lágu flestar fyrir í drögum er löggin voru samþykkt vorið 1994 og voru þær fljótlega settar í kjölfarið. Nokkrar reglugerðir hafa þó aldrei verið settar (sjá 12. kafla). Til þess að ný villidýralög nái markmiðum sínum er lagt til að dregið verði úr vægi reglugerða og sem flestar efnisreglur verði settar inn í löggin. Nánari útfærslur og atriði sem gæti þurft að breyta með skömmum fyrirvara, s.s. veiðitíma, verði þó bundin í reglugerðum.“

Því miður er það svo í íslensku regluverki að stundum frestast fram úr hófi að setja nauðsynlegar reglugerðir sem lög hafa gert ráð fyrir. Dæmi um þetta eru lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar en þar hefur engin reglugerð verið sett á þeim 25 árum sem liðin eru frá því að löggin tóku gildi, sem takmarkað hefur gildi laganna mjög.

Sé ætlunin að halda því til streitu að framkvæmd nýrra villidýralaga byggi að einhverju leyti á reglugerðum, er lagt til að taka mun sterkar til orða í 54. grein og segja eitthvað á þessa leið:

„Ráðherra **skal setja reglugerðir er mæla fyrir um nánari framkvæmd laga þessara innan tveggja ára frá gildistöku laganna.**“

Að miða við tvö ár er til samræmis við að gert sé ráð fyrir að gerð stjórnunar- og verndaráætlana skuli verið lokið innan tveggja ára frá gildistöku laganna.

Þá er nauðsynlegt að bæta við reglugerðarheimild vegna hjálparskyldu villtra dýra sbr. umfjöllun við 11. gr. hér að framan.

55. gr. Gjaldtaka

Í næstsíðustu málsgreininni kemur fram að „Ráðherra ákvarðar fjárveitingar Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands til rannsókna, vöktunar, gerðar stjórnunar- og verndaráætlana fyrir

veiðistofna, veiðieftirlits og stýringar á stofnum villtra fugla og villtra spendýra á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar.“

Undirrituð gerir alvarlega athugasemd við að ein ríkisstofnun leggi fram tillögur um fjárveitingar til annarrar ríkisstofnunnar. Hér hlýtur eitthvað að hafa skolast til í meðförum texta frumvarpsins. Skoða þarf betur 55. gr. með tilliti til þessa.

Athugasemdir við greinargerð frumvarpsins

Að lokum vill undirrituð koma á framfæri nokkrum athugasemdum við greinargerð frumvarpsins, þótt ekki þurfi að gera breytingar á sjálfu frumvarpinu vegna þeirra.

Vegna 15. gr. (bls. 46): Hér er að finna eftirfarandi orðalag: „Hafa þarf þó í huga að þótt tegund sé á válista er ekki þar með sagt að veiðar á henni séu sjálfkrafa útilokaðar enda getur tegundin verið á válista vegna allt annarrar ástæðu en ofveiði.“ Þessi staðhæfing er í andstöðu við skilgreiningu á sjálfbærum veiðum í frumvarpinu og í raun í andstöðu við allar meginreglur umhverfisréttar sem tengjast málefnum, meginreglur um sjálfbæra veiði og meginreglur villidýranefndarinnar. Að sjálfsögðu er munur á hættuflokkum innan válistans, en sé tegund að finna í einhverjum af efstu flokkunum ættu veiðar að verða bannaðar sjálfkrafa, enda gætu þær aldrei talist sjálfbærar ef stofninn er á samfelldri niðurléið, sama hver orsökinni fyrir niðursveiflunni er.

Vegna 42. gr. (bls. 65): „Ljóst er að um áratugaskeið hafa tiltekna fuglategundir verið taldir „vargfuglar“ vegna tjóns sem þessir fuglar hafa verið taldir valda. Nokkuð er hins vegar á reiki í sumum tilvikum hvort tjón af þeirra völdum sé í grunninn fjárhagstjón einstaklinga eða lögaðila, hugsanlegt heilsufarslegt tjón eða hvort um sé að ræða „tjón“ sem þessar tegundir kunna að valda vegna náttúrulegra ferla og þá á hreiðrum eða ungum annarra villtra fugla.“ Undirrituð gerir athugasemd við að gildishlaðin hugtök eins og vargfuglar séu notaðar í þessu samhengi, þótt það sé sett innan gæsalappa. Þá er ótækt að tala um „tjón“ sem upprunalegir fuglar geta valdið á náttúrulegum ferlum, enda eru fuglarnir sem um ræðir allir upprunalegir/náttúrulegir á Íslandi og því eðlilegur hluti af náttúru landsins. Afrán þeirra er liður í náttúrulegum ferlum og hluti þess að náttúran fái að þróast eftir eigin lögmálum. Þeir valda því ekki tjóni á náttúrunni þótt þeir gætu valdið fjárhagslegu eða heilsufarslegu tjóni. Vísað er til bls. 236-239 í kafla 8.3 og bls. 267—268 í kafla 8.3.6 í villidýraskýrslunni.


Vegna 43. gr. (bls. 66): Undirrituð gerir alvarlega athugasemd við að nefnt er sem dæmi að veita veiðiheimildir á gæsum og álfum á túnunum vegna ágangs þeirra. Athuga skal að skotveiðar á álfum og gæsum eru mjög ólíklegar til að draga úr sókn þessara fugla í gjöful tún, nema fækkað sé stórkostlega í stofnum þessara fugla, sem varla er ætlunin. Slíkar fækkunaraðgerðir myndu hvort eð er ekki rúmast undir undanþágum skv. 43. gr. heldur væri það aðgerð sem ákveðin yrði við gerð stjórnunar- og verndaráætlana. Bent er á ágæta umfjöllun fuglafræðingsins Tómasar G.

Gunnarssonar varðandi veiðar á álfum til að verja tún (sjá:

https://tomasgetar.wordpress.com/2015/04/09/alftir_tion/). Við mennirnir teljum okkur yfirleitt hafa yfirburðargreind miðað við önnur dýr og státum okkur af tæknilausnum til að sigrast á

vandamálum. Öruggt er að við gætum fundið lausnir til að verja tún og akra sé viljinn fyrir hendi, eða þá fundið leiðir til að gera vandamálið viðráðanlegt og ásættanlegt. Að öðrum kosti getur þurft að bæta landeigendum mögulegt tjón með fjárgreiðslum.

Með vinsemd og virðingu,



Menja von Schmalensee

menja@nsv.is

Líffræðingur og sviðsstjóri á Náttúrustofu Vesturlands

Fyrrum formaður nefndar um lagalega stöðu villtra fugla og villtra spendýra (2010-2013)



Nefndasvið Alþingis
Kirkjustræti 10
101 Reykjavík

Frumvarp til laga um verndun, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps leggur til að gerðar verði breytingar á frumvarpinu þannig að heimilar verði veiðar á fýl. Um er að ræða hefðbundnar hlunnindaveiðar sem hafa menningarsögulegt gildi og ógna á engan hátt stofnstærð fýlsins. Undanþága þarf jafnframt að vera fyrir hendi að heimilt sé að nota barefli við veiðarnar eins og hefð er fyrir en slíkt yrði óheimilt samkvæmt 24. gr. frumvarpsins. Ekki verður fallist á að siðferðisrök eða dýravelferðarsjónarmið mæli með banni við veiðum á fýl. Ekki verður séð að sú aðferð sem beitt er við fýlaveiðar valdi meiri kvölum en t.a.m. skotveiði þar sem fuglar særast oft til ólífis eða þá að óeðlilegt sé að ófleygir ungar séu veiddir enda er alifuglakjöt sú tegund kjöts sem mest er neytt af á Íslandi.

Sveitarstjórn óskar eftir því að fá að fylgja umsögninni eftir á fundi með nefndinni.

Virðingarfyllst

Þorbjörg Gísladóttir
Sveitarstjóri Mýrdalshrepps

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Garðabær, 9. febrúar 2021
Tilvísun: 202101-0065
KHS/ERU
þlþ

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um vernd, velferð og veiðar villtra fugla og villtra spendýra, 368. mál.

Náttúrufræðistofnun Íslands fagnar þessu löngu tímabæra frumvarpi og telur að með samþykkt þess verði stigið framfaraspor varðandi vernd og veiðar villtra fugla og villtra spendýra hér á landi. Þetta á sérstaklega við ákvæði um gerð stjórnunar- og verndaráætlana og því lykilhlutverki sem þeim er ætlað að gegna í málaflokknum. Eins eru nú miklu skýrari og ítarlegri ákvæði en í núgildandi lögum, m.a. vegna þess að framkvæmd þeirra mun skv. frumvarpinu ekki hvíla í jafnmiklum mæli á setningu reglugerða og til þessa. Þá er til mikilla bóta hversu rík áhersla er lögð á sjálfbæra nýtingu allra þeirra dýrastofna sem koma við sögu, hvort sem slíkar nytjar byggja á aldagamalli hefð eður ei.

Helsti ágalli frumvarpsins er að selir og hvalir eru undanskildir og verður fjallað um það í lok þessa bréfs.

Athugasemdir við einstaka greinar

1. gr. Markmið

1. mgr. Orðist svo: „Stuðla að því að náttúran fái að þróast eftir eigin lögmálum“, sbr tillögur nefndar sem vann skýrslu fyrir umhverfis- og auðlindaráðherra og skilaði álit 2013 (hér eftir nefnd Villdýraskýrslan), sjá https://www.stjornarradid.is/media/umhverfissraduneyti-media/media/pdf_skrar/vernd-velferd-og-veidar-loka-8-mai-2013.pdf

2. gr. Gildissvið

Náttúrufræðistofnun leggur til að ákvæðið verði orðað þannig að lögin taki til allra villtra fugla og villtra spendýra á íslensku yfirráðasvæði og í efnahagslögsögu Íslands og að selir og hvalir falli undir lögin. Er í því sambandi vitnað í ítarlegan rökstuðning í Villdýraskýrslunni sem og kafla síðast í þessu bréfi.

3. gr. Skilgreiningar

5. msl.: Ágeng, framandi tegund. Nota frekar skilgreiningu í Villidýraskýrslunni: „Framandi lífvera sem a) sýnir mikla eða hraða útbreiðsluaukningu af eigin rammleik eða b) veldur eða



er líkleg til að valda rýrnun líffræðilegrar fjölbreytni, efnahagslegu eða umhverfislegu tjóni eða er skaðleg heilsufari manna.“

Eftir 15. msl. bæta við skilgreiningu :

Grenjatími: 15. apríl – 15. ágúst. Í nágildandi lögum er *grenjatími* skilgreindur frá 1. maí til 31. júlí en í frumvarpinu hefur skilgreining á þessu tímabili verið felld niður. Náttúrufræðistofnun leggur til að þetta tímabil verði skilgreint á ný og verði dagsett frá 15. apríl til 15. ágúst. Nauðsynlegt er að skilgreina það tímabil, á sama hátt og varptíma fugla, þar sem um viðkvæman tíma í lífsferli dýranna er að ræða. Mælingar Náttúrufræðistofnunar á innsendum refahræjum benda til þess að sumar læður geti verið gotnar fyrr en áður hefur verið áætlað (fyrir 1. maí). Jafnframt hefur vöktun Náttúrufræðistofnunar á refum á Hornströndum leitt í ljós að yrðlingar halda sig enn við greni foreldranna fram í ágúst.

Um friðhelgi refagrenja á grenjatíma er enn fremur getið í 45. gr. en ætti að auki að vera fjallað um í 10 gr. og 13. gr. (sjá umsögn neðar).

28. msl. Sjálfbærar veiðar: Orðist svo í samræmi við tillögur í Villidýraskýrslunni: „*Sjálfbærar veiðar: Veiðar teljast sjálfbærar ef nýliðun stendur undir veiðum þannig að stofn nær að endurnýja sig reglulega og viðhalda þeirri stofnstærð og útbreiðslu til langs tíma litið, sem náttúruleg takmörk setja.*“

33. msl. Tjón af völdum villtra dýra: bæta þarf við enda setningarinnar, *þegar um er að ræða framandi ágenga tegund.* Mikilvægt er að því sé haldið til haga að afrán rándýra á aðrar tegundir er eðlilegur hluti af náttúrulegu ferli en ekki tjón á náttúru landsins. Annað gildir um framandi ágengar tegundir, sem sannarlega geta valdið tjóni á náttúru landsins og líffræðilegri fjölbreytni.

37. msl. Virk veiðistjórnun – Raða þarf þessari skilgreiningu á réttan stað á listanum, eftir stafrófsröð.

6. gr. Náttúrufræðistofnun Íslands

Fyrsta málsgrein orðist svo (verður að tveimur málsgreinum):

Náttúrufræðistofnun Íslands rannsakar villta fugla og villt spendýr, kortleggur útbreiðslu og heldur skrá um mikilvæg búsvæði þeirra, svo sem fuglasvæði, selalátur og refagreni og sér um merkingar á villtum fuglum og spendýrum sbr. 30.gr.

Náttúrufræðistofnun Íslands vaktar ástand villtra fugla og villtra spendýra, metur stofnstærð, verndarstöðu og verndarþörf tegunda. Stofnunin setur upp vöktunaráætlanir fyrir villta fugla og villt spendýr í samvinnu við aðra vöktunaraðila, sér til þess að vöktun sé viðhaldið, tekur reglulega saman niðurstöður vöktunar og birtir. Sérstakar vöktunaráætlanir skulu gerðar vegna tegunda sem friðun hefur verið létt af til nytja og veiða.

Önnur málsgrein: ... „sem heyra undir lög þessi“ falli á brott. Þetta orðalag er yfirleitt ekki notað í frumvarpinu, kemur auk þess fyrir í 9. gr og 46. gr og er óþarfi þar sem gildissvið laganna er skýrt tekið fram í 2. gr. auk þess túlka mætti slíkt orðalag þannig að verið væri að setja gerða valista einhverjar skorður.

9. gr. Friðun

Fyrsta málsgrein: „sem heyra undir lög þessi“ falli niður, sjá athugasemdir við 6. gr.



10. gr. Önnur vernd villtra fugla og villtra spendýra og búsvæða þeirra.

Bæta þarf í þessa grein vernd búsvæða refa:

í 2. mgr., 3. línu ... um varptímann **og refa á grenjatíma** og gera nauðsynlegar....

Jafnframt, í 3 mgr, 3 línu og hárfellis, **við greni á grenjatíma** og á varptíma

Þá þarf að umorða málsgreinina til að hún verði skýrari.

10. grein yrði þá svohljóðandi:

Forðast skal alla óþarfa truflun á dýralífi og röskun á búsvæðum, lykilbúsvæðum eða lykilstöðum. Eigendum eða ábyrgðaraðilum hunda og katta ber að virða friðhelgi fugla um varptímann og refa á grenjatíma (sbr. 45. gr.) og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að forða tjóni og röskun af þeirra völdum.

Óheimilt er að þeyta flautur, fljúga þyrhum, flygildum eða öðrum loftförum, sigla hávaðamiklum skipum eða bátum eða vera með annan hávaða að óþörfu við eftirfarandi búsvæði villtra fugla og villtra spendýra sem ráðherra er heimilt að tilgreina í reglugerð skv. 54. gr., innan þeirra fjarlægðar- og tímamarka sem þar koma fram: selalátur á tímum kæpingar og hárfellis, refagreni á grenjatíma, fuglabjörg og aðrar fuglabýggðir á varptíma. Enn fremur er óheimilt að hleypa af skoti á landi nær sömu stöðum en 200 m og á sjó nær en 2 km. Aldrei má skjóta fugl í fuglabjörgum, steypa undan fuglum eða ryðja fuglabjörg.

Óheimilt er að veiða fugla í sárum og ófleyga unga. Lífandi ósærða fugla sem lenda í neti við veiðar skal ávallt greiða úr netinu og sleppa.

11. gr. Velferð villtra fugla og villtra spendýra

Bæta við heimild ráðherra að setja reglugerð um efni þessarar greinar, skv. 54. gr. Í lögum um Velferð dýra nr. 55/2013 eru ákvæði sem að hluta til eru samhljóða, sbr. 5. mgr. eru ekki heimildir til reglugerðarsetningar. Að mati Náttúrufræðistofnunar er nauðsynlegt að hafa slíka heimild, sérstaklega varðandi ákvæði um hjálparskyldu í 5. mgr..

13. gr. Sértek friðun og verndun hreiðurstæða og búsvæða annarra villtra fugla.

Bæta þarf í þessa grein heimild til sértækrar friðunar og verndar búsvæða refa og sela:

Sjá umsögn um 10. gr. þar sem friðhelgi refagrenja þarf að eiga við, jafnt og annarra búsvæða villtra fugla og villtra spendýra.

Gera þarf ráð fyrir að sértæk friðun og verndun búsvæða taki ekki eingöngu til villtra fugla heldur geti einnig átt við villt spendýr. Greinin verði þá svohljóðandi:

13. gr. Sértek friðun og verndun hreiðurstæða og búsvæða annarra villtra fugla og villtra spendýra.

Ef nauðsyn ber til er ráðherra heimilt í reglugerð, sbr. 54. gr., að eigin frumkvæði eða að fenginni tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar, að veita hreiðurstæðum og búsvæðum tiltekinn annarra sjaldgæfra og viðkvæmra fuglategunda, eins og t.d. fálka, sambærilega eða svipaða vernd og mælt er fyrir um í 12. gr.

Ráðherra er heimilt með reglugerð, sbr. 54. gr., að setja sérstakar umgengnisreglur um vistgerðir eða búsvæði annarra villtra fugla, t.d. á varptíma, eða villtra spendýra á tilteknu tímabili, ef sýnt þykir að ákveðnum stofni eða tegund stafi sérstök ógn af mannaferðum eða umferð eða sé sérstaklega viðkvæm fyrir raski.



17. gr. Almenn skilyrði fyrir afléttingu friðunar vegna nytjaveiða og eggjatöku

Orðalag í 2. málslíð sé samræmt við orðalag í skilgreiningu á sjálfbærni í 29. líð í orðskýringum (3. gr.).

Sjá jafnframt aths. við 3. gr. hér að ofan. Orðalag sé í samræmi við tillögur sem settar eru fram í villidýraskýrslunni.

18. gr. Aflétting friðunar vegna tjóns af völdum villtra fugla og villtra spendýra

2. msl. 2. mgr. orðist svo: *Ákvörðun byggist á stjórnunar- og verndaráætlun og að veiðar séu sjálfbærar, skv. 3 gr., nema áætlunin geri ráð fyrir að fækka í stofninum.*

Að mati Náttúrufræðistofnunar ætti ekki að skilgreina sjálfbærar veiðar í frumvarpinu með öðrum hætti en byggt er á í skilgreiningum hugtaka í 3. gr.

Samræma þarf orðalag við orðskýringu á tjóni í 1. málsgrein 5. línu: *veruleg áhrif á líffræðilega fjölbreytni, sbr. XI kafla.* Sbr aths við 33. líð 3. gr. um orðskýringar: Tjón af völdum villtra dýra.

Gera þarf skýran greinarmun á aðgerðum til að verjast skilgreindu tjóni af völdum upprunategundar eða framandi ágengrar tegundar.

Afléttun friðunar til varnar tjóni skal ávallt byggð á verkferli sem lagður er til í stjórnun og verndaráætlun. Slík aflétting ætti aldrei að vera ótímabundin og gera á ráð fyrir árangursmati og endurskoðun við uppgjör innan ákveðins tímaramma.

19. gr. Aflétting friðunar eða undanþága vegna annarra atvika

Bæta þarf eftirfarandi við lok 4. málsgreinar

...leita umsagnar Matvælastofnunar, nema vegna föngunar villtra fugla eða villtra spendýra til merkinga, sbr. 30 gr.

Samkvæmt 30. gr. er Náttúrufræðistofnun heimilt að merkja dýr.

21 gr. Veiðstjórnun

4. mgr. orðist svo (í samræmi við tillögur um breytingar á skilgreiningum í 32. msl. 3. gr.: Aðgerðir til veiðistjórnunar geta einnig falið í sér veiðar, eða útrýmingu framandi ágengra eða mögulega framandi ágengra tegunda og villinga sem valdið geta óæskilegri og verulegri breytingu á náttúru landsins eða taldar eru líklegar til að ógna eða hafa veruleg áhrif á líffræðilega fjölbreytni, sbr. 67. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013.

Að mati Náttúrufræðistofnunar ætti ekki að tilgreina eggjatöku sem mögulega veiðistjórnunaraðferð þegar kemur að veiðistjórnun en heimildir eru annars staðar í lögnum að beita aðferðum sem annars teljast ólögmatar til að verjast tjóni ef aðrar aðferðir eru ekki taldar duga, sbr. 24. gr.

24. gr. Veiðiaðferðir

Í þessari grein eru m.a. taldar upp ólöglegar veiðiaðferðir og er þar að mestu leyti byggt á IV. Viðauka í Bernarsamningnum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða Evrópu sem Ísland gerðist aðili að árið 1993. Þessi ákvæði eru jafnframt í núgildandi lögum. Á þessum lista vantar skilyrðislaust bann við notkun ljósgjafa við veiðar.



Í 11. msl. 2. mgr 24. gr. frumvarpsins er tekið fram að ekki megin nota fastan ljósgjafa, nema til refaveiða. Þetta er brýtur í bága við Bernarsamninginn (sem nefnir „Artificial light sources“) og ber því að fella niður. Þess má geta að Íslendingar gerðu ýmsa fyrirvara þegar þeir gerðust aðilar að Bernarsamningnum, þó ekki varðandi þetta ákvæði. Í þingsályktuninni um fullgildingu samningsins kom fram að í 9. gr. hans sé kveðið á um að veita megi undanþágur frá banni við notkun veiðiaðferða finnist engin önnur viðunandi lausn og undanþágan stefni viðkomandi dýrastofni ekki í útrýmingarhættu. Það væri því ástæðulaust að gera fyrirvara.

Í 3 málsgre.: Lagt er til að einnig verði leitað umsagnar MAST, sjá aths við 19. Gr..

27. gr. Útgáfa veiðikorta

Setja þarf reglugerð um veiðikort og ráðgjafanefnd um úthlutun tekna af sölu þess.

30. gr. Merking á villtum dýrum

Bæta þarf við „fanga og“ í fyrstu línu:

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur ein heimild til að láta fanga og merkja villta fugla og villt spendýr...

Til að merkja dýrin er nauðsynlegt að fanga þau fyrst, sjá athugasemd við 19. grein. Orðatiltækið *veiðar* á ekki við hér enda skilgreint sem handsömun til að deyða dýrið skv. 36. lið í orðskýringum (3. gr.).

33. gr. Eggjataka

Lagt er til að fella niður þessa grein. Í 1. mgr. eru rætt um heimild almennings til eggjatöku tiltekinna fjögurra tegunda í þjóðlendum. Þetta eru silfurmafur, sílamáfur, svartbakur og hvítmafur. Allar eru þær á valista Náttúrufræðistofnunar eða taldar í yfirvofandi hættu. Þá verpa þær nánast ekkert í almenningum, að örfáum svartbaks- og sílamáfspörum undanskildum. Þá er ætti að mati Náttúrufræðistofnunar ekki útvíkka heimildir til eggjatöku frá því sem nú er enda gengur það í berhöggi við alþjóðlegar skuldbindingar og íslensk lög um langa hríð.

Parísarsamningurinn (International Convention for the Protection of Birds) er alþjóðasamþykkt um vernd fugla og hafa megin ákvæði hans verið tekin upp í öðrum samningum, einkum í Bernarsamningnum. Meðal ákvæða Parísarsamningsins var að banna skyldi tilteknar veiðiaðferðir og töku eggja og unga. Íslendingum og ýmsum öðrum norðlægum þjóðum var í 6. grein samningsins veitt leyfi til að undanskilja ákveðnar gerðir nytja frá síðastnefndu ákvæðunum vegna sérstakrar efnahagslegrar þýðingar slíkra veiða til áframhaldandi nýtingar Íslendinga á ýmsum hlunnindum, þar á meðal eggja- og ungatekju. Það má því segja að slíkar nytjar byggja á undanþágu og myndi það brjóta í bága við alþjóðlegar skuldbindingar að útvíkka slíkar heimildir.

42. gr. Leiðbeiningar til varnar tjóni og tilkynning á tjóni.

Í 2. málsgrein, 5. línu vantar orðið *spen* fyrir framan dýra, til samræmis við *villtra fugla og villtra spendýra...*

44. gr. Refir

Í 4. mgr., 2. línu stendur *Að fengnum árlegum skýrslum um veiðarnar.*



Þar ætti frekar að standa **Að fenginni skýrslu um veiðarnar ...** en það er nauðsynlegt til að meta árangur veiðanna og endurskoða þá áætlun sem afléttingin byggir á.

Árlegar skýrslur eru tilvísun í núverandi kerfi þar sem ekki er lagt mat á tjón og gert ráð fyrir að aflétting á friðun á svæðinu sé varanlegt ástand. Mikilvægt er að að aflétting sé byggð á áætlun sem lögð er fram í stjórnunar og verndaráætlun og miði af því að takmarka tjón, sbr. 2. mgr. 44. gr.

Afléttun friðunar til varnar tjóni skal ávallt byggð á verkferli sem lagður er til í stjórnunar- og verndaráætlun. Slík aflétting ætti aldrei að vera ótímabundin og gera á ráð fyrir árangursmati og endurskoðun við uppgjör innan ákveðins tímaramma.

45. gr. Refagreni

Neðst í grein 45 þarf að bæta við eftirfarandi setningu:

Ákvæði um vernd búsvæða villtra fugla og villtra búsvæða, sbr. 10. gr. tekur einnig til friðhelgi refagrenja. Sértek friðun getur átt við um refagreni á tilgreindu svæði og tímabili, sé þeirra getið í reglugerð skv. 13. gr.

Sjá ennfremur athugasemdir um 10. gr. og 13. gr. að ofan.

53. gr. Réttarfar, refsingar og viðurlög

Bæta við refsheimild varðandi veiðar sem teljast hvorki nytjaveiðar né eru til að verjast tjóni. f. liður orðist svo: *veiðar, þar með talin eggjataka, er stunduð utan leyfilegs tíma.*

Eggjataka telst vera veiðar sbr. 35. msl. 3. gr. frumvarpsins.

54. gr. Setning reglugerða

Bæta þarf við heimild til að setja reglugerð:

Um velferð villtra fugla og villtra spendýra (11. gr),

Um veiðikort (27. gr),

Um afléttingu friðunar vegna villtra fugla og spendýra sem geta valdið tjóni (18. gr),

Um veiðiaðferðir (24. gr).

55. gr. Gjaldtaka

Náttúrufræðistofnun gerir athugasemdir við 4. og 5. mgr. þessarar greinar er varða fjárveitingar til Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar, bæði efnislega og eins fjalla þær um gjaldtöku en ekki fjárveitingar. Samkvæmt þeim skal Umhverfisstofnun gera tillögur til ráðherra um fjárveitingar til sjálfs sín – sem og Náttúrufræðistofnunar – er varða rannsóknir, vöktun, gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir veiðistofna, veiðieftirlit og stýringar á stofnum villtra fugla og villtra spendýra á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum. Eins kemur fram að þessar tillögur Umhverfisstofnunar skuli unnar í samráði við fimm manna ráðgjafanefnd sem ráðherra skipar til tveggja ára í senn samkvæmt verklagsreglum sem hann setur.

Í drögum að frumvarpinu sem kynnt var í Samráðsgátt stjórnvalda sumarið 2020 var ein sambærileg málsg. sem hljóðaði svo: *Ráðherra ákvarðar fjárveitingu til Umhverfisstofnunar á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum til rannsókna, vöktunar, veiðieftirlits og stýringar á stofnum villtra dýra og útgáfu veiðikorta. Ráðherra úthlutar fé til rannsókna af fjárveitingu skv. 1. másl. að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar.*

Í greinargerð með frumvarpinu (bls. 74) er fjallað um 4. mgr. og þar kemur fram eftirfarandi:



Í ákvæðinu er mælt fyrir um að ráðherra úthluti fé skv. 1. málslíð að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar á grundvelli verklagsreglna sem hann setur um samráð stofnunarinnar við hagsmunaaðila.

Því er ljóst 4. mgr. á við þá fjármuni sem renna í ríkissjóð skv. 1 málslíð, þ.e. vegna sölu veiðikorta. Þetta þarf að orða skýrar, svo ekki sé um villst að verið sé að fjalla um tekjur af sölu veiðikorta.

Jafnframt er vísað í nefnd, sem hvergi er minnst á annars staðar í lögunum, né á hlutverk hennar. Sú ráðgjafanefnd, sem fjallað er um í greinargerðinni (bls. 74) er þegar starfandi, en rangt er farið með fjölda nefndarmanna þar, auk þess sem vantar fulltrúa Náttúrufræðistofnunar og náttúrustofa á listann sem þar er talinn upp, nema að það sé ætlunin að fella þá fulltrúa úr nefndinni.

Náttúrufræðistofnun leggur til að umræddar gr. hljóði svo:

Ráðherra ákvarðar fjárveitingu til Umhverfisstofnunar á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum til rannsókna, vöktunar, veiðieftirlits og stýringar á stofnum villtra dýra og útgáfu veiðikorta. Ráðherra úthlutar fé til rannsókna af fjárveitingu skv. 1. málsl. að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar og í samráði við ráðgjafanefnd sem ráðherra skipar samkvæmt verklagsreglum sem hann setur.

Hvalir og selir

Helsti ágalli frumvarpsins er að selir og hvalir eru undanskildir, þrátt fyrir ítarlegan rökstuðning ýmissa fagaðila sem og nefndar sem vann umfangsmikla skýrslu og tillögur fyrir umhverfis- og auðlindaráðherra á sínum tíma. Engin rök eru færð fyrir þeirri afstöðu í greinargerð með frumarpinu önnur en þau að vísa til mjög ófullkominna laga og reglugerða (sjá kafla 3.2 í greinargerðinni). Við 1. umræðu á Alþingi kom fram hjá ráðherra að ástæðan fyrir því að hvalir og selir væru ekki inni í þessu frumvarpi væri “... einfaldlega sú að ekki náðist niðurstaða um það mál á milli ráðuneyta umhverfis- og auðlindamála og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, en ég tel sjálfur einsýnt að næsta skref sé að færa þessa tvo þætti undir lögin”, sjá <https://www.althingi.is/altext/raeda/151/rad20210121T135410.html>

Engin heildstæð lög eru um vernd, veiðar og velferð sela og hvala og ekki er gerð krafa um veiðikort við selveiðar eða neina menntun selveiðimanna. Veiðistjórnun á selum og skráning veiða hefur lengst af verið í ólestri og vernd selaláttra fullnægir ekki kröfum alþjóðasamninga á sviði náttúruverndar sem Ísland er aðili að. Beinast liggur við að fella ákvæði varðandi vernd, velferð og veiðar þessara stofna inn í ný villidýralög eins og ítrekað hefur verið lagt til á síðustu áratugum. Úr því hefur hins vegar því miður ekki orðið. Á sama tíma hefur verndarstaða selastofna hríðversnað.

Lög um hvalveiðar, nr. 26/1949 fjalla fyrst og fremst um veiðar og byggir framkvæmd þeirra að mestu leyti á reglugerð nr. 163/1973 um hvalveiðar. Leyfi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis þarf til að stunda hvalveiðar og er enginn greinarmunur gerður á einstökum tegundum.

Samningur um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu, Bernarsamningurinn, sem Ísland gerðist aðili árið 1993, tekur m.a. til spendýra. Flest ákvæði hans eru hins vegar óvirk



hér á landi. Íslendingar gerðu á sínum tíma fyrirvara við refi og hvali, en ekki seli. Selir á Íslandi eru því ekki undanskildir ákvæðum sammingsins en þrátt fyrir það vantar mikið upp á að þeim sé fylgt eftir í þessum efnun.

Meginlög sem fjalla um hreifadýr eru Jónsbókarákvæði frá 13. öld. Auk þess er að finna ákvæði um seli í tilskipun um veiði á Íslandi frá 1849, í lögum um selaskot á Breiðafirði og uppdráp (nr. 30/1925), lögum um útrýmingu sels í Húnaósi (nr. 29/1937), lögum um lax- og silungsveiði (nr. 61/2006) og ákvæði um selveiði sem hlunnindi í lögum um landskipti (nr. 46/1941). Lagaákvæði um hvali má finna í Jónsbók en helstu lög og stjórnþæki varðandi hvali eru lög um hvalveiðar (nr. 26/1949). Það er því ljóst að heildarlög sem fjalla um vernd, friðun og veiðar eru hvorki til fyrir seli né hvali hér á landi, en núgildandi lög fjalla fyrst og fremst um veiðar. Bæði alþjóðlegir samningar sem Ísland er aðili að (til dæmis Bernarsamningurinn, CITES-samningurinn, samningurinn um líffræðilega fjölbreytni og hafréttarsamningurinn) leggja ríka áherslu á verndun lífríkis, að nytjar séu sjálfbærar og að fyrir hendi séu öflug stjórnþæki til að tryggja hvort um sig. Íslenskt lagaumhverfi varðandi vernd, veiðar og velferð sela og hvala er því ófullnægjandi.

Íslendingar hafa efnt til sérstaks samstarfs með nokkrum ríkjum og stofnuðu Norður-Atlantshafs sjávarspendýraráðið (NAMMCO) sem tekur til verndar, stjórnunar og rannsókna allra sjávarspendýra. Slíkt samstarf kemur þó ekki í staðinn fyrir lög sem taka til þessara þátta og því er ljóst að lagaumhverfi sjávarspendýra þarfnast endurskoðunar og uppbyggingar. Beinast liggur við að fella ákvæði varðandi vernd, velferð og veiðar þessara stofna inn í ný villidýralög eins og margoðt hefur verið lagt til.

Virðingarfyllst,



Þorkell Lindberg Þórarinnsson
forstjóri



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Sent í tölvupósti á netfangið: nefndasvid@althingi.is


Neskaupstað 9. febrúar 2021

Umsögn Náttúrustofu Austurlands um frumvarp til laga um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 368. mál

Náttúrustofa Austurlands fagnar framkomnu frumvarpi til laga um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Náttúrustofan tekur undir öll þau sjónarmið og athugasemdir er koma fram í umsögn Samtaka náttúrustofa (SNS) en vill auk þess koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við ákvæði er lúta að stjórnun og vöktun hreindýrastofnsins.

- 1.) Í 36. gr. er lýtur að Hreindýraráði viljum við koma á framfæri að æskilegt væri að Búnaðarsamband Norður-Þingeyinga ætti fulltrúa í eða a.m.k. ætti aðkomu að hreindýraráði. Í N-Þingeyjarsýslu austan Jökulsár á Fjöllum finnast oft fleiri hreindýr en í A-Skaftafellssýslu.
- 2.) Í sömu grein segir „Ráðið skal ár hvert gera tillögu til Umhverfisstofnunar um skilgreiningu ágangssvæða hreindýra“ skilgreiningar á ágangssvæðum byggja á vöktun stofnsins og því eðlilegra að NA skilgreini þau en Hreindýraráð veiti umsögn um þau til UST.
- 3.) Í 55. gr. er lýtur að gjaldtöku segir í 6. tölul. að Umhverfisstofnun skuli innheimta gjald og taka mið af kostnaði við vöktun hreindýrastofnsins, eftirlit og stjórn hreindýraveiða auk arðgreiðslna til landeigenda á hreindýrasvæðum sbr. 56. gr. NA vísar í og tekur undir tillögur nefndar um lagalega og stjórnsýslulega stöðu villtra fugla og spendýra sem komu fram í svokallaðri „Villidýraskýrslu“ árið 2013. Í þeirri skýrslu, á bls. 201, segir hvað þetta varðar: „Árlegur veiðikvóti hefur takmörkuð áhrif á kostnað við stjórnsýslu, vöktun og eftirlit með hreindýraveiðum. Því væri eðlilegra að fjármagn til þeirra aðila sem hafa umsjón með stjórnsýslu, vöktun og eftirlit sé ótengt veiðikvóta. Lagt er til að þessu kerfi verði breytt með þeim hætti að Umhverfisstofnun og Náttúrustofa Austurlands geri árlega kostnaðaráætlanir varðandi sína þætti og sú upphæð sem þessir aðilar fá verði tiltekin upphæð en ekki háð fjölda felldra dýra.“

Fyrir hönd Náttúrustofu Austurlands



Kristín Ágústsdóttir, forstöðumaður

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
150 Reykjavík

Akureyri 09.02.2021

Efni:

Frumvarp til laga um til laga um vernd, velferð og veiðar villtra fugla og villtra spendýra. Mál 368.

Undirritaður sendi hér með umsögn mína um frumvarp þetta. Ég hef lagt stund á veiðar, meindýraeyðingu og í stjórn skotfélags í hart nær 30 ár og tel mig því hafa nokkuð góða þekkingu á málaflokknum.

Þetta frumvarp er illa unnið - ófaglegt - hrópandi mótsagnir um allar jarðir en skánað örlítið frá því að það leitt fyrst dagsins ljós og greinilegt að með athugasemdum frá okkur veiðimönnum og SKOTVÍS er búið að laga nokkra vankanta á því en betur má ef duga skal. Hér á eftir ætla ég að bæta við mínum athugasemdum sem ég tel að þurfi að laga betur.

III.Kafli

10.gr.

„Enn fremur er óheimilt að hleypa af skoti á landi nær sömu stöðum en 200 m og á sjó nær en 2000 m.“

Hver eru rökkin á bak við þetta? Hvar eru rannsóknirnar á því að skothvellur í 2 km fjarlægð frá fuglabjargi valdi einhverjum usla? Núverandi 500 metra regla er algjörlega yfirdrifið, alltént virðast 500m duga við arnahreiður, hví þá ekki við fuglabjarg?.

Auk þess myndi 2000 metra regla útiloka svartfuglsveiðar í heilu og hálfu fjörðunum að ástæðulausu og án allra rannsókna. Einnig mundi þetta sennilega taka út að hægt sé að nota nokkra

skotípróttavelli á Íslandi þar sem ekki liggur fyrir hvað er fuglabjarg eða fuglabyggð?

10.gr 4.málgrein

Óheimilt er að veiða fugla í sárum og ófleyga unga. Lifandi ósærða fugla sem lenda í neti við veiðar skal ávallt greiða úr netinu og sleppa.

Hér er verið að útiloka það að aldargömul hefð fyrir veiðum á fýlsungum geti haldið áfram og ætti því að halda inni texta sem væri á þesa leið. Óheimilt er að veiða fugal í sárum og ófleyga unga nema þar sem er hefð fyrir fýlsunga veiði”

11.gr

Koma skal sjúku, særðu eða bjargarlausu villtu dýri til bjargar ef þess er nokkur kostur eða tilkynna slík atvik til lögreglu. Heimilt er að aflífa slík dýr á skjótan og sem sársaukaminnstan hátt ef sýnt þykir að ekki sé unnt að veita því viðunandi bjargir.

Þetta á að fella út þar sem lögregla á ekki að þurfa fara á eftir svona útköllum þar sem fólk finnur þúsundir særðra fugla allt árið og engan vegin á færi lögreglu að geta sinnt því.

14.gr

Hvítabirni skal fella án tafar ef þeir koma á land á Íslandi til þess að fyrirbyggja slys sem kunna að verða af þessum stórhættulegu dýrum. Það þjónar engu dýraverndarsjónarmiðum að fanga hvítabjörn lifandi t.d. vegna þess að við höfum enga aðstöður fyrir svona villidýr og ekki geta Grænlandingar tekið við honum aftur.

15.gr

Orðið "VÁLISTI" ætti alls ekki að nota en í staðin að nota orð eins og "Athugunarlisti eða Ástandslisti.

V. KAFLI

17.gr

Ánægður með að búið sé að breyta orðalagi og það geti opnað á að aðrar tegundir/stofna fugla/dýra geti verið veiðanlegir útfrá sjálbærni stofns. En passa þarf uppá hvað er sjálfbærni og innan hvernig ramma/jafnvægi það rýmist, Þyrfti að skoðast með hliðsjón af 29.gr frumvarpsins. Ákvörðun um afléttingu friðunar vegna nytjaveiða byggist á að veiðibráð sé þess eðlis að hún sé veidd til neyslu. Hrafn og máfar falla geta ekki fallið undir þetta og þyrfti að skoðast með hliðsjón af 29.gr frumvarpsins.

18.gr

Þarf að fella út þar sem áætlanir um tjón verða alltaf byggðar á huglægu mati og tilfinningum sem þjóna litlum tilgangi. Stjórnunar-og verndaráætlunin tekur á þessum atriðum í meginmáli

VI.KAFLI

24.gr

Við veiðar má eingöngu nota skotvopn sem heimil eru samkvæmt vopnalögum með þeim undantekningum sem upp eru taldar í þessari grein. Við fuglaveiðar er óheimilt að nota haglabyssu með hlaupvidd stærri en nr. 12.

Hér ætti ekki að hafa þetta hámark þar sem allt útlit er fyrir að blý í haglaskotum verði ekki leyfð á næstu árum verður að hafa þann möguleika opinn fyrir að nota vopn með stærri hleðslu til að tryggja öruggan og skjótan dauðdaga bráðarinnar.

Að leyfilegt verði að veiða með boga og ör og að nefndin leitist eftir því að vopnalögum verði breytt í samræmi við frumvarpið en ljóst er að nokkur atriði stangast á við vopnalög/reglugerðir.

VII. KAFLI

27.gr

Hér þarf að koma inn "Til skotveiða er heimilt að gefa út veiðikort við 20 ára aldur. Einstaklingi yngri en 20 er heimilt að stunda veiðar í fylgd með veiðimanni sem haft hefur veiðikort í a.m.k. 4. ár."

VIII. KAFLI

29.gr

Hér eru alvarlegir hlutir að gerast. Búið er að taka út fyrri lögum en ætti að halda inni áfram.

1. Allt árið: Svartbakur, Sílamáfur, Silfurmávur og Hrafn.

2. Fýll, Hvítmáv, Hettumáv, Skúm og Kjóa.

Með þessu er verið að girða fyrir að hægt sé að halda vargi í skefjum fyrir mófuglum. Nú má t.d. sjá í og við Glerárdal þar sem mávar og hrafnar sækja inn um allan dal á varp og ungatíma og hreinsa upp allt ungvíðið sem fyrir þeim verður.

Það verður að vera hægt að veiða varg þrátt fyrir að vera ekki til neyslu.

XIV. KAFLI

52.gr

Til hvers að búa til sérstaka veiðiverði í stað þess að nýta lögreglu til starfans. Hver eru rökin fyrir því og hvaðan munu koma fjármunir til þess? Hvaða valdheimildir munu þessir eftirlitsmenn hafa? Veiðimenn eru alveg til í að hafa gott eftirlit og væri þá nær að auka fé til Lögreglu og Landhelgisgæslu og láta þá sinna þessu eins og þeir hafa verið að gera undanfarin ár með finum árangri.

55.gr

Geri hér alvarlega athugasemd við upphæð veiðikortsins og að ekki var sett inn upphæð veiðikorts í drögin sem voru lögð inn til athugasemda almennings. Skotveiðimönnum var lofað á sínum tíma að gjaldið myndi ekki hækka og var það hluti af þeirri sátt sem fékkst um kerfið á sínum tíma. Að hækka úr 3500.kr í 6900.kr er algjörlega úr takt. Og passar ekki inni þær hugmyndir sem eru í gildi varðandi lífskjarasamning ríkistjórnarinnar.

Einnig þarf að passa að fjárhæðin renni beint í veiðikortasjóð en ekki í ríkissjóð.

Lokaorð:

Eftir að hafa lesið þetta frumvarp yfir í nokkur skipti og áttað mig á hvað illa af uppsetningu þess er staðið, er ég þess fullviss að gömlu lögina voru bara góð og ekkert þurft að fara í þessa vegferð. Einn get ég ekki með nokkru móti skilið hvað þetta mál þarf allt í einu hraða meðferð og það í miðjum heimsfaraldri þar sem veiðimenn eiga erfit með að hittast á fundum til að ræða og rína í málið. Mér finnst þetta ekki til að auka trú veiðimanna á að geta átt gott samstarf við Umhverfisstofnuneytið. Óska ég því eftir því að þetta frumvarp fái lengri tíma til að hægt sé að gera það ásættanlegt með faglegru vinnu.

Virðingarfyllt
Ómar Örn Jónsson



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 9. febrúar 2021

2101073SA KB/bg
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 368. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 26. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um ofangreint frumvarp.

Frumvarpinu er ætlað að koma í stað laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum nr. 64/1994. Í frumvarpinu er lögð til aukin áhersla á alhliða vernd villtra fugla og villtra spendýra og helstu búsvæða þeirra sem og á dýravernd og velferð villtra fugla og villtra spendýra. Þau ákvæði er snúa að sveitarfélögum eru að mestu leyti óbreytt frá nágildandi lögum.

Velferð villtra fugla og villtra spendýra

Í 11. gr. frumvarpsins er fjallað um velferð villtra fugla og villtra spendýra og hefur ákvæðið tekið breytingum frá því að drög að frumvarpi voru til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda. Helsta breytingin er sú að nú er ekki lengur vísað til þess að um velferð villtra dýra og villtra fugla sem heyra undir umrædd lög gildi jafnframt lög um velferð dýra nr. 55/2013. Að mati sambandsins er þessi breyting ekki til bóta. Fjallað er um hjálparskyldu í 7. gr. laga um velferð dýra og þar kemur fram að sá er stofnar til útgjalda vegna hjálparskyldu á rétt á endurgreiðslu á öllum nauðsynlegum kostnaði úr hendi þess sem ber ábyrgð á kostnaði. Í tilfelli villtra fugla og dýra eru það sveitarfélög er bera ábyrgð á kostnaði eða ráðuneyti ef um er að ræða stofn í útrýmingarhættu. Þótt fjallað sé um samspil þessara laga í greinargerð með frumvarpinu er eðlilegt ef sveitarfélög eigi að endurgreiða umræddan kostnað, að skylda þeirra til þess og vísun til hjálparskyldu sveitarfélaga í lögum um velferð dýra, komi skýrt fram í ákvæðinu sjálfu.

Sambandið vill einnig vekja athygli á því að það lagðist gegn því að sveitarfélög bæru fjárhagslega ábyrgð á hjálparskyldu þegar frumvarp til laga um velferð dýra var til umfjöllunar á Alþingi árið 2013. Atvinnuveganefnd Alþingis fjallaði þá um slík sjónarmið í aðdraganda lagasetningar og spurði „hvort rétt sé að fella kostnaðinn af hjálparskyldunni á sveitarfélögin og hvort ef til vill sé réttara að hann verði greiddur úr sameiginlegum sjóðum allra landsmanna“.

Í nefndaráli atvinnuveganefndar var nánar fjallað um þetta atriði og taldi nefndin að stofnun á miðlægum sjóði myndi hafa jákvæð áhrif, m.a. með því að létta undir með sveitarfélögunum enda væri ljóst að hjálparskyldan ætti eftir að koma misþungt niður á þeim. Þá yrði að telja að tilvist slíks sjóðs myndi auka líkurnar á því að markmið um velferð dýra næðu fram að ganga. Engu að síður taldi atvinnuveganefnd ekki tímabært að leggja sjóðsstofnunina til.

Nú þegar 7 ára reynsla er komin á framfylgd hjálparskyldu hafa mikil vandkvæði komið í ljós, bæði hvað varðar kostnað (sbr. umfjöllun atvinnuveganefndar) sem og að óskýrt er í ýmsum tilvikum á hverjum hjálparskyldan hvílir.

Ekki þarf að fjölyrða um að dýr þekkja ekki stjórnsýslumörk sveitarfélaga og hafa komið upp tilvik þar sem dýr sem þurfa á hjálp að halda fari milli sveitarfélaga og þá er óljóst hver bera eigi kostnaðinn af slíku. Einnig hefur orðið mikil aukning á aðstoð við hvali í neyð. Þar hafa komið upp fjöldi vandamála. Fyrst ber að nefna að óljóst er hver eigi að bera kostnað af því að hjálpa hval sem er í sjó en sveitarfélög hafa ekki skipulagsvald í fjörðum og sjó og því óeðlilegt að sveitarfélög beri þann kostnað. Í öðru lagi má nefna að aukning hefur orðið á fjölda grindhvala sem stranda hér á landi, sem dæmi strönduðu yfir 50 grindhvalir í Suðurnesjabæ árið 2019. Getur því komið upp sú staða að mjög lítil sveitarfélög lendi í aðstöðu þar sem fara þarf í mikinn kostnað við að bjarga grindhvölum í fjöru, oft með takmörkuðum árangri. Einnig hefur komið í ljós vandamál við að skilgreina hvaða dýr teljist í útrýmingarhættu sem og hvort ríkisstofnanir geti kafið sveitarfélög um kostnað er fellur á þær vegna björgunar villtra eða hálfvilltra dýra. Í frumvarpinu er þó komið til móts við athugasemdir sambandsins frá árinu 2013 að því leyti til að verði frumvarpið að lögum er heimilt að aflífa sjúk, særð eða bjargarlaus villt dýr með skjótum og sem sársaukaminnstum hætti ef sýnt þykir að ekki sé unnt að veita því viðunandi bjargir.

Sambandið leggur áherslu á þau sjónarmið sem atvinnuveganefnd fjallaði um í aðdraganda að setningu laga um velferð dýra. Gerð er krafa um að strax sé hafist handa við að endurskoða umrætt ákvæði því forsenda fyrir því að hægt sé að aðstoða dýr í neyð er að framkvæmdin sé skýr. Þá verður að taka afstöðu til þeirrar tillögu að settur verði á stofn miðlægur sjóður sem standi undir tilteknum kostnaði við að framfylgja hjálparskyldunni. Sú tillaga er bæði í fyllsta máta tímabær og nauðsynleg til þess að hægt sé að taka ákvarðanir hratt og örugglega

Sambandið leggur til að í lok 11. gr. komi eftirfarandi málsgrein: „Um velferð villtra dýra og villtra fugla sem heyra undir lög þessi gilda jafnframt lög um velferð dýra.“ Sambandið leggur einnig til að strax sé hafist handa við að endurskoða 7. gr. laga um velferð dýra og lögfest sé að kostnaður vegna hjálparskyldu sé greiddur af miðlægum sjóði en ekki viðkomandi sveitarfélagi.

Minnka- og refaveiðar

Í frumvarpinu eru sérstakir kaflar um refa- og minkaveiðar líkt og eru í núgildandi lögum. Kemur fram í greinargerð að mikilvægt sé að reyna að útrýma mink með öllu úr náttúru Íslands meðan veiðar á ref hafi það markmið að takmarka tjón en ekki útrýma úr náttúru landsins. Áfram er gert ráð fyrir því að ríkissjóður endurgreiði sveitarfélögum allt að helmingi kostnaðar við veiðarnar eftir reglum sem ráðherra setur og eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum. Er það í samræmi við stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2018-2022 en þar segir „Sambandið skal vinna að því að ríkisvaldið beri eðlilegan og sanngjarnan hlut í kostnaði við refa- og minkaveiðar“.

Samkvæmt frumvarpinu eiga refa- og minkaskyttur að hafa veiðikort en í dag er það ekki krafa vegna minkaveiða og því er um að ræða auknar kröfur á skotmenn.

Er því tilefni til þess að endurskoða auglýsingu um viðmiðunartaxa launa, aksturs og verðlauna fyrir unna refi og minka. Nú þegar getur það reynst erfitt fyrir sveitarfélög að ráða skotmenn með kunnáttu til refa- og minkaveiða í samræmi við kröfur laganna þegar viðmiðunartaxtinn er lágur en sem dæmi er tímakaup ráðinna skotmanna 1.615 kr./klst. Mikilvægt er að ríkið tryggji nægjanlegt fjármagn til refa- og minkaveiða og að horft sé áfram til þess að stærstur hluti þess kostnaðar sem varið er til refa- og minkaveiða lendi ekki á íbúum í fámennum en landstórum sveitarfélögum.

Sambandið leggur til að Alþingi feli Umhverfisstofnun að endurskoða viðmiðunartaxa vegna refa- og minkaveiða og um leið að tryggja sé nægt fjármagn á fjárlögum til að hægt sé að veiða a.m.k. sama fjölda dýra og nú hefur verið. Ætli ríkið sér að ná markmiðum sínum um útrýmingu minks þarf þó að auka fjármagnið töluvert.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Nefndasviði Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Vestmannaeyjum, 9. febrúar 2021

Umsögn Samtaka náttúrustofa (SNS) um frumvarp til laga um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 368. mál.

Samtök náttúrustofa fagna framkomnu frumvarpi til laga um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Verði þau að lögum með smávægilegum lagfæringum er ljóst að um mikla framför verður að ræða í málefnum villtra dýra á Íslandi. Einnig er því fagnað að ný lög skuli að grunni til byggja á vandaðri skýrslu nefndar um lagalega og stjórnsýslulega stöðu villtra fugla og spendýra (hér eftir nefnd villidýraskýrslan¹), sem skilað var til þáverandi ráðherra árið 2013. Skýrslan byggði á gríðarmikilli vinnu sérfræðinga og umfangsmiklu samráðsferli, sem gaf af sér afurð sem ólíkir hagsmunaaðilar sættust á. Ekki er því skynsamlegt að víkja efnislega frá tillögum skýrslunnar.

Endurskoðun laga um villt dýr er tímabær. Þótt núgildandi lög hafi á sínum tíma verið til mikilla bóta hefur reynslan af þeim lögum og ýmsar breytingar á síðasta aldarfjórðungi skapað þörf fyrir lagfæringar – eins og svo berlega kom fram í áðurnefndri skýrslu. Þær breytingar sem hvað ánægjulegast er að sjá í nýjum frumvarpsdrögum eru ákvæði um stjórnunar- og verndaráætlanir fyrir villta fugla og villt spendýr og að válistar séu lögfestir. Þá eru í frumvarpinu úrbætur á málefnum tegunda sem veiddar hafa verið til að draga úr meintu tjóni, þótt þar hefði þurft að stíga lengra og fylgja betur tillögum villidýraskýrslunnar.

Frumvarpsdrögin eins og þau líta út nú eru í flestum atriðum góð en sníða þarf af þeim nokkra agnúa. Sumir þeirra eru alvarlegir en alla er hægt að lagfæra með einföldum breytingum. Samtök náttúrustofa (SNS) hafa safnað saman athugasemdum náttúrustofa við drögin, sem vonandi nýtast til að gera frumvarpið enn betra áður en það hlýtur samþykki Alþingis.

¹ Skýrsla um vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra: https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/pdf_skrar/vernd-velferd-og-veidar-loka-8-mai-2013.pdf.

Almennar athugasemdir

Óboðlegt að sjávarspendýr verði áfram á hrakhólum:

Í 9. kafla villidýraskýrslunnar var staða sela og hvala í íslenskum lögum rakin og hlýtur hverjum sem les þann kafla að vera ljóst að lagaleg staða þeirra hér á landi er algjörlega óboðleg og í raun til mikillar skammar, sérstaklega þegar kemur að verndarþættinum. Nýleg reglugerð nr. 1100/2019 um bann við selveiðum er skref í rétta átt en breytir því ekki að sjávarspendýrin búa við úrelt og afar ófullkomið lagaumhverfi. Þetta snertir til að mynda beinar og óbeinar veiðar á sjávarspendýrum, svo og náttúrutengda ferðaþjónustu (sela- og hvalaskoðun). Þar er víða pottur brotinn hvað varðar umgengni við villt dýr. Ekki hafa komið fram nein haldbær rök fyrir öðru en að innlima sjávarspendýr í villidýralögin og bæta um leið úr bráðri þörf á bættu lagaumhverfi þeirra. Þetta á ekki síst við um landsel og útsel, sem báðir eru á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ), en einnig hvali, sér í lagi tannhvali, sem veiddir eru í nokkrum mæli við landið. Samtök náttúrustofa hvetja Alþingi eindregið til að bæta þessa gloppu í núverandi lögum við setningu nýrra villidýralaga vorið 2021.

Framandi og ágengar tegundir:

Í frumvarpinu og greinargerðinni sem því fylgir gætir óheppilegs misskilnings varðandi framandi og ágengar tegundir. Skilgreiningin á ágengri tegund er ófullkomin og ekki í samræmi við núverandi þekkingu. Þá virðist stundum blandað saman ágengum tegundum annars vegar og upprunalegum tegundum sem geta mögulega valdið tjóni hins vegar. Ónákvæmt orðfæri orsakar grundvallar misskilning víða í frumvarpinu og því verður að breyta. Misskilningurinn er sá að innlendar tegundir geti verið ágengar. Ágengar tegundir er þýðing hugtaksins *invasive species* og á aðeins við um þann hluta framandi tegunda sem veldur neikvæðum áhrifum á nýju svæði. Það er mjög mikilvægt að tala ekki um innlendar upprunalegar tegundir sem ágengar, enda er það einfaldlega rangt, jafnvel þótt innlendar upprunalegar tegundir geti talist til ama eða ógnað hagsmunum mannsins. Þessa misskilnings gætir á nokkrum stöðum í frumvarpinu og þarf að laga.

Í flestum eða öllum tilfellum er nóg að nota „framandi tegundir“ til að ná utan um allar framandi tegundir, hvort sem þær eru skaðlausar, ágengar eða mögulega ágengar. Stundum mætti einnig nota „ágengar og mögulega ágengar tegundir“ en í báðum tilfellum skyldi aðeins átt við dýr sem teljast framandi. Hugtakið ágeng tegund getur aldrei náð yfir tegund sem er upprunaleg hér á landi eða hefur borist hingað af sjálfsdáðum.

Aðgerðir til að verjast tjóni:

Við smíði frumvarpsins eftir að síðasta útgáfa þess var kynnt í Samráðsgáttinni virðist sem nýr tónn hafi verið sleginn varðandi dýr sem talin eru geta valdið tjóni. Þetta gerir það að verkum að texti frumvarpsins virðist stundum ganga gegn þeim meginforsendum sem frumvarpið byggir á. Í fyrsta lagi er ekki hægt að flokka það sem tjón á líffræðilegri fjölbreytni þegar innlent dýr drepur og étur annað dýr, því það er hluti af náttúrulegu ferli (sjá nánar í umfjöllun um 3. gr). Í öðru lagi á markmið með aðgerðum til að koma í veg fyrir tjón ekki að vera fækkun í stofni innlendar tegundar, heldur að draga úr tjóninu. Í þriðja lagi á ekki að tala um að „tegund“ valdi tjóni, því ef um tjón er að ræða, þá orsakast það af gjörðum einstaklinga. Tjón á afmörkuðu svæði eða afmörkuðum hagsmunum getur ekki réttlætt aðgerðir gagnvart heilli tegund eða stofni. Allt frumvarpið þarf að yfirfara með það í huga og taka út texta sem gengur gegn þessu.

Eggjataka:

Frumvarpið kveður á um ákveðnari ramma um eggjatöku, sem er afar jákvætt. Aftur á móti er ruglingslegt að finna ákvæði um eggjatöku í mörgum greinum. Mjög væri til einföldunar að sameina þau ákvæði í eina eða a.m.k. færri greinar. Einnig þyrfti að tilgreina skýrari ramma utan um eggjatökuna, sbr. góða umfjöllun á bls. 220-223 í villidýraskýrslunni og í grein í Fuglum árið 2017², þar sem m.a. eru tilgreindar forsendur þess að aflétta mætti friðun vegna eggjatöku. SNS leggst eindregið gegn því að heimildir til eggjatöku verði rýmkaðir og að gert sé ráð fyrir eggjatöku til að verjast tjóni. Hins vegar er afar jákvætt að til standi að skrá allar eggjanyttjar. Slík skráning auðveldar mjög mat á umfangi og mögulegum áhrifum eggjatökunnar og gerir mögulegt að stýra henni í átt að sjálfbærni ef þörf krefur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

I. KAFLI Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr. Markmið

Orðalagið „*Stuðla skuli að því að náttúran fái að þróast eftir eigin lögmálum*“ eins og notað var í villidýraskýrslunni væri heppilegra en „*Markmið laga þessara eru að: 1. Villtir fuglar og villt spendýr fái að þróast eftir eigin lögmálum*“ eins og stendur í frumvarpinu. Á þessu tvennu er munur, enda þróast villtu hryggdýrin ekki í tómarúmi heldur í nánum tengslum við umhverfi sitt og aðrar tegundir vistkerfisins, þar á meðal manninn. Þess vegna þarf að huga að öllum aðgerðum mannsins sem haft geta áhrif á villta fugla og villt spendýr, ekki bara þeim sem hafa bein áhrif á einstaka tegund eða hóp tegunda. Sú nálgun endurspeglar í tillögu villidýraskýrslunnar. Þetta ákvæði má líka ekki skiljast sem svo að framandi og ágengar tegundir þurfi að fá að þróast eftir eigin lögmálum, því þar ætti almenna reglan að vera styrk stjórnun (t.d. hreindýr) eða útrýming ef hægt er (t.d. minkur).

2. gr. Gildissvið

Mikil vonbrigði eru að sjá að sjávarspendýr séu hér skilin eftir úti í kuldanum, enda ekki að sjá að haldbær rök liggja þar að baki. Mikil þörf er á sterkari og skýrari ramma utan um vernd og nýtingu þeirra. Frumvarpið verður að ná til sela og hvala!

3. gr. Orðskýringar

Ágeng framandi tegund: Skilgreining ágengrar tegundar í 5. tölulið 3. greinar er ófullkomin og byggir ekki á nýjustu þekkingu og almennri sátt fræðimannasamfélagsins um slíka skilgreiningu (sjá t.d. 2. kafla í nýlegri yfirlitsgrein helstu sérfræðinga um ágengar tegundir³). Í frumvarpinu er eingöngu tekið tillit til neikvæðra áhrifa ágengra tegunda á líffræðilega fjölbreytni. Þetta er þó aðeins ein hlið á áhrifum ágengra tegunda, sem geta einnig komið fram sem neikvæð áhrif á umhverfi (fleira en líffræðilega fjölbreytni), efnahag og heilsu. Þær hliðar þarf að innlima í skilgreininguna til að hún uppfylli nútímakröfur. Í villidýraskýrslunni var skilgreiningin svona: „*Ágeng lifvera: Framandi lifvera*

² Yfirlitsgrein um nýtingu eggja og unga villtra fugla á Íslandi:

https://www.researchgate.net/publication/319320651_Nyting_eggja_og_unga_villtra_fugla_Exploitation_of_eggs_and_chicks_from_wild_birds_in_Iceland

³ Pysek o.fl. 2020. Scientists' warning on invasive alien species. Biological Reviews 95: 1511-1534.

<https://onlinelibrary.wiley.com/doi/full/10.1111/brv.12627>.

sem a) sýnir mikla eða hraða útbreiðsluaukningu af eigin rammleik eða b) veldur eða er líkleg til að valda rýrnun líffræðilegrar fjölbreytni, efnahagslegu eða umhverfislegu tjóni eða er skaðleg heilsufari manna.“ SNS mælir með því að þessi skilgreining verði notuð. Í henni er tekið tillit til þess eiginleika margra ágengra tegunda að breiðast út með miklum hraða, sem oft er fyrsta vísbendingin um ágengni viðkomandi tegundar.

Sjálfbærar veiðar: Þessi skilgreining er ekki nægilega skýr í frumvarpinu og er því lagt til að nota skilgreiningu villidýraskýrslunnar, sem samin var af hópi sérfræðinga og sátt náðist um við hagsmunaaðila. Skilgreiningin yrði þá svona: *Sjálfbærar veiðar: Veiðar teljast sjálfbærar ef nýliðun stendur undir veiðum þannig að stofn nær að endurnýja sig reglulega og viðhalda þeirri stofnstærð og útbreiðslu til langs tíma lítið, sem náttúruleg takmörk setja.*

Tjón af völdum villtra dýra: Í samráðsferli frumvarpsdraganna var þessari skilgreiningu breytt mjög til hins verra og leggjast SNS eindregið gegn þeirri breytingu, sem tengist misskilningi varðandi tjón, upprunalegar og ágengar tegundir. Þegar upprunaleg dýr éta önnur dýr sér til lífsviðurværis er það hluti af náttúrulegu ferli og getur þannig ekki flokkast sem tjón á líffræðilegri fjölbreytni (sbr. umfjöllun í villidýraskýrslunni). Innlendar upprunalegar tegundir geta samt sem áður valdið tjóni á hagsmunum mannsins (sem er þegar komið fram í skilgreiningunni). Þess vegna þarf að breyta skilgreiningunni aftur til baka og breyta niðurlagi hennar þannig að hún endi á „... tjón á náttúru landsins þegar um er að ræða framandi tegund.“

Í 3. gr. vantar skilgreiningu á *innlendri eða upprunalegri tegund* til að gera skýrari greinarmun á henni og framandi tegund. Þetta er í samræmi við tillögur villidýraskýrslunnar. Greinarmunurinn á þessu tvennu er stundum of óskýr í núverandi frumvarpi og tengist áður nefndum misskilningi um ágengar tegundir. Skýr skilningur á þessum hugtökum er forsenda þess að ákvæði og framkvæmd laga verði hnökralaus þegar kemur að vernd og mögulegum aðgerðum gegn einstökum tegundum. Ágæt skilgreining villidýraskýrslunnar var þessi: „*Upprunaleg (innlend, náttúruleg) lifvera: Tegund, undirtegund eða lægri flokkunareining (svo sem afbrigði, kyn eða stofn) innan náttúrulegs útbreiðslusvæðis, þ.e. sem hefur þróast þar eða komist þangað eftir náttúrulegum leiðum.*“

Í 3. gr. væri mjög æskilegt að bæta við skilgreiningu sem nær yfir innlend dýr sem valdið geta skilgreindu tjóni. Í gegnum tíðina hafa slíkar tegundir iðulega gengið undir gildishlöðnum orðum eins og „vargar“ og „tjóntegundir“ en Samtök náttúrustofa leggja til að lögin skilgreini þessar tegundir undir nýju og hlutlausara heiti, ágreiningstegund. Skilgreining gæti hljómað á þennan veg: „*Ágreiningstegund: Upprunaleg tegund sem valdið getur fjárhagslegu eða heilsufarslegu tjóni við tiltekna aðstæður á afmörkuðum svæðum.*“

III. KAFLI Vernd og velferð villtra fugla og villtra spendýra.

9. gr. Friðun

Seinni hluti 1. mgr. virðist óþarfur og til að flækja greinina, því gildissvið laganna hefur þegar verið skilgreint í 2. gr. Málsgreinin gæti því verið svona: „*Villtir fuglar og villt spendýr sem heyra undir lög þessi eru friðuð nema friðun hafi verið aflétt á grundvelli laganna.*“ Ef seinni hluti 1. mgr. verður ekki tekinn út, þá skýtur skökku við að friðunin gildi aðeins á varptíma og það þarf að taka út.

10. gr. Önnur vernd villtra fugla og villtra spendýra og búsvæða þeirra.

Í villidýraskýrslunni var fjallað vel og ítarlega um þörf fyrir sterkari lög varðandi vernd villtra dýra en frumvarpið endurspeglar það ekki nægilega vel. Fyrir utan málefni sjávarspendýranna, sem áður eru nefnd, vantar til að mynda að skýra betur þá vernd sem dýrum þarf að veita gagnvart ýmsum atvinnugreinum, t.d. ferðapjónustu, sjávarútvegi, orkuvinnslu, landbúnaði og skógrækt. Í þessu samhengi er vísað til umfjöllunar í kafla 6.6 á bls. 116-129 í villidýraskýrslunni. Úr þessu mætti e.t.v. bæta með því að gera III. kafla laganna ítarlegri, t.d. með viðbót inn í 10. gr. „**Við gerð skipulagsáætlana og ákvarðana um landnotkun, atvinnustarfsemi, orkuframléiðslu og –flutning ásamt ferðum almennings um náttúruna skal eins og kostur er taka tillit til villtra fugla og villtra spendýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.**“.

Mjög jákvætt er að stækka griðasvæði á sjó við skilgreindar fuglabýggðir úr 500 í 2.000 metra. Ný rannsókn á truflun af völdum skothvella í grennd við grænlenskar sjófuglabýggðir er í birtingarferli (sjá áhugavert myndband um rannsóknina⁴). Þar má finna góðan stuðning við þessa aðgerð og er mikilvægt að ekki verði gefinn afsláttur af þessari vegalengd. Lengi hafa öll skot verið bönnuð innan 2 km frá friðlýstum æðarvörpum án teljandi mótmæla og verður ekki séð að meiri þörf sé á stærra griðasvæði við æðarvörp en fuglabjörg nema síður sé. Þar að auki gilda fjarlægðarmörkin varðandi æðarvörp bæði á landi og sjó en aðeins á sjó við fuglabjörg (200 m á landi). Í frumvarpið hefur verið bætt inn að griðasvæðið eigi aðeins við um varptíma. Þetta takmarkar verndina, sem nær þá ekki lengur til alls ársins líkt og nú er. Einnig er þetta varasamt að því leyti að varptími mismunandi tegunda er afar ólíkur. Þess vegna þarf frekar að tilgreina ákveðið tímabil sem verndin gildir (ef hún gildir ekki allt árið). SNS mælir eindregið gegn því að takmarka skotveiðibann við fuglabjörg við varptíma og telur eðlilegra að sömu fjarlægðarmörk gildi allt árið. Ef ákveðið verður að 2 km skotveiðibann á sjó við fuglabjörg gildi eingöngu á varptíma, þá þarf að skilgreina hvaða vernd á að gilda utan varptíma. Ekki gengur að þau njóti á þeim tíma minni verndar fyrir skotveiðum en í dag.

11. gr. Velferð villtra fugla og villtra spendýra

Þetta er mikilvæg grein en náttúrustofur hafa talsverða reynslu af slíkum málum úr starfsemi sinni. Sumt virðist enn óljóst í greininni varðandi framkvæmd hennar og að mati SNS þyrfti að tilgreina með skýrum hætti þann eða þá aðila sem koma að umsjón, ábyrgð, ráðgjöf, ákvarðanatöku og greiðslu kostnaðar varðandi þessi ákvæði. Einnig er mjög mikilvægt að fela ákveðnum aðila fræðsluskyldu hvað greinina varðar. Hvenær og hvar á að veita dýri aðstoð og hvenær á alls ekki að gera það, jafnvel þótt við fyrstu sýn virðist sem dýrið, t.d. ungvíði, sé í vanda?

Hér er talað um „nauðsynlega meðhöndlun“ og „réttlætianlega meðferð“. Hver skilgreinir hvað sé nauðsynlegt og réttlætianlegt? Lögregla, líffræðingur, dýralæknir, veiðimaður eða einhver annar?

Þarna þyrfti að vera skýrt að ef almenningur aflífar dýr, t.d. vegna þess að ekki næst samband við lögreglu, skuli það tilkynnt lögreglu. Sjúkt, sært eða bjargarlaust dýr sem ekki er fellt á leyfilegum veiðitíma (eða er friðað) ætti að tilkynna.

Í drögum að lagafrumvarpinu var gert ráð fyrir setningu reglugerðar þar sem nánar væri útfærð framkvæmd á því að veita dýrum neyðaraðstoð. Í þessu lagafrumvarpi er aftur á móti ekki gert ráð fyrir því, sem er mikil afturför vegna þess að ýmislegt hvað þetta varðar þarf að útfæra miklu nánar en gert er í þessum lögum og lögum nr. 55/2013 um velferð dýra. Því er nauðsynlegt að tilgreina í lögnum heimild til reglugerðarsetningar vegna hjálparskyldu.

⁴ Truflun vegna skothvella við fuglabjörg: <https://www.youtube.com/watch?v=ffpcmF4i2dA&feature=youtu.be>

13. gr. Sértek friðun og verndun hreiðurstæða og búsvæða annarra villtra fugla

Í samræmi við ákvæði frumvarpsins um verndun selalátra væri eðlilegt að bæta selum inn í seinni málsgrein greinarinnar: „Ráðherra er heimilt með reglugerð, sbr. 54. gr., að setja sérstakar umgengnisreglur um vistgerðir eða búsvæði annarra villtra fugla eða spendýra, t.d. á varptíma fugla eða kópatíma sela, efsýnt þykir að ákveðnum stofni eða tegund stafi sérstök ógn af mannaferðum eða umferð eða sé sérstaklega viðkvæm fyrir raski.“

IV. KAFLI Válistar og stjórnunar- og verndaráætlanir.

15. gr. Válistar

Gríðarlega mikilvæg grein og mikið framfaraskref! NÍ og samstarfsaðilum þarf að tryggja aðstöðu og fjármagn til að vanda þessa vinnu.

16. gr. Stjórnunar- og verndaráætlanir

Gríðarlega mikilvæg grein og mikið framfaraskref!

Í frumvarpsdrögunum er gert ráð fyrir talsvert viðameiri hlutverkum NÍ og UST. Í flestum tilfellum gætu þær breytingar orðið til góða ef nægilegt fjármagn fylgir svo stofnanirnar valdi þessum auknu verkefnum.

Bent er á að náttúrustofur starfa eftir sömu lögum og NÍ og gegna að mörgu leyti hliðstæðum hlutverkum, t.d. varðandi vöktun og náttúrurannsóknir. Þess vegna gæti verið gott að fela þeim sum af verkefnum sem NÍ skal bera ábyrgð á. Þetta á sér ýmis fordæmi, þar á meðal í rannsóknum og ráðgjöf Náttúrustofu Austurlands varðandi hreindýr. Einnig má nefna að í árslok 2020 lauk tímabundnum samningi við Náttúrustofu Vesturlands um vöktun hins framandi og ágenga minks og býr starfsfólk stofunnar að mikilli reynslu af vöktun og rannsóknum á stofninum. Þá vaktar Náttúrustofa Suðurlands lundastofninn, Náttúrustofa Austurlands grágæsir og Náttúrustofa Norðausturlands hefur yfirumsjón með vöktun náttúrustofanna á íslenskum bjargfuglum. Þá er ótalið burðarhlutverk náttúrustofanna í vöktun náttúruverndarsvæða – verkefni sem hrint var af stað sumarið 2020 í umsjón Náttúrufræðistofunnar. Öll þessi verkefni og mörg fleiri sýna að heppilegt er að fela náttúrustofunum grundvallarhlutverk í vöktun og rannsóknum á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Ef frá er skilin umfjöllun um hreindýr í 35.-37. gr. er í texta frumvarpsins sjálfs lítið fjallað um náttúrustofur. Undantekningar frá því eru í þremur greinum:

Í 6. gr. er NÍ veitt heimild til að vinna með náttúrustofum. Sú heimild bætir engu við núverandi ástand, því NÍ getur þegar unnið með náttúrustofunum að fjölbreyttum verkefnum. Í 7. gr. er svipað ákvæði um UST, án þess að náttúrustofanna sé sérstaklega getið. Í 42 gr. er UST veitt heimild til að fela náttúrustofum hlutverk við skráningu tjóns af völdum villtra fugla og villtra spendýra - nokkuð sem ekki hefur verið rætt við náttúrustofur um en mætti að mati SNS skoða.

Að mati SNS væri rétt að tala skýrar í lögnum um að NÍ og UST leitaði þekkingar utan sinna veggja þegar við á, enda er þekking og reynsla á rannsóknum á íslenskum stofnum villtra fugla og spendýra dreifð á margar hendur, þar á meðal innan náttúrustofa og háskólasamfélagsins. Þetta er sérstaklega mikilvægt við gerð stjórnunar- og verndaráætlana en það sama ætti að gilda um gerð vöktunaráætlana fyrir einstakar tegundir. Hvort tveggja er líklegt til að styrkja faglegan grundvöll tillagnanna sem svo

verða sendar til ráðherra. Breyting í þessa átt væri í samræmi við tillögur villidýraskýrslunnar (5. kafli, bls. 64-73).

V. KAFLI Aflétting friðunar villtra fugla og villtra spendýra.

17. gr. Almenn skilyrði fyrir afléttingu friðunar vegna nytjaveiða og eggjatöku

Hér er talað um nytjaveiði, þar á meðal á spendýrum, en þó er ekki minnst á hreindýr, sem bæði eru veidd til nytja og til að takmarka gróðurskemmdir.

18. gr. Aflétting friðunar vegna tjóns af völdum villtra fugla og villtra spendýra

Tegundir valda ekki tjóni – það gera einstaklingar. Þessu þarf að breyta í frumvarpinu. Einnig þarf að breyta þeirri hugsun að aðgerðir miði að fækkun einstaklinga þeirrar tegundar sem mögulega veldur tjóni. Markmið aðgerða skulu ætíð vera fyrst og fremst að draga úr tjóninu. Sé slíkt hægt án þess að fækka í stofninum, þá skyldi það ávallt vera fyrsti kostur. Afrán innlends dýrs á öðru innlendu dýri er hluti af náttúrulegu ferli og því ekki tjón á líffræðilegri fjölbreytni landsins. Texti í greinargerð um að ráðherra sé heimilt að aflétta friðun fuglategunda allt árið er ekki í neinu samræmi við tillögur villidýraskýrslunnar og gengur gegn markmiðum og anda laganna. Í gildandi lögum er leyft að veiða fjórar fuglategundir allt árið (svartbakur, sílamáfur, silfurmáfur og hrafn) en villidýraskýrslan leggur til að þessar tegundir njóti friðunar allt árið nema innan marka friðlýstra æðarvarpa (sjá kafla 8.3.6.1 á bls. 268-269 ásamt 12. töflu á bls. 273). Affriðun innlendra fuglategundar allt árið er úreltur hugsunarháttur og í ósamræmi við nútímalega náttúruvernd og veiðistjórn. Að því sögðu á að sjálfsögðu að vera heimild til að bregðast við raunverulegu tjóni við afmarkaðar og tímabundnar aðstæður.

Í lögnum er talað um að létta megi friðun af tegundum sem taldar eru valdar tjóni en að sú aflétting byggji á mati á raunverulegu tjóni. Það er mjög til bóta en mjög mikilvægt er að bæta inn í löginn ákvæði um að einnig verði lagt magnbundið mat á árangur aðgerða sem heimilaðar eru á grundvelli þess að um tjón sé að ræða. Hvernig fóru aðgerðirnar fram, hvaða aðferðum var beitt, hversu mörg dýr voru drepin og það allra mikilvægasta er að meta hvaða áhrif/afleiðingar aðgerðirnar höfðu. Drógu aðgerðir úr tjóninu sem þær áttu að fyrirbyggja?

19. gr. Aflétting friðunar eða undanþága frá friðunarákvæðum vegna annarra atvika

Í 1. mgr. er ofaukið „eða á annan hátt“, því skilgreining framandi tegundar felur í sér að hún berst til landsins af mannavöldum.

Sleppa ætti „ágengum framandi dýrategundum“ því þær eru innifaldar í „framandi dýrategundum“.

Samtök náttúrustofa leggjast gegn því að fanga megi villt dýr til að setja í dýragarða og telja að þangað ætti aðeins vera leyfilegt að færa dýr sem hafa orðið fyrir hnjaski og útséð er um að þau geti bjargað sér í náttúrunni. Áður en það yrði gert þyrfti þó að meta hvort líklegt væri að slíkir einstaklingar þyldu þá streitu sem fylgir dýragarðavist.

VI. KAFLI Veiðar.

20. gr. Sjálfbær nýting

Hér mætti taka fram að meginreglur umhverfisréttar (sbr. t.d. 8. og 9. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd) gildi ef skortur er á gögnum til að taka upplýsta ákvörðun um afléttingu friðunar, t.d. um að túlka beri skort á gögnum upprunalegum villtum dýrum í hag. Þetta myndi skýra betur hvað sjálfbærar veiðar fela í sér, sem oft hefur verið kveikjan að deilum um veiðistjórnun.

VII. KAFLI Hæfnispróf veiðimanna og veiðikort.

26. gr. Hæfnispróf veiðimanna

Samtök náttúrustofa óska eftir að í greininni komi fram að UST verði gert skylt að koma fræðsluefni um eggjatöku til þeirra sem nytja egg, áður eða um leið og þeir fá afhent veiðikort.

27. gr. Útgáfa veiðikorta

Æskilegt væri að koma tölum um rottuveiði inn í gagnagrunn veiðikortakerfisins og gera tölurnar þannig (eða með öðrum leiðum) opinberar og aðgengilegar til að fá betri yfirsýn um stöðu þeirra hér á landi.

28. gr. Veiðiskýrslur

Veiðitölur geta verið mjög mikilvægar í rannsóknaskyni og stundum einu gögnin sem til eru um viðkomandi stofn. Því er mikilvægt að þær séu nákvæmar og aðgengilegar. Æskilegt væri að safna saman og birta opinberlega og á stafrænu formi ítarlegri tölur en bara um tegund, fjölda veiddra dýra, landshluta og ár. Dæmi um þetta væri t.d. sundurliðun afla eftir mánuðum/vikum, kyni, aldri, sveitarfélögum o.s.frv. eftir því sem við á. Þetta á ekki síst við um veiði sem ríkið styrkir, t.d. refa- og minkaveiði. Slík gögn eru mjög nytsamleg við rannsóknir og stýringu veiða úr viðkomandi stofnum.

SNS fagna því að nú skuli kveðið á um veiðiskýrslur um eggjatöku, enda nýtast slíkar upplýsingar til að meta heildarálag af mannavöldum við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar. Einnig er jákvætt að bæta skráningar netadauða fugla í ferskvatni. Sömuleiðis þyrfti að gera átak til að skrá netadauða fugla við veiðar í sjó. Slíkar skráningar eru mjög ófullkomnar en þannig hjáveiði er mögulega mjög þýðingarmikil fyrir suma stofna fugla og sjávarspendýra.

VIII. KAFLI Fuglaveiðar.

29. gr. Nytjaveiðar á fuglum

Hér er notaður sami rammi um veiðitíma og í nógildandi lögum frá árinu 1994. Ein af meginreglum villidýraskýrslunnar, sem m.a. byggir á alþjóðasamningum, er að ekki skuli veiða fugla á varptíma. Sá tímarammi sem tilgreindur er í 29. gr. brýtur þá meginreglu. Mælst er til að nota frekar þann ramma um veiðitíma sem villidýraskýrslan (12. tafla á bls. 273) lagði til, enda náðist sátt um þau tímamörk við vinnslu skýrslunnar.

IX. KAFLI Nýting hlunninda.

33. gr. Eggjataka

SNS leggja til að í umfjöllun um eggjatöku verði tilgreindar á einum stað allar þær tegundir sem ráðherra væri heimilt (og í samræmi við stjórnunar- og verndaráætlanir) að aflétta friðun á til eggjatöku. Það að tilgreina hér eingöngu helstu máfategundirnar getur valdið ruglingi. Í greinargerð með frumvarpinu segir í grein 3.10: „Mikilvægt er að ekki sé gengið á stofna villtra fugla og villtra

spendýra með ofveiði jafnvel þótt slík veiði eigi sér sögulegar eða menningarlegar hefðir. Því er lagt til að engar veiðar eða nytjar séu undanskildar þessari mikilvægu reglu nema veiðar séu beinlínis til að minnka stofninn eða jafnvel útrýma honum ef um er að ræða ágengar framandi lífverur.“ Mikilvægt er að ganga ekki gegn þessari meginreglu og þeim forsendum eggjatöku sem villidýraskýrslan fjallar um á bls. 223. Rétt væri að tilgreina forsendurnar í lagafrumvarpinu.

Í 33. greinina vantar ákvæði um að halda truflun í lágmarki og um sölubann og reglugerðarheimild ráðherra, sambærilegt við það sem fram kemur í tveim síðustu málsgreinum 34. greinar.

Skv. 33. gr. er ráðherra heimilt að leyfa eggjatöku hjá fleiri tegundum en tilgreindar eru í frumvarpinu. Þetta finnst SNS skjóta skökku við og gengur gegn villidýraskýrslunni og tveim alþjóðasamningum sem Íslendingar eru aðilar að (Parísar- og Bernarsamningnum). Í skilyrðum fyrir eggjatöku, sem villidýraskýrslan tilgreinir, segir m.a.: „*Ekki skal vera heimild í lögum fyrir eggjatöku sem er aflögð*“ og „*Ekki skal í neinu tilfalli útvíkka eggjatökuheimildir frá því sem nú er.*“ Þessi heimild á því ekki heima í nýjum lögum.

X. KAFLI Hreindýraveiðar.

Hreindýr eru framandi tegund á Íslandi og ætti því að fjalla um þau í XII. kafla með öðrum framandi tegundum en ekki í sérstökum kafla. Óeðlilegt er að slíta þau frá öðrum framandi tegundum, jafnvel þótt flestir álíti að heildaráhrif þeirra á íslenskt samfélag séu jákvæð. Flokkun tegunda í innlendar og framandi felur ekki í sér neitt gildismat um ágæti þeirra.

36. gr. Hreindýraráð

Í pistilfirði finnast oft fleiri hreindýr en í A-Skaftafellssýslu. Því væri æskilegt að Búnaðarsamband Norður-Þingeyinga ætti fulltrúa í hreindýraráði.

XI. KAFLI Veiðar til varnar tjóni.

Þessi kafli er að mörgu leyti til bóta fyrir lagaumhverfi villtra dýra. Þó er vandséð að eggjataka úr hreiðrum upprunalegrar tegundar geti stuðlað að því að draga úr tjóni, heldur lítur frekar út fyrir að heimild til slíkra aðgerða væri til þess ætluð að minnka stofn viðkomandi tegundar. Það er ekki í samræmi við anda og markmið laganna. SNS leggja því til að eggjataka verði ekki tilgreind sem leið til varnar tjóni af völdum innlendra tegunda.

Sumir hafa stundað að stinga gat á egg ákveðinna fuglategunda. Þegar það er gert í stað þess að fjarlægja eggíð, liggur fuglinn áfram á dauðu eggí. Þessi siðlausu iðja er stunduð víða um land til að vinna að fækkun óvinsælla innlendra fugla. Lögin þurfa að tilgreina að þetta sé bannað.

43. gr. Undanþága frá friðunarákvæðum

Hér er gert ráð fyrir að veita UST heimild til að veita undanþágur frá friðunarákvæðum vegna mögulegs tjóns af völdum villtra fugla og villtra spendýra. SNS mælast eindregið til þess að þarna verði bætt inn ákvæði um að það verði aðeins gert að undangenginni umsögn NÍ.

XII. KAFLI Framandi dýrategundir, ágengar framandi dýrategundir og villingar.

Í þessum kafla ætti að fjalla um allar framandi fugla- og spendýrategundir hér á landi (hreindýr, minka, villiketti, villikanínur, mýs og rottur) en umfjöllun um sumar þeirra er í öðrum köflum. Í grunninn gilda ekki alltaf sömu reglur um framandi tegundir og innlendar og væri því til einföldunar að sameina umfjöllun um framandi tegundir sem mest í einn kafla.

Í þennan kafla vantar ákvæði um að Ní eða öðrum hæfum aðila verði falið að halda utan um flokkun framandi tegunda á Íslandi, þar sem þær væru á faglegan hátt og í samræmi við alþjóðleg viðmið flokkaðar í ágengar, mögulega ágengar og ekki ágengar. Þetta er mjög mikilvægt atriði, enda hefur slík flokkun áhrif á það hvernig haga skuli mögulegum aðgerðum gegn þeim til verndar íslensku lífríki.

Breyta þarf heiti XII. kafla úr „*Framandi dýrategundir, ágengar framandi dýrategundir og villingar*“ í „*Framandi dýrategundir og villingar*“.

46. gr. Eftirlit og aðgerðir

Víða um heim hafa reynsla og rannsóknir sýnt að fyrirbyggjandi aðgerðir eða skjót viðbrögð eftir að framandi tegund berst á nýtt svæði eru langódýrasta og skilvirkasta leiðin til að hindra útbreiðslu ágengra tegunda og tjón af þeirra völdum. Um þetta og mismunandi stig stjórnunar á ágengum tegundum má t.d. lesa í nýlegri grein.⁵ Setja þarf skýr ákvæði um að Umhverfisstofnun beri skylda til slíkra aðgerða eftir því sem við á.

Í greininni kemur fram að UST hafi eftirlit með útbreiðslu framandi dýrategunda. SNS benda á að UST er stjórnsýslustofnun og hefur ekki aðgang að slíkum upplýsingum. Þær eru einkum vistaðar hjá Ní (einnig náttúrustofum) og er því nauðsynlegt að kveða á um einhvers konar samstarf stofnananna um þetta eða hreinlega fela Ní þennan þátt í samstarfi við náttúrustofur.

Bent er á að á náttúrustofum starfa sérfræðingar um ágengar tegundir og á tveimur náttúrustofum er nú þegar stunduð vöktun á framandi og ágengum spendýrum (þ.e. á hreindýrum og minkum), auk þess sem fleiri náttúrustofur rannsaka ágengar tegundir.

47. gr. Minkar

Minkur er lykiltegund í vistkerfum þurrlandis og strandsvæða. Hann er framandi hér á landi og ein versta ágenga spendýrategund Evrópu⁶. Þess vegna er mjög ánægjulegt að sjá að forgangsraða eigi þeim svæðum þar sem leggja þarf áherslu á minkaveiðar til að draga úr tjóni.

Náttúrustofu Austurlands hefur verið falin vöktun annarrar framandi tegundar hér á landi og hefur það fyrirkomulag gefist vel. Náttúrustofa Vesturlands hefur um árabíl stundað rannsóknir á minkum og m.a. sinnt vöktun stofnsins að undanfögnu, skv. samningi við umhverfis- og auðlindaráðuneytið sem rann út í árslok 2020. Koma þarf vöktun minkastofnsins í fastan farveg. SNS leggur til að í lögunum verði kveðið á um að umhverfis- og auðlindaráðherra feli minkasérfræðingum að vakta minkastofninn til framtíðar, t.d. að fenginni sameiginlegri tillögu Ní og náttúrustofa.

⁵ Vísindagrein um mismunandi áfanga í landnámi ágengra tegunda og viðeigandi viðbrögð: <https://link.springer.com/article/10.1007/s10530-020-02298-2>.

⁶ Vísindagrein um flokkun ágengra tegunda eftir umhverfisáhrifum. Röðun einstakra tegunda má finna í viðauka greinarinnar: <https://besjournals.onlinelibrary.wiley.com/doi/full/10.1111/1365-2664.12427>

Varðandi fyrirkomulag minkaveiða og stjórn minkastofnsins er bent á umfjöllun á bls. 256-259 í villidýraskýrslunni og á bls. 42-47 í skýrslu um tilraunaverkefni um svæðisbundna útrýmingu minks árin 2007-2009.⁷

Við stjórnun á minkastofninum til að reyna að draga úr tjóni af hans völdum er mikilvægt að einblína á aðalmarkmiðið, sem er að ná árangri til að vernda annað lífríki fyrir minknum. Veiðitölur og stofnstærð minksins segja ekki endilega til um árangur aðgerða.

Í umfjöllun greinargerðarinnar um 47. gr. er rangfærslan „*reynt hefur verið að útrýma mink úr náttúru landsins síðustu áratuginna*“. Hið rétta er að síðan nógildandi lög voru samþykkt árið 1994 hefur opinbert markmið minkaveiða verið að draga úr tjóni, enda ekki verið talið raunhæfur möguleiki að stefna að útrýmingu. Eigi veiðar að stefna að útrýmingu þarf að gjörbreyta fyrirkomulagi og framkvæmd þeirra, sbr. umfjöllun á bls. 42-45 í skýrslu um tilraunaverkefni um svæðisbundna útrýmingu minks.⁹

Í greinargerðinni er því einnig ranglega haldið fram að tilraunaverkefni um svæðisbundna útrýmingu minks hafi sýnt að jafnvel sé mögulegt að útrýma mink svæðisbundið. Þetta er oftúlkun. Meðan á verkefninu stóð var minkastofninn í brattri, náttúrulegri niðursveiflu, sem bættist ofan á árangurinn af veiðiátakinu, sem metinn var 34% á Snæfellsnesi og 49% í Eyjafirði. Þetta er allfjarri útrýmingu og svaraði verkefnið því ekki þeirri spurningu hvort útrýming á stóru svæði væri möguleg, jafnvel þótt tekist hefði að draga verulega úr þéttleika minka.⁹

XVI. KAFLI Reglugerðarheimildir, gjaldtökuákvæði og úthlutun arðs af hreindýraveiðum.

54. gr. Setning reglugerða

Full réttarfarsleg áhrif frumvarpsins koma ekki fram fyrir en reglugerðir liggja fyrir. Margar af þessum reglugerðum eru nauðsynlegar til að tryggja ásættanlega stöðu villtra fugla og villtra spendýra á Íslandi. Þess vegna leggur SNS til að ráðherra verði ekki aðeins heimilt að setja þessar reglugerðir, heldur skuli honum það skylt innan ákveðins tíma frá gildistöku laganna.

Í þessa grein vantar reglugerðarheimild vegna hjálparskyldu, sbr. athugasemdir við 11. gr.

55. gr. Gjaldtaka

Þessa grein þarf að skýra mun betur og svo virðist sem þarna hafi eitthvað skolast til við vinnslu frumvarpsins.

Síðustu tvær málsgreinarnar eiga tæplega heima í þessari grein um gjaldtöku. Þar segir m.a.: „*Tillögur Umhverfisstofnunar skv. 4. mgr. skulu unnar í samráði við fimm manna ráðgjafanefnd sem ráðherra skipar til tveggja ára í senn samkvæmt verklagsreglum sem hann setur.*“ Af greininni má skilja að nefnd fimm ráðgjafa (starfsmenn UST og fulltrúar hagsmunaaðila) geri tillögur um fjárveitingar til Umhverfisstofnunar, sem síðan geri tillögu til ráðherra. Inni í þessum tillögum eiga m.a. að vera fjárveitingar til Ní hvað varðar framkvæmd þessara laga. Ekki getur talist eðlilegt að ein ríkisstofnun geri tillögur um fjárveitingar til annarrar ríkisstofnunar.

⁷ Ítarleg skýrsla um tilraunaverkefni um útrýmingu minks með tillögum um framhaldið:

https://www.researchgate.net/publication/319325476_Tilraunaverkefni_um_svaedisbundna_utrvmingu_minks_i_Eviafirdi_og_a_Snaefellsnesi_2007-2009_Arangur_verkefnisins_og_tillogur_um_naestu_skref_Lokaskyrsla_A_pilot_programme_for_the_eradication_of_America

Í nánari umfjöllun um ráðgjafanefndina í greinargerð um 55. gr. segir enn fremur: „*Umsögn Umhverfisstofnunar um tillögur um ráðstöfun úr sjóðnum skyldi unnin í samráði við fimm manna ráðgjafanefnd sem ráðherra skipar til tveggja ára í senn. Ráðgjafanefndin hefur verið skipuð einum fulltrúa Bændasamtaka Íslands, einum fulltrúi Skotvís, einum fulltrúa frjálsra félagasamtaka á sviði náttúruverndar og tveimur fulltrúum sem Umhverfisstofnun tilnefnir, annar á sviði stofnvístfræða og hinn á sviði veiðistjórnunar.*“

Umrædd ráðgjafarnefnd virðist vera nefnd sem undanfarin ár hefur gengið undir heitinu „*Samráðsnefnd um sjálfbærar veiðar*“ og verið Umhverfisstofnun til ráðgjafar. **Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur hafa skipað hvor sinn fulltrúann í nefndina (ranglega er það ekki nefnt í greinargerðinni) en miðað við það sem fram kemur í frumvarpinu eiga hvorki NÍ né náttúrustofur framfar fulltrúa í nefndinni.** Þetta hefur ekki verið rætt við náttúrustofur og hætt er við að þessi breyting veiki nefndina, m.a. við mat á gæðum umsókna, rannsóknáætlanum og skýrslum sem nefndinni berast vegna úthlutunar úr sjóði, sem áður bar nafnið Veiðikortasjóður.

Sbr. texta greinarinnar í 6. tölul. skal Umhverfisstofnun innheimta gjald og taka mið af kostnaði við vöktun hreindýrastofnsins, eftirlit og stjórn hreindýraveiða auk arðgreiðslna til landeigenda á hreindýrasvæðum sbr. 56. gr. Tekið er undir tillögur villidýraskýrslunnar á bls. 201 hvað þetta varðar: „*Árlegur veiðikvóti hefur takmörkuð áhrif á kostnað við stjórnarsýslu, vöktun og eftirlit með hreindýraveiðum. Því væri eðlilegra að fjármagn til þeirra aðila sem hafa umsjón með stjórnarsýslu, vöktun og eftirlit sé ótengt veiðikvóta. Lagt er til að þessu kerfi verði breytt með þeim hætti að Umhverfisstofnun og Náttúrustofa Austurlands geri árlega kostnaðaráætlanir varðandi sína þætti og sú upphæð sem þessir aðilar fá verði tiltekin upphæð en ekki háð fjölda felldra dýra. Arður yrði greiddur af öllum seldum veiðileyfum. Þetta kerfi gæti þó þurft að endurskoða breytist kvóti verulega.*“

Mat á áhrifum (6. kafli á bls. 39 í greinargerð með frumvarpinu):

Í 6. kafla greinargerðarinnar með frumvarpinu kemur fram að fjölga þurfi starfsmönnum á NÍ um einn og um þrjá hjá UST og að heildarkostnaður vegna þessa gæti hlaupið á 60-65 milljónum króna á ári. Enn fremur segir að „*hluti af kostnaði Umhverfisstofnunar vegna veiðistjórnunar greiðist með fjárveitingum sem tengjast tekjum af veiðikortum.*“ Veiðikortagjaldið hefur hingað til runnið að hluta til fjármögnunar á vöktun mikilvægustu veiðitegunda fugla hér á landi. Þau verkefni hafa verið unnin á hagkvæman hátt, m.a. af NÍ og náttúrustofum, og mega ekki við niðurskurði fjárveitinga. Brýnt er að tryggja fjárhagslega framtíð þeirra verkefna, svo aflu megi lágmarksupplýsinga um lýðfræði helstu veiðistofna. Slíkar upplýsingar eru grundvöllur virkrar veiðistjórnunar.

Samtök náttúrustofa vonast til að þessar athugasemdir hjálpi til við að bæta frumvarp til laga um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Með þeim einföldu breytingum sem hér hafa verið lagðar til má gera frumvarpið mjög gott, þannig að það stuðli að verulegum framförum í málefnum villtra fugla og villtra spendýra á Íslandi.

Virðingarfyllst, f.h. Samtaka náttúrustofa,



Erpur Snær Hansen, formaður

Skarphéðinn Ásbjörnsson Kt. 1802614519

Árni Halldórsson Kt. 0101605619

Og Hilmar Stefánsson Kt. 2207512959

Frumvarp til laga

um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Við undirritaðir viljum byrja á því að láta í ljós ánægju okkar með frumvarpið í heild og sjáum að tekið hefur verið tillit til sjónarmiða veiðimanna að talsverðu leiti.

Við viljum þó gera eftirtaldar athugasemdir:

10. gr. 4. málsgrein. Óheimilt er að veiða fugla í sárum og ófleyga unga.

Með þessari setningu er verið að útiloka aldagamla hefð fyrir veiðum á fýlsungum og eftir atvikum toppskarfsungum. Þessar fuglategundir eru ekki í neinni hættu og er þess vegna að okkar mati ekki ástæða til þess að stöðva þessar veiðar. Rétt er að taka fram að aðeins er um örfáa staði að ræða þar sem þessar veiðar eru stundaðar og því fólki sem þær hafa stundað fer fækkandi og þar með hverfa að öllum líkindum þessi menningarverðmæti af sjálfu sér. Málsgreinina mætti þess vegna hafa svona: Óheimilt er að veiða fugla í sárum og ófleyga unga nema þar sem hefð er fyrir veiðum á fýlsungum og skarfsungum.

14. gr. Hvítabirnir.

Það er mat okkar að hvítabirni skuli fella án tafar af veiðimönnum sem hafa B réttindi skotvopna ef þeir koma á land á Íslandi til þess að fyrirbyggja slys sem kunna að verða af þessum stórhættulegu dýrum. Saga okkar Íslendinga geymir æði margar sagnir af því þegar hvítabirnir gengu á land, drápu búfénað og fólk og brutu jafnvel upp hús. Ísbjarnarstofninn er núna aftur í vexti eftir langa niðursveiflu vegna loftslagsbreytinga og vera kann að komum þeirra hingað geti fjölgað þegar fram líða stundir. Það er að okkar mati því óráðlegt að hindra það að birnir séu felldir tafarlaust.

15. gr. Válistar

Við teljum að orðið válisti sé varasamt að nota þar sem orðið eitt og sér kann að gefa villandi skilaboð. Hætt er við að fuglategund eða dýr sem lendir á einum tíma inni á þeim lista verði ávallt í augum almennings í hættu jafnvel þótt stofnstærð verði aftur ásættanleg. Við leggjum því til að þessi listi verði kallaður Ástandslisti eða Athugunarlisti.

24. gr. Veiðiaðferðir

Í fyrstu málsgrein er þess getið að óheimilt sé að nota haglabyssur með stærra kaliberi en nr. 12. Nú þegar eru í gangi aðgerðir til þess að minnka og jafnvel stöðva notkun á blýhöglum og færast þá notkunin yfir í stálhögl. Stálhögl hafa talsvert minni slagkraft en blýhögl og af þeim sökum þarf meiri hleðslu til þess að ná sama árangri. Við ýmsar fuglveiðar er nauðsynlegt að ná fram þessum slagkrafti til þess að tryggja skjótan og öruggan dauðdaga bráðar. Erlendis þar sem búið er að banna notkun blýhagla hafa veiðimenn því verið að færa sig að einhverju leiti yfir í kaliber nr. 10. Athugið að kaliber nr. 10 er stærra en kaliber nr. 12.

Í upptalningu á því sem óheimilt er að nota við veiðar er liður 3. Steina, barefli, eggvopn, skutla, stunguvopn eða áþekka hluti. Nú kemur það fyrir að aflífa þarf særða bráð. Það skal samkvæmt þessum lögum líka gera á sem fljótverkastan hátt. Fyrir kemur að þörf er á að nota eitthvað af þessu sem talið er upp í þessum lið. Við teljum að óþarft sé að hafa þennan lið 3 inni í þessari upptalningu, veiðimönnum er skylt að aflífa dýr á mannúðlegan hátt.

Við viljum lýsa yfir sérstakri ánægju okkar með síðustu málsgrein þessarar greinar þar sem Umhverfisstofnun er heimilt að veita þeim sem varanlega eru bundnir við notkun á hjólastól, sérstaka undanþágu frá ákvæðum 3. mgr. til að skjóta frá kyrrstæðu vélknúnu farartæki. Við viljum þó benda á að ýmis önnur fötlun eins og t.d. missir útlíma getur hamlað veiðimönnum að komast um og mætti þessi heimild ná til fleiri hópa.

44. grein. Refir.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að í stjórnunar- og verndaráætlun sé ákvarðað hvort refaveiðar séu taldar nauðsynlegar. Að ýmissa mati eru refaveiðar ekki nauðsynlegar eins og sést best á því að friðland hefur verið skilgreint fyrir þá á norðanverðum vestfjörðum. Við sjáum því talsverð hættumerki hér.

Við viljum taka sterklega fram sjónarmið okkar til refaveiða. Við teljum að stórfelld hætta geti stafað af því að draga úr refaveiðum. Refir í Íslenskri náttúru er slyng og öflug veiðidýr og með hverjum friðuðum ref erum við að dæma þúsundir smáfugla til dauða. Skiptir þá engu hvort um spörfugla, mófugla eða viðkvæma fuglastofna er að ræða eða ekki. Refastofninum hefur verið haldið niðri á Íslandi með skipulegum veiðum í aldir. Hann er þó langt því frá í útrýmingarhættu. Áður fyrr helgaðist þörfin fyrir því að halda stofninum í lágmarki fyrst og fremst af því tjóni sem refurinn olli á sauðfjárbúskap og anda og æðarvörpum en nú á dögum hefur bæst við enn sterkari fjárhagslegur ávinningur af því að halda stofninum niðri. Það er ferðamenska og fuglaskoðun. Það er hætt við því að ef við missum tókin á stofnstærð refsins verði lítið að sjá fyrir erlenda ferðamenn sem hingað koma til þess að skoða þessa fögru sumargesti okkar.

Við leggjum til að í þessari grein verði Sveitarstjórnnum gert skylt að sjá ávallt til þess að þekkt greni séu unnin af fagmönnum. Hér eru tvær myndir sem sýna þeim sem ekki þekkja til hversu öflugur refurinn er á fuglaveiðum á varptímanum. Annars vegar er um að ræða læðu sem skotin var þegar hún kom að greni sínu með 23 unga í kjaftinum en hin myndin sýnir 8 unga sem önnur læða hafði með sér heim að greni. Ekki er óalgengt að 10 – 12 ungar séu í kjafti hvernar tófu eftir hverja veiðiferð og hvort foreldra fer jafnvel tvær til þrjár veiðiferðir á dag. Gera má ráð fyrir að einhver þúsund fuglsunga falli fyrir hvert greni.



45. gr. Refagreni

Ókkur sýnist að þeir sem hafa komið að orðalagi þessarar greinar hafi ekki næga þekkingu á málinu. Útburður eða æti er ekki notað við grenjavinnslu né er æti sett við refagreni. Hins vegar er æti notað við vetrarveiðar á ref. Ekki er mögulegt að hafa með sér ætið heim aftur að veiðum loknum eins og segir í annari málsgrein þessarar greinar. Æti er borið út að vetri, gjarnan öðru hvoru megin áramóta og það frýs því fljótt og koma veiðimenn því gjarnan fyrir þar sem fennir að einhverju eða öllu leit yfir það. Þannig næst bestur árangur. Refurinn er eins og áður segir slyngur og stundum getur tekið vikur og jafnvel meira en mánuð að fá refinn til þess að venja komur sína að æti. Það er af þeim sökum ekki heppilegt að grafa ætið upp aftur og hafa það með sér til baka. Í annarri málsgrein þessarar 45. greinar frumvarpsins segir að óheimilt sé að skilja eftir æti eða agn á veiðistöðum að veiðum loknum. Við leggjum til að því orðalagi verði breytt í „óheimilt að skilja eftir æti eða agn á veiðistöðum að veiðitímabili loknu“.

Ábyrgðarmenn þessara athugasemda hafa allir áratuga reynslu af þeim skotveiðum sem stundaðar eru á Íslandi, eru félagsmenn í Skotvís og sitja í Svæðisráði skotveiðimanna á Norðurlandi eystra ásamt því að vera áhugamenn um náttúru og fuglavernd.

Skarphéðinn Ásbjörnsson, Árni Halldórsson og Hilmar Stefánsson.



Nefndasvið Alþingis

Umhverfis- og samgöngunefnd

frumvarp til laga um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum
368. mál.

Reykjavík, 8. febrúar 2021.

Athugasemdir SKOTVÍS vegna frumvarps til laga um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

I. Inngangur

Árið 2010 skipaði þáverandi umhverfisráðherra nefnd sem átti að varpa skýru ljósi að lagalega stöðu villtra spendýra og fugla á Íslandi m.a. með tilliti til dýraverndarsjónarmiða og leggja fram tillögur um úrbætur með það að leiðarljósi að uppfylla ákvæði gildandi laga og alþjóðasamninga. Vinnan einskorðaðist ekki við að rýna framkvæmd villidýralaganna heldur átti nefndin að skoða málið í víðu samhengi þ.m.t. varðandi seli og hvali.

Í nefndinni sátu 8 manns frá helstu fræðastofnunum á sviði náttúrufræði og náttúruverndar auk fulltrúa Fuglaverndar og Skotveiðifélags Íslands. Tilgangurinn var að stefna saman sérfræðingum með þekkingu á náttúruvernd, náttúrufræðum, veiðum og á alþjóðasamningum um veiðar og náttúruvernd til að taka saman heildaryfirlit um lagalega stöðu villtra dýra og fugla og gera tillögur að úrbótum. Skýrsla nefndarinnar átti að vera sambærileg og hvítbók um náttúruvernd og ætlunin að lögfróðir sérfræðingar hefðu skýrsluna að leiðarljósi við samningu lagatexta nýrra villidýralaga.

Nefndin hafði það að leiðarljósi að veita sem víðtækasta yfirsýn um þau málefni sem henni var ætlað að skoða. Byggði vinna nefndarinnar á umfangsmiklu samráði við fagaðila og hagsmunaaðila. Fyrst var leitað eftir sjónarmiðum 77 aðila auk óformlegs samráðs. Eftir það lágu fyrir fyrstu drög skýrslu. Í öðrum áfanga mótaði nefndin fjölda meginreglna sem byggðu á alþjóðasamningum auk annars. Fór nefndin yfir tillögur sínar með hliðsjón af þeim. Við lok þeirrar vinnu lágu fyrir nokkuð fullbúin drög að skýrslu. Í þriðja áfanga var svo leitað eftir viðbrögðum 27 sérfræðinga og hagsmunaaðila. Með það fyrir augum að fyrirbyggja misskilning og skapa sem mesta sátt um tillögur nefndarinnar voru gerðar verulegar breytingar á texta skýrslunnar. Skýrslunni var svo skilað í apríl 2013. Skýrslan er 350 bls. auk formála og viðauka. Er óhætt að fullyrða að hún sé eitt umfangsmesta heildarrit um lagalega stöðu fugla og spendýra á Íslandi.

Í formála skýrslunnar kemur fram að vinna nefndarinnar sé fyrsti áfanginn í því ferli að semja nýtt lagafrumvarp sem taki til verndar, velferðar og veiða á villtum fuglum og villtum spendýrum. Nefndin lagði til að ný lög yrðu í þremur megin köflum þ.e. **vernd, velferð og veiðar**. Taldi nefndin eðlilegt að gera bæði verndar- og velferðarsjónarmiðum hærra undir höfði án þess að það kæmi niður á sjálfbærri nýtingu eða réttlætningum veiðum til að koma í veg fyrir tjón.

Tæplega 8 ár eru nú liðin frá gerð skýrslunnar, en Umhverfis og auðlindaráðuneytið óskaði eftir að SKOTVÍS tilnefndi fulltrúa í nefnd um endurskoðun laganna í mars 2019 og tilnefndi félagið fulltrúa sinn í þeim mánuði. Það var þó ekki fyrr en snemma árs 2020, tæpu ári eftir að félagið tilnefndi fulltrúa sinn, að kallað var til samráðs endurskoðun laganna.

Fyrsti fundur starfshóps um endurskoðun laganna var því ekki haldinn fyrr en þann 24. janúar 2020 þ.e. 9 mánuðum eftir að skipað var í starfshópinn. Á fyrsta fundi starfshópsins voru þá þegar kynnt drög að lagafrumvarpi þó ýmsa kafla vantaði í frumvarpið enn. Félagið hefði talið eðlilegra að byrja á samráði áður en fyrstu drög frumvarps lágu fyrir. Á fyrsta fundinum kom jafnframt fram að til stæði að leggja frumvarpið fram á vorþingi 2020 en til þess þyrfti það að vera tilbúið sem fyrst en þó ekki seinna en í lok febrúar. Þá var óskað eftir



athugasemdum sem fyrst og ekki seinna en innan tveggja vikna eftir fundinn. Þessi flýtir kom félaginu í opna skjöldu og gaf ekki fyrirheit um vönduð vinnubrögð við lagasetningu sem ætlað er að standa um langan tíma.

Með bréfi, dagsettu 5. febrúar 2020, gerði SKOTVÍS efnislegar athugasemdir við fjölmargt í drögunum. Í bréfinu andmælti félagið þó sérstaklega þeim vinnubrögðum sem virtist stefna í með málið. Í bréfinu sagði m.a.:

„Áður en lengra er haldið vill SKOTVÍS mótmæla þeim vinnubrögðum sem nú virðist stefna í með málið. Ljóst er að mikla vinnu á enn eftir að leggja í frumvarpið enda vantar enn í það heilu kaflana. Ómögulegt er að mati félagsins að ljúka þeirri vinnu á svo skömmum tíma sem ráðuneytið ætlar að gefa sér til verksins a.m.k. ef vanda á til verksins og hafa raunverulegt samráð við hagsmunaaðila. Með slíkum vinnubrögðum væri málefningu og þeirri vinnu sem lögð var í umrædda skýrslu sýnd óvirðing. Félagið vill minna á að líklegt sé að þau lög sem nú verða sett eigi eftir að gilda næstu 20-30 árin. Mikilvægt er því að vanda til verka. Félagið skorar því á ráðuneytið að ákveða strax að gefa sér lengri tíma til verksins.

Félagið skorar á ráðuneytið að láta ekki ímyndaða pressu leiða til óvandaðra vinnubragða.“

Í kjölfar þessa voru gerðar nokkrar breytingar á drögunum og þau send samráðshópnum auk þess var haldinn einn fundur enn um málið þar sem ekki náðist að fara yfir nema lítinn hluta hinna breyttu frumvarpsdraga og var boðað að frekari tími gæfist til þess.

Félaginu að óvörum var því svo tilkynnt að þriðja útgáfa af frumvarpsdrögunum yrði, án frekara samráðs, sett í samráðsgátt stjórnvalda síðast liðið sumar. Félagið andmælti enn á ný þeim flýti sem virtist kominn á málið og óskaði eftir lengri frest til að skila athugasemdum. Fresturinn var veittur og skilaði félagið ítarlegum athugasemdum með bréfi þann 12. ágúst 2020 en mótmælti um leið þeim vinnubrögðum sem viðhöfð væru í málinu. Félagið taldi frumvarpið alls ekki tilbúið til þinglegrar meðferðar.

Í umsögninni var áréttað að ekki væri um tæmandi athugasemdir að ræða enda liti félagið svo á að um sé væri að ræða hluta samráðsferils. Félagið tók þó fram að ef litið væri á frumvarpsdrögin sem **uppkast til frekari vinnslu** þá liti félagið þau jákvæðum augum. Jafnframt var þó tekið fram að ef litið væri á þessi frumvarpsdrög sem því næst fullbúið plagg, sem ekki verður gefinn tími til að vinna frekar, horfði málið á annan hátt við. Félagið hét því á ráðuneytið að gefa málinu nauðsynlegan tíma.

Vegna kórónuveiru faraldurs varð ekki af frekari fundum, þrátt fyrir að eðlilegt hefði verið að halda vinnu starfshópsins áfram rafrænt. SKOTVÍS sendi enn inn umsögn þann 9. október um þá fyrirbyggjandi drög að frumvarpinu og gerði enn fjölda athugasemda. Þannig stendur málið enn. SKOTVÍS hefur enn fjölda athugasemda við frumvarpið eins og það liggur fyrir nú fyrir Alþingi.

Um leið og félagið þakkar fyrir að hafa fengið tækifæri til að koma að athugasemdum sínum og að tekið hafi verið tillit til fjölda þeirra þá telur félagið að frumvarpið eigi enn langt í land með að vera tilbúið og nauðsynlegt sé að ljúka vinnu við gerð frumvarpsins í þeim samráðshópi sem skipaður var til þess.

Félagið skorar því á Alþingi að láta ekki ímyndaða pressu leiða til óvandaðra vinnubragða. Með því væri þeirri vinnu, sem unnin var með hinni vel unnu 350 blaðsíðna skýrslu um málefnið, kastað alqjörlega á glæ.

Hér á eftir fara efnislegar athugasemdir félagsins.



I. KAFLI Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

2. grein Gildissvið.

Félagið leggur áherslu að að selir falli undir ákvæði laganna enda engin málefnaleg rök til annars m.a. til að tryggja vernd og velferð sela.

3. grein, atriði 29

Skilgreina þarf mun betur hvað átt er við um sjálfbærar veiðar, það er grunnurinn að allri veiðistjórnun og margar skilgreiningar í gangi. Í raun og veru ætti að vera sérstakur kafli í lögnum eða greinargerð um hvað teljast vera sjálfbærar veiðar, hvaða tímaramma er miðað við og viðgangi stofns í **sögulegu tilliti**.

3. grein, almennt

Í lögnum er kafli um friðlýsingu æðarvarpa og heimild til friðlýsingar þess en hinsvegar er hvergi að finna skilgreiningu á æðarvarpi í frumvarpinu.

Ekki er að finna skilgreiningu á Almenning á landi í upptalningunni.

II. KAFLI Stjórnsýsla.

5. grein

Skotvís leggur ríka áherslu á að verkefnaskipting verði algjörlega skýr á milli stofnana og telur að vinna eigi út frá þeirri megin línu að Náttúrufræðistofnun Íslands sinni rannsóknum og ráðgjöf, en öll stjórnsýsla varðandi veiðar og ráðgjöf, þar með talið tillögugerð um veiðikvóta og veiðitímabil til ráðherra, sé hjá Umhverfisstofnun. Skoða þurfi grein 6 og 7 m.t.t. þess. Til dæmis er eðlilegt að Ní reikni út veiðipól til Umhverfisstofnunar, Umhverfisstofnun útfærir svo veiðistjórnunartillögur fyrir þann stofn m.t.t. til þeirra og sendir til ráðherra. Það má líka leiða rökum að því að Ní sjái um að leggja til friðun en Umhverfisstofnun verndi.

SKOTVÍS leggur til þá breytingu að lokaorð greinarinnar verði:

"Matvælastofnun fer með málefni er snúa að velferð villtra fugla og villtra spendýra, sem eru í haldi."

6. grein

Ef löggjafinn lítur svo á að lögfesta þurfi verkefnið um válista leggur SKOTVÍS til að verkefni um Válista verði fellt inn í lög um NÍ og tekið út úr þessari löggjöf. Nánari rökstuðning má finna seinna í þessari greinargerð.

7. grein - 2. málsgrein

Umhverfisstofnun fer með veiðistjórnun, hefur umsjón með veiðum á villtum dýrum og villtum fuglum, sér um framkvæmd námskeiða og hæfnisprófa til undirbúnings veiðum á villtum fuglum og villtum spendýrum, veitir fræðslu og leiðbeiningar vegna nytjaveiða og aðgerða til varnar tjóni, sér um útgáfu veiðikorta og veiðileyfa og veitir tímabundna....

SKOTVÍS leggur til neðangreinda breytingu, hér er um að ræða reglubundin rekstur sem í nágrannalöndum okkar hefur í áratugi verið útvistað til skotveiðisambanda með þeim rökum að best fari að veiðimenn uppfræði veiðimenn um veiðar.

"Umhverfisstofnun skal framselja rekstur og umsjón námskeiða og útgáfu veiðikorta til samræmis við verklag í nágrannalöndum okkar."



8. grein

Samráð við Matvælastofnun á einungis að eiga sér stað ef villtu dýri er haldið föngnu samkvæmt laganna hljóðan.

III. KAFLI Vernd og velferð villtra fugla og villtra spendýra.

10. grein - 3. málsgrein

"Óheimilt er að þeyta flautur, fljúga þyrlum, flygildum eða öðrum loftförum, sigla hávaðamiklum skipum eða bátum eða vera með annan hávaða að óþörfu við selalátur á tímum kæpingar og hárfellis..."

Bent er á að því miður heyra selir ekki undir þessi lög.

Einnig verður að fylgja með viðauki með skrá yfir hvað teljast vera fuglabjörg samkvæmt þessum lögum svo og selalátur. Nema selir eigi ekki að heyra undir þessi lög...

"Óheimilt er að veiða fugla í sárum eða ófleygga unga".

Hér er verið að loka á hefðbundnar hlunnindaveiðar, t.d. veiðar á fýlsungum. Slíkar veiðar eru hluti af staðbundinni menningu og hafa ríkt menningarsögulegt gildi. SKOTVÍS leggst alfarið gegn þessu banni. UNESCO hefur bent á að hlunnindaveiðar hafi ríkt menningarsögulegt gildi og t.d. nefnt veiðar með fálkum sem dæmi. SKOTVÍS sér ekki að þessi ungatekja ógni stofninum né sé í ósamræmi við "mannúðlegar" veiðiaðferðir. Þessar veiðar og veiðiaðferð eru ekki óheimilar skv. viðauka í Bernarsamningnum að uppfylltum skilyrðum.

11. grein

Hér er mikið ósamræmi í lagabálkum því í **dýraverndarlögum er líka bálkur um villt dýr, kafli VII**. Einfaldast er að hafa bálk um villt dýr og velferð þeirra í þessum lögum og fella þá út bálkinn í dýraverndarlögum. Það hefur valdið miklum misskilningi meðal almennings. SKOTVÍS leggur í siðareglum sínum einmitt mikla áherslu á velferð dýra og virðingu gagnvart þeim og telur þennan kafla ákaflega mikilvægan í lögnum.

"Koma skal sjúku, særðu eða bjargarlausu villtu dýri til bjargar ef þess er nokkur kostur eða tilkynna slík atvik til lögreglu. Heimilt er að aflífa slík dýr á skjótan og sem sársaukaminnstan hátt ef sýnt þykir að ekki sé unnt að veita því viðunandi bjargir."

Lögreglan hefur líklega ýmislegt annað að gera en að taka við símtölum frá fólki sem finnur "bjargarlausa" unga um sumartímann. Yfirleitt eru foreldrarnir skammt frá og bíða þess að "björgunarfólkið" fari í burt svo náttúran geti haft sinn gang. Enda brjóta slíkar og aðrar björgunaraðgerðir í bága við fyrsta markmið laga þessara, þarna fær náttúran ekki að þróast eftir eigin lögmálum.

1. Villtir fuglar og villt spendýr fá að þróast eftir eigin lögmálum.

Við mannfólkið ættum ekki að stíga inn í eðlilega hringrás náttúrunnar.



14. grein

SKOTVÍS vísar í nefndarálit um hvítabirni sem var unnið fyrir UAR eftir komu hvítabjarna til landsins á árunum 2008-2012. Að mati félagsins skal fella alla hvítabirni sem berast til landsins því á einhverjum tímapunkti muni fólki stafa hættu af. Óþarfi er að bíða eftir **fyrsta alvarlega slysinu** til að setja slíka verklagsreglu.

Ástæðurnar eru einfaldar.

- 1) Hvítabirnir eru stórvirk drápstæki fullkomnuð af náttúrunni, þau líta ekki á manninn sem vin heldur auðveldu bráð.
- 2) Til að fanga hvítabjörn svo vel takist til útfrá dýraverndarsjónarmiðum sem útlistuð eru í þessum drögum þarf sérþjálfað teymi sem bjargar nokkrum slíkum á ári ásamt því að stunda æfingar. Slíkt teymi er ekki staðar á Íslandi. T.d. þarf sérþjálfað auga til að meta stærð og þyngd ísbjarnar en það er lyklatríði svo magn svefnlyfs sem skotið er í hann sé nægilegt til að svæfa hann en ekki drepa.
- 3) Takist svo ótrúlega vel til að ísbjörninn er fangaður lifandi þá blasir við nýtt vandamál. Enginn vill taka við honum. Dýragarðar vilja ekki slík dýr og ekki má flytja hann neitt vegna sjúkdómavarna s.s. hundaæðis. Eftir svæfingu má aðeins flytja hann í klst áður en hann er vakinn aftur. Annars deyr hann vegna ofkælingar.
- 4) Sé fullorðinn fangaður ísbjörn settur í dýragarð mun honum líða illa á hverjum degi uppfrá því. Slíkt væri dýranið.

Hér skortir kjark til að horfast í augu við augljósar ískaldar staðreyndir en frekar reynt að draga upp óraunverulega fantasíu um "björgunaraðgerðir". Ísbjörnum hefur fjölgað undanfarin ár og er stofninn núna um 25.000-30.000 dýr. Einn og einn ísbjörn sem þvælist til Íslands á nokkurra ára millibili er ekki mikilvægur í stofnvisfræðilegu tilliti.

IV. KAFLI Válistar, stjórnunar- og verndaráætlanir.

SKOTVÍS gerir alvarlega athugasemd við yfirheiti þessa kafla, hann á bara að heita **Stjórnunar-og verndaráætlanir**. **Válistar** eru vissulega hafðir til hliðsjónar við gerð þeirra en um þá ætti að fjalla sérstaklega í lögum um NÍ eins og SKOTVÍS hefur áður bent á.

15. grein

Hér er verið að leggja til beintengingu válista við lagasetningu.

Það er áhugavert þar sem á ráðstefnu um válista sem haldin var í Reykjavík árið 2017, tók yfirmaður IUCN Red List Unit (Craig Hilton-Taylor) það sérstaklega fram, að **ALLS EKKI** ætti að beintengja listana við lagasetningu. Þeir væru byggðir á bestu fáanlegri þekkingu, áhugamanna sem og sérfræðinga, en þeir væru alls ekki fullkomnir. Hinsvegar væru þeir nothæfir til að flagga viðvörunarflöggum sem ætti þá að skoða sérstaklega í hverju tilvik. Flöggin væru mjög misjöfn og forsendurnar mýmargar, á endanum væri þetta matsatriði. Reyndar er íslenska orðið **VÁLISTI** sérstaklega sterkt orð og ætti listinn frekar að heita **ATHUGUNARLISTI** í ljósi orða þeirra sem halda utan um listana erlendis. Reyndar veit SKOTVÍS **engin dæmi** þess að téðir válistar séu beintengdir inn í veiðilöggjöf í heiminum, kannski einmitt vegna þess að **IUCN hefur varað sérstaklega** við því.

SKOTVÍS leggst því alfarið gegn því að þessir listar séu beintengdir við lagasetningu veiðilöggjafar en setja má inn í lög um NÍ að gerð "**Válista-Athugunarlista**" sé eitt af hlutverkum þeirra stofnunar.



16. grein

Skotvís leggur áherslu á virka veiðistjórnun (Adaptive Harvest Management). Ákvæðið þarf að taka mið af þeirri hugmyndafræði. Skoða þarf ákvæði m.t.t. þess. Hlutverk viðeigandi stofnana þarf líka að vera skýrt m.t.t. athugasemdar að framan um hlutverk NÍ og UST. Samkvæmt þessum kafla þá er ekki stefnan að nýta dýrastofna, heldur bara að stjórna og vernda. Hér kemur berlega í ljós að vinna hefði þurft frumvarpið mun betur áður en það var lagt fram.

V.KAFLI Aflétting friðunar villtra fugla og villtra spendýra.

17. grein

Skotvís fagnar því að hér hafi verið breytt um orðalag í samræmi við athugasemdir félagsins.

"Ákvörðun sé byggð á sjálfbærni stofns eða tegundar þannig að viðkoma verði nægileg til lengri tíma til þess að veiga upp á móti afföllum við afléttingu friðunar, nema stjórnunar- og verndaráætlun geri ráð fyrir að fækka í stofninum. "

Fyrri orðalag benti til þess að allir stofnar séu í jafnvægi frá ári til árs og engar náttúrulegar sveiflur séu til staðar. Stofnar veiðidýra eru mjög mismunandi, sumir taka dýfu en ná síðan "jafnvægi" til lengri tíma, aðrir sveiflast eftir sveiflum í fæðuframboði. Íslenski heiðagæsastofninn er mjög gott dæmi, Hann er nú í sögulegu hámarki, telur hundruðir þúsunda gæsa; líklegt er að sá stofn muni taka dýfu á næstu árum. Eru veiðar úr honum þá ekki lengur sjálfbærar? Það sama má segja um lundastofninn á og við Ísland, þar sem fækkar í stofninum fyrir sunnan land vegna lítills fæðuframboðs, en á sama tíma fjölga í stofninum fyrir norðan land. Þar er fæðan meiri...og varppörin eru ennþá talin í milljónum og veiðiálagið er 0,5-1,0 prósent.

Sjálfbærni veiða er skilgreint í verndaráætlunum með **virtri veiðistjórnun (Adaptive Harvest Management)** þar sem **hámörk og lágmark** eru skilgreind í **vissum tímaramma** sem tekur mið af stofnsveiflu tegundarinnar til lengri tíma.

18. grein

Í þriðju málsgrein þessarar greinar segir:

"Sé í stjórnunar- og verndaráætlun lagt til að tjón eða áhætta á tjóni geti verið þess eðlis að það réttlæti veiðar í ákveðnum tilvikum, s.s. við friðlýst æðarvörp, skal gera grein fyrir því í hvaða tilvikum eða við hvaða aðstæður slíkar veiðar komi til greina. Þar skal jafnframt gerð grein fyrir áætluðum áhrifum á sjálfbærni viðkomandi tegundar eða stofns og áætluðu veiðiálagi."

Skotvís leggur til að þessi málsgrein verði felld út. Slíkar áætlanir um tjón verða aldrei annað en lélegar ágiskanir sem þjóna litlum sem engum tilgangi. Stjórnunar- og verndaráætlunin tekur á þessum atriðum í meginmáli.

VI.KAFLI Veiðar.

20. grein

Eins og áður hefur komið fram í þessum athugasemdum þarf að skilgreina hugtakið sjálfbærni m.t.t. veiða. Margar skilgreiningar eru í gangi og stofnanir ósammála um orðalag.



21. grein

Hér er aftur notað orðið sjálfbærni en ætti kannski frekar að nota orðalag eins og **hámarka afrakstur stofnins**. Það er tilgangur veiðistjórnunar.

22. grein

"Á friðlýstum svæðum eru veiðar heimilar nema sérlæg, friðlýsingarskilmálar eða stjórnunar- og verndaráætlanir sem gilda um svæðið mæli fyrir um annað. "

SKOTVÍS óskar eftir rökstuðningi á því hvernig sjálfbærar veiðar sem annars eru almennt leyfðar geti ógnað friðlýsingum á búsvæðum dýra, jarðmyndunum, víðernum eða þjóðgörðum sem hafa sjálfbærni að leiðarljósi. Það hefur verið lenska að banna veiðar þegar forma þegar svæði eru friðlýst án nokkurs rökstuðnings m.t.t. til tilgangs friðlýsingar. Rökin hafa oft litast af fáfræði og fordómum í garð skotveiðimanna. Mál er að linni. Fordómar eiga ekki að líðast í upplýstri og opinberri orðræðu.

Þessu verður að breyta.

24. grein Veiðiaðferðir

SKOTVÍS bendir á mikið ósamræmi í lagasetningu löggjafans, þar sem í lögum um velferð dýra frá 2013. nr.55 kafla VII, 27. grein stendur:

"Ráðherra(landbúnaðar) setur í reglugerð, að höfðu samráði við ráðherra er fer með stjórn veiða, vernd og friðun villtra fugla og villtra spendýra, nánari ákvæði um aðferðir við veiðar. "

Enn og aftur bendir SKOTVÍS á að Veiðiaðferðir og Velferð villtra dýra eru best geymd á einum stað. Í einum lagabálk undir einu ráðuneyti. Þarna á ráðherra landbúnaðar að tala við ráðherra umhverfismála um hvaða veiðiaðferðir eigi að gilda og setja síðan inn í reglugerð. Þetta ákvæði er svo einkennilegt að SKOTVÍS er ekki kunnugt um að þetta samtal hafi átt sér stað síðan 2013. Félagið er reyndar alveg sannfært um að viðkomandi ráðherrar hafi ekki hugmynd um þetta ákvæði.

SKOTVÍS fagnar þeirri breytingu að fatlaðir veiðimenn fái heimild til að nota vélknúinn farartæki á veiðum. Rétt er þó að benda á að orðalagið „bundinn við hjólastól“ er úrelt og gamaldags, og ekki í takt við þá orðræðu sem fatlað fólk kys. Það er enginn bundinn við hjólastól, en margir nota hjólastól. Hér væri hægt að nota aðra skilgreiningu svo sem hreyfifærnimat. Þetta þarf að útskýra betur og skilgreina.

"14. Búnað til þess að miða í myrkri með rafeindatækjum er stækka eða breyta ímyndinni. Undanskilinn er þó rafeindapunktur eða upplýstur kross í sjónauka."

Þarna má setja inn að þetta megi nota við refa-og minkaveiðar til samræmis við nágrannalönd okkar.

Það má bæta við að nætursjónauka megi nota við refa-og minkaveiðar.

Einnig leggur SKOTVÍS til að bogveiði verði bætt við sem leyfilegri veiðiaðferð til samræmis við Norðurlöndin og Vopnalöggjöfin aðlöguð að þeirri breytingu.

25. grein

SKOTVÍS setti sér siðareglur fyrir rúmum 40 árum og það er félaginu mikið ánægjuefni að sjá efnislega samhljóða grein í frumvarpinu.



VII. KAFLI HÆFNISPRÓF VEIÐIMANNA OG VEIÐIKORT

26. grein - 2. málsgrein

"Umhverfisstofnun semur námskrá og heldur námskeið til undirbúnings hæfnisprófum. Umhverfisstofnun er heimilt að fela aðilum, sem hafa til þess þekkingu og reynslu að mati stofnunarinnar, að halda slík námskeið í sínu umboði."

SKOTVÍS leggur til að greininni sé breytt enda eru námskeiðin rekstur og vandséð af hverju slíkur rekstur eigi að vera á höndum hins opinbera. Félagið skorar á stjórnvöld að líta til Norðurlanda í þessu atriði þar sem landssamtök skotveiðimanna sjá um þessa fræðslu, veiðimenn uppfræða veiðimenn. SKOTVÍS hefur t.d. aðgang að öllu námsefni hinna Norðurlandanna endurgjaldslaust ef óskað er eftir því, getur hafið rafræna kennslu með skömmum fyrirvara með sömu lausnum og ökuskólar nota í dag. Reyndar hefur félagið þegar sett upp tilraunaverkefni að veiðiskóla á netinu byggt á sömu hugmyndafræði.

Skotveiðisamband Danmerkur hlaut nýlega verðlaun danskra bókaútgefenda fyrir námsefni sitt.

Það er óþarfi að finna upp hjólið, hjólum í þetta sem fyrst.

Því leggur SKOTVÍS til að greinin hljómi svo:

"Umhverfisstofnun semur námskrá og leggur fyrir hæfnispróf. Umhverfisstofnun skal fela aðilum, sem hafa til þess viðamikla þekkingu og reynslu í málefnum tengdum veiði, að halda námskeið til undirbúnings hæfnisprófum í sínu umboði, til samræmis við nágrannalönd okkar."

Þá skýtur það skökku við að þeir sem taka egg þurfi ekki að sanna hæfni sína t.d. með því að þekkja í sundur egg friðaðra fugla og annarra. Það er ef eggjataka verður færð inn í veiðikortakerfið sem félagið leggst gegn.

27. grein - 1.málsgrein

SKOTVÍS leggst gegn því að eggjataka sé færð inn í veiðikortakerfið, það verður einungis til að flækja framkvæmdina. Vandséð er hvernig á að nota slík gögn við veiðistjórnun.

SKOTVÍS leggur einnig til eftirfarandi breytingu á greininni.

"Til skotveiða er heimilt að gefa út veiðikort við 20 ára aldur. Einstaklingi yngri en 20 er heimilt að stunda veiðar í fylgd með veiðimanni sem haft hefur veiðikort í a.m.k. 4. ár."

Samkvæmt greininni þarf veiðikort til minkaveiða.

28. grein

SKOTVÍS ítrekar andstöðu sína við það að eggjataka sé færð inn í veiðikortakerfið, það mun einungis flækja framkvæmdina. Félagið sér heldur ekki tilganginn í því að óska eftir á hvaða jörð þau voru týnd, hér er löggjafinn að krúttu yfir sig og nær hámarki þegar líka er óskað eftir því að gefa upp fugla sem drepast við netaveiðar.

Eru netaveiðar veiðikortsskyldar? Í hvað á að nota þessi ófullkomnu gögn?
Þetta er skýrt dæmi um útpenslu á bákni og skriffinnsku.



VIII. KAFLI Fuglaveiðar.

29. grein

SKOTVÍS gerir alvarlegar athugasemdir við þessa upptalningu. Ein af **meginniðurstöðum skýrslunnar** sem vitnað er í og er grunn gagn nýju laganna, er að mun fleiri tegundir þoli takmarkaðar veiðar en nú er heimilt að veiða, en eru þrátt fyrir það ekki nýttar.

Reyndar er það þannig að allar tegundir þola veiðar, hvernig nýtingin á sér stað og með hvaða hætti er bara veiðistjórnun með sjálfbærni að leiðarljósi.

Sérstaklega skal bent á það að veiðimenn hafa sýnt mikinn skilning og ábyrgð þegar stofnar eiga undir högg að sækja. T.d. hefur **rjúpnaveiðin** minnkað úr 168.000 fuglum þegar hún var mest (1998) niður í 35-50.000 fugla á ári. Veiðialagið hefur minnkað úr 30% í 10% sem er vel innan sjálfbærnimarka til lengri tíma og í sögulegu samhengi. **Þrátt fyrir fjölgun leyfilegra veiðidaga hefur veiðialag ekki aukist.**

Annað dæmi er **lundastofninn** þar sem veiðin hefur minnkað úr rúmlega 200.000 fuglum í 25.000 á ári. Veiðialagið er núna um 0,5%-1% af stofninum sem er vel sjálfbært og hefur því hverfandi áhrif á viðkomu hans til lengri tíma og í sögulegu tilliti. Enda vita allir að **veiðar eru ekki ástæða þess** að svartfuglar eigi undir högg að sækja, heldur fæðubrestur vegna áhrifa loftslagsbreytinga.

SKOTVÍS leggur til að eftirfarandi málsgrein verði bætt við.

"Ef Ní metur að tegund ,sem er ekki talin upp hér að ofanverðu, þoli veiðar þá getur ráðherra heimilað veiðar úr tegundinni samkvæmt stjórnunar-og verndaráætlun."

SKOTVÍS leggur einnig til að þær tegundir sem leyfilegt er að veiða til að verjast tjóni verði áfram taldar upp í lögum og verði svo þangað til búið er að gera stjórnunar-og verndaráætlanir fyrir þær tegundir og meta tjón af þeirra völdum.

30. grein

Hérna er verið að fanga villt dýr. Er þetta þá ekki á könnu MAST? Þarf MAST ekki að gefa út merkingarleyfi og halda próf og vera með eftirlit? Hér er ekki gætt jafnræðis í lögum.

IX. KAFLI Nýting hlunninda

32. grein

SKOTVÍS dregur í efa að hægt sé að skerða eignarrétt með því að friðlýsa yfir jarðamörk. Að auki þá ættu 500 metrar að nægja sem friðlýsingarmörk. Félagið bendir aftur á það að skilgreining á því, hvað telst æðarvarp, vantar inn í frumvarpið.

34. grein

SKOTVÍS leggur til að ungataka fýls verði áfram leyfð. Ef ekki þá er óskað eftir því að greinargerð fylgi þar sem fram komi hvar slík ungataka sé bönnuð samkvæmt alþjóðlegum samningum (Bernarsamningnum) ef ungatakan er sjálfbær. Einnig hvort undanþáguákvæði eru í samningnum ef slíkar veiðar eru í litlum mæli. Lundaveiði í háf er sambærileg við unगतóku fýls.



X. KAFLI Hreindýraveiðar

36. grein

SKOTVÍS fagnar því að fá áheyrnarfulltrúa á fundi Hreindýraráðs með málfrelsi og tillögurétt.

XII. KAFLI Framandi dýrategundir, ágengar framandi dýrategundir og villingar.

47. grein

"Veiðar á mink eru öllum heimilar sem hafa veiðikort. "

Hér er breyting frá fyrri lagabreytingu við lögina frá 1995 en svona voru lögina upphaflega 1995. Það væri ágætt ef löggjafinn færi að ákveða sig.

XIV. KAFLI Eftirlit og framkvæmd eftirlits.

50. grein

Félagið er ekki andvígt eftirliti með veiðum. Félagið telur hins vegar að það þarfnist ítarlegri skoðunar að búa til sérstaka veiðiverði í stað þess að nýta lögreglu til starfans.

Hver eru rökinn fyrir því og hvaðan munu koma fjármunir til þess? Hvaða valdheimildir munu þessir eftirlitsmenn hafa? Hvaða aðstæður eða aukna umfang hafa kallað á þetta aukna eftirlit? Veiðimönnum fer fækkandi og veiðar hafa dregist stórlega saman undanfarin ár.

SKOTVÍS mun aldrei samþykkja að veiðieftirlit sé greitt úr veiðikortasjóði. Reglubundið eftirlit lögreglu og starfsskyldur landvarða er nægjanlegt. Ekki hefur verið bent á nein rök því til stuðnings að aukið eftirlit þurfi á veiðislóð. Að mati félagsins er mun betra er að efla fræðslu til veiðimanna um siðfræði veiða og um löggjöfina. Textinn í þessari löggjöf er vægast sagt mjög tyrfinn og oft á tíðum er hægt að missa þráðinn í þessari löngu löggjöf. Þetta tíðkast í ekki í nágrennalöndum okkar og var tilgangurinn með því að taka upp veiðikort.

51. grein

Engar athugasemdir svo lengi sem eftirlitið er ekki greitt úr veiðikortasjóði.

"Umhverfisstofnun skal við framkvæmd eftirlits leita aðstoðar lögreglu hafi hún rökstuddan grun um að framið hafi verið brot sem rannsaka þurfi frekar eða hún telji það nauðsynlegt til að framfylgja heimildum samkvæmt þessarar grein. "

Þarna kemur í ljós veikleikinn við þetta "eftirlit". Það eru engar valdheimildir, engar rannsóknarheimildir. Veiðiverðir geta ekki handtekið, stöðvað eða neytt fólk til að gefa upplýsingar og því vandséð hver tilgangurinn er.



XVI. KAFLI Reglugerðarheimildir, gjaldtökuákvæði og úthlutun arðs af hreindýraveiðum.

55. grein Gjaldtaka

SKOTVÍS gerir **alvarlega athugasemd** við upphæð áformaðs gjalds fyrir veiðikort og að ekki var sett inn upphæð veiðikorts í drögin sem voru lögð inn til athugasemda almennings. Þegar núverandi kerfi var komið á, m.a. að tilstuðlan SKOTVÍS, var skotveiðimönnum lofað að gjaldið tæki aðeins vísitölubreytingum og var það hluti af þeirri sátt sem var um kerfið. Á þeim forsendum beitti félagið sér fyrir því að kerfinu yrði komið á. Samkvæmt uppreiknaðri upphæð ætti veiðikortið núna að vera um 5.000- kr.

SKOTVÍS mun **ekki** sætta sig við þessa **hækkun** enda eru **engar forsendur** fyrir hækkuninni. Ef afla þarf aukins fjármagns inn í kerfið er ljóst að betra væri að **hagræða**. SKOTVÍS er tilbúið til að reka veiðikortakerfið fyrir **80% af núverandi rekstrarfé**. Þannig væri engin þörf á að hækka gjaldið.

Skotvís leggur til að fjárhæðin renni beint í **veiðikortasjóð** en ekki í ríkissjóð.

Félagið leggur til að bætt sé við stofngrein um **VEIÐIKORTASJÓÐ**, tilgang, fjármagn og úthlutun. Í sjóðnum sitji tveir aðilar frá SKOTVÍS, einn frá FLMH, einn frá Fuglavernd, einn frá Umhverfisstofnun og einn frá UAR. Sjóðurinn setji sér úthlutunarreglur og birti uppgjör ár hvert og stöðu sjóðsins.

Eins og áður segir er félagið tilbúið að taka að sér að reka **veiðikortakerfið** á mun **hagkvæmari** hátt en nú er gert, en það gæti skapað félaginu rekstrargrundvöll til framtíðar. sem gagnast myndi bæði stjórnvöldum og félaginu. Þá þarf að kveða á um **hámarkskostnað við rekstur kerfisins** en það var hluti af sáttinni um kerfið í upphafi.

"Tíu prósent af innkomu veiðikorta ár hvert skal renna óskipt til Skotveiðifélags Íslands vegna almennrar fræðslu félagsins til veiðimanna. "

Félagið vill fá ofangreinda heimild inn í lög. SKOTVÍS er eini aðilinn á landsvísu sem uppfærðir veiðimenn um siðfræði á jafningjagrundvelli þar sem veiðimenn uppfærða aðra veiðimenn. **Siðareglur félagsins** voru settar strax við stofnun þess fyrir rúmum 40 árum og eru enn í fullu gildi.

Í greinargerð með frumvarpinu segir: *"Hjá Umhverfisstofnun má gera ráð fyrir að fjölga þurfi starfsmönnum um sem nemur þremur stöðugildum og að árlegur viðbótarkostnaður geti legið á bilinu 45–50 millj. kr. Gert er ráð fyrir að hluti af kostnaði Umhverfisstofnunar vegna veiðistjórnunar greiðist með fjárveitingum sem tengjast tekjum af veiðikortum sbr. 1. tölul. 55. gr."*

SKOTVÍS óskar eftir sundurlíðun á þessari mannaflapörf og hvaða stöðugildi eru nú þegar á sviði veiðistjórnunar. Ekki er að sjá annað en að verkefnið séu tímabundin til tveggja ára og rúmist vel innan núverandi fjárheimilda veiðikortasjóðs með hagræðingu.

Félagið ítrekar boð sitt um að reka námskeiðin og veiðikortakerfið á hagkvæmari hátt.

"Ráðherra ákvarðar fjárveitingar Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands til rannsókna, vöktunar, gerðar stjórnunar- og verndaráætlana fyrir veiðistofna, veiðieftirlits og stýringar á stofnum villtra fugla og villtra spendýra á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar. "

SKOTVÍS mun **aldrei** samþykkja að veiðieftirlit sé greitt úr veiðikortasjóði. Það lítur reglubundnu eftirliti lögreglu og starfsskyldum landavarða. Ekki er bent á nein rök því til stuðnings að aukið eftirlit þurfi á veiðislóð.

56. grein

SKOTVÍS leggur til að arður sem innheimtur er af jörðum í ríkiseigu renni til Félags Leiðsögumanna með Hreindýraveiðum. Upphæðin mun styrkja innri starfsemi þess félags og auka fræðslu til félagsmanna.



GREINARGERÐ MEÐ FRUMVARPI

SKOTVÍS bendir á þann drátt sem hefur orðið á samningu laga þessara frá útgáfu skýrslunnar 2012. Á þeim tíma hafa t.d. bæði Sigmar B. Hauksson, fyrrum formaður SKOTVÍS, og Páll Hersteinsson, fyrrverandi veiðistjóri, fallið frá langt fyrir aldur fram. Því er ekki hægt að leita til þeirra um þá vinnu og verklag sem var viðhaft við samningu skýrslunnar. Þeir voru helstu sérfræðingar vegna veiða í starfshópnum. Frumvarpið endurspeglar ekki inntak skýrslunnar að fullu þar sem verna hlutinn fær aukið vægi á kostnað veiðihlutans.

Í greinargerð með frumvarpinu fylgir upptalning á helstu meginmarkmiðum.

SKOTVÍS er ekki sammála eftirfarandi fullyrðingum:

Aukin áhersla á dýravernd og velferð villtra fugla og villtra spendýra. Ekki er séð að brýn nauðsyn hafi verið til að auka áherslu á dýravernd enda var nokkuð góður kafli um það í eldri lögum. SKOTVÍS bendir á það flækjustig sem er orðið á milli þessara laga og núverandi laga um dýravernd og velferð dýra.

Válistar vegna villtra fugla og villtra spendýra lögfestir ásamt tilteknum réttaráhrifum slíkra lista. SKOTVÍS mótmælir harðlega að slíkt sé gert enda í algerrí andstöðu við varnaðarorð sérfræðinga IUCN á ráðstefnu sem haldin var á Íslandi 2017. Ef vilji löggjafans er að lögfesta vinnu við válista væri hægt að setja þá lagaskyldu á NÍ í sérlögum um stofnunina.

Breytingar á veiðikortakerfinu til einföldunar. SKOTVÍS sér ekki að það að taka eggjatöku inn í kerfið verði til einföldunar. Hvað þá að fuglar sem drepast í netalögnum skuli settir á veiðiskýrslur. Ef hávella flækist í net hjá landeiganda sem stundar ekki annars veiðar á fuglum eða spendýrum, hvaða líkur eru á því að viðkomandi þekki öndina? Reynsla SKOTVÍS er sú að tegundaþekking er almennt mjög ábótavant hjá þeim sem hafa ekki setið námseið í tegundagreiningu. Þessi gögn verða í besta falli brotakennd en líklega frekar óáreiðanleg og einskis nýt.

Hvað með unga/fugla sem keyrt er yfir eða lenda á bílum...og fugla sem fljúga á raflínur og girðingar? Væri rétt að skrá þá líka?

Engin tillaga í þessi lagafrumvarpi einfaldar veiðikortakerfið en nokkrum bætt við til að flækja það.

Áréttað er að ekki er um tæmandi athugasemdir að ræða. Frumvarpið ásamt greinargerð er 64 bls. að lengd og var sett inn í samráðsgátt á sumarleyfistíma. Það gefur augaleið að fyrir félagasamtök sem rekin eru af sjálfbærliðum og almenning allan, er þessi tímarammi mjög knappur. Frumvarpið hefur líka tekið mjög miklum breytingum á milli útgáfa sem hafa ekki verið sérlega rekjanlegar.

Núverandi löggjöf var komin til ára sinna en var engu að síður nokkuð góð og rökrétt. Mögulega þarf ekki nýja löggjöf heldur aðeins að bæta inn í núverandi lög ákvæði um stjórnunar- og verndaráætlanir. Líklega er hægt að einfalda hana gefi Alþingi sér tíma til þess.

Minnt er á að Skotveiðifélag Íslands skilgreinir sig sem náttúru- og umhverfisverndarsamtök, enda má fullyrða að félagsmenn þess eru allir miklir útivistar- og náttúruunnendur. Veiðimennskan er einungis grein af meiddi útivistartrésins. Félagið vill minna á að það er ekki eingöngu skylda yfirvalda að vernda villt dýr heldur beri einnig að halda í og vernda þann hluta menningararfsins sem veiðimennska er.

Við erum veiðimannaþjóð og höfum byggt afkomu okkar á veiðum frá upphafi.



SKOTVEIÐIFÉLAG ÍSLANDS
Landsamtök um skynsamlega skotveiði

Skotveiðifélag Íslands telur að með rúmlega 40 ára starfi félagsins hafi það lagt drjúgan skerf til almennrar viðhorfsbreytingar og betri umgengni við veiðistofna. Þar ber helst að nefna að strax í upphafi setti félagið sér ítarlegar siðareglur sem standa óbreyttar, þar sem dýravernd og náttúruvernd er gert hátt undir höfði. Félagið var í fararbroddi að koma á veiðikortakerfi til samræmis við nágrannalönd okkar, til að fá áreiðanlegar veiðitölur og efla rannsóknir á stofnum veiðidýra. Félagið telur ábyrgð sína mikla og vinnur í samræmi við það.

Heildarfjöldi félaga í félagaskrá SKOTVÍS eru um 5.000 og veiðikorthafar yfir 25.000.

SKOTVÍS óskar eftir því að fá áheyrn nefndarinnar til að skýra betur afstöðu félagsins.

Virðingarfyllst, Stjórn SKOTVÍS

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík 9. febrúar 2021
UST202101-313/E.B.S.H
04.04

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum - 368. mál.

Vísað er til erindis umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis frá 26. janúar 2021 þar sem Umhverfisstofnun var sent frumvarp til laga um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 368. mál, til umsagnar.

Umhverfisstofnun tók þátt í vinnu við gerð frumvarpsins og telur það í öllum meginatriðum til mikilla bóta frá gildandi lögum. Líkt og fram kemur í frumvarpinu er rúmlega aldarfjórðungur liðin frá því að núgildandi lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum tóku gildi og hefur umhverfi veiðistjórnunar og lífríkismála breyst umtalsvert á þeim tíma.

Athugasemdir Umhverfisstofnunar við einstaka greinar frumvarpsins eru eftirfarandi:

2. gr. Gildissvið.

Að mati Umhverfisstofnunar ættu selir að falla undir gildissvið laganna, líkt og lagt var upp með í [skýrslu nefndar um lagalega og stjórnsýslulega stöðu sela](#). Verndarstaða sela er bágborin þegar litið er til núverandi lagaumhverfis og mikilvægt er að gera að bragarbót í málefnum sela, ekki síst svo að Ísland megi uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar sínar. Ætla má eðlilegast að málefni sela væru sameinuð málefnum annarra villtra spendýra undir sömu lögum og að einnig yrðu gerðar stjórnunar- og verndaráætlanir fyrir seli. Þess má geta að Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) gaf út [váiasta spendýra 2018](#) þar sem m.a. er að finna báðar selategundirnar sem halda til við strendur Íslands árið um kring, þ.e. landsel og útsel. Landselur er metinn sem tegund í bráðri hættu (CR) og útselur sem tegund í nokkurri hættu (VU). Báðar eru forgangstegundir Bernarsamningsins hvað búsvæðavernd varðar. Þá kemur fram á [vef NÍ](#) að í desember 2020 hafi selum verið bætt við tillögur NÍ að svæðum á B-hluta náttúruminjaskrár. Á staðreyndasíðum NÍ um seli er sérstaklega tekið fram að þeir þættir sem taldir eru geta haft áhrif á fækkun sela eru veiðar, þar með taldar veiðar við laxveiðiár og hjáveiðar, og truflun.

Um frekari rökstuðning vísast til skýrslu nefndar um lagalega og stjórnsýslulega stöðu sela og umsagna Umhverfisstofnunar um annars vegar breytingu á lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði ([645. mál á 149. löggjafarþingi](#)) og hins vegar drög að reglugerð um bann við selveiðum á [Samráðsgátt](#).

3. gr. Orðskýringar.

Í ljósi umræðu um grenjavinnslu telur Umhverfisstofnun rétt að benda á að hugtakið *grenjatími* er ekki skilgreint í frumvarpinu líkt og gildandi lögum sökum þess að ekki er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að grenjavinnsla verði áfram stunduð. Leiði eitthvað til þess að hugtakinu verði bætt við frumvarpið vekur stofnunin þó athygli á því að í [skýrslunni](#) er lagt til að tímabilið verði frá 1. maí til og með 15. ágúst. Það er aftur á móti mat Umhverfisstofnunar að banna ætti grenjaveiðar.

11. gr. Velferð villtra fugla og villtra spendýra.

Samkvæmt 2. másl. 3. mgr. 11. gr. frv. er óheimilt að valda villtu *dýri óþarfa* limlestingum eða kvölum. Að mati Umhverfisstofnunar ætti heldur að nota orðalag 25. gr. frv. sem mælir fyrir um þá frumskyldu veiðimanna að valda veiðidýri sem minnstri þjáningu og aflífa þau með skjótum og sem sársauka minnstum hætti.

Í 4. mgr. 11. gr. frv. segir að óheimilt sé að fanga eða halda villt dýr nema sérstök heimild hafi fengist til þess samkvæmt lögnum eða öðrum lögum. Að mati Umhverfisstofnunar skyldi það tilgreint í ákvæðinu hver veitir slíka heimild.

28. gr. Veiðiskýrslur.

Í 3. másl. 1. mgr. 28. gr. frv. er mælt fyrir um að skila skuli inn til Umhverfisstofnunar þar til gerðri skýrslu um fjölda og tegundir villtra fugla sem drepast við netaveiðar í vötnum og ám.

Umhverfisstofnun telur fyrirsjáanlegt að eftirfylgni stofnunarinnar vegna þessa verði ill framkvæmanleg og umfang hennar öllu meira en ávinningurinn. Umhverfisstofnun bendir á að mögulega ber nú þegar að skila upplýsingum um meðaflla, þ.m.t. fugla, til Fiskistofu sem væri þá í lófa lagið að skila þeim til Umhverfisstofnunar eða NÍ, eftir því sem við á, í stað þess að veiðimönnum verði gert að skila tveimur skýrslum.

29. gr. Nytjaveiðar á fuglum.

Samkvæmt 1. mgr. 29. gr. frv., sem fjallar um nytjaveiðar á fuglum, er mælt fyrir um að ráðherra sé heimilt með reglugerð að aflétta friðun tilgreindra fuglategunda innan tiltekinna tímamarka, sbr. 1.-5.tl. ákvæðisins.

Umhverfisstofnun leggur til að fallið verði frá þeirri upptalningu á fuglategundum og dagsetningum sem ákvæðið tiltekur og að aflétting friðunar lúti einfaldlega þeim skilyrðum sem kveðið er á um í 2. mgr. 17. gr. frv., og byggji þannig fyrst og fremst á stjórnunar- og verndaráætlunum fyrir viðkomandi tegundir. Hvað þetta varðar er á það bent að frumvarpið gerir ráð fyrir að stjórnunar- og verndaráætlanir séu endurskoðaðar á fimm ára fresti en með því má ætla tryggt að unnt sé að bregðast við breytingum á ástandi stofna og tegunda á sveigjanlegan hátt sem og að öll ákvarðanatataka byggji á haldbærum, faglegum og vísindalegum upplýsingum hverju sinni.

Ljóst má einnig vera að lagaákvæði með upptalningu á tegundum og tímabilum kann að úreldast. Sambærilegt ákvæði gildandi laga er sennilega besta dæmið um ákvæði sem ekki hefur staðist tímans tönn, enda hafa veiðitímabil breyst umtalsvert frá því að lögin tóku gildi, án þess þó að lögnum hafi verið breytt, heldur hefur ráðherra stýtt veiðitímabil í reglugerð að fengnum tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands og/eða Umhverfisstofnunar. Að sama skapi gæti komið í ljós að fuglar sem ekki hafa verið veiddir hérlendis í áratugi (en eru veiddir erlendis) þoli veiðar.

Lagt er til að 2. mgr. 29. gr. verði breytt í samræmi við framangreinda tillögu stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun leggur jafnframt til að ákvæði 3. mgr. 29. gr. verði breytt á þann veg að orðin “*óháð þeim tegundum sem upp eru taldar í 1. mgr.*” falli út og að ákvæðið kveði þannig á um að ráðherra sé heimilt með reglugerð að aflétta friðun á eggjum fugla sem ekki njóta sértækrar friðunar eða aukinnar verndar, enda þoli stofninn slíkar veiðar samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlun.

33. gr. Eggjataka.

Samkvæmt 33. gr. frv. er almenningi í þjóðlendum og landeigendum á eignarlöndum heimilt fyrir 15. júní að taka egg silfur máfs, sílamáfs, svartbaks, hvítmáfs og hettumáfs. Umhverfisstofnun bendir annars vegar á að Náttúrufræðistofnun Íslands gaf út [válista fugla 2018](#) þar sem sjá má að ástand þeirra tegunda sem tilgreindar eru í 33. gr. er mismunandi. Silfur máfur er metinn í yfirvofandi hættu (NT) og svartbakur og hvítmáfur metnir í hættu (EN). Gögn skortir um sílamáf (DD) en hettumáfur er ekki talinn vera í hættu. Stofnunin ítrekar þá afstöðu að forðast beri upptalningar á tegundum og tímabilum í ákvæðum laga og þess í stað byggja heimildir til nytjaveiða og eggjatöku á stjórnunar- og verndaráætlunum sem taka mið af ástandi stofna og tegunda hverju sinni. Hins vegar bendir Umhverfisstofnun á að ákvæði 1. mgr. 33. gr. frv. er í mótsögn við 1. mgr. 27. gr. frv. en í hinu síðar nefnda er kveðið á um að allir sem stunda eggjatöku villtra fugla skulu uppfylla tiltekin skilyrði, s.s. vera handhafar veiðikorts..

54. gr. Setning reglugerða

Samkvæmt h-lið 54. gr. frv. er ráherra heimilt í reglugerð að mæla fyrir um nánari framkvæmd laganna, m.a. um stjórn og skipulag mála við hreindýraveiðar, skv. X. kafla frv.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er fjallað um úthlutun arðs af hreindýraveiðum í X. kafla heldur í XVI. kafla, n.t.t. í 56. gr. frv. Stofnunin telur um mistök að ræða.

55. gr. Gjaldtaka.

Í 1. mgr. 55. gr. frv. er mælt fyrir um að í *reglugerðum* skv. 54. gr. frv. megi ákveða gjald fyrir tiltekna veitta þjónustu eða leyfi.

Umhverfisstofnun telur hins vegar rétt að vísa til gjaldskrár í stað reglugerðar og bendir á að í nær öllum þeim lögum sem stofnunin vinnur samkvæmt eru gjaldtökuákvæðin útfærð með þeim hætti að ráðherra setur gjaldskrá að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, án þess að ákveða þurfi sérstaklega í reglugerð að taka megi gjald fyrir tiltekna veitta þjónustu eða útgáfu leyfa. Sem dæmi, um ákvæði í lögum sem heimila stofnuninni að innheimta gjald vegna verkefna sem henni eru falin skv. lögum, eru:

8. gr. og 39. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál,
14., 29. gr. og 38. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs,
7. gr., 15. gr. og 53. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir,
35. gr., 47. gr. og 54. gr. efnalaga nr. 61/2013,
76. gr., 80. gr. og 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd,
svo örfá dæmi séu nefnd.

Nær öll gjöld sem Umhverfisstofnun innheimtir eru síðan innheimt í samræmi við [gjaldskrá nr. 535/2015](#) með síðari breytingum. Í 24. gr. gjaldskrárinnar er t.a.m. kveðið á um leyfi til leiðsagnar með hreindýraveiðum.

Að mati Umhverfisstofnunar væri það öllu skýrara að gjaldtökuákvæði 55. gr. frv. væri sett fram á sambærilegan hátt og þau gjaldtökuákvæði sem vísað er til hér að framan, þ.e. án þess að einnig þurfi að ákveða gjaldtöku í reglugerð.

Stofnunin telur m.a. nauðsynlegt að henni verði heimilt að innheimta gjöld vegna vinnslu umsókna um undanþágur frá friðunar- og verndarákvæðum tímabundið og í einstökum tilvikum s.s. vegna myndatöku og rannsókna, sbr. 3. mgr. 19. gr. frv., sem og umsókna um tímabundna og skilyrta undanþágu til veiða, þ.m.t. eggjatöku, á tiltekinni tegund, sbr. 1 mgr. 43. gr. frv.

Samkvæmt 3. mgr. 55. gr. frv. skal gjald skv. 6. tölul. 1. mgr. 55. gr. frv. innheimt af Umhverfisstofnun og skal gjaldið taka mið af kostnaði við vöktun hreindýrastofnsins, eftirlit og stjórn hreindýraveiða auk arðgreiðslna til landeigenda á hreindýrasvæðum sbr. 56. gr.

Umhverfisstofnun telur hins vegar rétt að sá háttur verði hafður á sem lagt var til í [skýrslu um lagalega og stjórnsýslulega stöðu villtra fugla og spendýra](#), þ.e. að stofnunin geri árlega kostnaðaráætlun um veiðistjórnun hreindýraveiða og að fjárhæðin taki mið af henni í stað þess að vera háð fjölda dýra í kvóta.

Í 4. mgr. 55. gr. frv. virðist gert ráð fyrir því að Umhverfisstofnun geri tillögur varðandi fjárveitingar til NÍ. Stofnunin telur um mistök að ræða.

Þá, varðandi 5. mgr. 55. gr., frv. telur Umhverfisstofnun rétt að tillögur um fjárveitingar byggji á stjórnunar- og verndaráætlunum og leggur til að ákvæðinu verði breytt í samræmi við það.

56. gr. Úthlutun arðs af hreindýraveiðum

Í 56. er fjallað um skiptingu á arði af sölu veiðileyfa milli landeigenda.

Umhverfisstofnun minnir á að arður er einnig greiddur rétthöfum lands, s.s. ábúendum ríkisjarða.

Ákvæði til bráðabirgða

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II skulu Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands innan tveggja ára frá gildistöku laganna ljúka við gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir þær tegundir eða stofna sem hingað til hafa sætt tiltekinni nýtingu eða veiðum eða eru líklegar til að valda tjóni. Í athugasemdum um ákvæðið er tekið fram að mikilvægt sé að þeirri vinnu sé forgangsraðað og hraðað eins og unnt er.

Umhverfisstofnun telur líklegt að um verði að ræða um og yfir 20 slíkar áætlanir sem gerðar verða á grundvelli laganna og bendir á að við gerð þeirra áætlana skal haft samráð við aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila. Stofnunin telur jafnframt að ekki fáiast heildarmynd á verndarþörf og veiðipól fartegunda, sem hafast hér við, án samráðs/samstarfs við önnur lönd.

Stofnunin telur því óraunhæft að hægt verði að ljúka við um 20 áætlanir innan tveggja ára. Umhverfisstofnun ber ábyrgð á gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði skv. lögum um náttúruvernd og hefur því töluverða reynslu af gerð slíkra áætlana. Stofnunin bendir á, til samanburðar, að 1. mgr. 81. gr. náttúruverndarlaga kveður á að um *tillaga* að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir tiltekið svæði skuli liggja fyrir innan tólf mánaða frá gildistöku friðlýsingar. Frá því að náttúruverndarlögin tóku gildi árið 2015 hefur stofnunin lokið við gerð 31 tillaga að stjórnunar- og verndaráætlunum, þ.e. að meðaltali 5 áætlana á ári en tveir sérfræðingar í fullu starfi annast gerð þeirra.

Aðrar athugasemdir

Landeigendur/rétthafar lands

Að mati Umhverfisstofnunar skyldi fjallað jöfnum höndum um landeiganda og rétthafa lands (umráðanda og ábúanda) í frumvarpinu líkt og gert er í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Erlendir veiðimenn

Ekkert er fjallað um erlenda veiðimenn í frumvarpinu og því skortir þar heimild til að gefa út veiðikort fyrir erlenda veiðimenn á grundvelli erlends veiðikorts líkt og gert er ráð fyrir í núgildandi lögum. Þá að mati stofnunarinnar ætti að vera unnt að gefa út veiðikort til veiðimanna sem hafa aflað sér slíkra réttinda erlendis.

Árlega koma hingað um eitt hundrað erlendir veiðimenn og að mati stofnunarinnar þarf að bæta við 22. gr. frv. sambærilegu ákvæði og er í 7. mgr. 8. gr. núg. laga nr. 64/1994 en þar segir: *Erlendir ferðamenn, sem veiða hér á landi, skulu afla sér veiðikorta, sbr. [VII kafli], og fullnægja að öðru leyti þeim kröfum sem gerðar eru til veiðimanna hér á landi.*

Hamskurður

Umhverfisstofnun bendir á að hingað til hefur það verið hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands að halda utan um skrár yfir hamskera og skýrslur frá þeim, sbr. 7. gr. reglugerðar 252/1996.

Veiðisvæði og veiðitími hreindýra

Að mati umhverfisstofnunar skyldi skilgreina veiðisvæði og veiðitíma hreindýra í stjórnunar og verndaráætlun.

Gildistaka og fjárveitingar

Með frumvarpinu eru stofnuninni falin ýmis verkefni sem stofnunin hefur ekki áður sinnt. Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að stofnunin fái bæði nauðsynlegar fjárveitingar og það ráðrúm sem til þarf svo hún fái framfylgt lögnum.

Sum þessara verkefna kalla á fjölgun stöðugilda sem þarf að ráða í en önnur kalla á nýja eða endurbætta gagnagrunna (sbr. m.a. skrá yfir hamskera og skýrslur skv. 49. gr. frv.) sem einnig standast áherslur ríkisstjórnarinnar um stafrænt Ísland.

Samkvæmt frumvarpinu er áætlað að ný gjaldskrá veiðikorta, sbr. 1. tl. 1. mgr. 55. gr. frv. taki gildi við gildistöku laganna þann 1. júlí 2021. Bent er á að það er á miðju gildistímabili veiðikorta. Umhverfisstofnun leggur því til að gjaldskrá haldist óbreytt til áramóta, þannig að ný gjaldskrá taki ekki gildi fyrr en á nýju veiðikortatímabili.

Þá telur stofnunin ekki raunhæft að eftirlitsáætlun skv. 51. gr. frv. verði tilbúin við gildistöku laganna en mögulega verður unnt að ljúka við hana um næstu áramót.

Virðingarfyllst,

Eva B. Sólán
lögfræðingur

Bjarni Pálsson
teymisstjóri



Alþingi
Alþingishúsið
Reykjavík
nefndarsvid@althingi.is

Reykjavík, 9. febrúar 2021
umhverfissinnar.is

Athugasemdir við mál nr. 368 frumvarp til laga um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Ungir umhverfissinnar fagna uppfærslu laga um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og spendýrum. Að mörgu leyti er frumvarpið framfaraskref miðað við gildandi lög. Þó margt sé gott, viljum við gera nokkrar athugasemdir, en úrbætur á þeim atriðum væru til mikilla bóta fyrir frumvarpið í heild sinni.

1. gr. *Markmið.*

Við gerum athugasemd við orðalag í 1. tölulið 1. gr. og teljum að það ætti að taka upp orðalagið sem mælt var með í skýrslunni „*Vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra. Lagaleg og stjórnsýsluleg staða og tillögur um úrbætur*“ (hér eftir kölluð villidýraskýrslan). Núverandi orðalag, „*Villtir fuglar og villt spendýr fái að þróast eftir eigin lögmálum,*“ teljum við vera villandi, og að betra væri að hafa náttúruna í forgrunni í þessari setningu. Ástæða þess er að á Íslandi finnast ágengar tegundir spendýra, og væri það að óbreyttu í mótsögn við markmið laganna ef þær tegundir væru veiddar, því þá væri þeim ekki leyft að „*þróast eftir eigin lögmálum*“. Með náttúruna í forgrunni væri hægt að koma í veg fyrir þessa mótsögn. Við leggjum því til að 1. töluliður 1. greinarinnar hljóði svo: „*Stuðla að því að náttúran fái að þróast eftir eigin lögmálum,*“ eða „*Stuðla að því að villtir fuglar og villt spendýr fái að þróast eftir lögmálum náttúrunnar*“.

2. gr. *Gildissvið.*

Við mótmælum því harðlega að selir og hvalir séu undanskildir lögnum og hvetjum eindregið til þess að láta lög þessi ná yfir þau líka. Bæði land- og útselur hafa verið á undanhaldi síðustu áratugi og teljum við að með því að láta lögin ná yfir sjávarspendýr geti staða þeirra batnað.

3. gr. Orðskýringar.

Skilja þarf betur á milli framandi og upprunalegra tegunda í skilgreiningum laganna, m.a. með því að skilgreina hvað upprunaleg tegund er. Sömuleiðis þarf að skerpa á því, bæði hér og á fleiri stöðum í frumvarpinu, að upprunaleg (innlend) tegund getur ekki verið ágeng, þó hún geti vissulega valdið fjárhagslegu eða heilsufarslegu tjóni. Ágeng tegund er alltaf framandi, þ.e. hefur verið flutt til landsins af mönnum, viljandi eða óviljandi. Sömuleiðis teljum við að bæta þurfi skilgreininguna á ágengum tegundum, þ.a. minnst sé á að ágengar tegundir flokkist ekki einungis ágengar ef þær valda tjóni á líffræðilegum fjölbreytileika, heldur líka ef þær valda fjárhagslegu eða heilsufarslegu tjóni. Til viðbótar þarf að skilgreina sjálfbærar veiðar á skýrari hátt. Í öllum tilfellum mælum við með að notast verði við skilgreiningar villidýraskýrslunnar:

Upprunaleg (innlend, náttúruleg) lífvera/[tegund]: Tegund, undirtegund eða lægri flokkunareining (svo sem afbrigði, kyn eða stofn) innan náttúrulegs útbreiðslusvæðis, þ.e. sem hefur þróast þar eða komist þangað eftir náttúrulegum leiðum.

Ágeng tegund: Framandi lífvera sem a) sýnir mikla eða hraða útbreiðsluaukningu af eigin rammleik eða b) veldur eða er líkleg til að valda rýrnun líffræðilegrar fjölbreytni, efnahagslegu eða umhverfislegu tjóni eða er skaðleg heilsufari manna.

Sjálfbærar veiðar: Veiðar teljast sjálfbærar ef nýliðun stendur undir veiðum þannig að stofn nær að endurnýja sig reglulega og viðhalda þeirri stofnstærð og útbreiðslu til langs tíma lítið, sem náttúruleg takmörk setja.

9. gr. Friðun.

Í 1. mg. 9. gr. gerum við athugasemd við orðin „á varptíma“ í frasanum „*auk eggja villtra fugla og hreiðra þeirra á varptíma*“ og teljum að það ætti að taka þau út. Ástæðan er sú að margar tegundir nýta hreiðrin sín ár frá ári og/eða eyða tíma nálægt hreiðrum sínum allt árið. Þess vegna ætti ekki að hrófla við hreiðrum fugla nema sérstök leyfi hafi verið gefin til, t.d. þegar kemur að starahreiðrum í mannabústöðum.

10. gr. Önnur vernd villtra fugla og villtra spendýra og búsvæða þeirra.

Það er til mikilla bóta að nú eigi að taka sérstaklega tillit til villtra fugla og spendýra og búsvæða þeirra þegar gerðar eru skipulagsáætlanir og teknar ákvarðanir um landnotkun og ferðir almennings.

Í 1. mg. teljum við að skerpa mætti á orðalaginu og bæta við að taka þyrfti tillit til dýranna og búsvæða þeirra við skipulag allra mannvirkja, s.s. vega, virkjana, háspennulína og stóriðju. Sömuleiðis ætti hér að bæta við orkuvinnslu og orkuflutningi sem og ýmsum atvinnuvegum, s.s. ferðaþjónustu og fiskveiðum. Að sjálfsögðu eru mannvirki hluti af skipulagsáætlunum svæða og sveitarfélaga en við teljum betra að hafa orðalagið sem skýrast. Við leggjum eftirfarandi orðalag til:

„Við gerð skipulagsáætlana og ákvarðana um landnotkun og ferðir almennings um náttúruna, þ. á m. við skipulag mannvirkja líkt og veqa, virkjana, háspennulína og stóriðju, flutninga og vinnslu orku sem og við ýmsa atvinnu, s.s. ferðabjónustu og fiskveiðar, skal eins og kostur er taka tillit til villtra fugla og villtra spendýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.“ (viðbót er undirstrikuð).

Hvað varðar 3. mg. teljum við orðunum „á varptíma“ vera ofaukið í málsgreininni „Enn fremur er óheimilt á varptíma að hleypa af skoti á landi nær sömu stöðum en 200 m og á sjó nær en 2 km.“ Óheimilt ætti að vera allt árið að hleypa af skoti nær fuglabjörgum en 200 m á landi og 2 km á sjó.

11. gr. *Velferð villtra fugla og villtra spendýra.*

Við fögnum sömuleiðis 11. grein en teljum að sumt þurfi að skýra betur, t.d. hvað felist í réttlætanlegri meðferð og tímabundinni neyðaraðstoð. Bent er á að nauðsynlegt er að frumvarpið geri ráð fyrir heimild til setningar reglugerðar um hjálparskyldu.

13. gr. *Sértæk friðun og verndun hreiðurstæða og búsvæða annarra villtra fugla.*

Við mælumst til að í 1. mg. sé selalátrum bætt við sem búsvæðum sjaldgæfra tegunda sem geti fengið sambærilega eða svipaða vernd og mælt er fyrir um í 12. gr.

14. gr. *Hvítabirnir.*

Við teljum að hér ætti að skerpa á því að það sé ávallt í forgangi að fanga hvítabjörn og færa hann á stað þar sem ekki stafar hættu af honum áður en áætlanir um að fella björninn séu gerðar. Aðeins ætti að fella hvítabirni í neyð.

15. gr. *Válistar.*

Við fögnum því að válistar séu nú tengdir við lög um villt dýr og teljum það mikla bót. Við gerum hins vegar athugasemd við eftirfarandi texta úr greinargerð 15. greinar: „Hafa þarf þó í huga að þótt tegund sé á válista er ekki þar með sagt að veiðar á henni séu sjálfkrafa útilokaðar enda getur tegundin verið á válista vegna allt annarrar ástæðu en ofveiði.“ Við teljum þessa málsgrein vera í andstöðu við skilgreininguna á sjálfbærum veiðum í frumvarpinu enda geti veiðar ekki verið sjálfbærar ef stofninn er á samfelldri niðurleið yfir lengri tíma.

18. gr. *Aflétting friðunar vegna tjóns af völdum villtra fugla og villtra spendýra og 19. gr. Aflétting friðunar eða undanþága frá friðunarákvæðum vegna annarra atvika.*

Eins og áður hefur komið fram þarf að gera skýran greinarmun á upprunalegum tegundum sem teljast vera tjónvaldar og á framandi ágengum tegundum. Upprunalegar tegundir geta ekki verið ágengar, jafnvel þó þær valdi tjóni! Auk þess teljum við að engar upprunalegar tegundir ættu að vera ófriðaðar allt árið, jafnvel þó þær væru tímabundið undangengnar

fríðun á ákveðnum svæðum, þar sem þær valda tjóni. Að sama skapi þarf að hafa í huga að það eru ekki heilar *tegundir* sem valda tjóni, heldur *einstaklingar innan tegundar*.

Þegar stefnt er að því að minnka tjón vegna upprunalegra tegunda ætti markmiðið alltaf að vera að minnka tjónið með öðrum leiðum en fækkun í stofni, sé það mögulegt.

26. gr. Hæfnispróf veiðimanna.

Við teljum að skylt ætti að vera skv. lögum að veita veiðimönnum sem ætla einungis að stunda eggjatöku fræðslu. Til að hægt sé að stunda eggjatöku á sjálfbæran hátt þurfa veiðimennirnir að fá upplýsingar sem byggja á faglegum grunni um hvernig skal stunda eggjatöku, þar sem hún getur verið ólík eftir fuglategundum og gæta þarf þess að sem minnst truflun verði. Tilgreina þarf skyldur Umhverfisstofnunar varðandi þetta í lögnum.

29. gr. Nytjaveiðar á fuglum.

Hér þarf að gæta þess að útgefinn tími til veiða skarist ekki á við varptíma tegundanna sem taldar eru upp þar sem frumvarpinu samkvæmt eru veiðar á varptíma fugla með öllu óheimilar. Sömuleiðis ætti að forðast að nefna teistu sem veiðitegund vegna hægrar endurnýjunar í stofni.

Ungir umhverfissinnar vona að athugasemdir þessar verði til þess nýttar að bæta frumvarp til laga um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og sér í lagi að vernd og velferð villtra dýra á Íslandi verði aukin til muna.

Fyrir hönd stjórnar

Þorgerður María Þorbjarnardóttir

Þorgerður María Þorbjarnardóttir, formaður

Nefndasvið Alþingis
Skrifstofa Alþingis
101 Reykjavík
Ísland

TILV./BRÉF YÐAR:

VERKNÚMÉR:

DAGS.:

NR.:

ST510800

2021-02-09

0001

Athugasemdir við frumvarp til laga um um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum

Hér á eftir eru athugasemdir við frumvarp til laga um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum á þingskjali 460 – 368 mál á 151 löggjafarþingi 2020-2021. Athugasemdir fylgja efnisröðun frumvarpsins og vísað er í númer greina eftir því sem við á.

Í 6. gr. er fjallað um hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands. Rétt er að hnykkja á því í þessari grein að vöktun dýrastofna geti verið í höndum annarra en Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ). Þau sjónarmið hafa heyrst við túlkun núgildandi laga að það sé eingöngu NÍ sem eigi að stunda vöktun og rannsóknir.

Undirritaður hefur stundað vöktun á gæsum frá árinu 1993, fyrst sem starfsmaður Veiðistjóraembættisins, svo sem starfsmaður NÍ 1995-2000 og frá 2003 til dagsins í dag á eigin vegum og sem starfsmaður Verkís verkfræðistofu frá 2008. Frá 2003 hefur verkefnið verið kostað af eigin aflafé og á árabílinu 2003-2016 fékkst styrkur úr veiðikortasjóði níu sinnum. Frá 2017 hefur verkefnið svo verið kostað af eigin aflafé þar sem áætlun um verkefnið var ekki skilað inn eftir réttum leiðum. Samkvæmt starfsreglum Umhverfissráðuneytis um úthlutanir úr veiðikortasjóði¹ þá verður áætlun um vöktun að koma frá NÍ til að fá afgreiðslu hjá Samráðsnefnd um sjálfbærar veiðar og í framhaldi Umhverfisstofnunar. Verkís skilaði áætlun um gæsavöktun fyrir árin 2017-2019 til NÍ 12 október 2017 eftir að beiðni kom frá NÍ þar að lútandi. NÍ lagði áætlunina samt ekki fyrir nefndina fyrr en á fundi hennar 14. febrúar 2018 eftir að búið var að afgreiða erindi um ráðstöfun tekna veiðikortasjóðs. Það leiddi til þess að vöktunaráætlunin hlaut ekki samþykki Umhverfis og auðlindaráðuneytis og styrkur fékkst ekki. Ekki fékkst því greitt fyrir vinnu 2017 sem búið var að leggja í. Það er mjög slæmt að vöktunaraðili geti ekki lagt inn áætlanir til nefndarinnar svo hann sé ekki háður því að NÍ skili á réttum tíma og geti þar með komið í veg fyrir að áætlun fái afgreiðslu.

Í 4 mgr. 6 gr. um hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands mætti segja „Náttúrufræðistofnun Íslands skal vinna að verkefnum í samstarfi eða í samráði við náttúrustofur, háskóla eða aðra rannsóknaraðila á hlutaðeigandi sviðum eftir því sem tilefni er til“. Þarna hefur orðunum „er heimilt að vinna að“ verið breytt í „skal vinna að“.

Í 10 gr. Önnur vernd villtra fugla og villtra spendýra og búsvæða þeirra segir að óheimilt sé að veiða ófleyga unga. Undirritaður var á sínum tíma ritari nefndar sem samdi drög að frumvarpi um vernd, friðun og veiðar sem varð að núgildandi lögum nr. 64/1994. Það var það haft að leiðarljósi að hrófla sem minnst við hefðbundnum veiðum og veiðiaðferðum. Þannig var áfram leyft að veiða fýlsunga, skarfsunga og súluunga með bareflum. Þessar nytjar eiga sér langa sögu og er rík hefð fyrir þeim á vissum stöðum á landinu. Ekki er ljóst hvað nefndin sem samdi lögin hefur fyrir sér og fram kemur í greinargerð að þessi hefð sé að miklu leyti hverfandi. Í Mýrdal er a.m.k. rík hefð fyrir veiði á fýlsungum en undirritaður veit minna um skarfa og súluveiðar. Veiðar með bareflum er síst ómannúðlegri en aðrar veiðar ef rétt er að þeim staðið.

¹ <https://ust.is/veidi/tekjur-af-solu-veidikorta/starfsreglur/>



Í 28 gr. er fjallað um veiðiskýrslur. Undirritaður vill leggja til að í greininni verði talað um nafnleysi veiðiskýrslu. Í reglugerð 291/1995 um veiðikort segir „Veiðistjóraembætti skal óheimilt, án leyfis korthafa, að skrá veiði þannig að hægt sé að rekja saman nafn korthafa og veiðiskýrslu hans“. Þetta nafnleysi er mikilvægt að mínu mati til að bæta gæði og áreiðanleika veiðiskýrslna. Veiðimenn geta þá t.d. óhræddir gefið upp slysaveiði, s.s. blesgæsir sem oft eru skotnar í misgripum fyrir grágæsir. Þannig eru að meðaltali rúmlega 300 blesgæsir skráðar á veiðiskýrslur árlega í skjóli nafnleyndar. Aðrar veiðar á tegundum sem ekki má veiða eru einnig skráðar. Ef svona nafnleynd væri ekki til staðar þá er hætt við að þessi gögn skiluðu sér ekki, en t.d. í tilfelli blesgæsa er mjög dýrmætt að hafa hugmynd um umfang þessara slysaveiða. Undirritaður telur að réttara sé að hafa þetta í lagatextanum frekar en eingöngu í reglugerð.

Í 29 gr. um nytjaveiðar á fuglum eru tegundir eins og fýll, hrafn, allir máfar nema rita og svo kjói og skúmur komnir af lista sem var í fyrri lögum. Hvar eru rök fyrir að fella burt máfana og skúm. Hefð hefur verið fyrir því að borða máfsunga þó kannski sé það ekki í miklu mæli. Undirritaður þekkir þó dæmi um slíkt. Skúmsunga og egg má nýta sem hlunnindi samkvæmt núgildandi lögum. Um fýlsunga er fjallað hér að framan en hefð er fyrir neyslu þeirra og einnig veit ég að Færeyingar sem hér búa skjóta sér sumir fýla til átu líkt og hefð er fyrir í Færeyjum. Spurning er líka þegar verið er að fækka nokkuð veiðitegundum hvort ekki megi opna á nýjar sem sárabætur fyrir veiðimenn en nokkrar tegundir féllu einnig af lista þegar núgildandi lög tóku gildi 1994. Þar hafa menn oft horft til hrossagauka, en þeir eru veiddir í löndunum í kringum okkur og voru veiddir hér til 1913. Opna mætti á heimild til ráðherra að leyfa veiðar á nýjum tegundum að undangenginni stjórnunar og verndaráætlun þar sem veiðipól kæmi fram.

Í 33. gr. er fjallað um eggjatöku. Ekki er þar minnst á eggjatöku hjá gæsum. Í núgildandi lögum er heimilt að taka grágæsar- og heiðagæsaregg, en þá skulu eigi færri en tvö egg skilin eftir í hreiðri. Heiðagæsastofninn er mjög sterkur og ætti að þola takmarkaða eggjatöku, hví er verið að takmarka þetta frá fyrri lögum?

Í 37. gr. er fjallað um Náttúrustofu Austurlands og að hún skuli „*annast vöktun og rannsóknir á hreindýrastofninum og mat á veiðipoli samkvæmt samningi við Náttúrufræðistofnun Íslands og gerir tillögur um árlegan veiðikvóta, skiptingu hans eftir veiðisvæðum og tilhögun veiða*“. Mjög óeðlilegt verður að teljast að rannsóknir og vöktun á einni tegund skuli vera lögbundið í höndum ákveðins aðila, í þessu tilfelli Náttúrustofu Austurlands. Eðlilegra hlýtur að vera að gerður sé samningur um vöktun og rannsóknir á hreindýrum við til þess hæfa aðila hverju sinni líkt og gert er með aðrar veiðitegundir. Nú vill svo til að Skarphéðinn Þórisson, okkar helsti hreindýrasérfræðingur starfar við Náttúrustofu Austurlands þannig að í dag er eðlilegt að samið sé við náttúrustofuna. Skarphéðinn nálgast eftirlaunaaldur og þegar hann hættir þá gæti eins verið að einhver sem hefur mesta þekkingu á hreindýrum starfi annarsstaðar og þá gæti verið eðlilegt að semja við slíkan aðila. Þetta gæti verið önnur náttúrustofa eða ráðgjafafyrirtæki á sviði náttúrufræðisvæðna eins og t.d. Verkís sem er með skrifstofu á Egilsstöðum og einnig eru til ráðgjafafyrirtæki á sviði líffræði s.s. Rorum svo ekki sé talað um háskóla landsins. Með því að geta samið við aðra aðila þá er hægt að tryggja bestu fræðilegu þekkingu á hverjum tíma og besta verð. Náttúrustofa Austurlands, sem og aðrar náttúrustofur og Náttúrufræðistofnun Íslands keppa á frjálsum markaði við ráðgjafafyrirtæki á sviði náttúrufræði og því ekki óeðlilegt að ráðgjafafyrirtækin hafi einnig möguleika á að sinna vöktun og rannsóknum samkvæmt lögum þessum.

Í kafla XIV er í þremur greinum fjallað um eftirlit og framkvæmd eftirlits. Er þörf á sérstöku veiðieftirliti? Veiðieftirlit verður kostnaðarsamt og líklegt að veiðimenn muni greiða fyrir eftirlitið með veiðikortagjaldi? Hefur reynslan sýnt að eftirlit lögreglu sé ekki nægjanlegt? Upp geta komið erfið tilfelli við eftirlit ef vafi leikur á heimild eftirlitsmanna. Mega þeir fara inn á eignarland til eftirlits án heimildar landeigenda? Getu þeir krafist þess að skoða veiðibúnað í bifreiðum veiðimanna án leitarheimildar ef veiðimenn neita? Hér er verið að fara út á nýjar brautir sem undirritaður telur ekki ráðlegt nema sterk rök mæli með.

55. gr. Gjaldtaka. Í 4. mgr. 55 gr. segir að ráðherra ákvarði fjárveitingu til Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands á grundvelli fjárheimilda í fjárlögum til rannsókna, vöktunar, gerðar



stjórnunar- og verndaráætlana fyrir veiðistofna, veiðieftirlits og stýringar á stofnum villtra fugla og villtra spendýra að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar. Hvað með fjárveitingar til rannsókna og vöktunar til annarra aðila. Veiðikortasjóður sem nú verður lagður niður hefur styrkt aðra aðila eins og t.d. Verkís og undirritaðan til gæsarannsókna og svo hefur verið um fleiri aðila að ræða sem hafa fengið styrki á starfstíma sjóðsins. Hætt er einnig við að veiðieftirlitið verði dýrt og muni keppa um takmarkaðar fjárveitingar til rannsókna.

Virðingarfyllt, f.h. Verkís hf.

Arnór Þ. Sigfússon ats@verkis.is

Dýravistfræðingur

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum
368. mál, lagafrumvarp
151. löggjafarþing 2020–202 Dags 08.02.2020

Undirritaður leggur til að bogveiði verði leyfileg veiðiaðferð þar sem þessi veiðiaðferð er í örum vexti í Evrópu og er farin að verða eftirsótt sem veiðistjórnunaraðferð sér í lagi í þéttbýli þar sem notkun skotvopna þykir ekki ásættanleg. Bogveiði er ekki síðri veiðiaðferð en skotveiðar. Hvet ég nefndina til að endurskoða það og komi bogveiði inn í þær greinar sem við á.

T.d. í veiðiaðferðir verði bætt verði við að leyfilegt sé að veiða með boga og ör og að nefndi leitist eftir að vopnalög verði breytt í samræmi við frumvarpið en ljóst er að nokkur atriði stangast á við vopnalög/reglugerðir. Tryggja þarf að lágmarks aldur til bogveiða samræmist við þau lönd sem við berum okkur saman við.

Þórarinn Leifsson
551 Sauðárkrókur.

Egilsstöðum 19.7.2020

Athugasemdir við drög að frumvarpi til laga um vernd, velferð og veiðar villtra fugla og villtra spendýra,

III Kafli

9 gr.

2.málgrein

„ að eigin frumkvæði eða“ falli út og málgreinin hljóði svona „ Ráðherra er heimilt samkvæmt tillögu Náttúrufræðistofnunnar.... „

Þessi breyting kemur í veg fyrir að ákvarðanir séu teknar án faglegrar ástæðu.

10.gr

3. málgrein

„ Enn fremur er óheimilt að hleypa af skoti á landi nær sömu stöðum en 200 metra og á sjó nær en 2000 metra“

Þetta ákvæði myndi loka heilu fjörðunum fyrir skotveiði algerlega að ástæðu lausu. Þessi vegalengd er mun lengri en þörf er á til að forðast truflun. 500 metrar er meira en nóg til þess að forðast truflun og væri í samræmi við t.d. mörk við arnarhreiður samkvæmt þessum lögum.

14.gr

Ég set stórt spurningamerki við þessa grein. Ísland er ekki náttúruleg heimkynni hvítaljóna og eins eru þeir langt frá því að vera einhver gæludýr. Björn sem gengið hefur á land ætti að aflífa sem fyrst til að koma í veg fyrir óþarfa almenna hættu. Fjölmiðlasirkus eins og verið hefur í kringum síðustu tilraunir manna til að fanga birni á Íslandi er einfaldlega ekki sæmandi auk þess var niðurstaða ráðgjafanefndar um málefnið sú að þeir skildu aflífaðir.

V kafli

17.gr

Skilyrði fyrir afléttingu friðunar sé Neysla. Nytjar manna af dýrum geta verið margskonar aðrar en neysla kjöts af þeim. Almenna reglan á að vera sú að þoli stofn veiði skal vera heimil veiði á honum. Það er ekki hlutverk löggjafans að ákveða hvernig menn nýta bráð sína. Því falli 3ja málgrein út.

19.gr

Villingar ættu almennt ekki að vera friðaðir samkvæmt lögum þessum. Oftast er um að ræða tegundir sem fluttar hafa verið frá sínum náttúrulegu heimkynnum og jafnvel milli heimsálfa í garða og hafa dreifst þaðan. Þessar tegundir geta reynst innlendum tegundum skeinuhættar og má þar nefna kanadagæsir svo eitthvað sé nefnt.

VI kafli

Veiðar

22.gr

1 málsgrein. Veiðar ættu að vera öllum heimilum sem uppfylla skilyrði laga til veiða. Mjög færast í vöxt að fyrirtæki og einstaklingar bjóði upp á veiði og veiðiferðir. Því setur 1 málsgrein óþarfa skorður við atvinnufrelsi manna.

24.gr

1 málsgrein ætti að falla með öllu út. Hún útilokar veiðar með boga og veiðiskammbýssum sem eru að ryðja sér til rúms meðal annars í nágranalöndum okkar. Eins má benda á að bogveiði er ein elsta veiðiaðferð sem maðurinn þekkir.

Krafan um að skotvopn séu óhlaðin nær vélknúnu farartæki en 250 metra væri rétt að endurskoða. Við veiðar á gæs á túnnum getur verið erfitt að uppfylla þessi skilyrði og væru t.d. 100 metrar alveg nóg til þess að uppfylla tilganginn með þessu ákvæði.

VIII kafli

Fuglaveiðar

29.gr

Ljóst er að verulega hefur fækkað tegundum sem lagt er til að veiði verði heimilud á samkvæmt þessum drögum, en myndu vel þola veiði. Því er ljóst að endurskoða þarf þennan lista, enda gert ráð fyrir því annarstaðar í lögnum að gerðar verði stjórnunar og verndaráætlanir fyrir hverja tegund. Rétt er að vekja athygli á því að þetta frumvarp á að fjalla um veiðar en ekki þrengingar á núverandi veiðirétti án rökstuðnings.

33.gr

Egg heiðagæsa ættu að vera í upptalningu í 1 málsgrein, enda stofninn í örum vexti og sögulegu hámarki og þolir því vel eggjatöku.

40 og 41 gr.

Þessar greinar eins og þær standa í þessum frumvarpsdrögum lýsa yfirgripsmiklu þekkingarleysi þeirra sem sömdu þessi drög á starfi leiðsögumanna með hreindýraveiðum. Það er því tillaga undirritaðs að þessar greinar verði samdar upp á nýtt frá grunni í samstarfi við veiðistjórnunarsvið umhverfisstofnunnar og félags leiðsögumanna með hreindýraveiðum. Hreindýraveiðar eru ólíkar öðrum veiðum sem stundaðar eru hér á landi að því leyti að um er að ræða stofnstærðarstjórnun. Hreindýr eru ekki upprunaleg í íslenskri náttúru heldur eru innflutt og geta hæglega orðið ágeng tegund eins og dæmi frá t.d. Suður Georgíu sýnir.

XIV kafli

50 til 52 gr.

Varðandi þessar greinar skal bent á að aðrir en lögregla getur ekki stöðvað ökutæki, krafið menn um skilríki eða önnur gögn. Engar valdheimildir eru til staða enda umhverfisstofnun skilgreind sem eftirlitsstofnun og því ekki hluti af valdstjórninni. Þetta fyrirkomulag var reynt á sínum tíma með vegaeftirlit vegagerðarinnar (viktarana) og gafst vægast sagt hörmulega. Því var hætt og lögreglu falið eftirlitið, enda eftirlit með borgurunum eitt af hlutverkum hennar.

Í raun væri nóg að sameina þetta í eina grein sem væri 1 setning 50 greinar og síðan síðasta málsgrein 52 greinar. Annað félli út.

Niðurlag

Við lestur þessara draga er ljóst að skilgreining hugtaka er með ágætum og nokkuð skýr. Þó er eitt hugtak sem vantar alveg skýringu á og það er hugtakið „ brýn nauðsin „ Þetta hugtak er notað víða í drögunum og því algerlega nauðsinlegt að hafa lagskýringu á því hvað það er. Eins hver á að skilgreina hvenær brýna nauðsin ber til ? Er það ráðherra umhvefismála, eða er það skrifstofustjóri ráðuneytisins ? Er það forstöðumaður Náttúrufræðistofnunar eða sviðsstjóri veiðisviðs umhverfisstofnunar eða sá sem svarar í síman á skiftiborðinu . Spyr sá sem ekki veit , en þegar hugtakið er notað svona víða eins og raun ber vitni þá veður að vera skýrt hvað það táknar og hver tekur ákörðun um að krafan um brýna nauðsin sé uppfyllt.

Undirritaður hefði vilja sjá skýrari skilgreiningu á veiði eða nota skilgreininguna í núgildandi lögum.

Dýravelferð eru gerð góð skil, en spurning hvort þau ákvæði eigi ekki betur heima í dýraverndunarlögum. Eins er með ákvæði um ábyrgðartegundir og búsvæði. Þau ákvæði ættu betur heima í náttúruverndarlögum en í lögum um veiðar.

Þó margt sé gott í þessum lögum er líka mjög margt sem betur mætti fara. Það sem er samt mest áberandi er yfirgripsmikið þekkingarleysi þeirra sem sömdu frumvarpið á veiðum og veiðiaðferðum.

Í allri umræðunni um dýravelferð sakna ég þess að sjá ekki ákvæði um lágmarks stærðir og höggþunga kúlna á t.d. hreindýr. Eins skilgreiningu á veiðikúlu og veiðioddi á ör. Lágmarksafl boga ætluðum til veiða. Þetta er allt til í löndunum í kringum okkur og væri því auðvelt að setja þetta inn.

Þessi ákvæði verða ekki sett í reglugerð ef ekki er stöð fyrir þeim í lögum.

Eins afl á loftvopnum sem nota má til veiða. Í dag eru komnar loftbyssur sem eru það öflugar að þær uppfylla skilyrði sem sett eru til veiða á Afríku buffal þannig að ljóst er að það er aðeins tímaspursmál hvenær þessi vopn birtast hér við veiðar.

Í undirbúningi þessara draga hefur bogveiðifélag Íslands ítrekað sent erindi á ráðuneyti umhvefismála varðandi bogveiðimál , en ekki verið virt svars. Þetta er verulega ámælisvert af opinberum aðila gagnvart hagsmunasamtökum í málinu. Þetta frumvarp fjallar jú um veiðar.

Boðað samráð við hagsmunaaðila hefur líka verið í skötulíki. Einn kynningarfundur um ferlið og einn vinnufundur þar sem menn virtust vera sammála um að töluvert verk væri óunnið í þessu frumvarpi.

Það er því skoðun undirritaðs að þetta frumvarp eins og það birtist hér sé ekki þingtækt og beri að taka það úr samráðsgátt og vinna betur áður en það er lagt fram.

Virðingarfyllt

Þórhallur Borgarsson

Samrit sent:

Skotvís

Bogveiðifélagi Íslands

Félagi leiðsögumanna með hreindýraveiðum

